



Rolf Gollob og Peter Krapf (ritstjórar)

Lifað í lýðræði

Kennsluáætlanir fyrir efri bekki grunnskóla um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



NÁMSGAGNASTOFNUN

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

Útgáfa Evrópuráðsins

Lifað í lýðræði

MLB/MRM kennsluáætlanir fyrir efri bekki grunnskóla

Rolf Gollob, Ted Huddleston, Peter Krapf, Don Rowe og Wim Taelman
Ritstjórn: Rolf Gollob og Peter Krapf

III. bindi

af

MLB/MRM, I.-VI. bindi

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar

og mannréttindamenntun í skólastarfi

Kennsluferli, hugmyndir, aðferðir og fyrirmyndir



Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



NÁMSGAGNASTOFNUN



Útgáfa Evrópuráðsins

Þær skoðanir sem koma fram í þessari bók eru á ábyrgð höfundanna og ekki víst að þær endurspegli opinbera stefnu Evrópuráðsins.

Öll réttindi áskilin. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti eða dreifa í ágóðaskyni, svo sem í rafrænu formi (á geisladiski, á netinu o.s.frv.) eða með fjölföldun, svo sem ljósritun eða skráningu í einhvers konar upplýsingakerfi, án skriflegs leyfis útgefanda.

Bókin í frumútgáfu: Living in democracy – EDC/HRE lesson plans for lower secondary level

© Evrópuráðið, apríl 2008

Lifað í lýðræði

ISBN 978-9979-0-1837-7

Íslensk þýðing: ©2014 Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir

Ritstjóri íslenskrar útgáfu: Aldís Yngvadóttir

Handbókin er gefin út í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Námsgagnastofnunar með leyfi Evrópuráðsins

Málfarslestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Teikningar: Peti Wiskemann

Kápumynd: Graphic Design Workshop, Evrópuráðið

Hönnun: Ogham/Mourreau

Umbrot: Námsgagnastofnun

Vefútgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Útgáfa Evrópuráðsins (Council of Europe Publishing)

F-67075 Strasbourg Cedex

<http://book.coe.int>

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Hugtakarammi bókarinnar: lykilhugtök	10
1. hluti – Einstaklingurinn og samfélagið	17
1. kafli: Staðalmyndir og fordómar. Hvað er sjálfsmynd?	19
2. kafli: Jafnrétti. Ert þú rétthærri en ég?	39
3. kafli: Fjölbreytileiki og fjölhyggja. Hvernig getur fólk lifað saman í sátt og samlyndi?	61
4. kafli: Ágreiningur. Hvað á að gera ef við erum ósammála?	87
2. hluti – Ábyrgð	109
5. kafli: Réttindi, frelsi og ábyrgð. Hver eru réttindi okkar og hvernig eru þau varin?	111
6. kafli: Ábyrgð. Hver er ábyrgð okkar?	139
3. hluti – Þátttaka	157
7. kafli: Bekkjarblað. Að fá innsýn í miðla með því að búa til fréttablað	159
4. hluti – Vald og yfirráð	173
8. kafli: Lög og reglur. Hvers konar reglum þarf þjóðfélagið á að halda?	175
9. kafli: Stjórnarfar og stjórnsmál. Hvernig á að stjórna þjóðfélaginu?	195

Inngangur

Um hvað er þessi bók?

Þessi handbók er ætluð kennurum, æfingakennurum, námsefnishöfundum, bókaritstjórum og þýðendum í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Heimilt er að þýða hana og staðfæra þannig að hún mæti kröfum viðkomandi menntakerfa.

Í ritinu eru níu kaflar þar sem fjallað er um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun (MRM). Kaflarnir eru ætlaðir nemendum í efri bekkjum grunnskóla og tekur hver þeirra til fjögurra kennslustunda. Hver kafli fjallar um lykilhugtak á sviði MLB eða MRM: sjálfsmynd – frelsi – ábyrgð – ágreining – samskipti – fjölhyggju – lög og reglur – jafnrétti – stjórnarfar.

Sett er fram tillaga um fyrirkomulag hverrar kennslustundar og kennsluferlinu lýst eins ítarlega og unnt er. Dreifiblöð fyrir nemendur fylgja hverjum kafla, þannig að kennarinn fær eins mikinn stuðning og unnt er í handbók af þessu tagi. Þessi bók er því fyrir kennara en ekki nemendur. Reynslan er sú að kennaranemum og byrjendum í kennslustarfinu finnst gott að fá nákvæmar kennsluleiðbeiningar, en kennarar með starfsreynslu kunna ef til vill einnig að finna nýjar hugmyndir og efni sem kemur þeim að gagni í bókinni. Æfingakennarar geta stuðst við þetta rit við þjálfun kennaranema í MLB eða MRM.

Þetta er endurskoðuð útgáfa handbókarinnar. Unnið var að fyrstu útgáfu hennar í Bosníu og Hersegóvínu í tengslum við nýja námsgrein, lýðræði og mannréttindi, sem kynnt var árið 2002. Frá árinu 1996 hefur Evrópuráðið séð til þess að kennarar og æfingakennarar fái fræðslu um MLB og MRM til stuðnings friðarferli að stríði loknu. Ritstjórar og höfundar fyrstu útgáfunnar áttu sæti í alþjóðlegu teymi kennara sem tóku þátt í verkefninu. Boðið var upp á starfsþjálfun fyrir kennara og æfingakennara, og búið var til námsefni. Meðal annars urðu þá fyrstu drög þessarar handbókar til, bæði fyrir æfingakennslu og til nota í kennslustofunni.¹

Hvaða aðferðum er beitt í MLB/MRM?

Auðveldast kann að vera að lýsa meginreglum MLB með því að nefna dæmi. Skoðana- og tjáningarfrelsi² eru grundvallarréttindi í lýðræðissamfélagi. MLB/MRM skal gera nemendur færa um að þekkja, skilja og meta réttinn til skoðana- og tjáningarfrelsis að verðleikum og þeir eiga að vita hvernig stjórnarskráin stendur vörð um þann rétt (námsgrein um þekkingu og skilning). Einmitt vegna þess hve mikilvægt er að þessi réttur sé stöðugt virkur í lýðræðislegu samfélagi þurfa nemendur einnig að tileinka sér hvernig færa skal rök fyrir máli sínu á opinberum vettvangi (námsgrein um kunnáttu- og færniþróun). Síðast en ekki síst er tjáningar- og skoðanafrelsi grundvöllur opins fjölhyggjusamfélags. Deilur og skoðana- og hagsmunaárekstrar eru almenna reglan, ekki undantekningin. Það koma upp ágreiningsmál og þau þarf að leysa með friðsamlegum hætti, þ.e. munnlega (með því að rökræða og komast að samkomulagi – bæði á opinberum vettvangi og bak við luktur dyr). Í opnu fjölhyggjusamfélagi er treyst á að bindandi regluverk og öflugar stofnanir renni stöðum undir þessar reglur, en ekki síður er treyst á sameiginlegt gildismat þjóðfélagsþegnanna, svo sem umburðarlyndi, gagnkvæma virðingu, sanngjarna málamiðlun, ofbeldisleysi og hæfina til að takast á við ósamkomulag og deilur um útíkljád mál þegar slíkt kemur upp. Ef pólitísk ákvarðanatataka er sett fram og studd öflugu og samhljóða álitum um fyrirkomulag og lýðræðisleg gildi, þá getur samfélagið fundið leið til sátta í erfiðum deilum um tiltekin mál. Skoðanafrelsi er þá langt frá því að ógna stjórnvöldum heldur styður þau í leit sinni að réttlátri og skilvirkri lausn

1. Nánari upplýsingar um þetta verkefni má finna í I. bindi þessarar ritraðar.

2. Sjá Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 10. desember 1948, 19. grein; Mannréttinasáttmála Evrópu, 4. nóvember 1950, 10. grein.

á vandamálum og ágreiningi. Lýðræði hefur menningarlega skírskotun og í pólitísku tilliti er litið á það sem óskráð félagslegt samkomulag sem stofnað er til af öllum þegnum samfélagsins. Hver ný kynslóð verður því að skilja og styðja þetta óskráða félagslega samkomulag. Lýðræði og mannréttindi eru einn af sex grunnþáttum menntunar sem settir eru fram í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Þeir eiga að fléttast inn í allt skólastarf.

Þetta dæmi sýnir að MLB/MRM hafa heildræna skírskotun og samþætta námsferlið á þremur sviðum:

- þekking og skilningur (vitsmunasvið);
- uppbyggingu leikni og hæfni;
- uppbygging gilda og viðhorfa.

Þetta líkan af námssviðum á við um menntun almennt og mun því koma mörgum lesendum kunnuglega fyrir sjónir. Allir kennarar vita hve tilhneigingin til vitsmunalegs náms er mikil, einkum á efri skólastigum. Hvernig svara þá MLB/MRM þeim kröfum sem settar eru fram í þessu heildræna námslíkani? Með öðrum orðum, ef þetta er það sem nemendur eiga að læra, hvað þurfa þá kennarar að gera?

Hverjar eru grunnreglur MLB/MRM?

Almennt séð samþætta MLB og MRM þessi námssvið með því að skapa þær aðstæður að nám fari fram bæði innan og utan kennslustofunnar, þ.e. að einnig sé lært af reynslunni. MLB og MRM grundvallast á þremur kennslufræðilegum aðferðum:

- að læra „um“ lýðræði og mannréttindi;
- að læra „af eða í“ lýðræði og mannréttindum;
- að læra „fyrir“ lýðræði og mannréttindi.

Þessar þrjár aðferðir á sviði MLB/MRM mynda eina samþætta heild. Þær koma við sögu í öllu starfi kennara og þjóna námssviðunum þremur. Hér verða þessar aðferðir skoðaðar nánar.

Að læra „um“

Hér er skírskotun til samfélagsgreina og þjóðfélagsfræði sem námsgreinar. Að læra „um“ vísar til vitsmunasviðs námsins. Viðmið í MLB/MRM-námsefni á þessu sviði taka til eftirfarandi atriða: að nemendur geti útskýrt hvernig lýðræði virkar, samanborið við aðrar þjóðfélagsgerðir (einveldi, fá-mennisstjórn); nemendur geti lýst hefð og sögulegu samhengi mannréttinda; þeir geti sýnt hvernig sum þessara mannréttinda hafa verið sett inn í stjórnarskrá og þar með öðlast sess sem borgaraleg réttindi sem njóta aukinnar verndar. Náms- og kennsluefni í MLB/MRM tengist því einnig greinum eins og sögu, félagsfræði og hagfræði.

Að læra „af eða í“

Nemendur eiga ekki aðeins að þekkja rétt sinn til samfélagslegrar þátttöku, þeir eiga einnig að geta nýtt sér hann. Þeir þurfa því að fá hagnýta reynslu og þjálfun í skólanum með því að taka þátt í ákvörðunum eftir því sem kostur er. Kennarar ættu til dæmis að gefa nemendum tækifæri til að tjá skoðanir sínar, bæði um málefni sem upp koma í kennslustundum og atriði sem varða kennslu og rekstur skólans. Í þeim skilningi eru MLB og MRM fremur kennslufræðileg stefna en ákveðið námsefni, og taka til allra innan skólans, ekki aðeins sérmenntaðra kennara. Gildi á borð við um-

burðarlyndi og ábyrgð lærast með aukinni reynslu og mikilvægt er að kennarar – allir kennarar, í öllum námsgreinum – séu góðar fyrirmyndir. Hins vegar er ekki nóg að litið sé á lýðræðisleg gildi sem hegðunarmynstur sem ekki þurfi að ræða um. Fjalla þarf um reynslu í skólalífi og tengja hana hugtökum og kerfisbundnum leiðum til skilnings (að læra „um“). MLB/MRM eru háðar báðum þessum sviðum, og umræðan um hvort MLB/MRM sem algild kennslufræðileg regla geti leyst námsþáttinn MLB/MRM eða þjóðfélagsfræði af hólmi er misvisandi.

Að læra „fyrir“

Þessi kennslufræðilega sýn vísar til tengslanna milli reynslu í skóla og lífsreynslu síðar á ævinni. Í MLB/MRM er gengið út frá því að reynsla í skóla skipti máli fyrir almenna og pólitíska félagsmótun. Menntun, þar á meðal sjálft skólalífið, er vissulega undirkerfi sem stjórnast af tilteknum þörfum og reglum og reynslu sem fengin er í þessu undirkerfi er ekki hægt að yfirfæra með beinum hætti. En á hinn bóginn er skólalífið fyrst og fremst hluti af hinu raunverulega, daglega lífi. Margt af því sem nemendur upplifa í skóla mun endurtaka sig þegar þeir ná fullorðinsaldri, til dæmis vandamál sem varða jafnrétti kynjanna, aðlögun fólks af öðru þjóðerni eða með annan félagslegan bakgrunn, ofbeldi, ábyrgð, ójafna skiptingu valds og skort á lykilverðmætum (svo sem peningum og tíma), hlýðni við lög og reglur, sem og málamiðlanir. Að læra „fyrir“ vísar til þess hve menntun er mikilvægur undirbúningur fyrir framtíðina. Kennarar í öllum námsgreinum þurfa því að þjálfva nemendur í að taka virkan þátt í því sem fram fer, þannig að þeir geti til dæmis sett skoðun sína fram á skýran og hnitmiðaðan hátt á opinberum vettvangi.

Í MLB er gert ráð fyrir að skólinn sé staður þar sem nemendur læra af reynslunni. Skóli er lifandi staður en ekki einangrað fyrirbæri þar sem fræðilegt nám um lífið síðar á ævinni fer fram. Skólinn er örsamfélag, eins konar líkan af samfélaginu í heild sinni.³ Skólinn getur að vissu marki orðið líkan af betra og lýðræðislegu samfélagi þar sem þegnarnir í skólasamfélaginu geta verið virkari í ákvarðanatökum innan skólans en þeim er kleift að vera utan hans. Að læra „fyrir“ lýðræði og mannréttindi merkir að tileinka sér hvernig taka skuli þátt í samfélagi, en að læra „af eða í“ lýðræði og mannréttindum merkir að slíku samfélagi sé stjórnað á lýðræðislegan hátt, þar sem litið er á mannréttindi og réttindi barna sem uppeldisfræðileg leiðarljós. Lýðræði byggist á pólitískri menningu sem nemendur verða að tileinka sér með þeirri reynslu sem þeir öðlast í skólum, og með því að velta fyrir sér hvað felst í slíkri reynslu (að læra „um“).

MLB/MRM felur í sér tækifæri til menntaumbóta sem ná til alls skólastarfsins og sem allir kennarar, skólastjórnendur og aðrir sem koma að skólastarfinu taka þátt í. Það sem þessi handbók snýst aftur á móti um er menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun sem námsgrein í skólum. Framfarir eiga sér stað í mörgum litlum skrefum, og ferlið og niðurstaðan verða mismunandi eftir löndum og aðstæðum á hverjum stað. Fyrstu skrefin þarf að taka í kennslustofunni þar sem kennarar ákveða hverju þeir vilja breyta. Spurningin um aðferðir og innihald er því mikilvæg út frá þessu sjónarmiði.

Hvernig tengist efnið aðferðinni í MLB/MRM?

Almennt séð er nám það starf sem nemandinn sinnir. Nám er virkt ferli sem er mismunandi frá einum nemanda til annars (námskenningar í anda hugsmíðahyggju). Dæmið hér frammar felur í stuttu máli í sér að nemendur geti aðeins lært að njóta tjáningarfrelsisins með því að nýta sér það stöðugt – „nýta það eða glata því“. Hlutverk kennara – ekki aðeins í MLB/MRM, heldur einnig í öðrum greinum – er að skapa nemendum sínum námstækifæri og verkefni sem efla þetta námsferli, til dæmis með kynningum, umræðum, kappræðum, ritgerðum, veggspjöldum, listsköpun eða myndbandsupptökum.

3. Þessi hugmynd er studd af fræðimönnum, t.d. Dewey (skólinn sem „ómótað samfélag“) og von Hentig („skólinn sem „polis““ (polis er gríska og merkir borg).

Í MLB/MRM er því lögð áhersla á aðferðir sem efla verkefnatengt, gagnvirkt nám og samvinnunám. Með því að uppgötva vandamál í tengslum við tiltekið verkefni og finna sjálfir á því lausnir læra nemendur meira en þeir myndu gera ef kennsla væri eingöngu kennaramiðuð og meiri sveigjanleiki gefst til að taka tillit til hvers og eins í náminu. Kaflarnir í þessari bók sýna hvernig slíkt nám getur tengst tilteknum málefnum og námsgreinum, m.a. með verkefnavinnu, gagnrýninni hugsun, umræðum og rökræðum, ígrundun og endurgjöf. Hins vegar er ekki rétt að kennaramiðuð kennsla og gagnvirk kennsla geti ekki farið saman. Góð kennsla felst ávallt í hvorutveggja eins og kennsluleiðbeiningarnar í þessari handbók munu leiða í ljós.

Meginmarkmið MLB/MRM: Lýðræðisþátttaka			
Nám	Kennsla	Aðferðir	Skóli
Þekking og skilningur Leikni og hæfni Viðhorf og gildi	Kennsla/nám <ul style="list-style-type: none"> • um • af/í • fyrir lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnatengt, • gagnvirkt, • samvinnunám ásamt <ul style="list-style-type: none"> • tilsögn • leiðbeiningum • þjálfun • sýnikennslu kennarans	„Skólinn sem örsamfélag“ Lært af reynslunni í skólanum

Verkefnatengt nám getur verið tímafrekt. Ef kennarar vilja auka afköst nemenda verða þeir því að tala minna og halda sig til hlés í kennslustundum. Jafnframt verða þeir að vera sveigjanlegri og sinna betur þörfum nemenda. Verkefnatengt og gagnvirkt nám krefst vandlegar skipulagningar og undirbúnings og er yfirleitt tímafrekara en kennaramiðuð kennsla. Það er líklega þess vegna sem siðarnefnda formið er ríkjandi þó að almennt sé vitað að gagnvirk kennsla sé einnig nauðsynleg.

Það kann því að virðast mótsagnakennt að skrifa fremur bók fyrir kennara en nemendur. En einmitt vegna þess að gagnvirk kennsla og verkefnatengt nám gera auknar kröfur til kennara, þar sem þeir þurfa að sinna fleiri hlutverkum og koma jafnframt til móts við þarfir nemenda, þá er þessari bók ætlað að vera kennurum til stuðnings því að þeir eru lykilpersónur – það eru þeir sem þurfa að skapa nemendum tækifæri, verkefni og umhverfi til að þeir geti verið virkari í námi sínu.

Hvert er meginmarkmiðið með MLB/MRM?

Lýðræðiskerfi standa og falla með því að þegnarnir séu virkir í samfélaginu. Hægt er, og nauðsynlegt, að læra hvernig taka skal þátt í lýðræði. Aðeins þarf lágmarksþekkingu og skilning til að átta sig á samsetningu stofnanaramma og málaflokkum sem umræður snúast um. Þátttaka í opinberri umræðu, þar sem skiptar skoðanir eru um hugmyndir og skipulagða hagsmuni, krefst hæfni til að geta talað á opinberum vettvangi og tekið þátt í samningaviðræðum. Þau gildi og viðhorf sem ungmenni aðhyllast segja til um hvort þau skilji og kunni að meta hinn óskráða félagslega sáttmála sem stjórn málahefð lýðræðissamfélaga byggist á. Meginmarkmiðið með MLB/MRM er að viðhalda lýðræðinu með því að stuðla að því að unga kynslóðin verði virk í samfélaginu. Lýðræðið getur ekki virkað nema með stuðningi stofnanaramma sem stjórnarskrá stendur vörð um. En það er ekki nóg. Það þarf að eiga sér rætur í samfélaginu. Það er sú menningarlega hlið lýðræðisins sem MLB/MRM leitast við að efla og styðja. Það er ástæða þess að Evrópuráðið beitti sér fyrir starfsþjálfun kennara á sviði MLB/MRM til að styðja við friðarferlið í Bosníu og Hersegóvínu.

Þessi handbók er ætluð kennurum sem annast kennslu í 8., 9. eða 10. bekk grunnskóla. Námið fer að miklu leyti eftir því hvað nemandinn veit nú þegar og hvaða lífsreynslu hann eða hún hefur. Í köflum þessarar bókar er því lögð áhersla á menningarlegan þátt lýðræðisins, en í handbókinni fyrir framhaldsskóla (MLB/MRM, IV. bindi) er sjónum beint að þeim þáttum lýðræðisins sem lúta að stjórnámálum og stofnunum samfélagsins og að pólitísku ákvarðanaferli.⁴

„Evrópska leiðin“ til MLB/MRM

Þessi handbók endurspeglar þá leið sem farin er í Evrópu á sviði MLB/MRM og er byggð á framlögum hvaðanæva að. Hugmyndin að þessari bók og fyrsta gerð hennar varð til í Bosníu og Hersegóvínu. Fjöldi kennara og sérfræðinga tók þátt í yfirlestri og umræðum um hana. Höfundar og ritstjórar bókarinnar vinna út frá kennsluhefðum og aðferðum í Bretlandi, Belgíu, Sviss og Þýskalandi. Þegar útgáfan var endurskoðuð komu Ólöf Ólafsdóttir og Sarah Keating-Chetwynd í Evrópuráðinu okkur til aðstoðar sem og Sabrina Marruncheddu og dr. Wiltrud Weidinger (IPE í Zürich). Angela Doul hjá Evrópuráðinu las lokahandritið. Myndskreytingar Petis Wiskemann gefa textanum aukið gildi. Við þökkum textahöfundum, höfundum myndskreytinga, yfirlesurum og prófarkalesara fyrir framlag sitt og aðstoð. Emir Adzovic, verkefnastjóri hjá Evrópuráðinu í Sarajevo, fær sérstakar þakkir en hann hefur liðsinnt okkur á alla lund við MLB/MRM-verkefnið frá upphafi. Án aðstoðar hans, allt frá því að þeim var hleypt af stokkunum, hefði þessi bók ekki orðið að veruleika. Einnig þökkum við Heather Courant fyrir alla þolinmæðisvinnuna við að undirbúa ferðalög, afla vegabréfsáritana og skipuleggja fundi. Við erum afar þakklát öllum samstarfsaðilum okkar í þessu Evrópuverkefni sem stendur svo sannarlega undir því nafni.

Strassborg, ágúst 2007

Rolf Gollob (Zürich, Sviss)

Peter Krapf (Weingarten, Þýskalandi)

4. Hægt er að kenna hvaða aldurshópi sem er um MLB/MRM, að því gefnu að tekið sé tillit til kunnáttu og reynslu nemenda.

Hugtakarammi bókarinnar: lykilhugtök

Lykilhugtök á sviði MLB/MRM – verkfæri fyrir virka þjóðfélagsþegna

Í þessari bók er lögð áhersla á hugtök og þannig er hefðbundnum kennslufræðilegum aðferðum á sviði samfélagsfræði og öðrum sviðum framfylgt. Hugtök eiga rætur að rekja til kenninga en í námi og kennslu skapa þau ekki kerfisbundinn kenningaramma. Þau eru frekar valin vegna þess að þau koma nemendum að gagni.

Hugtök bjóða upp á vitsmunalega formgerð sem gerir nemendum kleift að fella nýjar upplýsingar inn í merkingarþætt samhengi og festa þær betur í minni (nám í anda hugsmíðahyggju). Þetta á einkum við um staðreyndir og tölulegar upplýsingar sem nemendur yrðu að öðrum kosti að læra utanbókar. Hugtök koma sér einnig vel þegar dagblöð eru lesin eða hlustað er á fréttir því að mál-efni öðlast merkingu þegar hægt er að tengja þau hugtökum á borð við lýðræði, vald, ágreining eða ábyrgð. Hugtök eru því ómissandi þáttur í menntun upplýstra einstaklinga. Og þau formgera ekki aðeins hlutina í námi; þau skipta einnig máli við mótun gildismats og þjálfun færniþátta. Þessi tengsl koma fram í öllum köflum þessarar bókar eins og nánar verður sýnt fram á hér á eftir.

Nemendur sem lært hafa að spyrja spurninga í ljósi lykilhugtaka á sviði MLB/MRM verða betur í stakk búnir til að vinna úr nýjum upplýsingum og leysa vandamál í framtíðinni (nám alla ævi). Hugtakanám er nemendum einnig góður undirbúningur undir frekara nám á háskólastigi þar sem þeir munu ef til vill fjalla um þær kenningar sem ala af sér hugtök.

Hvernig skilja og nota nemendur lykilhugtök?

Að hugsa og læra byggist að miklu leyti á því að tengja hið hlutlæga við hið huglæga. Hugtök eru huglæg, alhæfðar afurðir greininga og röksemda. Nemendur geta beitt tveimur aðferðum við að skilja hugtak, þ.e. afleiðslu eða aðleiðslu. Með afleiðsluaðferðinni er gengið út frá hugtaki sem sett er fram í fyrirlestri eða texta og síðan er það heimfært á eitthvað hlutlægt, svo sem vandamál eða reynslu. Aðleiðsluaðferðin fer gagnstæða leið, þá er gengið út frá hinu hlutlæga og það rakið til hins huglæga. Lesendur munu komast að því að í köflum þessarar bókar er aðleiðsluaðferðinni yfirleitt beitt.

Lykilhugtökin í bókinni eru því mótuð út frá hlutlægum dæmum – oft frásögnum eða dæmisögnum. Þegar nemendur velta fyrir sér hvað tiltekið dæmi fjalli almennt um eru þeir að leita eftir hugtaki sem dregur saman hin alhæfðu viðhorf. Kennarinn ákveður hvenær og hvernig kynna skal hugtakið.

Hugtök eru verkfæri til skilningsauka sem nemendur geta beitt þegar ný viðfangsefni koma upp. Því oftar sem þeir nota hugtak, þeim mun meiri skilning öðlast þeir á því, og þeim mun þéttari verða tengslin og allt samhengið (vitsmunalegt form). Í stað þess að nemendur læri afmarkaðar staðreyndir utanbókar geta þeir tengt nýjar upplýsingar þeim grunnskilningi sem þeir hafa þegar mótað með sér.

Hvernig er hægt að staðfæra þessa handbók?

Í köflum bókarinnar er fyrri mikilvæga námsskrefinu af tveimur lýst, að fara frá hinu hlutlæga yfir í hið huglæga. Þar er verkfærin að finna og síðan er það kennara og nemenda að ákveða hvernig þau skuli notuð. Það er síðara skrefið frá hinu huglæga og til baka í hið hlutlæga. Þarfir og áhugamál nemenda eru ekki einungis mismunandi – málaflokkarnir og efniviðurinn, stofnanaramminn og menntahefðirnar eru einnig mismunandi milli landa. Taka skal mið af því þegar bókin er staðfærð.

Í köflum bókarinnar er að finna verkfæri sem stuðla að pólitísku læsi, aukinni leikni og mótun viðhorfa. Ekki er vísað til málefna í einhverju tilteknu landi á tilteknum tíma, en lesandinn mun oft finna tillögur sem kennarar og nemendur geta nýtt sér til að afla sér efnis sem setur kaflana í samhengi við aðstæður í heimalandi þeirra. Ritstjórar og þýðendur, sem og kennarar, þurfa að vita af þeim kosti sem þannig er boðið upp á. Rétt eins og hvert land mótar eigin lýðræðishefðir, sem eiga sér rætur í menningarhefð og félagslegri þróun þess, þarf hvert land að móta eigið nám á sviði MLB/MRM með því að vísa til viðkomandi mennta- og skólakerfis, stofnanaramma hins pólitíska kerfis, pólitískra málefna og ákvarðanaferla.

Hvaða lykilhugtök eru notuð í þessari handbók?

Hugtakakortið hér fyrir neðan, sem er sammiðja hringteikning, sýnir hvaða lykilhugtök er stuðst við í köflum bókarinnar.

Hugtakið „lýðræði“ er í miðju kortsins til að sýna að það kemur ávallt við sögu þegar MLB/MRM er annars vegar. Meginmarkmiðið með MLB/MRM er virk þátttaka allra þegna í lýðræðisþjóðfélagi, og þess vegna er þetta hugtak í brennidepli.

Í næsta hring eru þrjú lykilþættir lýðræðisins: réttindi, ábyrgð og réttlæti. Þeir vísa til þriggja gagnvirkra og mikilvægra skilyrða sem þurfa að vera fyrir hendi ef lýðræði á að virka.


Til að þegnar samfélagsins geti tekið þátt í ákvarðanatökum verða þeir að njóta grundvallarmannréttinda – svo sem kosningaréttar, tjáningarfrelsis, fjölmiðlafrelsis, jafnréttis fyrir lögum og réttarins til meirihlutastjórnar. Í lýðræði felst samkeppni – það er samkeppni milli hagsmuna, hugmynda og gilda – og verðmætin eru af skornum skammti. Möguleikunum á að hafa áhrif á ákvarðanatökur, einkum í markaðshagkerfum þar sem samkeppni ríkir, er þó misskipt, og í samfélaginu er velferð og tækifærum einnig misskipt. Það er pólitískt málefni hvort og að hve miklu leyti skal leiðrétta skal efnahagslega og félagslega skiptingu gæða (félagslegt réttlæti). Þjóðfélagsþegnum ber að nýta réttindi sín til að standa vörð um hagsmuni sína en ekkert samfélag lifir af ef þegnar þess hirða hvorki hver um annan né um sameiginleg hagsmunamál sín (ábyrgð). Þetta stutta yfirlit sýnir að hugtökin eru ekki afmörkuð; það ríkir spennan á milli þeirra sem þarf að jafna og hafa skilning á.

Hugtökin í ysta hringnum tengjast þessum lykilhugtökum og hvert öðru á ýmsan hátt.

Örvarnar sem vísa út sýna að öll þessi hugtök má nota við lausn vandamála af ýmsu tagi – siðferðilegra, félagslegra, efnahagslegra, lagalegra, pólitískra og umhverfistengdra.

Lykilhugtök og námssvið í MLB/MRM

Lykilhugtökin tengjast bæði efni hvers kafla og námssviðunum þremur sem gerð var grein fyrir í inngangi. Í eftirfarandi töflu má sjá efni kaflanna með tilliti til kennslu um, af/i og fyrir lýðræði og mannréttindi. Taflan sýnir einnig hvernig og hvers vegna kaflarnir hafa verið flokkaðir undir fjórar fyrrsagnir sem vísa til lykilatekna á sviði MLB/MRM:



1. Einstaklingur og samfélag;
2. Ábyrgð;
3. Þátttaka;
4. Vald og yfirráð.

Undir þessum fjórum fyrisögnum eru kaflarnir settir fram í formi kennslustundar. Fyrsti hluti hefst með umfjöllun um einstaklinginn og síðan um samfélagið – félagsleg samskipti, staðalmyndir, fjölbreytileika og fjölhyggju, og ágreining. Í öðrum hluta er fjallað um hverjum beri að taka á sig ábyrgð í samfélaginu. Í þriðja hluta sker 5. kafli sig úr (gerð fréttablaðs) þar sem sá kafli kemst næst því að til aðgerða sé gripið í samfélaginu – í þessu tilviki í skólasamfélaginu. Í fjórða hluta er loks fjallað um löggjöfina, lagasetningu og stjórnsmál, bæði almennt og í sambandi við skólalæping.

Kafli nr.	Viðfangsefni	Lykilhugtak í MLB/MRM	Lært um – af – fyrir lýðræði og mannréttindi		
			„um“	„af/i“	„fyrir“
1. hluti: Einstaklingurinn og samfélagið					
1	Staðalmyndir og fordómar. Hvað er sjálfmynd? Hvernig skynja ég aðra, hvernig líta þeir á mig?	Sjálfmynd Einstaklingurinn og samfélagið	Gagnkvæmur skilningur Staðalmyndir Fordómar Sjálfmynd einstaklings og hóps	Að sjá hlutina út frá ýmsum sjónarmiðum	Að átta sig á staðalmyndum og fordómum og velta þeim fyrir sér
2	Jafnrétti. Ert þú réttþærri en ég?	Jafnrétti Mismunun Félagslegt réttlæti	Mismunun í samfélaginu Jafnrétti sem grundvallarmannréttindi	Virðing fyrir því að fólk geti verið ólíkt Að sjá hlutina út frá sjónarmiði þeirra sem verða fyrir mismunun	Alvarleg mismunun Siðferðileg rök
3	Fjölbreytileiki og fjölhyggja. Hvernig getur fólk lifað saman í sátt og samlyndi?	Fjölbreytileiki Fjölhyggja Lýðræði	Fjölhyggja og takmörk hennar Jafnrétti til náms Hvernig mannréttindasáttmálar vernda einstaklinga eða hópa sem standa höllum fæti	Umburðarlyndi Áhersla á málefni fremur en fólk	Lýðræðisleg umræða Könnunarviðræður Samningaviðræður
4	Ágreiningur. Hvað á að gera ef við erum ósáttmála?	Ágreiningur Friður	Sigur-sigur-aðstæður Langanir, þarfir, málamiðlun	Ofbeldisleysi	Sex-þrepa líkan af lausn ágreinings
2. hluti: Ábyrgð					
5	Réttindi, frelsi og ábyrgð. Hver eru réttindi okkar og hvernig eru þau varin?	Réttindi Frelsi Ábyrgð	Grunnþarfir Óskir Mannleg reisn Ábyrgð og vernd mannréttinda	Skilningur á persónulegri ábyrgð	Að skilgreina og takast á við mannréttindabrot


6	Ábyrgð. Hver er ábyrgð okkar?	Ábyrgð	Lagaleg, félagsleg, siðferðileg ábyrgð Hlutverk frjálsra félagasamtaka í samfélaginu	Siðferðileg rök Lausn á vanda (ágreiningur um ábyrgð)	Persónuleg ábyrgð
3. hluti: Þátttaka					
7	Bekkjjarblað. Að fá innsýn í fjölmiðlun með því að búa til fréttablað	Lýðræði Almenn skoðun	Tegundir prentmiðla Tilgangur fréttagreina	Upplýsinga- og tjáningarfrelsi Undirbúningur Sameiginleg ákvarðanatöku	Persónuleg ábyrgð á verkefni
4. hluti: Vald og yfirráð					
8	Lög og reglur. Hvers konar reglum þarf þjóðfélag á að halda?	Lög og reglur Réttarríkið	Tilgangur löggjafar Einkaréttur og refsiréttur Löggjöf fyrir ungmennti Forsenda góðrar löggjafar	Að skilgreina réttlát lög	Virðing fyrir lögum
9	Stjórnarfar og stjórnsmál. Hvernig á að stjórna þjóðfélaginu?	Vald og yfirráð Lýðræði Stjórnsmál	Stjórnarfar (lýðræði, einveldi, einræði, klerkaveldi, stjórnleysi) Ábyrgð stjórnvalda	Hugsana- og tjáningarfrelsi Gagnrýnin hugsun	Umræður

Með því að flokka kaflana eftir lykilatriðum fær kennarinn aukinn sveigjanleika við skipulag kennslunnar. Spurningar sem nemendur varpa fram í einum kafla eru oft fyrirboði nýrra sjónarmiða í næsta kafla og það gerir kennaranum kleift að bregðast betur við þörfum nemenda.

Eins og lýst er hér framfar er aðleiðsluaðferðinni beitt í öllum köflum bókarinnar. Taflan sýnir flokka sem tengjast þessum lykilhugtökum innan kaflanna (nám um lýðræði og mannréttindi). Annað námssvið MLB/MRM, mótun lýðræðislegra viðhorfa og gilda, er til umfjöllunar í öðrum hluta sem fjallar um ábyrgð. Í hverjum kafla er þó gildismat til umfjöllunar, eins og fram kemur í dálkinum sem sýnir hvað læra má af lýðræði og mannréttindum. Þriðja námssviðið, þar sem fræðst er um hvernig taka skal þátt í samfélaginu (lært „fyrir“ lýðræði og mannréttindi), er einnig til umfjöllunar í hverjum kafla, þó mest í 5. kafla.

Í kennsluáætluninum eru rammagreinar um hugtakanám. Þar eru ekki aðeins lykilhugtök útskýrð, heldur er einnig gerð grein fyrir öðrum hugtökum sem mikilvægt er að hafa á valdi sínu í viðkomandi kennslustund.

Hugtakapúsl – líkan af hugsmíðanámi



Hugtakapúslíð er gegnumgangandi í bókinni eins og leiðarhnoða. Það birtist á upphafssíðu hvers kafla og myndin sem tengist lykilhugtaki viðkomandi kafla er þá í forgrunni. Hér hefur teikningunum verið raðað saman þannig að sjá má púslíð í heild sinni. Lesa má ýmislegt út úr myndinni.

Í fyrsta lagi gefur texti hvernar myndar greinilega í skyn hvaða hugtak listamaðurinn, Peti Wiske-mann, hafði í huga. Þegar öllum teikningunum er síðan raðað saman sýnir púslíð að hugtökin níu tengjast á margvíslegan hátt og mynda merkingarbæra heild.

Púslíð gefur þó til kynna að sú röð lykilhugtaka sem fjallað er um í þessari bók sé tæmandi; engu megi bæta við eða sleppa. Frá þeim sjónarhóli gæti virst sem púslíð gæfi misvísandi skilaboð, sem benti til þess að ekki væri um kennslufræðilegt val að ræða innan hugtakaramma bókarinnar.

Þessi níu hugtök mynda auðvitað ekki lokað kerfi hvað varðar kenningar eða skilning. Þau voru aftur á móti valin vegna þess að þau eru talin vera afar mikilvæg og koma að miklu gagni. Önnur hugtök hefðu einnig verið áhugaverð, til dæmis peningar, vald eða hugmyndafræði. Bókin býður fremur upp á hagnýt „verkfæri“ en fræðikenningu og bæði er hægt að staðfæra hana og auka við efni hennar.

Á hinn bóginn felur tilraunin til að skilja í sér merkingarleit og samkvæmt hugsmíðahyggjunn felur námsferlið í sér viðleitni til að skapa merkingu. Nemendur tengja nýjar upplýsingar því sem þeir þegar vita og skilja. Þannig má segja að þúslíð sé táknrænt fyrir það hvernig nemandi skapar merkingu. Nemendur munu reyna að tengja lykilhugtökin hvert við annað. Þannig búa þeir til eigið þúsl í huganum með því að tengja hlutina á ýmsan hátt og hver með sínu lagi. Ef til vill uppgötva þeir einhverjar eyður eða misræmi og spyrja spurninga sem varða ekki aðeins lykilhugtökin í þessari bók. Niðurstöður þeirra verða með ýmsu móti og þúslíð mun endurspeglar það því að hugtökunum verður öðruvísi raðað upp en í skýringarmyndinni og töflunni hér fyrir framan. Nemendur geta gert mistök þegar þeir búa til sitt eigið þúsl og ættu því að segja bekknum hvernig gekk. Ef þörf krefur ætti kennarinn eða einhver nemandi að leiðrétta þá (afbygging).

Þegar kennarinn notar þessa bók og undirbýr kennsluna hefur hann ákveðna hugmynd um hvernig þessi hugtök tengjast og hvernig nemendur geta skilið þau, eða ættu að skilja þau.


Eins og máltækið segir, mynd segir meira en þúsund orð. Þannig getur þetta þúsl sagt lesandanum heilmikið um lykilhugtökin í þessari bók; um það sem kann að koma upp í hugann þegar velja skal leiðir, og um hugsmíðanám.

Myndir hjálpa lesandanum (íhygli)

Í þessum kafla hefur verið fjallað um huglægt fyrirbæri – hugtök. Það er krefjandi verkefni fyrir höfundinn að koma erindi sínu skýrt til skila og það reynir á lesandann að skilja það. Þessari sameiginlegu reynslu höfundar og lesanda svipar um margt til samskipta kennara og nemenda. Það er því ómaksins vert að velja fyrir sér þeim boðskiptum sem fara á milli höfundar og lesanda í þessum kafla. Þá notum við enn á ný aðleiðsluáferðina, byggjum á hlutlægri, sameiginlegri reynslu í því skyni að öðlast almenna innsýn sem beita má á öðrum sviðum, einkum í námi og kennslu.

Rannsóknir hafa sýnt að margir lesendur skoða myndir og línurit áður en þeir lesa texta bókar. Styrkur myndanna felst í því að þær höfða til ímyndunarafslsins og úr þeim má lesa ýmsar upplýsingar. Veikleiki þeirra er sá að upplýsingarnar eru ekki settar fram með orðum. Lesandanum getur því dottið eitthvað allt annað í hug en höfundurinn ætlaðist til.

Höfundur, lesandi og skilaboð mynda þríhyrnd tengsl. Á slíkri skýringarmynd er einn liðurinn alltaf úr tengslum við hina tvo. Þar með hefur höfundurinn ekki á valdi sínu hvað lesandinn les út úr skilaboðunum, rétt eins og enginn kennari getur ákveðið hvað nemandi kemur til með að muna eða gleyma. En sé gert ráð fyrir að lesandinn hafi áhuga á og vilji komast að því hvort skilningur hans á myndinni sé réttur – hvort sem hann er í samræmi við það sem höfundurinn ætlaði sér að koma til skila eða ekki – þá ætti höfundurinn að setja inn texta sem segir eitthvað um myndina eða útskýrir hana.



Áhugavert er að bera saman samskiptamynstur höfundar og lesanda, og kennara og nemenda á skýringarmyndinni af þríhyrningstengslunum. Sjá má hliðstæður en einnig verulegan mismun.

Í báðum tilvikum er dreginn upp þríhyrningur en það merkir að enginn einn liður eða aðili er ríkjandi. Höfundar eiga samskipti við lesendur sína í verkum á borð við þessa handbók. Yfirleitt er um einhliða samskipti að ræða. Höfundur og lesandi hittast yfirleitt ekki augliti til auglitis og höfundurinn fær ekki reglulega endurgjöf á verk sitt. Hann getur ekki stjórnað því hvaða hugmyndir skjóta upp kollinum hjá lesandanum.

Í kennslustofunni hefur kennarinn ekki á valdi sínu hvernig nemendur fara að því að tileinka sér hlutina. Með persónulegum tengslum nemenda og kennara er þó um stöðuga endurgjöf að ræða þeirra á milli og persónuleiki kennarans er öflugasta verkfæri hans í starfi sínu.

Þegar lesandinn skoðar mynd gerir hann sér í hugarlund hvaða skilaboð hún flytur og fær grun um hvers vænta má af textanum sem höfundurinn hefur skrifað. Ef til vill fær lesandinn staðfestingu á því sem hann les út úr myndinni og ef til vill hrynja einhverjar hugmyndir hans um hana til grunna. Myndir koma af stað orðræðu milli höfundar og lesanda í huga lesandans. Myndir og texti vinna saman að því að vekja virka lesendur – og grúskara – til umhugsunar.

Myndlæsi er leikni sem er nauðsynleg í hinu svokallaða upplýsingasamfélagi og þjálfar þarf nemendur í þeirri leikni. Við leggjum því til að kennarar sýni nemendum þetta púsl. Kennarinn eða nemendurnir taka að sér það verkefni að útskýra myndina. Kennarinn gæti notað hana til að kynna nemendum námsefni bókarinnar eða ef til vill til að draga það saman í lok skólaársins. Nemendur gætu skipt myndinni í níu hluta sem þeir geta síðan endurraðað í samræmi við það sem þeim finnst þeir hafa lært. Með því að greina frá eigin uppröðun á myndunum og hvernig hugtökin sem þær tjá tengjast átta nemendur sig betur á því hvernig þeir fara að því að læra og skilja hlutina. Þegar þeir ígrunda þessa reynslu sína út frá hugtakaskilningi rennur upp fyrir þeim að hugsana- og tjáningarfrelsi er ekki aðeins forsenda lýðræðislegrar ákvarðanatöku, heldur einnig þess að lesa og læra.

1. hluti

Einstaklingur og samfélag

1. kafli

Staðalímyndir og fordómar. Hvað er sjálfsmýnd?
Hvernig skynja ég aðra, hvernig líta þeir á mig?

2. kafli

Jafnrétti. Ert þú rétthærri en ég?

3. kafli

Fjölbreytileiki og fjölhyggja. Hvernig getur fólk lifað saman
í sátt og samlyndi?

4. kafli

Ágreiningur. Hvað eigum við að gera ef við erum ósammála?

1. KAFLI

Staðalímyndir og fordómar

**Hvað er sjálfsmynd?
Hvernig skynja ég aðra,
hvernig líta þeir á mig?**



1.1. – Hvernig fólk lítur á aðra

Fólk er margbrotnara en flesta grunar

1.2. – Hvernig hægt er að lýsa fólki á mismunandi hátt

Hvernig átta má sig betur á fólki

1.3. – Staðalímyndir og fordómar

Hugmyndir okkar um annað fólk, hópa eða lönd

1.4. – Staðalímyndir af mér!

Hvernig lít ég á sjálfa(n) mig – hvernig líta aðrir á mig?

1. KAFLI Staðalímyndir og fordómar

Hvað er sjálfsmynd? Hvernig skynja ég aðra, hvernig líta þeir á mig?

Hver er ég í raun og veru? Nemendur kynnast daglega ýmsum gildum og leiðum til að lifa saman í sátt og samlyndi. Til að átta sig á stöðu sinni verða þeir að þróa með sér hæfni til að taka ákvarðanir. Hvað má ég gera, hvað má ég ekki gera? Hvað er rétt og hvað er rangt? Börn og unglingar komast fljótt að því að ekki er auðvelt að svara þessum spurningum. Það sem er rétt í einu tilviki gæti verið rangt í öðru. Hvernig get ég tekið ákvörðun? Hvaða leiðbeiningum get ég fylgt?

Tvö mikilvæg verkfæri sem eru fólki til leiðbeiningar eru stjórnarskrá viðkomandi lands og umfjöllun hennar um mannréttindi. Þessi tvö atriði sýna hve fjölþætt gildi er að finna í þjóðfélagi. Mikilvægasta reglan er persónufrelsi sem veitir einstaklingnum réttinn til að þróa eigin persónuleika á grundvelli gagnkvæms umburðarlyndis og ábyrgðar, til hagsbóta fyrir það samfélag sem viðkomandi tilheyrir svo og mannkynið allt. Skoðanir okkar og hagsmunir geta verið afar mismunandi að því gefnu að við höfum sett okkur reglur um hvernig leyst skuli úr ágreiningi á friðsamlegan hátt.

Börn og ungmenni þurfa að gera sér grein fyrir því að fullorðnir glíma einnig við ögrandi viðfangsefni og standa frammi fyrir ýmsum kröfum. Þau þurfa einnig að átta sig á því að kennarar eiga ekki svör við öllum spurningum og þeir gera mistök sem þeir reyna að læra af.

Þessi kafli fjallar um nokkrar þeirra spurninga sem varða mótun sjálfsmyndar og hvernig fólk og ýmsir hópar upplifa sjálfa sig og aðra. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir því að sjálfsmynd þeirra er bæði mótuð af þeim sjálfum og af samskiptum þeirra við aðra. Sjálfsmynd er skilgreind með því að greina bæði muninn á milli einstaklinga og þörfina fyrir að tilheyra og vera undir verndarvæng fjölskyldunnar eða jafnaldráhóps. Ungt fólk öðlast betri sjálfsskilning ef það gerir sér góða grein fyrir eigin tilfinningum og þörfum, sem og persónulegum þroska sínum og væntingum til framtíðarinnar. Það þarf að gera tilraunir með mismunandi hegðunarmynstur og auka þannig hæfni sína í samskiptum við aðra. Og það tekst ef það tekur þátt í félagslegum samskiptum á uppbyggilegan hátt.

Félagsleg og stjórn mála leg saga landsins hefur mikil áhrif á líf okkar nú á dögum. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir þessum áhrifum með því að sækja sér reglulega upplýsingar um málefni liðandi stundar og ræða þau, móta sér persónulegar skoðanir og hlusta á skoðanir annarra. Þeir verða að velta fyrir sér þeim sjónarmiðum, fordómum og staðalímyndum sem birtast í almenningsáliti. Hver og einn verður að vera meðvitaður um hin hárfínu áhrif þessara þátta til að geta spornað við þeim, og velta eigin afstöðu fyrir sér á gagnrýninn hátt og endurskoða hana, ef þörf krefur.

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun

Í þessum kennslustundum munu nemendur:

- kynnast hugmyndum um staðalímyndir og hvernig fordómar verða til;
- gera sér ljóst að öll erum við sífellt að stimpla bæði einstaklinga og hópa og ætla þeim tiltekna eiginleika;
- átta sig á að slíkar stimplanir auðvelda okkur að takast á við daglegt líf okkar í öllum sínum margbreytileika;
- gera sér ljóst að það getur verið skaðlegt og ósanngjarnt að stimpla fólk á þennan hátt;
- uppgötva að stimplanir stuðla að mótun sjálfsmyndar bæði meðal einstaklinga og ýmissa hópa;
- uppgötva að sjálfsmynd er flókið fyrirbæri þannig að skilja má hvern og einn á sérstakan hátt.

1. KAFLI Sjálfsmynd

Hvað er sjálfsmynd? Hvernig upplifi ég aðra, hvernig líta þeir á mig?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Hvernig fólk lítur á aðra	Að nemendur komist að því hve skoðanir eru flókið fyrirbæri og taki sjálfir afstöðu.	Nemendur fá úthlutað sérstökum hlutverkum og móta sér skoðanir. Þeir læra hvernig sjá má hlutina út frá ýms-um sjónarmiðum.	Hlutverkalýsingar, dreifiblað 1.1 (hópar 1–3), stórar pappírsarkir, merkipennar.	Hópvinna.
2. kennslust.: Hvernig hægt er að lýsa fólki á mismunandi hátt	Að nemendur geri sér grein fyrir að mismunandi lýsingar geti átt við einn og sama einstaklinginn.	Nemendur æfa og leika atriði og kynna það sem þeir hafa sett á blað. Þeir ræða atriðin sem þeir hafa horft á.	Niðurstöður fyrstu kennslustundar verða meginefni annarrar kennslustundar. Nemendur átta sig á að án þátttöku þeirra og framlags er ekki hægt að halda áfram.	Hlutverkaleikur, kynningar og hópumræður undir leiðsögn.
3. kennslust.: Staðalímyndir og fordómar	Að nemendur uppgötvi hvernig staðalímyndir og fordómar tengjast og geta leitt til einfaldra en einnig ósanngjarnra skoðana á einstaklingum, ýmsum hópum og heilum þjóðum.	Nemendur velta fyrir sér eigin skoðunum á öðru fólki og ræða þær í hópum.	Pappírsarkir og merkipennar.	Hópvinna, hópumræður.
4. kennslust.: Staðalímyndir af mér!	Að nemendur átta sig á því hvernig aðrir upplifa þá og læri að sætta sig við það. Að þeir öðlist betri skilning á því hvernig aðrir skynja sjálfsmynd þeirra og bregðist við því.	Nemendur lýsa sjálfum sér og hver öðrum og bera saman niðurstöður sínar.	Dreifiblað 1.2.	Tveir og tveir vinna saman, hópumræður.

1. kennslustund

Hvernig fólk lítur á aðra

Fólk er margbrotnara en flesta grunar

Markmið

Að nemendur komist að því hve skoðanir eru flókið fyrirbæri og taki sjálfir afstöðu.

Verkefni nemenda

Nemendur fá úthlutað sérstökum hlutverkum og móta sér skoðanir. Þeir læra hvernig sjá má hlutina út frá ýmsum sjónarmiðum.

Gögn

Hlutverkalýsingar, dreifiblað 1.1 (hópar 1–3), stórar pappírsarkir, merkipennar.

Aðferð

Hópvinna.

Kennslustundin

Nemendum er skipt í þrjá hópa og þeir fá í hendur dreifiblað 1 (hver hópur fær sína útgáfu af því), stóra pappírsörk og merkípenna. (Í fjölmennum bekkjum geta hóparnir verið fleiri og kennarinn þarf þá að útbúa fleiri leikatriði eða láta einhverja hópa fá sömu viðfangsefni. Hið síðarnefnda getur leitt til áhugaverðrar atburðarásar þar sem það sýnir hve mismunandi skilningur fólks og lýsingar geta verið.) Kennarinn segir síðan söguna af drengnum sem er nýfluttur og er að kanna nýtt umhverfi. Hann segir bekknum frá dagbók drengsins en hann les hana ekki upphátt fyrir bekkinn þar sem hóparnir hafa einungis fengið hluta textans.

Ítarefni fyrir kennara

Textinn er svona í heild sinni:

„Þetta er fyrsti dagurinn minn í nýja bekknum. Fjölskylda mín flutti hingað utan af landi og mér líður enn eins og aðkomumanni. Kæra dagbók, ég hef upplifað ýmislegt undanfarna daga. Ég ætla að segja þér aðeins frá því.

Við búum núna í íbúð stutt frá höfninni. Einn af strákunum í bekknum mínum á heima rétt hjá. Hann kom til mín þegar á þriðja degi og bað mig að koma með sér að veiða. Ég sagði nei vegna þess að veiðistöngin mín var enn í einhverjum kassanum.

Það er stór fótoltavöllur fyrir framan skólann okkar. Ég var mjög ánægður með það vegna þess að mér finnst gaman í fótbolta. Ég tók því boltann minn með og ætlaði að að æfa mig aðeins. Ég var rétt búinn að skjóta eitt eða tvö skot á markið þegar húsvörðurinn stoppaði mig. Hann var öskureiður og spurði hvort ég væri ekki læs. Ég hafði ekki tekið eftir skilti þar sem stóð að völluminn væri lokaður eftir rigningu. Ég var í svo miklu uppnámi að ég fór heim án þess að segja eitt einasta orð.

Það býr gamall maður aleinn í íbúðinni fyrir ofan okkar. Þegar ég kom heim í gær hitti ég hann við útidyrnar að koma úr matvörubúðinni. Hann hélt á innkaupapoka og var alveg lafmóður. Ég vorkenndi honum, bauðst til að hjálpa honum og bar pokann upp að íbúðinni hans.“

Útgáfurnar þrjár af dreifiblaði hópanna innihalda hver sinn kafla úr dagbókinni. Hóparnir skynja aðstæður á mismunandi hátt út frá þeim upplýsingum sem þeir hafa fengið. Hver hópur sér því eingöngu sjálfsmynd drengsins að hluta til og lýsir áliti sínu í hlutverkaleiknum í samræmi við það. Eins og ætlast er til í verkefninu kynna hóparnir fyrst lýsingarorðin sem þeir hafa valið. Fulltrúi úr hverjum hópi skrifar niðurstöður hópumræðunnar á pappírsörkina og þær verða síðan kynntar í næstu kennslustund.

Nú semja hóparnir stuttan hlutverkaleik sem lýsir túlkun þeirra. Hlutverkaleikina skal útskýra og ræða í bekknum áður en æfingar hefjast. Þessi undirbúningur getur farið fram hér og þar í skólastofunni eða ef til vill í fundarherbergjum skólans, í öðrum húsakynnum hans eða úti á leikvellinum ef veður leyfir. Þó að hlutverkaleikurinn taki svölítinn tíma í fyrstu er það tilraunarinnar virði. Með þessu móti geta nemendur lýst á einfaldan og skýran hátt því sem þeir eiga erfitt með að útskýra með orðum.

Markmið þessarar kennslustundar er að nemendur skrifi lýsingarorðalistann á veggspjöldin og æfi leikatriðið sitt.

Í lok tímans safnar kennarinn veggspjöldunum saman (hann afhendir þau aftur í byrjun næstu kennslustundar) og flytur stutta samantekt. Hann hrósar nemendum og talar um efni næstu kennslustundar.

2. kennslustund

Hvernig hægt er að lýsa fólki á mismunandi hátt

Hvernig átta má sig betur á fólki

Markmið

Að nemendur geri sér grein fyrir að mismunandi lýsingar geti átt við einn og sama einstaklinginn.

Verkefni nemenda

Nemendur æfa og leika atriði og kynna það sem þeir hafa sett á blað. Þeir ræða atriðin sem þeir hafa séð.

Gögn

Niðurstöður fyrstu kennslustundar (æfðu leikatriðin og listinn yfir lýsingarorð á veggspjöldunum) verða meginefni annarrar kennslustundar. Nemendur átta sig á að án þátttöku þeirra og framlags er ekki hægt að halda kennslunni áfram.

Aðferðir

Hlutverkaleikur, kynningar og hópumræður undir leiðsögn.

Kennslustundin

Fyrri hluti

Kennarinn útskýrir hvernig tíminn á að fara fram. Hann gefur hópunum fimm mínútur til að æfa atriðin sín aftur. Atriðin eru síðan kynnt.

Fyrst les einn úr hópnum dagbókarfærsluna fyrir bekkinn og notar veggspjaldið frá fyrstu kennslustundinni. Síðan er leikatriðið flutt. Mælt er með að öll atriðin verði kynnt án þess að gripið sé fram í. Ef fleiri en einn hópur hefur fengið sömu dagbókarfærsluna ættu þeir að leika atriðin sín, með smátílbrigðum, hver á eftir öðrum.

Að þessu loknu hrósar kennarinn nemendum og rifjar upp hvert markmiðið er með þessum atriðum. Ef bekkurinn er vanur svona kennsluaðferðum geta nemendur farið yfir í næsta skref. Ef ekki, þá er ráðlegt að gefa þeim tækifæri til að velta fyrir sér atriðunum og skoða efni þeirra og framsetningu.

Hér eru nokkur dæmi um hvernig kennarinn getur kallað á viðbrögð við hlutverkaleiknum:

- Hver var upplifun okkar sem hóps?
- Hef ég uppgötvað eitthvað nýtt um sjálfan mig?
- Hvernig tókst okkur til við að sýna persónurnar eins og þær eru?

Seinni hluti

Í seinni hluta kennslustundarinnar raða nemendur stólunum sínum í einn eða tvo hálfhringi andspænis töflunni. Kennarinn setur svo veggspjöldin upp hlið við hlið á töfluna. Nemendurnir sjá hvernig kynningin kemur smám saman í ljós:

Svona líta aðrir á hann:

Bekkjarfélagarnir

Kennararnir

Nágrannarnir

Í lokaumræðunum ættu nemendur að gera sér ljóst að það er algjörlega eðlilegt að ýmsir hópar eða fólk líti á sama einstaklinginn á mismunandi hátt. Þeir þurfa að átta sig á að ekki er hægt að lýsa sjónarmiðum með því að flokka þau sem „rétt“ eða „röng“. Ef sýna á drengnum sanngirni er í raun og veru rangt að lýsa honum einungis út frá einu sjónarmiði.

Stikkorð sem kennarinn getur notað til að efla gagnrýna hugsun hjá bekknum:

- Þegar ég sé þessar ólíku lýsingar verð ég dálítið ringluð/ringlaður.
- Hvað er satt og rétt núna?
- Hver er Magnús í raun og veru?

Kennarinn bíður þangað til nokkrir nemendur hafa rétt upp hönd og leyfir þeim að koma með sín svör. Hann skrifar svörin á töfluna en enn betra er að nota flettistöflu:

Hvað getum við sagt um strákinn?

- Hvernig getum við lýst honum á viðeigandi hátt?
- Staðhæfing 1
- Staðhæfing 2
- Staðhæfing 3
- Staðhæfing 4
- Staðhæfing 5

Í lok tímans gefur kennarinn stutt yfirlit yfir þann skilning sem nemendur hafa öðlast í tveimur fyrstu kennslustundunum. Gott er að nota flettistöflu, ef hún er tiltæk, til að skrifa niður helstu atriðin svo að hægt sé að kynna þau í næstu kennslustundum. Eftirfarandi atriði gætu reynst gagnleg:

Sjálfsmynd

- Sjálfsmynd einstaklings á sér margar hliðar.
- Oft hefur annað fólk (nágrannar, vinir, kennarar, ókunnugir) mjög mismunandi skoðanir á sama einstaklingnum.
- Við verðum að hlusta á mismunandi skoðanir ef okkur langar til að vita meira um einhvern.
- ...
- ...

Að lokum spyr kennarinn nemendur álitis en gætir þess að svara ekki athugasemdum þeirra.

Hægt er að gera þetta á ýmsa vegu. Það er ekki endilega besti kosturinn að spyrja yfir allan bekkinn því að oftar en ekki eru það sömu nemendurnir sem svara alltaf og niðurstaðan verður ekki marktæk. Þess vegna er mælt með píluspjaldsaðferðinni í þessu tilviki. Það er aðferð sem kallar á skjót viðbrögð og gerir hverjum og einum kleift að svara. Í viðauka er að finna nákvæma lýsingu á þessari aðferð til að fá fram álit.

Kennarinn kynnir síðan lauslega efni tveggja næstu kennslustunda en í þeim munu nemendur ekki skoða einstaklinga heldur hópa innan samfélagsins eða heilar þjóðir.

3. kennslustund

Staðalímyndir og fordómar

Hugmyndir okkar um annað fólk, hópa eða lönd

Markmið

Að nemendur uppgötvu hvernig staðalímyndir og fordómar tengjast og geta leitt til einfaldra en einnig ósanngjarnra skoðana á einstaklingum, ýmsum hópum og heilum þjóðum.

Verkefni nemenda

Nemendur velta fyrir sér eigin skoðunum á öðru fólki og ræða þær í hópum.

Gögn

Pappírsarkir og merkipennar.

Aðferðir

Hópvinna, hópumræður.

Lykilhugtök

Staðalímyndir: Álit eða skoðanir sem hópar hafa á sjálfum sér eða öðrum hópum.

Fordómar: Tilfinningahlaðið álit á þjóðfélagshópum (oft minnihlutahópum) eða tilteknu fólki (oft úr minnihlutahópum).

Kennslustundin

Markmiðið í þessari kennslustund er að gera nemendur færa um að koma eigin skilningi á því hvernig litið er á aðra sem einstaklinga yfir á almennara form, það er að segja hvernig leggja megí dóm á stærri hópa, trúarsamfélög, þjóðernishópa eða þjóðir.

Kennarinn undirbýr stuttan en vel skipulagðan fyrirlestur um muninn á fordómum og staðalímýndum og flytur hann í upphafi tímans.

Með því að draga saman kennsluferlið og niðurstöðurnar og þá innsýn sem nemendur hafa öðlast í tveimur fyrstu kennslustundunum hjálpar kennarinn þeim að gera sér grein fyrir muninum á staðalímýndum og fordómum. Hann kynnir þessi tvö hugtök með því að vísa til hinna ýmsu skoðana á drengnum sem fjallað var um í tveimur síðustu kennslustundum. Hann reynir að kynna þessar skoðanir sem staðalímýndir og fordóma (sjá ítarefni fyrir kennara í lok þessa kafla, þar sem finna má sýnishorn af stuttum inngangsfyrirlestri á borð við þennan). Að því búnu skipta nemendur sér í litla hópa. Þeir setja saman lýsingu á samfélagshópum, dæmi:

- drengir og stúlkur;
- starfsstéttir;
- þjóðernishópar;
- þjóðir;
- heimsálfur.

Mikilvægt er að benda nemendum á að setja ekki fram persónulegar skoðanir sínar á öðrum. Þeir eiga fremur að hugleiða hvað samfélagið, nágrannarnir eða fjölmiðlarnir myndu segja eða hugsa um hópana sem þeir hafa fengið til umfjöllunar í þessu verkefni.

Nemendur reyna að greina á milli staðalímýnda og fordóma og nýta sér þannig ábendingar kennarans í upphafi tímans.

Kennarinn getur skrifað nokkrar vísbendingar á töfluna og nemendur undirbúa kynninguna sína með því að gera sjálfir lista yfir niðurstöður sínar. Reynslan hefur sýnt að listi sem útbúinn er fyrir fram (sjá dæmi hér fyrir neðan) auðveldar nemendum að skrá hjá sér hugmyndir sem nota má síðar í umræðunum.

Eftir inngangsfyrirlestur kennarans um staðalímýndir og fordóma vinna nemendur saman í þriggja eða fjögurra manna hópum í 15 mínútur og velta fyrir sér verkefninu sem getið er um hér framar. Kennarinn þarf að íhuga vandlega hver þeirra dæma sem framar er getið ætti að leggja fram. Það fer eftir pólitískri stöðu viðkomandi lands hvort hægt er að velja dæmi sem nemendur þekkja til af eigin reynslu. Aftur á móti ætti kennarinn aðeins að nefna þjóðernishópa sem búa í landinu eða sveitarfélaginu ef öruggt er að það særi engan, og eingöngu ef engin hætta er á að umræður eða ágreiningur geti leitt til þess að verkefnið fari úr böndunum.

Umræður hópanna og kynning niðurstaðna fer fram á sameiginlegum fundi þátttakenda. Hver hópur kemur sér saman um talsmann til að kynna niðurstöður hópsins samkvæmt ákveðnum viðmiðum sem geta til dæmis verið:

- landið okkar, hópurnir okkar, uppruni okkar, starf okkar;
- staðalímýndir sem koma fram hjá hópnum;
- fordómar sem koma fram hjá hópnum;
- hugmyndir okkar um ástæður þess að tilteknir hópar hafi slíkar skoðanir;
- álit okkar ásamt hugsanlegum skoðanaágreiningi.

Kennarinn aðstoðar nemendur með því að skrifa niðurstöður hvers hóps (stuttlega) á flettistöflu.

Dæmi um hvernig skráning niðurstaðna getur verið nemendum til hjálpar:

Hópur	Land/starfsgrein/ hópur	Staðalímyndir	Fordómar	Athugasemdir
1				
2				
3				
4				
5				

Að lokum tekur kennarinn saman það sem fór í tímanum og vísar bæði í aðferðir og niðurstöður. Hann segir síðan nemendum hvaða skref verða tekin næst.

4. kennslustund

Sjálfsmynd: staðalímyndir – fordómar um sjálfa(n) mig Hvernig lít ég á sjálfa(n) mig – hvernig líta aðrir á mig?

Markmið

Að nemendur átti sig á því hvernig aðrir skynja þá og læri að sætta sig við það.

Að þeir öðlist betri skilning á því hvernig aðrir skynja sjálfsmynd þeirra og bregðist við því.

Verkefni nemenda

Nemendur lýsa sjálfum sér og hver öðrum og bera saman niðurstöður sínar.

Gögn

Dreifiblað 1.2.

Aðferðir

Tveir og tveir vinna saman.

Hópumræður.

Kennslustundin

Kennarinn byrjar á því að draga saman niðurstöður tveggja síðustu kennslustunda og gera grein fyrir kennsluefni dagsins.

Hann minnir nemendur síðan á að þeir hafi í fyrstu fjallað um einstakling (persónulegar aðstæður drengs) og hafi síðan kannað hvernig lítið er á stærri hópa, svo sem starfsstéttir, þjóðernishópa og heilu þjóðirnar. Nú eiga þeir enn á ný að fjalla um einstakling en að þessu sinni eru það þeir sjálfir – allir í bekknum – sem athyglin beinist að. Þeir eiga að einbeita sér að spurningunni:

Hver er ég?	
Hvernig myndi ég lýsa sjálfri/sjálfum mér?	sjálfsmat
Hvernig myndi bekkjarfélagi minn lýsa mér?	skynjun annarra

Kennarinn útfærir kynningu sína á kennsluefninu enn frekar með því að teikna þessa skýringarmynd á töfluna eða flettistöflu. Hann getur einnig beðið nemendur að rifja upp það sem þeir lærðu í tveimur síðustu kennslustundum um muninn á eigin upplifun og upplifun annarra. Að auki, eða að öðrum kosti, getur hann endurtekið lykilhugtökin um staðalímyndir og fordóma.

Kennarinn tekur nú fram dreifiblöðin með lýsingum nemenda á Magnúsi. Þau ættu að hjálpa þeim að muna eftir sem flestum kostum og eiginleikum fólks. Nemendur fá það verkefni að búa til lista með eins mörgum lýsingarorðum og hægt er að nota til að lýsa einni manneskju. Kennarinn þarf örugglega að koma með einhverjar hugmyndir og tillögur. Til dæmis er hægt að benda nemendum á að flokka lýsingarorðin eftir merkingu og áherslum. Slík flokkun gæti innihaldið eftirfarandi atriði:

Hvernig myndum við lýsa manneskju:

- þegar hún er í góðu skapi?
- þegar hún er í vondu skapi eða jafnvel fokreið?
- þegar hún er vinsamleg?
- þegar við viljum lýsa útliti hennar?
- þegar við viljum lýsa henni sem nemanda?
- ...

Fremur en að biðja fáeina nemendur að leggja fram einhverjar hugmyndir fyrir allan bekkinn er best að láta alla taka þátt. Það er hægt að gera með eftirfarandi æfingu þar sem nemendur vinna hver fyrir sig að því að setja fram ýmsar hugmyndir. Stórar pappirsarkir ættu að hanga uppi í hverju horni skólastofunnar eða liggja á borðum hér og þar. Ýmis lykilorð eða flokkaheiti eru fyrirsgagnir á þessum örkum. Nemendur ganga hljóðlega um skólastofuna og skrifa hugmyndir sínar á arkirnar (best er að hafa einn merkipenna hjá hverri þeirra). Þar sem þeir geta lesið hvað hinir nemendurnir hafa skrifað skulu þeir ekki endurtaka það sama heldur svara með athugasemdum og nýjum hugmyndum.

Slík æfing gæti skilað eftirfarandi niðurstöðu:

Hvernig er fólk þegar það er í góðu skapi?

- glaðlegt
- segir brandara
- afslappað
- skrafhreifði
- syngjandi
- aðlaðandi
- ...
- ...

Ekki þarf að ræða þetta sameiginlega þar sem tilgangur æfingarinnar er að nemendur fái hugmyndir sem þeir geta unnið út frá í næsta skrefi. Kennarinn ætti að vera búinn að finna út hvaða nemendur geta unnið tveir og tveir saman á þessu stigi. Það er mikilvægt þar sem efnið sem fjalla á um er afar viðkvæmt. Kennarinn ætti því að forðast að velja saman nemendur sem kemur illa saman og gæta þess að engum komi til með að sárna.

Liðin fá eftirfarandi verkefni:

Þið eigið að kanna hvernig þið upplifið ykkur sjálf og hvort annað. Gerið það á eftirfarandi hátt:

- Til að byrja með vinnur hver fyrir sig.
- Skoðið allar lýsingarnar á veggspjöldunum í skólastofunni og veljið orð sem þið teljið sjálf að lýsi ykkur vel. Skriðið þau á dreifiblaðið.
- Bætið við kostum ykkar og lýsingum á sjálfum ykkur við tiltekna aðstæður sem ekki er getið um á veggspjöldunum. Skriðið þetta á dreifiblaðið.
- Síðan skuluð þið lýsa félagi ykkar á sama hátt.
- Að þessu loknu skuluð þið bera saman niðurstöður ykkar. Það verður áhugavert að sjá hvaða lýsingar og skoðanir falla vel saman og hvar er munur eða jafnvel mótsagnir. Látið hugsanir ykkar og tilfinningar í ljós:
- Hvað kemur mér á óvart?
- Hvað gleður mig?
- Hvað þírrar mig?
- Hvað særir mig?
- Getur þú rökstutt álit þitt með nokkrum dæmum?
- Hvaða lýsingar eru (jákvæðar eða neikvæðar) staðalímyndir?

Kennarinn þarf að ákveða hvort halda skuli lokafund til að draga saman niðurstöður þessarar kennslustundar (sem einnig markar kaflalok, enda þótt hægt sé að halda áfram) eða hvort draga skuli saman námsframvindu síðustu fjögurra kennslustunda. Kennarinn mun taka eftir því, sama hvora aðferðina hann velur, að vinnuandinn í bekknum hefur batnað eftir þessa tíma. Nemendurnir

hafa þróað með sér nánara samband og uppgötvað ýmislegt áhugavert sem þeir hafa miðlað sín á milli. Þeir geta núna greint á milli:

- staðalímynda og fordóma;
- sjálfsmats og mats annarra.

Félagsfærni þeirra hefur aukist og það mun koma þeim til góða í daglegu lífi, bæði innan bekkjarins og í skólanum almennt. Nemendur munu oft þurfa að takast á við málefni á borð við þau sem fjallað var um í þessum fjórum kennslustundum og þá nýtist það sem þeir hafa lært.

Dreifiblað 1.1

(Hópur 1)

Hlutverkaleikur

Komið ykkur saman um fulltrúa úr ykkar hópi til að lesa upp dagbókarfærsluna sem þið fenguð og hvert verkefni hópsins er.

Veljið annan fulltrúa úr hópnum til að skrá niðurstöðurnar og kynna þær fyrir bekknum.

Færsla úr dagbókinni hans Magnúsar:

„Þetta er fyrsti dagurinn minn í nýja bekknum. Fjölskylda mín flutti hingað utan af landi og mér líður enn eins og aðkomumanni. Kæra dagbók, ég hef upplifað ýmislegt undanfarna daga. Ég ætla að segja þér aðeins frá því.

Við búum núna í íbúð stutt frá höfninni. Einn af strákunum í bekknum mínum á heima rétt hjá. Hann kom til mín þegar á þriðja degi og bað mig að koma með sér að veiða. Ég sagði nei vegna þess að veiðistöngin mín var enn í einhverjum kassanum.“

Verkefni:

1. Takið saman lista yfir lýsingarorð sem þið teljið að skólafélagar Magnúsar myndu nota til að lýsa honum (hafði hugstormun í hópnum ykkar).
2. Hvernig haldið þið að nemandi í sama bekk og Magnús tali um hann við aðra nemendur? Æfið stutt atriði sem þið getið leikið fyrir bekkinn.

Dreifiblað 1.1

(Hópur 2)

Hlutverkaleikur

Komið ykkur saman um fulltrúa úr ykkar hópi til að lesa upp dagbókarfærsluna sem þið fenguð og hvert verkefni hópsins er.

Veljið annan fulltrúa úr hópnum til að skrá niðurstöðurnar og kynna þær fyrir bekknum.

Færsla úr dagbókinni hans Magnúsar:

„Það er stór fótoltavöllur fyrir framan skólann okkar. Ég var mjög ánægður með það vegna þess að mér finnst gaman í fótbolta. Ég tók því boltann minn með og ætlaði að æfa mig aðeins. Ég var rétt búinn að skjóta eitt eða tvö skot á markið þegar húsvörðurinn stoppaði mig. Hann var öskureiður og spurði hvort ég væri ekki læs. Ég hafði ekki tekið eftir skilti þar sem stóð að völluminn væri lokaður eftir rigningu. Ég var í svo miklu uppnámi að ég fór heim án þess að segja eitt einasta orð.“

Verkefni:

1. Takið saman lista yfir lýsingarorð sem þið teljið að skólafélagar Magnúsar myndu nota til að lýsa honum (hafið hugstormun í hópnum ykkar).
2. Hvernig haldið þið að nemandi í sama bekk og Magnús tali um hann við aðra nemendur? Æfið stutt atriði sem þið getið leikið fyrir bekkinn.

Dreifiblað 1.1

(Hópur 3)

Hlutverkaleikur

Komið ykkur saman um fulltrúa úr ykkar hópi til að lesa upp dagbókarfærsluna sem þið fenguð og hvert verkefni hópsins er.

Veljið annan fulltrúa úr hópnum til að skrá niðurstöðurnar og kynna þær fyrir bekknum.

Færsla úr dagbókinni hans Magnúsar:

„Þetta er fyrsti dagurinn minn í nýja bekknum. Fjölskylda mín flutti hingað utan af landi og mér líður enn eins og aðkomumanni. Kæra dagbók, ég hef upplifað ýmislegt undanfarna daga. Ég ætla að segja þér aðeins frá því.

Það býr gamall maður aleinn í íbúðinni fyrir ofan okkar. Þegar ég kom heim í gær hitti ég hann við útidyrnar að koma úr matvörubúðinni. Hann hélt á innkaupapoka og var alveg lafmóður. Ég vorkenndi honum, bauðst til að hjálpa honum og bar pokann upp að íbúðinni hans.“

Verkefni:

1. Takið saman lista yfir lýsingarorð sem þið teljið að skólafélagar Magnúsar myndu nota til að lýsa honum (hafið hugstormun í hópnum ykkar).
2. Hvernig haldið þið að nemandi í sama bekk og Magnús tali um hann við aðra nemendur? Æfið stutt atriði sem þið getið leikið fyrir bekkinn.

Ítarefni fyrir kennara

Staðalímyndir og fordómar

Hvað er staðalímynd?

Fólk er oft skilgreint sem hluti af hópum á grundvelli þjóðmenningar, trúarbragða, uppruna eða ytri einkenna á borð við litarhátt, stærð, hárgreiðslu eða klæðaburð.

Með þessari skilgreiningu á hópum eru ákveðin einkenni oft tileinkuð fólki, þannig að tilteknar ímyndir tengjast vissum hópum. Ef þessar ímyndir eru ýktar það mikið að þær svari varla til raunveruleikans kallast þær staðalímyndir.

Staðalímyndir er einnig að finna í bókum (jafnvel kennslubókum), teiknimyndasögum, auglýsingum og kvikmyndum. Þið hafið örugglega rekist á slíkar staðalímyndir. Hugsíð ykkur til dæmis ímynd afrísku konunnar sem klæðist pilsu úr pálmablöðum, er með þykkan varir og lítið bein í gegnum miðnesið.

Frá staðalímynd til fordóma

Ef einstaklingur eða hópur er aðeins metinn á grundvelli staðalímynda, en ekki sem einstaklingur eða hópur einstaklinga, er um fordóma að ræða. Þá er búið að móta skoðun á einstaklingi eða hópum á grunni vanþekkingar. Slíkar skoðanir og hugmyndir hafa yfirleitt ekkert með raunveruleikann að gera og eru einnig oft neikvæðar eða fjandsamlegar.

„Jákvæðar“ staðalímyndir

Einnig eru þó til jákvæðar staðalímyndir. Ef einhver heldur því til dæmis fram að svart fólk hlaupi hratt má segja að það sé jákvæð staðalímynd. Nú gætuð þið hugsað sem svo: „Er eitthvað athugavert við það?“ En í þessu tilviki er fólk einnig ranglega flokkað. Veltið bara fyrir ykkur hvort það sé virkilega rétt að allt svart fólk hlaupi hratt.

Hvaða gagn má hafa af staðalímyndum?

Fordómar virðast gera veröldina auðskiljanlegri og einfaldari. Þegar fólk hittir aðrar manneskjur sem virðast framandi verður það oft órólegt og kvíðið. Við slíkar aðstæður geta fordómar hjálpað fólki að leyna kvíða sínum. – Ég get þóst vita allt um hinn einstaklinginn eða fólkið og talið mig ekki þurfa að spyrja neins. Þess vegna er fyrir fram vonlaust að áhugaverðar samræður geti átt sér stað og raunverulegur skilningur skapist.

Hver eru áhrif fordóma?

Fordómar eru særandi. Þeir eru fyrst og fremst notaðir í því skyni að beita einhvern órétti. Fordómar svipta manneskjuna þeim möguleika að sýna hver hún raunverulega er og hverju hún getur áorkað. Vinnuveitandi ræður til dæmis ekki tyrkneska umsækjendur til starfa vegna þess að hann hefur heyrt að „þeir“ mæti alltaf of seint til vinnu. Sumir halda fast í fordóma og fyrirlitningu enda þótt þeir geri sér grein fyrir því að enginn geti staðfest þessi neikvæðu viðhorf þeirra.

Hvernig er hægt að vinna gegn fordómum?

Fordómar eru lífseigir og því erfiðir viðureignar. En þó er ekki öll von úti: enginn er fæddur með fordóma. Þeir eru áunnir þannig að hægt er að losa sig við þá. Áður en dómur er lagður á einhvern ætti að biðja viðkomandi að útskýra hvers vegna hann eða hún hafi gert það sem um ræðir. Hafið hugfast að þið mynduð ekki kæra ykkur um að lagður væri á ykkur dómur að ykkur forspurðum.

Dreifiblað 1.2

Sjálfsmat – mat annarra


Tveir og tveir vinna saman

Athugasemdir í kjölfar umræðna - Þar sem við vorum sammála - Þar sem við vorum ósammála - Athugasemdir	Hvernig ég lýsi sjálfri/sjálfum mér (sjálfsmat mitt)	Hvernig ég lýsi skólaféлага mínum (Hvernig ég skynja einhvern annan, skrifað af mér)	Athugasemdir í kjölfar umræðna - Þar sem við vorum sammála - Þar sem við vorum ósammála - Athugasemdir

2. KAFLI

Jafnrétti

Ert þú rétthærri
en ég?



2.1. Það sem er líkt og ólíkt

Er ég eins og hinir? Er ég öðruvísi?

2.2. Saga Vesnu

Hvernig myndum við bregðast við ef við lentum í sömu aðstæðum og hún?

2.3. Jafnrétti karla og kvenna

Hvernig ber okkur að koma fram við karla og konur?

2.4. Félagslegt réttlæti

Hvernig ber okkur að taka á mismunun?

2. KAFLI Jafnrétti

Ert þú réttþærri en ég?

Hugtakið „jafnrétti“ felur í sér að allir, óháð aldri, kyni, kynferði, trú, þjóðerni o.s.frv., njóti sömu réttinda.

Inngangur Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna hefst á orðunum „... viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum“. Ekki er hægt að aðgreina hugmyndina um borgaravitund frá jafnréttismálum. Ójöfnuður innan eða milli samfélaga kemur í veg fyrir virka borgaravitund. Hugmyndin um jafnrétti er því þungamiðjan í menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar. Slík menntun verður að snúast um jafnréttismál og efla fólk í baráttunni gegn hvers kyns mismunun.“⁵

Í fjölbreytileika felst að umburðarlyndi þróist yfir í fullkomna virðingu fyrir því að ekki séu allir eins. Hann er kjarni hugmyndarinnar um fjölhyggju og fjölmenningu og er sem slíkur hornsteinn MLB. MLB verður því að veita nemendum tækifæri til að velta fyrir sér skynjun og skilningi og takast á við fordóma og staðalímyndir. Einnig skal haft að markmiði að fjölbreytileika sé fagnað og hann viðurkenndur innan sveitarfélaga, á landsvísu og í alþjóðasamfélaginu.⁶

Að ýmsu leyti má líta á samstöðu sem hæfni einstaklinga til að hugsa ekki einungis um eigin hag heldur viðurkenna réttindi annars fólks og sýna vilja til að efla þau og verja. Það er líka meginmarkmið MLB þar sem leitast er við að hver og einn öðlist þekkingu og færni og tileinki sér þau gildi sem nauðsynleg eru til að geta lifað með sæmd í eigin samfélagi. Eins og áður hefur komið fram er samstaða í verki nátengd hugmyndinni um framtak. Samstaða er þó ekki síður hugarástand þar sem um tiltekið hegðunarmynstur er að ræða.⁷

Fordómar eru dómar sem við leggjum á fólk án þess að þekkja það í raun og veru. Fordómar geta verið jákvæðir eða neikvæðir. Við tileinkum okkur þá sem lið í félagsmótunarferli okkar og það er erfitt að breyta þeim eða útrýma. Því er mikilvægt að vera vakandi fyrir tilvist þeirra.

Hægt er að beita mismunun með beinum eða óbeinum hætti. Bein mismunun einkennist af þeim ásetningi að mismuna einstaklingi eða hópi, svo sem þegar atvinnumiðlun hafnar atvinnuumsókn- um frá múslímum eða húsaleigufélag leigir ekki innflytjendum íbúðir. Óbein mismunun er afleiðing stefnu eða aðgerða. Hún á sér stað þegar að því er virðist hlutlaust ákvæði, viðmið eða framkvæmd er í raun einstaklingi eða einstaklingum í tilteknum minnihlutahópi í óhag, samanborið við aðra. Þetta getur verið allt frá skilyrðum um lágmarkshæð slökkviliðsmanna (sem kann að útiloka fleiri kven- en karlumsækjendur um starfið), til stórverslana sem ráða ekki fólk í síðum kuflum, eða op- inberrar stofnunar eða skólareglna sem neita fólki sem hylur höfuð sitt um aðgang. Slíkar reglur, sem virðast hlutlausar gagnvart þjóðaruppruna eða trú, geta í raun mismunað fólki í tilteknum minnihluta- eða trúarhópum sem klædist síðum kuflum eða gengur með höfuðslæður.⁸

Hugtakið „kyngevri“ vísar til félagsmótaðra hlutverka kvenna og karla sem þeim eru tileinkuð vegna kynferðis þeirra. Kynhlutverk fer því eftir tilteknu félags- og efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu samhengi og mótast einnig af öðrum þáttum, svo sem kynþætti, uppruna, stétt, kynhneigð og aldri. Kynhlutverk eru áunnin og afar mismunandi eftir menningarheimum. Ólíkt líffræðilegu kynferði getur kynhlutverk breyst.⁹

5. Úr „A glossary of terms for education for democratic citizenship“, Karen O’Shea, Council of Europe, DGIV/EDU/CIT (2003) 29.

6. *Sama rit.*

7. *Sama rit.*

8. *Sama rit.*

9. *Sama rit.*

Efnahagsleg og félagsleg réttindi varða fyrst og fremst nauðsynleg skilyrði einstaklings til að ná fullum þroska og að hann njóti viðunandi lífskjara. Þessum réttindum, sem oft eru kölluð „önnur kynslóð“ mannréttinda, er erfiðara að framfylgja þar sem þau eru gjarnan talin vera háð þeim fjármunum sem eru fyrir hendi. Til þeirra teljast réttindi á borð við réttinn til vinnu, réttinn til menntunar, réttinn til tómstunda og réttinn til viðunandi lífskjara. Þessi réttindi eru tilgreind í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem var samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1966.¹⁰

Fólk hefur mismunandi skoðanir og viðhorf þegar rætt er um hvernig samfélagið skuli takast á við mál sem snúast um félagslegt réttlæti. Þessum skoðunum og viðhorfum má skipta í þrjú flokka:

- Darwinistar telja að hver og einn beri alla ábyrgð á eigin vandamálum og eigi að leysa þau upp á eigin spýtur. Þeir telja að hvetja þurfi fólk til að leggja sig meira fram. Darwinistar halda sig yfirlætt utan við vettvang félagsmálanna.
- Velvildarsinnar finna til samhygðar með þeim sem þjást og vilja leggja sitt af mörkum til að auðvelda þeim lífið. Þeir líta fremur á félagsleg og efnahagsleg réttindi sem eftirsóknarvert stefnumál en mannréttindi. Þetta leiðir oft til þess að komið er fram af yfirlæti við fólk sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður.
- Réttlætissinnar láta sig varða að fólk sé beitt órétti, fyrst og fremst vegna stjórnvaldsákvæðana. Þeim finnst þeir þurfa að breyta hinu pólitíska og efnahagslega kerfi svo að fólk neyðist ekki til að búa við fátækt.¹¹

10. Úr „A glossary of terms for education for democratic citizenship“, Karen O’Shea, Council of Europe, DGIV/EDU/CIT (2003) 29.

11. Texti úr „Duties sans Frontières. Human rights and global social justice“, International Council of Human Rights Policy.

2. KAFLI Jafnrétti

Ert þú réttþærri en ég?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Það sem er líkt og ólíkt	Að nemendur geti útskýrt jöfnuð milli manna og að fólk sé mismunandi. Að nemendur virði bæði jöfnuð og að fólk sé mismunandi.	Nemendur gera sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt með fólki. Nemendur ræða hvaða afleiðingar það getur haft að vera öðruvísi.	Stílabækur eða blöð og pennar fyrir hvern og einn. Til greina kemur að framlengja verkefnið en ef kennarinn gerir það þurfa hóparnir stór blöð og merkipenna.	Unnið í litlum hópum og hver fyrir sig.
2. kennslust.: Saga Vesnu	Að nemendur verði meðvitaðir um for-dóma og mismunun í samfélaginu. Að nemendur skilji sjónarmið þeirra sem verða fyrir mismunun. Að nemendur geti brugðist við aðstæðum þegar mismunun á sér stað.	Nemendur ræða til-tekið dæmi um mis-munun og bera saman við aðstæður hér á landi.	Eintak af dreifiblaði 2.1 (valfrjálst).	Hópvinna þar sem fengist er við texta.
3. kennslust.: Jafnrétti karla og kvenna	Að nemendur verði meðvitaðir um kyn-bundna mismunun í samfélaginu. Að nemendur skilji sjónarmið þeirra sem verða fyrir kynbund-inni mismunun. Að nemendur geti brugðist við aðstæðum þegar mismunun á sér stað.	Nemendur ígrunda hvernig þeir, og sam-félagið almennt, koma fram við konur.	Ljósrit af einni sögu af dreifiblaði 2.2 fyrir hvern fjögurra til fimm manna hóp.	Unnið í litlum hópum.
4. kennslust.: Félagslegt réttlæti	Að nemendur geri sér grein fyrir vandamál-um sem tengjast fé-lagslegu réttlæti.	Nemendur ræða um réttláta dreifingu gæða. Nemendurnir velta öllum kaflanum fyrir sér á nýjan leik.	Eintök af dreifiblaði 2.3, skipt í hluta fyrir hverja tvo nemendur (valfrjálst).	Tveir og tveir vinna saman, gagnrýnin hugsun.

1. kennslustund: Það sem er líkt og ólíkt Er ég eins og hinir? Er ég öðruvísi?

Markmið

Að nemendur geti útskýrt jöfnuð milli manna og að fólk sé mismunandi.

Að nemendur virði bæði jöfnuð og að fólk sé mismunandi.

Verkefni nemenda

Nemendur gera sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt með fólki.

Nemendurnir ræða hvaða afleiðingar það getur haft að vera öðruvísi.

Gögn

Stílabækur eða pappírblöð og pennar fyrir hvern og einn.

Til greina kemur að framlengja verkefnið en ef kennarinn gerir það þurfa hóparnir stór blöð og merkipenna.

Aðferð

Unnið í litlum hópum og hver fyrir sig.

Kennslustundin

Nemendur skipta sér í fjögurra eða fimm manna hópa. Hver hópur þarf að nota blað og penna.

Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að hann muni leggja fyrir þá ýmsar spurningar sem þeir eigi að svara játandi eða neitandi og þeir eigi að undirbúa sig með því að skrifa upp bókstafina A til R í láréttri röð, í stafrófsröð, og hafa gott pláss fyrir neðan þá. Kennarinn getur líka skrifað þetta upp á töflu.

Dæmi

Spurningar: A B C D E F

Svör: 1 0 1 0 1.....

Kennarinn spyr síðan ýmissa spurninga (frá A til R) af lista A, og nemendur svara, hver fyrir sig, með því að skrifa 1 („já“) eða 0 („nei“). Kennarinn segir nemendum að jafnvel þótt þeir séu í vafa um hverju svara skuli eigi þeir samt að skrifa það svar sem þeir telja réttara.

Listi A		Listi B	
A.	Ert þú kona?	A.	Ert þú alltaf ánægð(ur)?
B.	Hefur þú heimsótt fleiri en eitt erlent ríki?	B.	Ert þú með neglur á fingrunum?
C.	Finnst þér gaman að taka þátt í íþróttum?	C.	Getur þú velt hlutunum svolítið fyrir þér?
D.	Spilar þú á hljóðfæri?	D.	Fæddi mamma þín þig?
E.	Ert þú með brún augu?	E.	Getur þú flogið án hjálpartækja (eins og fugl)?
F.	Eru báðar ömmur þínar enn á lífi?	F.	Getur þú lifað án þess að fá eitthvað að drekka?
G.	Notar þú gleraugu?	G.	Andar þú?
H.	Finnst þér gaman að vera úti í sveit?	H.	Áttu heima í vatni?
I.	Ert þú frekar rólegur einstaklingur?	I.	Hefur þú einhverjar tilfinningar?
J.	Ert þú frekar hávaxin(n) (yfir meðallagi)?	J.	Er blóðið í þér grænt?
K.	Ert þú frekar dapur einstaklingur (yfir meðallagi)?	K.	Hefur þú einhvern tímenn dottið?
L.	Verður þér fljótt kalt?	L.	Sérð þú í gegnum vegg?
M.	Finnst þér gaman að ferðast?	M.	Getur þú haft samskipti við aðra?
N.	Finnst þér gaman að fara í hársnyrtingu?	N.	Finnst þér gaman í góðu veðri?
O.	Finnst þér gaman að vinna við tölvu?	O.	Þætti þér betra að þurfa ekki að hitta annað fólk?
P.	Ert þú lofthædd(ur)?	P.	Ert þú með tungu?
Q.	Finnst þér brúnn litur fallegri en blár?	Q.	Getur þú gengið á vatni (eins og sum skordýr gera)?
R.	Hefur þú gaman af því að teikna/mála?	R.	Ert þú stundum þreytt(ur)?

Kennarinn biður einn fulltrúa úr hverjum hópi að skrifa svör sín við lista A á töfluna. Hann biður síðan nemendur að virða svörin fyrir sér og bera þau lauslega saman við eigin svör. Sjá þeir mun á þeim? Getu þeir bent á einhver atriði sem gera þau ólík?

Nú biður kennarinn nemendur að svara næstu spurningalotu því að nú er komið að lista B. Aftur er fulltrúi úr hverjum hópi beðinn að skrifa svör sín á töfluna, fyrir neðan bókstafina.

Hvers vegna er sáralítill munur á hópunum núna? Kennarinn spyr nemendur hvort þeir geti bætt við fleiri atriðum sem séu flestum þeirra sameiginleg.

Kennarinn lætur hvern hóp fá stórt blað og merkipenna fyrir framhaldsverkefnið. Viðfangsefni þeirra er eftirfarandi:

1. Nefna þrjú dæmi um aðstæður þegar gott er að vera eins og aðrir. Segja hvers vegna þeim finnst það gott.
2. Nefna þrjú dæmi um aðstæður þegar gott er að vera öðruvísi en aðrir. Segja hvers vegna þeim finnst það gott.

Ef þörf krefur sýnir kennarinn hvernig setja má niðurstöður nemenda skipulega fram í eins konar „hugsunarramma“.

Aðstæður þegar gott er að vera eins og aðrir	Hvers vegna?
a)	
b)	
c)	

Aðstæður þegar gott er að vera öðruvísi en aðrir	Hvers vegna?
a)	
b)	
c)	

Síðan biður kennarinn hópana að finna þrjú dæmi um aðstæður þegar óþægilegt er að vera öðruvísi en aðrir. Og enn á ný eiga þeir að segja hvers vegna þeir haldi að svo sé. Hvaða tilfinningar vakna?

Aðstæður þar sem óþægilegt er að vera öðruvísi en aðrir.	Hvers vegna?
a)	
b)	
c)	

Kennarinn spyr síðan nemendur hvaða hópa „öðruvísi“ fólks sé stundum komið illa fram við og hverjir geri það.

Hópar fólks sem stundum er komið illa fram við	Hverjir gera það?
a)	
b)	
c)	

Kennarinn biður hvern hóp að kynna svörin sín. Bekkurinn rannsakar síðan nánar á hvaða réttindi kunna að hafa verið brotin í dæmunum sem voru kynnt. Hóparnir fá því afhent eintak af dreifiblaði 5.2: Listi yfir mannréttindi.

2. kennslustund:

Saga Vesnu

Hvernig myndum við bregðast við ef við lentum í sömu aðstæðum og hún?

Markmið

Að nemendur verði meðvitaðir um fordóma og mismunun í samfélaginu.

Að nemendur skilji sjónarmið þeirra sem verða fyrir mismunun.

Að nemendurnir geti brugðist við aðstæðum þegar mismunun á sér stað.

Verkefni nemenda

Nemendur ræða tiltekið dæmi um mismunun og bera saman við aðstæður hér á landi.

Gögn

Eintak af dreifiblaði 2.1 (með spurningum) fyrir hvern nemanda.

Aðferð

Hópvinna þar sem fengist er við texta.

Hugtakanám

Að mismuna fólki er algengt hegðunarmynstur í þjóðfélaginu. Það eru ekki aðeins yfirvöld sem beita mismunun heldur einnig ýmsir aðrir aðilar og stofnanir. Með því að hefja kennslustundina með sannri sögu um mismunun fá nemendur tækifæri til að velta eigin hegðun fyrir sér.

Kennslustundin

Kennarinn getur annaðhvort lesið upp af dreifiblaði 2.1 eða látið nemendur fá eintak af því til að lesa sjálfir.

Saga Vesnu

Vesna, sem er stúlka af rómaættum, segir frá reynslu sinni:

„Ég sá auglýst eftir aðstoðarmanneskju við afgreiðslu í glugga á fatabúð. Viðkomandi átti að vera á aldrinum 18 til 20 ára. Ég er 19 þannig að ég fór inn og spurði verslunarstjórann um starfið. Hún sagði mér að koma aftur eftir tvo daga vegna þess að það hefðu ekki nógu margir sótt um.

Ég mætti tvisvar á staðinn en fékk sama svarið. Um það bil viku síðar fór ég aftur í búðina. Auglýsingin var enn í glugganum. Verslunarstjórinn var of upptekinn til að hitta mig en mér var sagt að búið væri að ráða í starfið.

Ég var í svo miklu uppnámi eftir þetta að ég bað vinkonu mína, sem ekki er af rómaættum, að fara og spyrjast fyrir um starfið. Þegar hún kom þaðan sagði hún mér að hún hefði verið beðin að mæta í viðtal næsta mánudag.“

Þegar allir nemendurnir hafa heyrt eða lesið söguna skiptir kennarinn þeim í fjögurra eða fimm manna hópa og biður þá að fjalla um eftirfarandi spurningar (spurningarnar eru á dreifiblaðinu; hafi kennarinn lesið söguna upphátt skrifar hann spurningarnar á töfluna):

1. Hvernig myndi ykkur líða ef þið lentuð í því sem Vesna varð fyrir? Hvernig mynduð þið bregðast við ef vinkona ykkar segði ykkur að hún hefði verið boðuð í viðtal?
2. Hvers vegna haldið þið að verslunarstjórinn hafi hegðað sér svona? Teljið þið að um einhvers konar mismunun sé að ræða? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
3. Hvað gat Vesna gert í málinu? Haldið þið að hún hefði getað gert eitthvað öðruvísi? Hvað hefðu aðrir getað gert til að hjálpa henni?
4. Haldið þið að löggjöfin nái til slíkra tilvika? Hvernig ættu lögin að vera?
5. Gæti þetta komið fyrir hér á landi? Ef svo er, hvaða hópar yrðu þá fyrir því?

Kennarinn biður nemendur um fyrstu viðbrögð þeirra við spurningunum. Það er hægt að gera með því að spyrja hvern hóp einnar spurningar eða biðja hópana um stutt svör við fleiri en einni spurningu.

Kennarinn segir síðan nemendum að saga Vesnu sé sönn, þetta hafi átt sér stað fyrir rúmlega tíu árum, og að seinna þegar verslunarstjórinn hafi verið spurður hvers vegna hún hefði hagað sér svona, þá hafi svar hennar verið eftirfarandi:

Svar verslunarstjórans

„Ég hélt að það yrði erfitt fyrir Vesnu að vinna hérna vegna þess að það tæki hana svo langan tíma að komast í vinnuna. Það hefði verið þrettán kílómetra ferðalag í tveimur strætisvögnum. Það er mjög erfitt að reka verslun ef starfsfólkið mætir alltaf of seint. Ég vil endilega ráða einhvern héðan úr hverfinu. Manneskjan sem ég réði til starfa virtist vera sú eina rétta.“

Kennarinn segir nemendum að í Mannréttindasáttmála Evrópu (14. grein) sé kveðið á um eftirfarandi: „Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu“; og að í 2. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar segi: „Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórn málaaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

Kennarinn spyr síðan nemendur hvað þessar greinar segi um aðstæður Vesnu. Hann lýkur tímanum með því að segja nemendum hvernig saga Vesnu endaði í raun og veru.

Sögulokin

„Vesna fór með málið fyrir Evrópudómstóllinn sem tryggir að farið sé að lögum um mismunun. Dómstóllinn féllst á að henni hefði verið mismunað. Ýmsir aðrir, sem einnig áttu heima langt frá versluninni, höfðu verið kallaðir í viðtal. Stúlkan sem fékk starfið var aðeins 16 ára gömul, hún var hvít, og átti heima jafnlangt frá versluninni og Vesna. Verslunin varð að greiða Vesnu tiltekna bótaupphæð fyrir að hafa sært tilfinningar hennar.“

Í framhaldinu biður kennarinn nemendur að skrifa verslunarstjóranum eða borgarstjóranum bréf. Hann aðstoðar þau við að tjá sig, bæði út frá þeirra eigin skoðunum og út frá áliti Mannréttindadómstóls Evrópu. Mikilvægt er að allur bekkurinn sjái þessi bréf þannig að umræður geti einnig átt sér stað utan venjulegs skólatíma.

3. kennslustund

Jafnrétti karla og kvenna

Hvernig ber okkur að koma fram við karla og konur?

Markmið

Að nemendur verði meðvitaðir um kynbundna mismunun í samfélaginu.

Að nemendur skilji sjónarmið þeirra sem verða fyrir kynbundinni mismunun.

Að nemendur geti brugðist við aðstæðum þegar mismunun á sér stað.

Verkefni nemenda

Nemendur ígrunda hvernig þeir sjálfir, og samfélagið almennt, koma fram við konur.

Gögn

Afrit af einni sögu af dreifiblaði 2.2 fyrir hvern hóp.

Stór pappírsörk og merkipenni fyrir hvern hóp.

Aðferðir

Litlir vinnuhópar, umræður og kynningar.

Ábending

Enn er langt í land að komið sé fram við karla og konur á jafnréttisgrundvelli í daglegu lífi. Mismunandi aðstæður í fjölskyldumálum, í skólum og á vinnustöðum stuðla að því að fólk fái aukna samkennd með málum af þessu tagi og innsýn í hvernig takast skuli á við þau. Þessi kennslustund gefur einnig tilefni til þess að sumum venjum eða starfsháttum sé breytt innan bekkjarins eða í skólanum.

Kennslustundin

Bekknur er skipt í fjögurra eða fimm manna hópa. Hver hópur fær eina af sögunum þremur sem eru á dreifiblaði 2.2. Þegar nemendur hafa lokið lestrinum eru þeir beðnir að fjalla um spurningarnar sem fylgja sögunum.

Kennarinn stýrir síðan stuttum lokaumræðum um hverja sögu og biður talsmann hvers hóps að gefa stutt yfirlit yfir þá sögu sem kom í hans hlut og kynna niðurstöðurnar.

Að því loknu biður kennarinn nemendur að lesa yfirlitið og textann á töflunni vandlega og nefna síðan tvö dæmi um mismun kynjanna og önnur tvö dæmi um mismunandi kynhlutverk til að tryggja að allir skilji skilgreiningarnar sem settar eru fram.

Kyn	Kyngervi
Líffræðilega ákveðið	Félagslega skilgreint
Óbreytanlegt	Getur breyst
„Kyn vísar til náttúrulegs breytileika sem grundvallast á líffræðilegum eiginleikum kvenna og karla.“	„Kyngervi er hugtak sem segir til um félagslegan, en ekki líffræðilegan, mun kynjanna sem er áunninn, getur breyst í tímans rás og er afar mismunandi með tilliti til sögulegra, menningarlegra, hefðbundinna, landfræðilegra, trúarlegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.“

Þegar hóparnir koma aftur saman fá nemendur afhent stórt blað og merkipenna. Nú ræða þeir um hvort þeim finnst skólinn þeirra stuðla að kynjajafnrétti eða ekki. Ef þeir eru sammála um að svo sé þurfa þeir að leggja fram fimm dæmi máli sínu til stuðnings. En ef svarið er „nei“ þurfa þeir að telja upp fimm atriði sem mætti bæta til að jafna rétt kynjanna í skólanum þeirra.

Allir hóparnir eru beðnir að kynna niðurstöður sínar.

Ef kennarinn vill framlengja verkefnið segir hann nemendum að þeir megi velja sér eina eða tvær hugmyndir og setja upp áætlun um hvernig þær skuli útfærðar í skólanum. Áætlunin skal fela í sér heildarmarkmið, þau skref sem taka þarf, ábyrgðaraðila og tímaáætlun.

Dæmi um áætlun

Heildarmarkmið:		
Hvað þarf að gera?	Hver á að framkvæma það?	Hvenær þarf því að vera lokið?

4. kennslustund

Félagslegt réttlæti

Hvernig ber okkur að taka á mismunun?

Markmið

Að nemendur geri sér grein fyrir vandamálum sem tengjast félagslegu réttlæti.

Verkefni nemenda

Nemendur ræða um réttláta dreifingu gæða.

Nemendur velta öllum kaflanum fyrir sér á nýjan leik.

Gögn

(Valfrjálst) Eintök af dreifiblaði 2.3 og spurningarnar.

Aðferð

Umræður um texta, tveir og tveir vinna saman, gagnrýnin hugsun.

Ábending

Hér er á landi eru ekki allir sammála um hvað felst í félagslegu réttlæti. Sögunni sem notuð er í þessari kennslustund er ætlað að fá nemendur til að velta fyrir sér þeim grundvallarreglum sem félagslegt réttlæti byggist á og sýna jafnframt fram á hve flókið mál þetta er.

Kennslustundin

Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að hann ætli að afhenda þeim sögu sem skiptist í fjóra hluta og þegar hver hluti hafi verið lesinn verði rætt um hann. Kennarinn gæti einnig lesið söguna upphátt.

Síðan lætur kennarinn tvo og tvo nemendur vinna saman og afhendir þeim fyrsta hluta sögunnar á dreifiblaði 2.3. Hann getur annaðhvort lesið hann upphátt, beðið einhvern nemanda að lesa hann, eða látið nemendurna lesa hann í hljóði.

Eintak kennarans: fyrsti hluti

„Rúmlega klukkustund leið frá fyrstu viðvörðun þar til skemmtiferðaskipið „Queen Maddy“ sökk. Því gátu farþegarnir undirbúið sig lítillaga áður en þeir fóru í björgunarbátana. Fárviðri varð þess valdandi að skipið rakst á olíuskip og sökk.

Um það bil hálfum sólarhring síðar náðu nokkrir björgunarbátanna landi á lítilli klettaeyju. Hún var sporöskjulaga, um 1,5 km löng en helmingi minni að breidd og þakin gróskumiklum skógi að hluta til. Engin önnur eyja var í auglýn. Einu íbúarnir á þessari sólríku eyju voru eigendur hennar, Richalone-fjölskyldan, sem bjó í glæsilegu húsi efst í hlíðum eyjarinnar.

Þessi fjölskylda hafði sest að á eyjunni fyrir mörgum árum og verið í litlu sambandi við umheiminn; fékk einungis sendar matarbirgðir einu sinni í mánuði, ásamt eldsneyti og öðrum nauðsynjum. Líf þeirra var vel skipulagt: þau framleiddu rafmagn til eigin nota, höfðu efni á því að kaupa allan þann mat og drykkjarvörur sem þau þörfnuðust og höfðu yfir öllum nútímaþægindum að ráða. Eigandinn hafði verið mikils metinn kaupþýslumaður á árum áður. Eftir deilur við yfirvöld vegna skattamála hafði hann orðið svo vonsvikinn að hann ákvað í kjölfarið að forðast öll samskipti við annað fólk.

Eigandi einbýlishússins hafði séð björgunarbátana taka land á fallegu eyjunni hans og fór til móts við skipbrotsmennina.“

Kennarinn segir nemendum að fyrsta atriðið sem þeir eigi að velta fyrir sér sé hvort eigandi eyjunnar sé siðferðilega skyldugur til að leyfa fólkinu að dvelja á eyjunni sinni. Til að auðvelda nemendum að komast að niðurstöðu les kennarinn upp nokkrar staðhæfingar (sjá hér fyrir neðan) og þeir sem vinna saman þurfa að koma sér saman um hverju þeir séu sammála og hvers vegna. Nemendurnir ræða þetta, tveir og tveir í sameiningu, og skrifa svör sín niður.

- Eigandinn getur bannað skipbrotsmönnum að dvelja á eyjunni.
- Eigandinn getur bannað skipbrotsmönnum að dvelja á eyjunni svo lengi sem hann útvegar þeim nauðsynlegar matar- og drykkjarvörur.
- Eigandinn getur bannað þeim sem ekki geta borgað honum (með peningum, skartgripum eða vinnuframlagi) að dvelja á eyjunni.
- Eigandinn verður að leyfa fólkinu að dvelja á eyjunni eins lengi og þörf krefur. Skipbrotsmönnum ber siðferðileg skylda til að virða einkalíf og eignir eigandans.
- Eigandinn verður að heimila skipbrotsmönnum ótakmarkaðan aðgang að eyjunni og líta á þá sem meðeigendur.

Kennarinn gæti fengið viðbrögð frá bekknum með því að spyrja t.d. spurninga á borð við: „Hver ykkar völdu staðhæfingu A?“ „Hve margir völdu staðhæfingu B?“ „Hvers vegna?“

Kennarinn dreifir nú öðrum hluta sögunnar.

Eintak kennarans: annar hluti

„Eigandi eyjunnar ákvað að heimila skipbrotsmönnum að vera um kyrrt um sinn. Hann ætlaði til þó til að þeir greiddu fyrir þjónustu og mat úr forðabúri hans. En hann neitaði að selja þeim nokkurn skapaðan hlut á meðan til væri matur úr skipinu.

Skipbrotsmennirnir voru þrettán talsins. Það var Victor, konan hans, Josepha, sem var barnshafandi, og börnin þeirra tvö (þriggja og sjö ára gömul). Abramovitch, 64 ára, var auðugur skartgripasali. Hann var elstur í hópnun og átti engin skyldmenni eða vini. Hann var með heilmikið af gullhringum, demöntum og öðrum verðmætum skartgripum með sér. John, Kate, Leo og Alfred voru fjórir ungir vinir, sem voru sterkir, hraustir og mjög laghentir. Þeir höfðu búið saman í eins konar félagslegu húsnæði og höfðu sjálfir gert upp húsið sem þeir bjuggu í.

Lögfræðingurinn Maria, sem var í hlutastarfi í háskólanum, átti mjög erfitt með gang vegna meiðsla í vinstri fæti og mjöðm (hún hafði lent í slysi). Hún var á ferð með Max, sem var aðstoðarmaður hennar í háskólanum, á leið til Bandaríkjanna til að flytja fyrirlestur á ráðstefnu og ræða um útgáfu bókar við bókaútgefanda. Þau voru bæði sérfræðingar í refsirétti en ekki mikið hagleiksfólk. Síðast en ekki síst voru það Marko og unnusta hans Vicky, sem bæði voru skipverjar og höfðu á síðustu stundu tekið eins mikið með sér og þau mögulega gátu úr birgðageymslu skipsins: dósamat, kex, olíu og nokkrar steikarpönnur. Allir skipbrotsmennirnir voru með peninga á sér, en bátsmaðurinn Marko var með háa upphæð sem hann hafði stolið úr íbúð þar sem skipið kom síðast í höfn.

Á eyjunni var lítill, gamall kofi sem stóð í hlíðinni rétt við sjóinn. Þar var aðeins eitt herbergi þar sem tvær eða þrjár manneskjur gátu búið við frumstæðar aðstæður.“

Kennarinn segir nemendum að þeir þurfi að ákveða hverjir, að þeirra mati, skuli fá afnot af kofanum. Hann les upp eftirtaldir staðhæfingar og biður nemendurna að ræða það, tvo og tvo saman, hverjum þeirra þeir séu sammála, hvers vegna og hvort þeir komi auga á aðrar lausnir.

- Ófríska konan og börnin.
- Ungu vinirnir fjórir sem eru þeir einu sem geta lagað kofann.
- Skartgripasalinn sem greiðir hinum fyrir það (og gerir þeim þannig kleift að kaupa sér einhvern mat).
- Bátsmaðurinn Marko og unnusta hans, með því skilyrði að þau deili matnum sínum með öllum hinum.
- Lögfræðingurinn sem getur verið sáttasemjari og leyst deilur sem upp kunna að koma milli skipbrotsmanna.

Eftir umfjöllun um þetta er næsta hluta sögunnar dreift.

Eintak kennarans: þriðji hluti

„Skipbrotsmennirnir þurftu einnig að ákveða hvað gera ætti við matarbirgðirnar sem bátsmaðurinn hafði tekið með sér og ætlaði sér ekki að láta aðra njóta góðs af. Staðreyndin er sú að væri þeim skipt á milli allra minnkuðu líkurnar á því að hann og unnusta hans lifðu af.“

Nú eru nemendur beðnir að velta fyrir sér hverjir ættu að fá matinn úr birgðageymslu skipsins. Kennarinn les aftur upp staðhæfingar og biður þörin að ræða og ákveða hverjum þeirra þau séu sammála, hvers vegna og hvort þau komi auga á aðrar lausnir.

- A. Bátsmaðurinn verður að fá að hafa matinn fyrir sjálfan sig og unnustu sína.
- B. Skipta skal matnum jafnt á milli allra skipbrotsmannanna.
- C. Hæstbjóðandi gæti keypt allan matinn (greitt með peningum, vörum eða þjónustu).

Eftir umfjöllun um þetta er síðasta hluta sögunnar dreift.

Eintak kennarans: fjórði hluti

„Skipbrotsmennirnir ákváðu að matnum skyldi skipt án nokkurs endurgjalds. Þeir þvinguðu Marko til þess að afhenda matarbirgðirnar með því að höfða til siðferðilegrar skyldu hans. Eftir um það bil viku var allur maturinn búinn og eina lausnin var að reyna að fá mat hjá húseigandanum.“

Nemendur fjalla um það, tveir og tveir, hver skuli biðja eigandann um mat og hvernig staðið skuli að því. Kennarinn les upp eftirtaldar staðhæfingar og spyr hverjum þeirra nemendurnir séu sammála, hvers vegna og hvort þeir komi auga á aðrar lausnir.

- A. Hver og einn ætti að semja sérstaklega við eigandann (og greiða með peningum, skartgripum eða vinnuframlagi). Í þessu tilviki ættu fjölskyldan með börnin og lögfræðingurinn og aðstoðarmaður hennar í vandræðum.
- B. Skipta skal öllum tiltækum eignum (peningum, skartgripum) á milli allra, hver svo sem upphaflegur eigandi þeirra er. Matvælum sem þannig eru keypt skal skipta jafnt. Hver og einn getur síðan keypt sér meiri mat í skiptum fyrir vinnuframlag.
- C. Sama og B, en ætlast er til þess að allir vinni eins mikið og þeir geta og deili matnum sem þeir vinna sér inn á þennan hátt með hinum.
- D. Skartgripasalanum er heimilt að kaupa allt sem eigandinn vill selja og „hjálpa“ hinum með matarpakkana.

Eftir umfjöllun um þetta getur kennarinn stjórnað umræðum í bekknum til að nemendur eigi auðveldara með að tengja söguna við raunveruleikann:

Vitið þið um svipaðar aðstæður í okkar samfélagi?

- A. ... í nágrenni ykkar eða innan fjölskyldunnar?
- B. ... hér á landi?
- C. ... einhvers staðar í veröldinni?

Hvaða aðstæður sem þið þekkið til finnst ykkur óréttlátar með tilliti til skiptingar matvæla, vatns og húsnæðis o.s.frv.?

- A. ... í nágrenni ykkar eða innan fjölskyldunnar?
- B. ... hér á landi?
- C. ... einhvers staðar í veröldinni?

Hvers vegna?

Í lok tímans þarf að fara fram umræða um grunnhugtökin í þessum kafla. Kennarinn getur ákveðið að bæta við aukatíma. Fyrst heldur hann stuttan fyrirlestur þar sem hann notar grunnupplýsingarnar um jafnrétti og fjölbreytileika í þessum kafla. Hann gæti jafnvel útbúið dreifiblað með ýmsum skilgreiningum. Nemendurnir eiga síðan að ígrunda efni þessara fjögurra kennslustunda í litlum hópum: Um hvað hafa þau rætt? Hvað hafa þau lært? Hvaða vafamál hafa komið upp? Þeir koma með tillögur um hvernig bregðast skuli við mismunun sem þeir sjálfir upplifa.

Dreifiblað 2.1

Saga Vesnu

„Ég sá auglýst eftir aðstoðarmanneskju við afgreiðslu í glugga á fatabúð. Viðkomandi átti að vera á aldrinum 18 til 20 ára. Ég er 19 þannig að ég fór inn og spurði verslunarstjórnann um starfið. Hún sagði mér að koma aftur eftir tvo daga vegna þess að það hefðu ekki nógu margir sótt um.

Ég mætti tvisvar á staðinn en fékk sama svarið. Um það bil viku síðar fór ég aftur í búðina. Auglýsingin var enn í glugganum. Verslunarstjórinn var of upptekinn til að hitta mig en mér var sagt að bóúð væri að ráða í starfið.

Ég var í svo miklu uppnámi eftir þetta að ég bað vinkonu mína sem ekki er af rómaættum að fara og spyrjast fyrir um starfið. Þegar hún kom þaðan sagði hún mér að hún hefði verið beðin að mæta í viðtal næsta mánudag.“

Spurningar

1. Hvernig myndi ykkur líða ef þið lentuð í því sem Vesna varð fyrir? Hvernig mynduð þið bregðast við ef vinkona ykkar segði ykkur að hún hefði verið boðuð í viðtal?
2. Hvers vegna haldið þið að verslunarstjórinn hafi hegðað sér svona? Teljið þið að um einhvers konar mismunun sé að ræða? Hvers vegna (eða hvers vegna ekki)?
3. Hvað gat Vesna gert í málinu? Haldið þið að hún hefði getað gert eitthvað öðruvísi? Hvað hefðu aðrir getað gert til að hjálpa henni?
4. Haldið þið að löggjöfin nái til slíkra tilvika? Hvernig ættu lögin að vera?
5. Gæti þetta komið fyrir hér á landi? Ef svo er, hvaða hópar yrðu þá fyrir því?

Dreifiblað 2.2

Karlar og konur: sagan

1. saga

„Ég hef margoft lent í þessu. Eftir kvöldmatinn ætlast móðir mín til þess að við krakkarnir förum með alla diskana og pottana inn í eldhús, þurrkum af borðinu, þvolum upp, sjáum um að allt sé sett upp í skápana og að eldhúsið sé hreint og snyrtilegt. Enn einu sinni sögðu bræður mínir tveir við mig, þó að þeir séu eldri en ég, að þetta væri ekki í þeirra verkahring og að ég ætti að sjá um þetta vegna þess að ég er stelpa. Ég mótmælti ekki í þetta skipti því að ég var svo reið. Ég kvartaði yfir þessu við pabba en hann sagði að það væri gott að fá svolitla æfingu, þetta væri góður undirbúningur fyrir húsmóðurstarfið.“

Spurningar

1. Getið þið ímyndað ykkur að svona lagað geti átt sér stað í ykkar fjölskyldu?
2. Ímyndið ykkur að þið séuð þessi stúlka: hvað mynduð þið vilja segja við bræðurna? Og við pabbann?
3. Eruð þið sammála textanum í 1. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar? Hvernig gildir hún um söguna hér að ofan?

„Allir eru fæddir frjálssir og jafnir að virðingu og réttindum.“

2. saga

„Sex strákar stóðu í kringum mig á skólalóðinni. Þeir gláptu allir á mig og stríddu mér. Þeir sögðu: „Heyriði, strákar, eruð þið vissir um að þetta sé stelpa? Eigum við ekki að athuga það aðeins nánar?“ Einn af þeim færði sig nær mér og ætlaði að snerta mig. En á sömu stundu kom skólastjórinn út á skólalóðina og strákarnir létu sig hverfa.“

Spurningar

1. Getið þið ímyndað ykkur að þetta gæti átt sér stað í skólanum ykkar eða í grennd við hann? Nefnið dæmi.
2. Ímyndið ykkur að þið séuð þessi stelpa – hvað myndi ykkur langa til að segja við þessa stráka?
3. Ímyndið ykkur að annar strákur hafi orðið vitni að því sem gerðist úr fjarlægð. Hefði þessi strákur átt að skerast í leikinn? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Hvað hefði hann átt að gera?
4. Teljið þið að það sem átti sér stað hafi verið „kynferðisleg áreitni“ samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu?

„Kynferðisleg áreitni er hver sú hegðun sem í orðum, gerðum eða með sálfræðilegri skírskotun af kynferðislegum toga, af ásetningi eða gáleysi, særir blygðunarkennd einstaklings, eða vekur ótta og andstöðu eða er auðmýkjandi, ógnandi eða eitthvað ámóta, og sýnd er fólki af öðru kyni eða með aðra kynhneigð og viðkomandi upplifir sem óviðeigandi hegðun, líkamlega eða andlega ögrandi eða tvíræða, eða á annan hátt óviðeigandi.“

3. saga

„Ég er ungur verkfræðingur sem sótti um starf sem deildarstjóri viðhaldsdeildar í verksmiðju sem framleiðir byggingarefni. Mér var boðið að taka þátt í almennum, tæknilegum og sálfræðilegum prófum ásamt 24 umsækjendum sem allir voru karlmenn, nema ég. Að því loknu voru fimm valdir til að fara í viðtal hjá framkvæmdastjóranum. Þó að ég hefði lent í þriðja sæti í prófunum var ég ekki meðal þeirra (kunningi minn sem vinnur í starfsmannadeildinni trúði mér fyrir því). Ég minntist ekki orði á þetta en reyndi að ná tali af framkvæmdastjóranum. Þegar mér tókst að ná sambandi við hann spurði ég hvort skipt hefði máli að ég væri kona. Hann neitaði því en sagðist þó verða að viðurkenna að konur yrðu oft barnshafandi eftir nokkur ár og að í tilteknum störfum gæti það komið sér illa. Hann bætti við að þetta starf væri sérstaklega erfitt fyrir konur þar sem allir starfsmenn tækniteymisins væru karlar og þeir væru frekar óheflaðir í framkomu. Ég ætti að vera þakklát fyrir að hafa ekki orðið fyrir valinu.“

Spurningar

1. Getið þið ímyndað ykkur að þetta gæti átt sér stað í fyrirtæki í heimabyggð ykkar?
2. Ímyndið ykkur að þið séuð þessi kona: hvað mynduð þið vilja segja við framkvæmdastjóran?
3. Haldið þið að framkvæmdastjórinn sé í þessu tilviki að brjóta landslög? Ef svo er, hvernig gætuð þið sannað það?

„Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis í ráðningarferli, starfsauglýsingum, vali á starfskrafti, ráðningu og frávísun, brýtur í bága við það sem lög kveða á um.“

Dreifiblað 2.3

Skipskaðinn

Fyrsti hluti

„Rúmlega klukkustund leið frá fyrstu viðvörðun þar til skemmtiferðaskipið „Queen Maddy“ sökk. Því gátu farþegarnir undirbúið sig litillega áður en þeir fóru í björgunarbátana. Fárviðri varð þess valdandi að skipið rakst á olíuskip og sökk síðan. Um það bil hálfum sólarhring síðar náðu nokkrir björgunarbátanna landi á lítilli klettaeyju. Hún var sporöskjulaga, um 1,5 km löng en helmingi minni að breidd og þakin gróskumiklum skógi að hluta til. Engin önnur eyja var í auglýn. Einu íbúarnir á þessari sólríku eyju voru eigendur hennar, Richalone-fjölskyldan, sem bjó þar í glæsilegu húsi efst á eyjunni.

Þessi fjölskylda hafði sest að á eyjunni fyrir mörgum árum síðan og verið í litlu sambandi við umheiminn; fékk einungis sendar matarbirgðir einu sinni í mánuði, ásamt eldsneyti og öðrum nauðsynjum. Líf þeirra var vel skipulagt: þau framleiddu rafmagn til eigin nota, höfðu efni á því að kaupa allan þann mat og drykkjarvörur sem þau þörfuðust og höfðu yfir öllum nútímaþægindum að ráða. Eigandinn hafði verið mikils metinn kaupskýslumaður á árum áður. Eftir deilur við yfirvöld vegna skattamála hafði hann orðið svo vonsvikinn að hann ákvað í kjölfarið að forðast öll samskipti við annað fólk.

Eigandi einbýlishússins hafði séð björgunarbátana taka land á fallegu eyjunni hans og fór til móts við skipbrotsmennina.“

Annar hluti

„Eigandi eyjunnar ákvað að heimila skipbrotsmönnum að vera um kyrrt um sinn. Hann ætlaðist þó til að þeir greiddu fyrir þjónustu og mat úr forðabúri hans. En hann neitaði að selja þeim nokkurn skapaðan hlut á meðan til væri matur úr skipinu.

Skipbrotsmennirnir voru þrettán talsins. Það var Victor, konan hans Josepha, sem var barnshafandi, og börnin þeirra tvö (þriggja og sjö ára gömul). Abramovitch, 64 ára, var auðugur skartgripasali. Hann var elstur í hópnum og átti engin skyldmenn eða vini. Hann var með heilmikið af gullhringum, demöntum og öðrum verðmætum skartgripum með sér. John, Kate, Leo og Alfred voru fjórir ungir vinir, sem voru sterkir, hraustir og mjög laghentir. Þeir höfðu búið saman í eins konar félagslegu húsnæði og höfðu sjálfir gert upp húsið sem þeir bjuggu í.

Lögfræðingurinn Maria, sem vann hlutastarf í háskólanum, átti mjög erfitt með gang vegna meiðsla í vinstri fæti og mjöðm (hún hafði lent í slysi). Hún var á ferð með Max, sem var aðstoðarmaður hennar í háskólanum, á leið til Bandaríkjana til að flytja fyrirlestur á ráðstefnu og ræða um útgáfu bókar við bókaútgefanda. Þau voru bæði sérfræðingar í refsirétti en ekki mikið hagleiksfólk. Síðast ekki sist voru það Marko og unnusta hans Vicky, sem bæði voru skipverjar og höfðu á síðustu stundu tekið eins mikið með sér og þau mögulega gátu úr birgðageymslu skipsins: dósamat, keX, olíu og nokkrar steikarpönnur. Allir skipbrotsmennirnir voru með peninga á sér en bátsmaðurinn Marko var með háa upphæð sem hann hafði stolið úr íbúð þar sem skipið kom síðast í höfn.

Á eyjunni var lítill, gamall kofi sem stóð í hlíðinni rétt við sjóinn. Þar var einungis eitt herbergi þar sem tvær eða þrjár manneskjur gátu búið við frumstæðar aðstæður.“

Þriðji hluti

„Skipbrotsmennirnir þurftu einnig að ákveða hvað gera ætti við matarbirgðirnar sem bátsmaðurinn hafði tekið með sér og ætlaði sér ekki að láta aðra njóta góðs af. Staðreyndin er sú að væri þeim skipt á milli allra minnkuðu líkurnar á því að hann og unnusta hans lifðu af.“


Fjórdi hluti

„Skipbrotsmennirnir ákváðu að matnum skyldi skipt án nokkurs endurgjalds. Þeir þvinguðu Marko til þess að afhenda matarbirgðirnar með því að höfða til siðferðilegrar skyldu hans. Eftir um það bil viku var allur maturinn búinn og eina lausnin var að reyna að fá mat hjá húseigandanum.“

3. KAFLI

Fjölbreytileiki og fjölhyggja

Hvernig getur fólk
lifað saman í sátt og samlyndi?



3.1 Hvernig getur fólk lifað saman?

Hvernig getur menntun stuðlað að umburðarlyndi og skilningi?

3.2 Hvers vegna er fólk ósammála?

Hvað veldur ólíkum skoðunum?

3.3 Hvernig er fólk mismunandi?

Hversu ólíkar eru þarfir manna?

3.4. Hvers vegna eru mannréttindi mikilvæg?

Hvers vegna þarf lög um mannréttindi til verndar fólki sem stendur höllum fæti?

3. KAFLI FJÖLBREYTILEIKI OG FJÖLHYGGJA

Hvernig getur fólk lifað saman í sátt og samlyndi?

Í þessum kafla er sjónum beint að þremur lykilhugtökum: fjölbreytileika, fjölhyggju og lýðræði. Kannað er hvernig þau tengjast til að stuðla að því að nemendur móti með sér þau viðhorf og leikni sem þeir þarfnast til að geta tekið þátt í lýðræðislegu fjölhyggjusamfélagi.

Fjölhyggja vísar til grunngæða nútímasamfélagsins þar sem ýmiss konar trúarbrögð og stjórnmála-skoðanir (en þó ekki hvaða trú eða skoðanir sem eru), þ.e. fjölbreytileiki, eru viðurkennd og þar sem fyrirmyndarþjóðfélög, þar sem gert er ráð fyrir ýmsum stjórnmálaflokkum, samrýmast ef til vill ekki hvert öðru. Sem dæmi má nefna að þeir sem tilheyra róttækum sósíalístaflokkum leitast við að skapa samfélag sem væri þeim sem aðhyllast kapítalíska hægri vænginn fullkomlega framandi. Í fjölhyggjusamfélagi hafa almenn áhrif ýmissa hefða og gilda, þar á meðal trúarbragða, dvínað. Fólk getur, og verður, að gera upp við sig sjálft hvaða gildi það aðhyllist og hvernig það vill haga lífi sínu. Fjölhyggjusamfélög gera því kröfur til fólks: einstaklingurinn kann að njóta persónulegs frelsis í meira mæli en nokkru sinni fyrr en þarf aftur á móti að leggja harðar að sér við að miðla málum og komast að samkomulagi um hlutina, en ekkert samfélag lifir af án þess. Þetta vekur spurningar um hvaða stjórnmálakerfi bjóði upp á bestu skilyrði til ákvörðunartöku í opnu fjölhyggjusamfélagi.

Í einræðiskerfi – flokkseinræði, klerkaveldi eða jafnvel alræði – er vandamálið leyst með því að fela einum aðila (til dæmis flokki eða leiðtoga) vald til að ákveða fyrir hönd allra annarra hvað þjóni best almannahagsmunum. Þannig er fjölhyggjunni vísað á bug með því að sneiða hjá henni – með því að fórna einstaklingsfrelsinu. Ágreiningsmál sem upp kynnu að koma í fjölhyggjusamfélagi eru þöggðu niður, en fórnarkostnaðurinn er mikill: ýmis vandamál eru ekki leyst á réttan og sanngjarnan hátt þar sem þau eru ekki skilgreind nægilega skýrt.

Í lýðræðisríki koma þegnarnir sér í grundvallaratriðum saman um tiltekna meginreglur, þ.e. reglur um starfshætti og réttindi sem þeir geta að ýmsu leyti verið ósammála um, en eru einnig þess eðlis að hægt er að komast friðsamlega að samkomulagi um þær. Þannig stuðlar lýðræðið að friði í fjölhyggjusamfélögum með því að takast á við ágreining á siðmenntaðan hátt í stað þess að þagga hann niður. Unnið er að almennum hagsmunum í sameiningu og komist að samkomulagi um þá í stað þess að þeir séu fyrir fram skilgreindir af einhverjum einum aðila eða flokki. Eðlilegt er að ósamkomulag og ágreiningur komi upp og það er á engan hátt til skaða svo framarlega sem hlutirnir fara ekki úr böndunum. Í lýðræðislegu stjórnfyrikomulagi njóta þegnarnir því grundvallarréttinda á borð við það að vera frjálsir hugsana sinna, samvisku og trúar. Þegar þeir nýta sér þessi réttindi getur risið upp ágreiningur og þeir verða að komast að samkomulagi til að leysa málið. Til að tryggja að þeir komi sér saman um reglur um lausn ágreiningsmála er öllum þegnum í fjölhyggjusamfélögum skylt að gera með sér félagslegt samkomulag um að hlíta félagslegum og pólitískum samningum í viðkomandi þjóðfélagi.

Slíkt samkomulag styðst við þá reglu að meirihlutinn skuli ráða. Meðal sumra minnihlutahópa er ókosturinn við þetta sá að róttækar skoðanir þeirra fá ef til vill aldrei fylgi í kosningum. Á hinn bóginn tryggja slík samfélög pólitískum minnihlutahópum réttinn til að setja sér lögleg pólitísk markmið án afskipta ríkisins. Í fjölhyggjulýðræði er sá möguleiki því ávallt fyrir hendi að róttæk stjórnvöld komist til valda og kunni að reisa skorður við aðgerðum pólitískra andstæðinga sinna. Þess vegna er mikilvægt að stjórnarskrár lýðræðisríkja byggist á lögum um mannréttindi og frelsi.

Öllum kynslóðum er nauðsynlegt að skilja þau flóknu verkefni sem fjölhyggjusamfélög standa frammi fyrir og hvernig takast má á við þau í lýðræðisríki. Þar á meðal er virðingin fyrir hinu

óskráða félagslega samkomulagi sem ekkert lýðræðisríki getur án verið. Menntun á sviði lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttinda getur stuðlað að því að nemendur móti með sér þann skilning, viðhorf og færni sem þeim er nauðsynlegt til að verða virkir þjóðfélagsþegnar.

Að kenna um fjölbreytileika og fjölhyggju

Stuðla skal að því að nemendur sem fá kennslu í lýðræðislegri borgaravitund (MLB) öðlist skilning á því hvað felst í fjölbreytileika af félagslegum og pólitískum toga eða á grundvelli trúarbragða eða kynþátta. Efla ber skilning þeirra á þeim áskorunum sem slíkur fjölbreytileiki getur haft í för með sér. Þar sem fordóma má að miklu leyti rekja til vanþekkingar og skilningsleysis má draga verulega úr ofstæki með skynsamlegum rannsóknum á viðhorfum í ljósi þekkingar og með aukinni samkennd.

Að kenna í þágu fjölbreytileika og fjölhyggju

Nemendur þurfa einnig að æfa sig í lýðræðislegum umræðum til að læra hvernig slíkar umræður fara fram. Þegar fjallað er um lýðræðislega borgaravitund ætti því að nota hvert tækifæri til að fá nemendur til að greina frá skoðunum sínum á málum (hversu lítilfjörleg sem þau eru) og færa rök fyrir sjónarmiðum sínum. Með því að hlusta og bregðast við skoðunum annarra á sömu málefnum auka nemendur ekki aðeins eigin færni í að greina mál og tjá sig um þau, þeir þróa einnig með sér nauðsynlegt umburðarlyndi gagnvart siðferðilegum og pólitískum fjölbreytileika. Þeir læra að sætta sig við að ósamkomulag og deilumál eigi sér stað og þeir munu einnig gera sér ljóst að málamiðlun er nauðsynleg og átta sig á muninum á réttlátri og óréttlátri málamiðlun. Þeir þurfa að einbeita sér að vandamálunum og sýna fólki virðingu, burt séð frá skoðunum og hagsmunum.

Með reynslunni af því hvernig lýðræðislegar umræður fara fram læra nemendur einnig að nauðsynlegt er að fylgja tilteknum grunnreglum ef umræður eiga að vera opnar og heiðarlegar, sem dæmi má nefna:

- öllum þátttakendum sem hafa eitthvað til málanna að leggja skal gert kleift að koma því til skila;
- hlusta skal af virðingu á það sem aðrir hafa að segja;
- þátttakendur skulu andmæla röksemdum en ekki fólki;
- þátttakendur skulu taka þátt í umræðum með því hugarfari að þeir kunni að skipta um skoðun;
- umræður andstæðinga, þar sem þátttakendur rökræða út frá einhliða sjónarhorni, skila oft minni árangri en könnunarviðræður þar sem markmiðið er ekki að „standa uppi sem sigurvegari“ heldur að „öðlast betri skilning á vandamálinu“.

MLB er því námsþáttur sem mikilvægt er að ræða um og velta fyrir sér fremur en að settur sé fram einhver algildur sannleikur. Hvað kennsluaðferðir snertir þarf kennarinn því að móta með sér hæfni til að fá nemendur til að hugsa sjálfstætt í stað þess að hann sé leiðandi aðilinn. Rannsóknir benda til þess að nemendur láti fremur ljós sitt skína í kennslustundum ef kennararnir halda sig til hlés.

3. kafli FJÖLBREYTTILEIKI OG FJÖLHYGGJA

Hvernig getur fólk lifað saman í sátt og samlyndi?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Hvernig getur fólk lifað saman?	<p>Að íhuga vandamál sem koma upp þegar samfélagshópar með ólíkar skoðanir og gildi reyna að lifa saman í sátt og samlyndi.</p> <p>Að velta fyrir sér því hlutverki menntunar að skapa skilning meðal fólks frá ólíkum menningarheimum.</p> <p>Að íhuga hvort einstaklingar geti af eigin rammleik haft áhrif á þjóðfélagið.</p>	<p>Nemendur ræða um vandamál sem sagt er frá.</p> <p>Nemendur beita gagnrýninni hugsun.</p> <p>Þeir segja frá hugmyndum sínum.</p> <p>Nemendur fara í hlutverkaleik til að kanna tiltekið mál.</p>	Eintök af dreifiblaði 3.1.	<p>Umræður.</p> <p>Gagnrýnin hugsun.</p> <p>Tilgátum varpað fram.</p> <p>Hlutverkaleikur.</p>
2. kennslust.: Hvers vegna er fólk ósamála?	<p>Að velta fyrir sér ástæðum þess að fólk hafi ólíkar skoðanir á mikilvægum málum.</p> <p>Að öðlast færni í að ræða um umdeild málefni.</p> <p>Að íhuga hvaða gildi eru nauðsynleg forsenda lýðræðislegra samfélaga.</p>	<p>Nemendur setja fram og verja skoðanir sínar á ýmsum málum.</p> <p>Nemendur greina hvað veldur ósamkomulagi um málefni sem eru almennt umdeild.</p> <p>Nemendur velta fyrir sér hvað hefur áhrif á þeirra eigið gildismat.</p> <p>Nemendur búa til leiðbeiningar um hvernig auka skal virðingu fyrir fjölhyggju og tryggja að fjallað sé um opinber málefni af virðingu.</p>	Stórir merkimiðar fyrir „fjögurra horna“ æfinguna.	<p>Umræður.</p> <p>Ígrundun.</p> <p>Gagnrýnin hugsun.</p> <p>Reglur búnar til í sameiningu.</p>

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
3. kennslust.: Hvernig er fólk mismunandi?	<p>Að velta fyrir sér hvað stendur í vegi fyrir jafnrétti í samfélaginu almennt.</p> <p>Að greina ástæður þess að ekki hafi allir jafnan aðgang að menntun.</p> <p>Að velta fyrir sér hvað stendur í vegi fyrir jafnrétti í samfélaginu almennt.</p> <p>Að íhuga hverjir beri ábyrgð á að koma á jafnrétti.</p>	<p>Nemendur greina á gagnrýninn hátt ímyndaðar aðstæður þar sem lykilhugtökin koma við sögu.</p> <p>Nemendur beita lykilreglunum á sínar eigin félagslegu aðstæður.</p> <p>Nemendur ræða um helstu málefni sem rædd hafa verið í kennslustundinni.</p> <p>Nemendur leysa skriflegt verkefni.</p>	<p>Eintök af sögunni.</p> <p>Eintök af dreifiblaði 3.3.</p>	<p>Gagnrýnin hugsun.</p> <p>Umræður.</p> <p>Rök sett fram í rituðu máli.</p>
4. kennslustund: Hvers vegna eru mannréttindi mikilvæg?	<p>Að velta fyrir sér þeim vandamálum sem upp koma þegar fólk með ólíkt gildismat og ólíka lífshætti reynir að lifa saman.</p> <p>Að íhuga hvers vegna alþjóðlegir mannréttindasamningar hafa verið gerðir, einkum þar sem einstaklingar og samfélagshópar standa höllum fæti.</p>	<p>Nemendur greina aðstæður á gagnrýninn hátt og forgangsraða hlutunum.</p> <p>Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem hópar með öndverðar skoðanir ræða saman.</p> <p>Nemendur búa til nokkrar meginreglur út frá hlutverkaleiknum og bera þær saman við sambærilega kafla í Mannréttindasáttmála Evrópu.</p> <p>Nemendur bera saman ímyndaðar aðstæður og raunveruleg dæmi um mannréttindabrot hér á landi.</p> <p>Nemendur undirbúa kynningar fyrir aðra nemendur um tiltekin atriði í Mannréttindasáttmála Evrópu.</p>	<p>Eintök af aðstæðum á eyjunni.</p> <p>Eintök af aðstæðuspjöldum fyrir hvern hóp.</p> <p>Listi yfir þau meginatriði sem mannréttindi byggjast á.</p> <p>Stórar pappírsarkir og litir, eftir þörfum, fyrir lokakynninguna.</p>	<p>Gagnrýnin hugsun.</p> <p>Umræður.</p> <p>Samningaviðræður.</p> <p>Hópkynning.</p>

1. kennslustund

Hvernig getur fólk lifað saman?

Hvernig getur menntun stuðlað að umburðarlyndi og skilningi?¹²

Markmið

Nemendur verði færir um:

að velta fyrir sér vandamálum sem upp koma þegar samfélagshópar með mismunandi gildismat og skoðanir reyna að lifa saman í sátt og samlyndi;

að velta fyrir sér því hlutverki menntunar að skapa skilning meðal fólks frá ólíkum menningarheimum;

að íhuga hvort einstaklingar geti af eigin rammleik haft áhrif á þjóðfélagið.

Verkefni nemenda

Nemendur ræða um vandamál sem sagt er frá.

Nemendur beita gagnrýninni hugsun.

Þeir segja frá hugmyndum sínum.

Nemendur fara í hlutverkaleik til að til að kanna tiltekið mál.

Gögn

Eintök af dreifiblaði 3.1.

Aðferðir

Umræður.

Gagnrýnin hugsun.

Tilgátum varpað fram.

Hlutverkaleikur.

12. Byggt á kennsluefni frá Citizenship Foundation, London.

Kennslustundin

Kennarinn segir hver markmiðin í kennslustundinni eru og les söguna „Skólinn í skógarjaðrinum“ (dreifiblað 3.1) fyrir bekkinn.

Kennarinn lætur nemendur setjast í hring og spyr þá hvað þeim hafi komið á óvart í sögunni og hvað þeim hafi þótt áhugavert og hvers vegna. Hann gefur þeim tvær mínútur til að „hvíslast á“ (tveir saman) áður en þeir segja öllum hinum hvað þeim finnst.

Kennarinn minnir nemendur á að þegar umræður byggjast á spurningum sé markmiðið að fá fram hugmyndir og útfæra þær í sameiningu. Svörin geti hvorki verið rétt né röng.

Síðan spyr kennarinn eftirfarandi spurninga: „Hugsum okkur eins marga og við getum sem hefðu kannski viljað brenna skólann til ösku (sem dæmi má nefna: einhver barnanna, einhverja foreldra, einhverja aðra, t.d. prestinn). Hvaða ástæður kynnu þessir aðilar að hafa haft? Hverjir hljóta ávinning og hverjir tapa ef skólinn verður ekki reistur á ný? (Hljóta nemendur til dæmis ávinning eða tapa þeir ef þeir þurfa ekki að ganga í skóla?)“

Hægt er að setja þetta upp eins og á töflunni hér fyrir neðan:

Nafn aðila	Ávinningur	Tap
Nemendur		
Foreldrar		
Prestur		
Allt samfélagið		
Annað?		

Kennarinn segir nú nemendum að einbeita sér að hlutverki kennarans í sögunni. Hin almenna spurning – „Hvað finnst ykkur um kennarann?“ – fær nemendur til að segja álit sitt. Hér eru spurningar sem gætu komið í kjölfarið:

- Var hann kjáni, hugsjónamaður eða var hann hugrakkur?
- Dáist þið að honum eða fyrirlítið þið hann vegna þess sem hann reyndi að gera?
- Hverjar haldið þið að ástæður hans hafi verið?
- Hvaðan skyldu félagsleg gildi hans vera sprottin?
- Hvað ætti hann að gera núna og hvers vegna? (Reyna aftur eða gefast upp?)
- Hvað mynduð þið vilja að kennarinn gerði ef þið væruð nemendur í þessum skóla?

Síðan aðstoðar kennarinn nemendur við að setja vandamál sögunnar í samhengi við eigið samfélag. Síðan mætti halda áfram:

- Veltið fyrir ykkur hvar þið eigið heima.
- Haldið þið að til sé fólk eins og þessi kennari?
- Geta einstaklingar gert gagn í samfélaginu af eigin rammleik? Finnið dæmi um það.

Meðal annarra mikilvægra spurninga sem sagan vekur eru eftirfarandi:

- Haldið þið að þessar tvær þjóðir gætu komist að friðsamlegu samkomulagi ef börnin væru í sama skólanum?

- Hvaða vandamálum standa skólar og kennarar frammi fyrir þegar börn með ólíkt gildismat og ólík trúarbrögð stunda nám saman? Hvernig má leysa þau?
- Ljúka má kennslustundinni með hlutverkaleik. Ímyndið ykkur að áður en skólinn brann hafi einhverjir af foreldrum sléttubarnanna farið til kennarans og borið fram kvörtun. Þeir hafi sagt:

„Það eru fleiri sléttubörn en skógarbörn í þessum skóla svo að okkur finnst ekki að þú eigir að fræða börnin okkar um trúarbrögð skógarfólksins. Þau gætu snúist gegn sínu eigin fólki.“

Kennaranum þykir þetta afar leitt. Búið til samtal foreldris og kennara, tvö og tvö saman. Leikið það fyrir hina í bekknum.

2. kennslustund

Hvers vegna er fólk ósammála?

Hvað veldur ólíkum skoðunum?

Markmið

Að nemendur séu færir um að velta fyrir sér ástæðum þess að fólk hafi ólíkar skoðanir á mikilvægum málum.

Að nemendur geti rætt umdeild málefni.

Að nemendur geti íhugað hvaða gildi eru nauðsynleg forsenda lýðræðislegra samfélaga.

Verkefni nemenda

Nemendur setja fram og verja skoðanir sínar á ýmsum málum.

Nemendur greina hvað veldur ósamkomulagi um málefni sem eru almennt umdeild.

Nemendur ígrunda hvað hefur áhrif á þeirra eigið gildismat.

Nemendur búa til leiðbeiningar um hvernig auka skal virðingu fyrir fjölhyggju og tryggja að fjallað sé um opinber málefni af virðingu.

Gögn

Stórir merkimiðar fyrir „fjögurra horna“ æfinguna.

Aðferðir

Umræður.

Ígrundun.

Gagnrýnin hugsun.

Reglur búnar til í sameiningu.

Lykilhugtak

Fjölhyggja: Fjölhyggja er ríkjandi í þjóðfélögum sem hafa ekki sett sér eina opinbera stefnu varðandi hagsmuni, gildi eða trúarbrögð. Þegnarnir eiga rétt á að vera frjálsir hugsana sinna, samvisku og trúar, sem og rétt til tjáningarfrelsis. Eina undantekningin er sú að skoðanir sem ógna skoðanafrelsi annarra brjóta í bága við lög og líðast ekki. Ríki sem heimilar aðeins ein eða jafnvel engin trúarbrögð er ekki fjölhyggjuríki.

Kennslustundin

Kennarinn biður bekkinn að ihuga eftirfarandi álitamál, eitt í senn:

Sammála eða ósammála?

- Það er rangt að borða dýr.
- HIV-smitaður nemandi ætti ekki að vera í bekk með heilbrigðum börnum.
- Ekki ætti að skylda friðarsinna til að gegna herþjónustu.
- Banna ætti dauðarefsingu.
- Staður konunnar er inni á heimilinu.
- Ekki ætti að heimila börnum innan 14 ára aldurs að vinna.
- Banna ætti reykingar í opinberum byggingum.
- Fólk ætti að greiða hærri skatta.
- Málfrelsi er ekki af hinu góða.

Hornin fjögur í stofunni eru merkt á eftirfarandi hátt:

Algjörlega sam- mála	Sammála	Ósammála	Algjörlega ósam- mála
-------------------------	---------	----------	--------------------------

Kennarinn les staðhæfingarnar upp eina af annarri og biður nemendur að færa sig yfir í það horn í stofunni sem geymir svar þeirra við ofangreindum spurningum. Geti þeir ekki ákveðið sig eiga þeir að standa kyrrir þar sem þeir eru.

Þegar nemendurnir eru komnir á sinn stað biður kennarinn einhvern í hverju horni að segja hvers vegna viðkomandi horn varð fyrir valinu. Ekki skal leyfa neinar umræður á þessu stigi. Síðan biður kennarinn þá nemendur sem skipt hafa um skoðun að færa sig yfir í viðeigandi horn.

Næst biður kennarinn þá nemendur sem gátu ekki gert upp hug sinn að reyna að útskýra hvers vegna þeir gátu það ekki. Þeir eiga að skrifa niður ástæður þess, til dæmis að þeir þurfi að fá meiri upplýsingar, skilji ekki alveg hvað átt sé við, sjái rök bæði með og á móti, o.s.frv.

Æfingin er endurtekin þrisvar eða fjórum sinnum með mismunandi staðhæfingum. Í hverju tilviki ætti kennarinn að leggja fremur kapp á að fá fram ástæður þess að fólk hafi ólíkar skoðanir en að ræða hið tiltekna málefni.

Á hópfunði bendir kennarinn nemendum á að viðbrögð þeirra gagnvart sömu málefnum hafi verið afar mismunandi. Hann getur kynnt fjölhyggjuhugtakið fyrir nemendum, spurt þá eftirfarandi spurninga og sagt þeim að þær geti varpað ljósi á ástæður þess að fjölhyggja sé til staðar í ýmsum samfélögum:

- Veltið aftur fyrir ykkur spurningunum sem lagðar voru fyrir ykkur. Hver þeirra vakti sterkustu tilfinningarnar? Hvers vegna?
- Hvaðan fáum við hugmyndir okkar, gildi og skoðanir? (Þannig geta nemendur séð að hugmyndir okkar um álitamál kunna að koma úr ólíkum áttum.)

Kennarinn spyr síðan nemendur að hve miklu leyti þeir telji að eftirfarandi atriði hafi áhrif á þá:

- hugmyndir foreldra þeirra;
- álit félaganna;
- trúarbrögð þeirra eða menning;
- fjölmiðlar, t.d. dagblöðin, sjónvarpið eða netið;
- kennarar;
- eigin persónuleiki.

Nemendur vinna síðan í einrúmi og raða atriðunum upp í strýtu, þannig að hið mikilvægasta sé efst eins og hér má sjá:

atriði

atriði atriði

atriði atriði atriði

Kennarinn biður síðan nemendur, tvo og tvo saman, að bera saman strýturnar sínar. Hvaða þættir reynast vera mikilvægastir hjá þekktum í heild? Hægt væri að komast að því með því að veita og meta atriðin á eftirfarandi hátt: með því að gefa atriðunum í efstu röðinni sex stig, atriðum í mið-röðinni fjögur stig og atriðunum í neðstu röðinni tvö stig hverju. Nemendum er svo raðað fjórum saman í hópa og þeir leggja saman stigin sem hvert atriði fær. Berið saman niðurstöður hópanna. Voru sömu þættirnir efstir á listanum yfir mikilvægi?

Kennarinn skýrir frá því að fjölhyggja vaxi og dafni í opnu og frjálsu þjóðfélagi. Ekkert samfélag getur þó þrífist nema lágmarkssamkomulag ríki meðal þegna þess. Hann biður nemendur að skrifa hjá sér nokkur gildi eða reglur sem þeir telja að geti dregið úr ágreiningi um gildi eða hagsmuni. Nemendur gætu til dæmis lagt eftirfarandi til:

- sýna skoðunum annarra virðingu;
- reyna að setja sig í spor annarra;
- muna að betra er að ræða saman en slást;
- reyna að móðga engan;
- gefa fólki færi á að segja sína meiningu.

Komi fólk sér ekki saman gætum við þurft á ákveðnu fyrirkomulagi að halda, svo sem kosningum, til að komast að niðurstöðu.

3. kennslustund

Hvernig er fólk mismunandi?

Hversu ólíkar eru þarfir manna?

Markmið

Nemendur geti:

greint ástæður þess að fólk hafi ekki jafnan aðgang að menntun;
ígrundað hvað stendur í vegi fyrir jafnrétti í samfélaginu almennt;
velt fyrir sér hverjum beri að sjá til þess að jafnrétti komist á.

Verkefni nemenda

Nemendur greina ímyndaðar aðstæður á gagnrýninn hátt út frá lykilhugtökunum.

Nemendur beita lykilhugtökunum á félagslegar aðstæður sem þeir búa við.

Nemendur ræða um helstu atriðin sem bar á góma í þessari kennslustund.

Nemendur leysa skriflegt verkefni.

Gögn

Eintak af sögunni.

Aðferðir

Gagnrýnin hugsun.

Umræður.

Rök sett fram í rituðu máli.

Hugtakanám

Fjölbreytileiki: Það er ekki einungis uppruni fólks eða þjóðerni sem skapar fjölbreytileika. Ýmsir aðrir þættir greina fólk hvert frá öðru og geta valdið alvarlegri félagslegri mismunun, einkum ef meirihlutinn eða þeir sem fara með völd og áhrif gera ekkert í málunum vegna skilningsleysis eða skorts á samhygð.

Jafnrétti: Í meginatriðum er um tvenns konar jafnrétti að ræða – jöfn tækifæri eða jafnrétti í raun. Hægt er að veita öllum jöfn tækifæri (til að ganga í skóla sem dæmi) en ef tilteknum hindrunum (sem t.d. fatlaðir mæta) er ekki rutt úr vegi er ekki víst að öllum standi þessi tækifæri til boða. Með jafnrétti í raun er stefnt að því að hvert barni njóti menntunar hver svo sem fötlun þess kann að vera.

Mismunun: Að beita einhvern óréttlæti vegna kynþáttar hans, kyns, kynhneigðar, aldurs, skoðana o.s.frv.

Kennslustundin

Kennarinn les söguna fyrir bekkinn (dreifiblað 3.2). Í sögunni er fjallað um ýmis flókin vandamál sem ekki er víst að nemendur gefi gaum nema þeir sökkvi sér niður í efni hennar. Þeim til liðsinnis fær kennarinn þeim dreifiblað 3.3 og skýrir fyrir þeim eftirfarandi verkefni.

Nemendur vinna tveir og tveir saman að því að finna eins mörg vandamál og þeir geta meðal starfsfólksins í Hope College. Þeir skrá athugasemdir um það í fyrsta dálkinn á dreifiblaðinu („Vandamál“). Síðan stinga þeir upp á aðferðum til að takast á við vandamálin („Lausnir“) og bæta við hverjir þeir haldi að eigi að leysa málin í þriðja dálkinum („Ábyrgð“). Síðasta dálkinn þarf ekki að fylla út fyrr en síðar.

Síðan kynna nemendur niðurstöður sínar, bera þær saman og ræða þær. Til að gera kynningar sínar aðgengilegri gætu einhverjir nemendanna útbúið flettistöflu sem lítur út eins og dreifiblaðið. Ef myndvarpi er til staðar er hægt að ljósrita blaðið á glæru sem tveir nemendur geta fyllt út.

Umræður í bekknum

Nemendur spyrja kannski einhverra eftirfarandi spurninga, að öðrum kosti getur kennarinn hafið umræðuna með því að spyrja:

- Haldið þið að skólastjórinn hafi náð því markmiði sínu að koma eins fram við alla nemendur?
- Finnst ykkur að skólastjórinn eigi að hafa gildi flóttamannanna í heiðri og láta kenna drengjum og stúlkum hvorum í sínu lagi? Finnið rök fyrir báðum sjónarmiðum.
- Væri betra að flóttamannabörnin væru skilin frá öðrum nemendum í skólanum? Skrifðu upp kosti og galla í hvoru tilviki fyrir sig, í fyrsta lagi fyrir nemendurna og í öðru lagi fyrir samfélagið.

Í stað þess að ræða allar spurningar eiga nemendur að fá tíma til að velja einni spurningu vandlega fyrir sér. Mikilvægt er að þeir skilji að í fjölhyggjusamfélagi hefur fólk ólíkar þarfir og það getur leitt til þess að ágreiningur komi upp. Því er mikilvægt að leysa slíkan ágreining á sanngjarnan hátt og taka tillit til hvers og eins svo og hópsins í heild (sjá 4. kafla þar sem fjallað er nánar um lausn ágreiningsmála). Í þessu dæmi má líta á skólann sem örsamfélag þar sem ungir þegnar þess glíma við sömu vandamál og eru í þjóðfélaginu almennt.

Eftirfarandi atriði sýna hve margslungið þetta dæmi er og hve gagnlegt er að fjalla um þessi mál. Bæta þarf við kennslustund ef ítarlegri umfjöllun á að fara fram. Kennarinn verður að ákveða hvort velja skuli tiltekin sjónarmið með tilliti til þess tíma sem er til umræða og áhugasviðs nemenda.

Hversu ólíkar eru námsþarfir barna?

Lykilspurningarnar sem nemendur verða að svara snúast auðvitað um það hvernig takast skuli á við þessi vandamál og hvort skólinn eigi að leiða einhver þeirra hjá sér (og ef svo er, hvers vegna).

Hægt er að svara þessum spurningum á tvo vegu. Í fyrsta lagi með því að huga að því hversu þarfir það snerti ef tiltekið vandamál væri leyst eða látið óleyst, og í öðru lagi með því að tilgreina þau vandamál sem hægt væri að leysa í skólanum.

Sé fyrri leiðin farin munu nemendur öðlast betri skilning á sérþörfum flóttamanna (og innfæddra) ef þeir velja eftirfarandi spurningu fyrir sér: „Hvaða mannréttinda – eða réttinda barna – njóta flóttamannabörn ekki?“

Hér er þörfum í námi skipt í nokkra flokka. Nemendur eiga að finna dæmi um slíkar þarfir í sögunni og skrá þau í fjórða dálk dreifiblaðsins:

- tilfinningalegar;
- námstengdar;
- trúarlegar;
- menningarlegar;
- tungumálatengdar;
- líkamlegar.

Nemendur skulu sjálfir nefna dæmi í hverjum flokki.

Ábyrgð og takmörk hennar

Málefnið sem sagan fjallar um ættu að vekja almennar umræður um jafnrétti og menntun.

Hvernig er auðveldast að bjóða öllum börnum upp á fyrsta flokks menntun í samræmi við námsþarfir þeirra? Hvað getur skólinn gert og hvaða vandamál kalla á utanaðkomandi stuðning, til dæmis aukafjárveitingu frá sveitarstjórn?

Hér fylgja nemendur síðari kostinum, og þessi umfjöllun leiðir mikilvæg atriði í ljós – eins og vænta má því ekki er hægt að leysa flókin vandamál með því að stíga eitt stórt skref, sem í þessu tilviki merkir til dæmis að vikka út starfsemi skólans, ráða sérfræðinga til starfa o.s.frv. Slíkar umbætur væru vissulega vænlegur kostur en munu aldrei verða að veruleika því að þær eru háðar pólitískum ákvörðunum (hvernig ráðstafa skuli skattþeningum, svo dæmi sé nefnt) sem aðrir taka (svo sem sveitar-, bæjar-, borgarstjórn eða menntamálaráðuneytið). Þeir sem aðeins láta sér detta í hug svo róttækar aðgerðir enda að öllum líkindum á því að gera ekki neitt, nema kenna öðrum um það sem aflaga fer. Aftur á móti má færa má færa margt til betri vegar með því að taka lítil skref sem í þessari dæmisögu merkir að skoða hvað skólastjórnendur, kennari, nemendur eða foreldrar geta gert hér og nú til að leysa vandann – sé viljinn fyrir hendi og þeir geti komist að samkomulagi um hvað gera skal.

Það er hér sem þriðji dálkurinn á dreifiblaðinu kemur til sögunnar. Hver ber ábyrgð, þ.e.a.s. hver hefur vald til að gera einhverjar breytingar? Nemendur geta rætt um hvort litlu skrefin – umbæturnar sem hægt er að gera innan skólans – nægi og hvað þurfi að gera betur. Þeir geta einnig velt fyrir sér að bæði megi taka lítil skammtímaskref og stór skref sem krefjast lengri tíma.

Enn skal minnt á að „skólinn er eins og lífið sjálft“, örsamfélag. Umræðurnar um aðferðir til að bæta skólastarfið sýna nemendum hvernig ber að hugsa þegar staðið er að pólitískum ákvarðanatökum og skipulagsstarfi.

Skólinn er eins og lífið

Nemendur geta borið saman aðstæður í Hope School og eigin skóla á eftirfarandi hátt:

„Hvaða hindrunum í námi mæta sumir nemendur í skólanum ykkar? Hverjum ber skylda til að koma til móts við þarfir þeirra (t.d. stjórnvöldum, skólastjórn, starfsfólki eða nemendum)?“

Svarið við þessari spurningu getur verið margþætt. Hægt er að ræða málið á sameiginlegum fundi, nemendur geta tekið viðtöl hver við annan, einnig er skólablað hugsanlegur vettvangur (sjá 5. kafla).

Skrifleg verkefni

Í náms- og kennsluferli er mikilvægt að gæta þess að nemendur hafi skilið námsefnið og geti nýtt sér það sem þeir hafa lært. Ein leiðin er að leggja skrifleg verkefni fyrir nemendur í tengslum við hópumræður. Þannig fá allir möguleika á að velta fyrir sér þeim málefnum sem rædd hafa verið á fundinum og það kemur sérstaklega þeim að gagni sem velta viðfangsefnunum vel og lengi fyrir sér og leggja lítið til málanna í umræðum þó að þeir hafi heilmargt fram að færa.

Kennarinn verður að ákveða hvaða efni höfðar helst til nemenda hvað skilning og hugmyndir varðar. Ef til vill nægir að nemendur geri grein fyrir þeim umræðum sem fram fóru og segi álit sitt á þeim. Í erfiðari verkefnum geta nemendur vísað til mannréttinda og/eða vandamála sem upp koma vegna ójöfnuðar í samfélaginu, til dæmis:

„Mannréttindasáttmáli Evrópu og Barnasáttmálinn kveða á um að það sé skylda stjórnvalda að sjá til þess að öll börn fái notið menntunar.

- Gerið grein fyrir því hvort ykkur finnst skólinn gegna þessari skyldu.
- Hvað þarf að vera til staðar til að börn njóti þeirrar menntunar sem þeim ber að fá?
- Hverjir haldið þið að eigi að sjá til þess að svo sé?
- Hvaða aðra þætti í lífinu hefur ójöfnuður í samfélaginu áhrif á?
- Ræðið.

Hugsanleg niðurstaða hópumræðu (flettitafla, útfyllt dreifiblað)**Hope College þarfnast aðstoðar**

Vandamál	Lausnir	Ábyrgðaraðili	Námsþarfir
(1) Flóttamannabörn			
tungumálaerfiðleikar	sérstök námskeið	skólastjórn sveitarstjórn	tungumálatengdar
drengur talar ekki	meðferð, sérkennsla	ráðgjöf: skólastjórn, kennari	tungumálatengdar, tilfinningalegar
stúlka getur ekki gengið	læknismeðferð sérkennsla foreldraráðgjöf		líkamlegar
(2) Flóttamannabörn og innfæddir nemendur			
einelti, stríðni klíkur hótanir slagsmál, drengur meiðir sig	umræður í bekknum siðareglur nemendur annist eftirlit	kennarar nemendur foreldrar	tilfinningalegar félagslegar tengdar viðhorfum og gildum
(3) Kennarar			
geta hvorki sinnt að- fluttum né innfæddum nemendum	fámennari bekkir bekkjum skipt niður fleiri kennarar	sveitarstjórn	námstengdar tungumálatengdar menningarlegar trúarlegar
(4) Foreldrar			
vilja ekki að stelpur og strákar séu saman í bekk	„Nei“? „Allt í lagi“?	?	menningarlegar trúarlegar

4. kennslustund

Hvers vegna eru mannréttindi mikilvæg?

Hvers vegna þarf lög um mannréttindi til verndar fólki sem stendur höllum fæti?¹³

Markmið

Nemendur verði færir um:

- að skoða þau vandamál sem upp koma þegar fólk með ólíkt gildismat og ólíka lífshætti reynir að lifa saman;
- að rökstyðja hvers vegna alþjóðlegir mannréttindasamningar hafa verið gerðir einkum þar sem einstaklingar og samfélagshópar standa höllum fæti.

Verkefni nemenda

Nemendur:

- greina aðstæður á gagnrýninn hátt og forgangsraða hlutum;
- fara í hlutverkaleik þar sem hópar með öndverðar skoðanir ræða saman;
- setja fram lykilreglur út frá hlutverkaleiknum og bera þær saman við sambærilega kafla í Mannréttindasáttmála Evrópu;
- bera saman ímyndaðar aðstæður og raunveruleg dæmi um mannréttindabrot hér á landi;
- undirbúa kynningar fyrir aðra nemendur um valda kafla í Mannréttindasáttmála Evrópu.

Gögn

Eintök af aðstæðum á eyjunni (dreifiblað 3.4).

Eintök af aðstæðuspjöldum fyrir hvern hóp (dreifiblað 3.5).

Meginatriði mannréttinda (dreifiblað 3.6).

Stórar pappírsarkir og litir, eftir þörfum, fyrir lokakynninguna.

Aðferðir

Gagnrýnin hugsun, samningaviðræður, umræður hópkyrning.

Ábendingar

Mannréttindasáttmáli Evrópu var innleiddur til að vernda réttindi fólks sem neitað hafði verið um grundvallarréttindi, svo sem réttinn til lífs, til trúfrelsis eða réttlætis samkvæmt lögum. Stjórnvöld allra ríkja sem eiga aðild að Evrópuráðinu eru sammála um að hlíta öllum greinum sáttmálans af virðingu við þegna sína. Sérhvert land þarf að gera alþjóðasamfélaginu grein fyrir stöðu sinni í mannréttindamálum. Einstaklingar geta sent kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu ef þeir telja að brotið sé á mannréttindum þeirra í eigin landi. Eitt land getur einnig kært annað land fyrir mannréttindabrot, en það er fátítt.

Mannréttindasáttmáli Evrópu var að miklu leyti byggður á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en hún var innleidd eftir fjöldamorðin sem framin voru í seinni heimsstyrjöldinni.

13. Byggt á kennsluefni frá Citizenship Foundation, London.

Kennslustundin

Kennarinn vísar til „hlutverkaspjaldanna“ (dreifiblað 3.4) þegar hann kynnir aðstæður og hópana tvo sem taka þátt í leiknum. Í fyrstu lýsir kennarinn eyjunni, ef til vill með hliðsjón af korti uppi á töflu, og lýsir síðan eyjarskeggjum sem hafa búið þar kynslóð fram af kynslóð.

Kennarinn segir síðan bekknum að kominn sé hópur landnema sem vilji setjast að á eyjunni. Það fólk er mjög ólíkt eyjarskeggjum. Kennarinn lýsir landnemunum og lífsháttum þeirra og skiptir síðan bekknum til helminga. Annar hópurinn á að leika eyjarskeggjana og hinn hópurinn landnemana. Hægt er að fjalla um þessi málefni á tvo vegu (sjá aðferðir 1 og 2 hér fyrir neðan). Nota skal aðferð 1 ef bekkurinn er vanur hlutverkaleikjum. Í bekk sem er vanur hefðbundnari vinnubrögðum skal nota aðferð 2.

Aðferð 1: hlutverkaleikur

Nemendur vinna tveir og tveir saman. Annar er í hlutverki eyjarskeggja og hinn leikur landnema. Þeir eiga að hugleiða aðstæðurnar sem lýst er á litlu spjöldunum út frá sjónarhóli síns hóps. Þeir ætla að hefja samningaviðræður við hinn hópinn (ekki er gert ráð fyrir tungumálaerfiðleikum) og ættu að reyna að koma sér saman um eftirfarandi atriði:

- a. Hver eru alvarlegustu vandamálin sem þjóð þeirra glímir við?
- b. Hvað vilja þeir fá út úr þessum samningaviðræðum?

Síðan segir kennarinn tveimur eyjarskeggjum og tveimur landnemunum að taka sér sæti saman. Þeir eiga að leika að þeir séu á fundi sem þessir tveir þjóðarhópar halda til að komast að samkomulagi um bæði þessi atriði og hvernig haga skuli málum í framtíðinni.

Áður en umræður hefjast ætti að minna báða hópana á að eyjarskeggjar verði ef til vill ekki alls kostar sáttir fyrr en landnemarnir hafa sig á brott, þar sem lífsháttum þeirra kann ella að vera ógn- að. Á hinn bóginn eru landnemarnir afar hrifnir af þessum nýja stað og eru jafnvel reiðubúnir til að beita valdi til að geta verið um kyrrt.

Biðja ætti hvern fjögurra manna hóp að koma sér fyrst saman um alvarlegustu vandamálin sem hóparnir standa frammi fyrir og reyna svo að leysa hin brýnustu fyrst og önnur síðan koll af kalli eftir því sem tíminn leyfir.

Aðferð 2: umræður undir leiðsögn

Auðveldast er að fara í hlutverkaleik í þessari æfingu en hún hentar líka ágætlega nemendum sem ekki eru vanir slíkum leik. Annar helmingur bekkjarins skoðar aðstæður frá sjónarhóli eyjarskeggja og hinn helmingurinn frá sjónarhóli landnemanna. Öllum aðstæðum er lýst út frá tveimur sjónarmiðum. Nemendur vinna tveir og tveir saman, finna út hvaða vandamál eru alvarlegust og reyna að finna bestu leiðina til að leysa þau, eitt af öðru, út frá eigin sjónarmiði. Minntu þá á að til er „tilvalin“ eða „réttlát“ leið til að leysa hvert vandamál, en reynslan (og sagan) sýna að annað sjónarmiðið geti orðið ráðandi vegna valdamisvægis.

Kennarinn stjórnar umræðum í hverju tilviki, veltir upp annarri hlið vandamálsins og biður síðan hinn hópinn að koma með önnur sjónarmið. Hann reynir að miðla málum milli hópanna tveggja. Tveir aðilar frá hvorum hópi gætu einnig stjórnað umræðunum, staðið frammi fyrir bekknum og rætt vandamálið frá sínum sjónarhóli. Enn ein leiðin er sú að tveir nemendur ræði hvert tilvik þar sem annar þeirra er fulltrúi eyjaskeggja og hinn fulltrúi landnema.

Samantekt á aðferð 1 og 2

Í umræðum meðal nemenda um þær aðstæður sem þeir ræddu má spyrja eftirfarandi spurninga:

- Voru samningaumleitarnir auðveldar eða erfiðar? Hvers vegna?
- Fékk hvor hópur það sem hann vildi út úr samningunum?
- Hvaða hópur kom best út úr samningaviðræðunum? Hvers vegna?
- Hafði annar hópurinn meiri siðferðileg réttindi í öllum tilvikum en hinn?
- Hverjar eru framtíðarhorfur þessara tveggja hópa á eyjunni?
- Hvað getur komið í veg fyrir að annar hópurinn verði hinum yfirsterkari?

Gerðu lista yfir reglur sem gætu orðið til þess að hóparnir tveir geti búið saman í sátt og samlyndi á eyjunni. Berið þann lista saman við meginatriði mannréttinda (sjá dreifiblað 3.6). Hvaða greinar gætu komið í veg fyrir að fólk eins og eyjarskeggjar glati landi sínu, lífsháttum sínum og grundvallarmannréttindum?

Kennarinn bendir á að slíkt hafi oft átt sér stað, til dæmis þegar breskir landnemar lögðu Ástralíu undir sig eða þegar Evrópubúar stofnuðu nýlendur í Norður- og Suður-Ameríku. Á þeim tímum voru engin alþjóðleg lög um mannréttindi og í mörgum tilvikum voru mannréttindi brotin á frumbyggjum. Svipaðir atburðir eiga sér stað enn þann dag í dag, til dæmis þar sem suðuramerískir ættbálkar eru sviptir landi sínu vegna þess að alþjóðleg fyrirtæki stunda þar námugróft eða skógarhögg.

Mikilvægi mannréttinda í hávegum haft

Lokaæfingin í þessum kafla felst í því að kennarinn segir nemendunum (í hópum) að velja sér einhver þeirra mannréttinda í Mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallað hefur verið um. Síðan eiga nemendur að búa til auglýsingaborða um þessi réttindi og undirbúa kynningu um mikilvægi þeirra. Einhverjir nemendur gætu teiknað upp atvik úr hlutverkaleik eyjarskeggja til að sýna vandamálin á myndrænan hátt. Síðan mætti kynna þau fyrir bekknum, árganginum eða jafnvel öllum skólanum. Þetta gæti orðið til þess að framhald yrði á verkefninu, ef tími leyfir og nemendur hafa áhuga á því. Sjá í 4. kennslustund 5. kafla (fjölmiðlar) hvernig skipuleggja skal slíkt verkefni í bekknum.

Dreifiblað 3.1

Skólinn í skógarjaðrinum

Einu sinni bjó hópur fólks í þéttum frumskógi í skjóli hárra fjalla. Þetta var trúað fólk sem ól börn sín upp í strangri guðrækni. Trú þeirra boðaði að enginn munur væri á körlum og konum.

Milli fjallanna og fjarlægasta kima landsins var gríðarmikil slétta. Annar þjóðarhópur átti heima á sléttunni. Þetta voru trúleysingjar en þeir unnu hörðum höndum hver fyrir annan. Þeir voru ákafir stríðsmenn og karlarnir höfðu öll yfirráð. Virðing var borin fyrir konum en þær gátu ekki unnið sig upp í nein forystuhlutverk.

Fólkið í skóginum hafði engin samskipti við fólkið á sléttunni. Þessir hópar hötuðu hvor annan. Stundum hafði ríkt stríðsástand milli þeirra.

Dag einn birtist ungur maður í skógarjaðrinum. Hann tilkynnti að hann langaði til að reisa skóla þar þannig að börn frá báðum svæðum gætu stundað nám saman og friður gæti loks komist á milli þessara tveggja hópa.

Brátt var búið að byggja lítið timburhús og dag einn lauk kennarinn dyrum skólans upp í fyrsta sinn. Fáein börn af báðum svæðum voru viðstödd. Foreldrarnir og leiðtogar beggja hópanna fylgdu áhyggjufullir með því sem fram fór.

Í fyrstu kom börnunum illa saman. Þau uppnefndu hvert annað og oft kom til handalögmála. En þau fundu brátt hve gott var að ganga í skóla og smám saman féll allt í ljúfa löð. Kennarinn var strangur en réttlátur og kom eins fram við alla nemendur sína. Hann sagðist virða lífshætti beggja hópanna og börnin fengu að fræðast um hve ólíku lífi þau lifðu.

Sífelld fleiri börn sóttu skólann í skógarjaðrinum.

En brátt kom í ljós að fleiri börn af sléttunni gengu í skólann. Aðeins fjórðungur skólabarnanna tilheyrði skógarfólkinu. Kennarinn talaði við foreldrana á báðum stöðum til að hvetja þá og stappa í þá stálinu.

En einn góðan veðurdag þegar kennarinn mætti hafði einhver brennt skólann til kaldra kola.

(Byggt á sögu eftir Ted Huddleston hjá Citizenship Foundation)

Dreifiblað 3.2

Allir eiga sér von

Skólastjórinn í Hope College var göfuglynd og góð kona. Hún trúði staðfastlega á mikilvægi menntunar. „Allir verðskulda að eiga góða æsku,“ var hún von að segja við starfsfólk sitt. „Ég vil ekki gera upp á milli nemenda í skólanum. Það væri ekki réttlátt.“

En einn góðan veðurdag kom hópur flóttamannabarna í skólann. Fjölskyldur þeirra höfðu flúið óeirðir í nágrenni einu. Skólastjórinn undirbjó starfsfólk sitt og sagði:

„Þessi vesalings ungmenni hafa glatað öllu sem þau áttu. Bjóðið þau velkomin í skólann. Þau eiga ekki að þjást meira en nauðsynlegt er. Stríðið er ekki þeim að kenna.“

Kennararnir voru sammála. Börnunum var raðað í bekk eftir aldri. Flest flóttamannabörnin voru ein síns liðs í bekk en í einum bekknum voru fjórir strákar saman í hóp.

Fyrir en varði áttuðu kennararnir sig á því að erfitt var að koma fram við flóttamannabörnin á sama hátt og skólasystkini þeirra. Einn af öðrum komu þeir til skólastjórans með vandamál sín. „Flóttamannabarnið í bekknum mínum talar ekki okkar tungumál,“ sagði einn kennarinn. „Ég hef ekki tíma til að þýða allt fyrir hana. Það er of tímafrekt. Það bitnar á hinum nemendunum.“ „Flóttamannabarnið í bekknum mínum vill ekki tala við neinn,“ sagði annar kennari. „Hann er ef til vill í áfalli vegna stríðsins. Kannski á hann bara erfitt með að læra. Hvað á ég að gera?“ Þriðji kennarinn sagði: „Ég er með barn sem særðist. Hún getur ekki gengið. Hún getur ekki tekið þátt í neinum líkamlegum athöfnum og kemst ekki upp stigann að rannsóknarstofunni.“

Síðan fóru önnur vandamál að koma í ljós. Í hádegishléinu urðu sum flóttamannabarnanna fyrir einelti og stríðni. Þau voru uppnefnd og einhverjir sögðu þeim að hypja sig burt og fara heim til sín.

Strákarnir fjórir sem voru saman í bekk mynduðu klikku til að verja sig. Dag einn lenti einn þeirra í slagsmálum við innfæddan strák. Sá fyrrnefndi meiddi andstæðing sinn illa. Starfsfólkið kvartaði sáran og vildi að drengurinn yrði rekinn úr skólanum en skólastjórinn velti fyrir sér hvort það væri sanngjarnt í ljósi þess sem ungi flóttamaðurinn hafði þurft að líða. Starfsfólkið sagði:

„Við höfum reynt að láta hlutina ganga upp, en þetta mæðir of mikið á okkar eigin börnum. Við getum ekki kennt þessum börnum og jafnframt sinnt okkar börnum sem skyldi.“

Stuttu síðar báðu foreldrar flóttamannabarnanna skólastjórann um viðtal. Þeir sögðu:

„Við getum ekki sætt okkur við að drengir og stúlkur séu höfð saman í leikfímistímum. Það stríðir gegn trú okkar og menningu.“

Skólastjórinn var nú alveg að missa þolinmæðina. Hún gerði sér ljóst að ástandið var afar erfitt en vissi í hjarta sínu að hún mætti ekki missa vonina.

Dreifiblað 3.3

Hope College þarfnast aðstoðar

Vandamál	Lausnir		
(1) Flóttamannabörn			
(2) Flóttamannabörn og innfæddir nemendur			
(3) Kennarar			
(4) Foreldrar			

Dreifiblað 3.4

Eyjarskeggjar og landnemar (hlutverkaspjöld)

HÓPUR 1: Eyjarskeggjar

Þið eruð hópur eyjarskeggja. Forfeður ykkar hafa átt heima á þessari eyju í þúsundir ára. Þeir eru jarðsettir á heilögum stöðum uppi í fjöllum og þið trúið því að andar þeirra séu enn á sveimi þar.

Lífshættir ykkar eru mjög einfaldir. Konurnar annast börnin en karlarnir fara um alla eyjuna og veiða dýr og afla fæðu úr gróskumiklu jurtaríkinu. Þið eyjarskeggjar trúið því að vernda beri náttúruna og skila henni óspilltri til næstu kynslóðar. Þið vopnist spjótum, bogum og örvum og notið dýragildir.

Trúarbrögð ykkar byggjast á náttúrudýrkun og undirstaða menningar ykkar er samfélagið og mikilvægi þess. Þegar skortur er á mat deila allir því sem til er og fólk leggur hart að sér til hjálpar náunganum. Þegar nóg er til af mat kemur fólk saman og syngur, dansar og segir sögur. Ekki er þörf fyrir ritað mál.

Þið hafið mjög einfalda löggjöf. Ættarhöfðinginn getur sett ný lög ef nauðsyn krefur. Hann getur einnig útkljáð deilumál milli aðila í samfélaginu.

Hópur 2: Landnemar

Þið eruð með hópi fólks sem hefur siglt frá Evrópu og von ykkar er sú að geta hafið nýtt líf með fjölskyldum ykkar á nýjum stað. Ykkur langar til að finna eitt af þeim nýju löndum sem menn hafa uppgötvað að eru hinum megin á hnettinum. Þið vonist til að geta sest þar að, reist ykkur heimili, hafið búskap og notið velmegunar.

Þið takið með ykkur verkfæri til að yrkja landið og byssur til að geta farið á veiðar. Menning ykkar byggist á menntun og mikilli vinnu. Allir hafa það markmið að njóta velmegunar og líða vel. Þið aðhyllist engin sérstök trúarbrögð en hafið þá skoðun að fólk eigi rétt á að fylgja eigin sannfæringu.

Þið viljið taka lýðræðislegar ákvarðanir í nýja samfélaginu ykkar. Þið yfirgáfuð samfélag þar sem aðeins þeir best settu fóru með völdin og gæðum var afar misskipt milli manna. Þið viljið stofna samfélag þar sem allir eru jafnir og allir eiga sömu möguleika á að ná árangri.

Dreifiblað 3.5**Aðstæðuspjöld: eyjarskeggjar**

Skoðið eftirfarandi aðstæður og innan hvers hóps skuluð þið koma ykkur saman um hvað gera þarf.

Eyjarskeggjar	Landnemar
<p>1E Nýjar girðingar</p> <p>Nokkrir landnemanna eru farnir að girða í kringum húsin sín, yfir slóðirnar sem þið hafið alla tíð rekið hjörðina ykkar eftir. Þið hafið rífið nokkrar girðingar niður.</p>	<p>1L Nýjar girðingar</p> <p>Eyjarskeggjar hafa rífið niður nokkrar girðingar sem þið hafið sett upp fyrir dýrin sem þið hafið veitt.</p>
<p>2E Óviðkomandi aðili á ferð</p> <p>Eyjarskeggi var á leið um svæði sem landnemarnir höfðu afgirt og var skotinn til bana.</p>	<p>2L Óviðkomandi aðili á ferð</p> <p>Eyjarskeggjar hafa stolist til að fara yfir svæði sem þið hafið afgirt fyrir dýrin ykkar. Einn þeirra fékk viðvörun og var síðan skotinn.</p>
<p>3E Blandað hjónaband</p> <p>Einn eyjarskeggjanna varð ástfanginn af landnema. Þau langar til að ganga í hjónaband og lifa í samfélagi landnema. Fjölskylda mannsins er afar óánægð með þá tilhögun.</p>	<p>3L Blandað hjónaband</p> <p>Ein landnemakvennanna varð ástfangin af eyjarskeggja. Þau langar til að ganga í hjónaband og lifa í samfélagi landnema. Sumir landnemanna eru óánægðir með það.</p>
<p>4E Heilagir staðir</p> <p>Nokkrir landnemar eru að grafa eftir málmi í fjöllunum þar sem þið teljið að andar forfeðra ykkar séu á sveimi. Þessir staðir eru ykkur heilagir. Í mótmælaskyni hafið þið ráðist á suma þeirra sem vinna við námugróftinn.</p>	<p>4L Heilagir staðir</p> <p>Þið hafið fundið dýrmæta málma í fjöllunum. Þið getið selt kaupmönnum í heimalandi ykkar þessa málma. Svo virðist sem eyjarskeggjar líti á fjöllin sem heilaga staði en ykkur finnst það hjátrú ein. Þeir hafa ráðist á mennina sem vinna við námugróftinn.</p>
<p>5E Menntun</p> <p>Nokkrir landnemanna hafa stofnað skóla og boðið börnunum ykkar að koma og læra að lesa og skrifa.</p>	<p>5L Menntun</p> <p>Nokkrir landnemanna hafa stofnað skóla. Þeir hafa boðið eyjarskeggjum að senda börnin sín í skólann.</p>

Dreifiblað 3.6

Meginatriði mannréttinda¹⁴


1. Réttur til lífs.
2. Réttur til að sæta ekki pyntingum.
3. Réttur til að vera ekki haldið í þrældómi.
4. Réttur til frelsis og mannhelgi.
5. Réttur til sanngjarnrar málsmeðferðar.
6. Réttur á raunhæfu úrræði ef réttindi eru brotin.
7. Réttur til að sæta ekki mismunun; jafnrétti.
8. Réttur til þess að vera viðurkenndur að lögum; réttur til ríkisfangs.
9. Réttur til einkalífs og fjölskyldulífs.
10. Réttur til að stofna til hjúskapar.
11. Eignarréttur.
12. Réttur til að vera frjáls ferða sinna.
13. Réttur til að njóta griðlands.
14. Réttur til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar.
15. Tjáningarfrelsi.
16. Funda- og félagafrelsi.
17. Réttur til matar, drykkjar og húsnæðis.
18. Réttur til heilbrigðisþjónustu.
19. Réttur til menntunar.
20. Réttur til atvinnu.
21. Réttur til hvíldar og tómstunda.
22. Réttur til félagslegrar verndar.
23. Réttur til þátttöku í stjórnámálum.
24. Réttur til að taka þátt í menningarlífi.
25. Bann gegn mannréttindabrotum.
26. Réttur til samfélagsskipulags sem viðurkennir mannréttindi.
27. Ábyrgð og skyldur einstaklingsins.

14. Þessi listi er byggður á heimildablaði kennara í 5. kafla, „Réttindi, frelsi og ábyrgð“.

4. KAFLI

Ágreiningur

Hvað á að gera ef við erum ósammála?



4.1. Lausn ágreiningsmála

Hvernig er hægt að leysa alvarlegan ágreining?

4.2. Sex-þrepa aðferðinni beitt

Hvernig er hægt að forðast nágrannaerjur?

4.3. Mannréttindi sem stangast á

Mannréttindi sem fara ekki saman. Hvað er til ráða?

4.4. Beiting ofbeldis

Er ásættanlegt að ofbeldi sé beitt í sumum tilvikum?

4. kafli Ágreiningur Hvað á að gera ef við erum ósammála?

Friðarhugtakið hefur mismunandi inntak eftir menningarheimum. Í austrænni menningu er lögð áhersla á innri frið (frið í huga og hjarta) en í hinum vestræna heimi er litið svo á að friðurinn vísi til ytra umhverfis mannsins (að ekki ríki stríðsástand). Í Indlandi er orðið „shanti“ til dæmis notað um frið en það merkir fullkomna reglu hugans eða sálarró. Gandhi byggði heimspeki sína og baráttuaðferðir á hugtakinu „ahimsa“ sem táknar í víðri merkingu það að forðast allt skaðlegt. Hann sagði: „Í bókstaflegri merkingu þýðir ahimsa ofbeldisleysi. En fyrir mér hefur það miklu æðri, óendanlega miklu æðri merkingu. Það merkir að þú mátt ekki særa neinn; þú mátt ekki ala með þér fjandsamlegar hugsanir, jafnvel ekki um þá sem þú telur óvini þína. Fyrir þeim sem fylgir þessari kenningu eru óvinir ekki til“. Hjá Maya-indíánum vísar friður til hugtaksins velferð og tengist hugmyndinni um fullkomið samræmi milli ólíkra sviða lífsins.¹⁵

„Jákvæður friður“ lýsir aðstæðum þar sem sameiginlegur vilji allra beinist að því að friður ríki og öllu sem ógnar friði sé rutt úr vegi. Lögð er áhersla á félagslegt réttlæti og þar með er friðarhugmyndin komin lengra áleiðis; friður snýst ekki bara um að vera laus við ótta, ofbeldi og stríð. Hann felur í sér að friðsamlegar leiðir séu farnar við að leysa ágreining og leitast er við að kalla fram hæfileika bæði einstaklinga og hópa til að takast á við félagsleg vandamál á uppbyggilegan hátt. Meðal MLB-kennara snýst friður einnig um að efla lýðræðisleg vinnubrögð í kennslustofunni, fjalla um völd og misbeitingu valds og leitast ávallt við að fá nemendur til að hlusta og ræða málefnalega saman og leggja áherslu á að leysa ágreining.¹⁶

Er ofbeldi eðlilegt? Margir trúa því að menn séu í eðli sínu ofbeldisfullir og af því leiði að við getum ekki forðast stríð, átök og annað ofbeldi í lífi okkar og samfélögum. Aðrir sérfræðingar á þessu sviði halda því fram að við getum forðast ofbeldisfullar hugsanir, tilfinningar og athafnir. Sevilla-fyrirlýsingin um ofbeldi sem tekin var saman árið 1986 af hópi vísinda- og fræðimanna frá ýmsum löndum, úr norðri og suðri, austri og vestri, staðfestir þetta, en þar segir:

- „1. Það er vísindalega rangt að halda því fram að við höfum erfitt stríðshneigðina frá forfeðrum okkar í dýrarikinu ... Hernaður er fyrirbæri sem einskorðast við menn og fyrirfinnst ekki hjá öðrum dýrum ...
2. Til eru menningarhópar sem hafa ekki átt í stríði öldum saman og svo eru aðrir sem hafa oft háð stríð á tilteknum tímabilum en ekki öðrum ...
3. Það er vísindalega rangt að halda því fram að stríð eða önnur ofbeldisfull hegðun sé erfðafræðilega forrituð í mannlegt eðli okkar ...
4. Það er vísindalega rangt að halda því fram að menn séu með „ofbeldisfullan heila“ ... hegðun okkar er mótuð af því hvernig við höfum verið skilyrpt og félagslega mótuð ...“

Flest erum við sprottin úr umhverfi sem hefur vanið okkur á harkaleg viðbrögð og ofbeldi. Við lærum að hugsa, finna til og bregðast við með hörku og í sumum tilvikum með ofbeldi. Hvar sem við eigum heima erum við háð félagslegum og menningarlegum þrýstingi sem krefst þess að við lesum um ofbeldi, horfum á ofbeldi og heyrum um ofbeldi, nær látlaust. Sjónvarpþættir, auglýsingar, dagblöð, tölvuleikir og kvikmynda- og tónlistarframleiðendur eiga hér stóran hlut að máli. Áður en barn kemst á unglingsár hefur það séð þúsundir morða og ofbeldisverka með því einu að horfa á sjónvarp. Nútímaþjóðfélög verja ofbeldi, hvort sem þau gera það meðvitað eða ekki. Litið er á ofbeldi sem jákvætt fyrirbæri. Í flestum menningarheimum er það talið merki um veikleika að

15. Texti úr „KOMPÁS, handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk“, Námsgagnastofnun 2009, bls. 376 o.áfr.

16. Úr „A glossary of terms for education for democratic citizenship“, Karen O'Shea, Council of Europe, DGIV/EDU/CIT (2003) 29.

hafna ofbeldi og forðast líkamlegt ofbeldi eða átök, sérstaklega hjá karlmönnum, sem verða strax frá unga aldri fyrir miklum þrýstingi frá félögum sínum.¹⁷

Vísað er til heimildablaðs kennara í lok kaflans ef meiri upplýsinga er óskað.

Menntun til lýðræðislegrar borgaravítundar og mannréttindamenntun

Í þessum kennslustundum munu nemendur:

- fá aukna innsýn í hvað liggur að baki ágreiningi;
- fá aukna innsýn í hvernig leysa skal ágreining án ofbeldis;
- auka hæfni sína til að takast á við ágreining í eigin umhverfi;
- auka hæfni sína til að íhuga sjónarmið og þarfir allra þeirra sem eiga í ágreiningi;
- fá aukna innsýn í það hvernig mannréttindi geta stangast á;
- þroska með sér gagnrýna hugsun um beitingu ofbeldis;
- fá aukna innsýn í hvernig takast skuli á við ofbeldi sem þeir mæta;
- fá hvatningu til að leysa ágreining án þess að beita ofbeldi.

17. Texti úr „KOMPÁS, handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk“, Námsgagnastofnun 2009, bls. 380.

4. kafli Ágreiningur

Hvað á að gera ef við erum ósammála?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Lausn ágreiningsmála	Að kynna sex-þrepa aðferð við lausn á ágreiningi.	Rannsaka ágreining; finna lausnir.	Dreifiblað 4.1.	Vinna í litlum hópum.
2. kennslust.: Sex-þrepa aðferðinni beitt	Að læra að beita sex-þrepa aðferðinni.	Rannsaka ágreining; finna lausnir.	Dreifiblað 4.1. Dreifiblað 4.2.	Vinna í litlum hópum.
3. kennslust.: Mannréttindi sem stangast á	Að læra að bera kennsl á og greina aðstæður þar sem mannréttindi stangast á.	Greina aðstæður þar sem mannréttindi stangast á.	Dreifiblað 4.3. Dreifiblað 5.2.	Vinna í litlum hópum. Gagnrýnin hugsun.
4. kennslust.: Beiting ofbeldis	Að þróa gagnrýna hugsun um mannlega hegðun og hvort líðandi sé að beita ofbeldi.	Ígrunda beitingu ofbeldis og mannlega hegðun.	Dreifiblað 4.4.	Vinna í litlum hópum. Gagnrýnin hugsun.

1. kennslustund

Lausn ágreiningsmála

Hvernig er hægt að leysa alvarlegan ágreining?

Markmið

Að kynnast sex-þrepa aðferð við lausn á ágreiningi.

Verkefni nemenda

Rannsaka ágreining; finna lausnir.

Gögn

Pappírsarkir eða stílabækur og pennar.

Dreifiblað 4.1.

Aðferð

Allur bekkurinn vinnur saman; einnig geta tveir og tveir unnið saman.

Hugtakanám

Ágreiningsmál eru hluti af daglegu lífi. Ekki þarf að líta á þau sem neikvæða upplifun heldur sem hagsmunaárekstra milli einstaklinga eða hópa. Í stjórnámum eru ágreiningsmál jafnvel mikilvægur þáttur í opinberri umræðu. Aðeins með opinni umræðu um ágreiningsmál og leit að málamiðlun finna allir samfélagshópar að rödd þeirra heyrir og þeir séu marktækir. Hægt er að tileinka sér þá hæfni sem þarf til að leysa ágreining (leita málamiðlunar). Það er markmiðið með þessari kennslustund.

Eftirfarandi lýsingar á lausn ágreinings koma fyrir í þessari kennslustund og mikilvægt er að kennarinn hafi merkingu þeirra á valdi sínu.

Sigur-sigur: lýsir aðstæðum þar sem báðir aðilar hafa sama hag af lausn ágreiningsins og finnst þeir hafa fengið það sem þeir sóttust eftir. Lítið er á þetta sem farsælustu lausnina þar sem það tryggir að ágreiningurinn rísi ekki aftur.

Sigur-tap eða tap-sigur: lýsir aðstæðum þar sem niðurstaða ágreiningsins er sú að að annar aðilinn hefur betur en hinn. Við slíkar aðstæður er hætta á að ágreiningurinn komi aftur upp þar sem sá sem varð undir fékk lítið fyrir sinn snúð.

Tap-tap: lýsir aðstæðum þar sem hvorugur aðilinn hagnast á niðurstöðu málsins. Yfirleitt lægir ófriðaröldurnar aðeins tímabundið við þessar aðstæður og líklegast er að ágreiningurinn rísi aftur.

Kennslustundin

Kennarinn hefur kennslustundina með því að skrifa orðið „ÁGREININGUR“ vinstra megin á töfluna. Nemendur eru síðan beðnir að skrifa á blað þau orð og hugtök sem þeim detta í hug í tengslum við orðið „ágreiningur“.

Þetta er síðan endurtekið, en nú er það orðið „FRÍÐUR“ sem kennarinn skrifar hægra megin á töfluna. Hann biður síðan u.þ.b.tíu nemendur að afhenda sér það sem þeir skrifuðu. Niðurstöðurnar eru skrifaðar upp á töfluna og nemendur svara eftirfarandi spurningum:

- Vekja einhver þessara orða undrun þeirra?
- Virðast öll orðin sem tengjast ágreiningi vera neikvæð á meðan orðin sem tengjast friði hafa jákvæða merkingu?

Kennarinn biður síðan nemendur að nefna dæmi um ágreining sem þeir sjálfir hafa lent í eða þeir hafa orðið vitni að. Hann biður þá að velja fyrir sér hvort þessi ágreiningsmál falla í flokk þeirra mála sem hægt er að leysa, sem er þá fyrsta skrefið til málamiðlunar, eða í þann flokk mála sem ekki er hægt að leysa. Hann gerir þeim síðan grein fyrir því að ágreiningur þurfi ekki að leiða til ofbeldis og að til séu uppbyggilegri aðferðir til að leysa deilur.

Kennarinn lýsir síðan fyrir þeim tilteknu dæmi um ágreining sem upp kann að koma innan fjölskyldu.

„Kötu, 18 ára, langar til að horfa á vídeómynd sem hún er nýbúin að fá hjá vini sínum. Martin, 15 ára bróðir hennar, vill helst horfa á uppáhaldspáttinn sinn í sjónvarpinu.“

Kennarinn fær hverjum nemanda eintak af dreifiblaði 4.1 og fer að rannsaka þennan ágreining með sex-þrepa aðferðinni sem lýst er hér á eftir.

Allur hópurinn veltir fyrir sér fyrstu tveimur þrepunum undir leiðsögn kennarans, sem vill finna út hvað það er sem báðir aðilar „þurfa“, og setur fram skýra skilgreiningu á ágreiningnum.

Í fyrsta þrepi er mikilvægt að koma orðum að raunverulegum þörfum viðkomandi aðila á hlutlausan hátt. Huga skal að því hverjar hinar raunverulegu þarfir eru sem liggja að baki vandanum þar sem þær geta verið allt aðrar en aðilarnir sjálfir láta í ljós. Í öðru þrepi er vandinn sem veldur ágreiningnum settur fram með orðalagi sem báðir aðilar geta sæst á.

Í þriðja þrepi skal svo leita hugsanlegra lausna. Á þessu stigi skal hvorki gera athugasemdir við né dæma lausnirnar – öllum tillögum skal tekið með opnum hug. Í þriðja þrepi geta tveir og tveir unnið saman, og síðan má skiptast á skoðunum (eða skipta um félag?). Kennarinn kynnir síðan fyrir nemendum hvernig hugtökunum „tap-tap“, „sigur-tap“, „tap-sigur“ og „sigur-sigur“ er beitt við greiningu á lausnum og segir þeim að hafa þá aðferðafræði í huga við mat á lausnum sínum (fjórða þrep).

Komist nemendur að því að engin lausnanna leiði til þess að báðir aðilar verði sáttir (sigur-sigur) fá þeir að velja málinu betur fyrir sér. Ávallt munu þó eiga sér stað tilvik þar sem óhugsandi er að báðir deiluaðilar verði sáttir. Þegar hóparnir hafa gert grein fyrir niðurstöðum sínum bendir kennarinn þeim á að nú geti þeir komið sér saman um hver besta lausnin sé (fimmta þrep). Við raunverulegar aðstæður, þegar þessari aðferð er beitt við að leysa ágreining, verða viðkomandi aðilar að setta sig við lausnina. Að lokum kynnir kennarinn stuttlega hvernig nota má sjötta þrepið. Megininntak sjötta þreps er að eftir tiltekinn tíma (nokkrar mínútur, klukkustundir, daga eða vikur, allt eftir því hvers eðlis ágreiningurinn er) skuli leggja mat á lausnina og, ef nauðsyn krefur, breyta henni eftir aðstæðum.

Í samantekt stýrir kennarinn umræðum um hvort verkfæri á borð við sex-þrepa aðferðina geti komið að gagni og við hvaða aðstæður og hvaða áhrif það hefði ef fólki væri almennt kunnugt um slíkt verkfæri og notaði það. Þetta skal síðan ræða um með tilliti til alls konar hópa og í ýmsu samhengi, sjá eftirfarandi dæmi:

- jafnaldrar;
- fjölskylda;
- bekkur;
- skóli;
- ríki;
- stríð;
- íþróttir.

2. kennslustund

Sex-þrepa aðferðinni beitt

Hvernig er hægt að forðast nágrannaerjur?

Markmið

Að læra að beita sex-þrepa aðferðinni.

Verkefni nemenda

Rannsaka ágreining og finna lausnir sem koma báðum aðilum til góða.

Gögn

Eintak af einu ágreiningsmáli á dreifiblaði 4.2 fyrir hvern hóp.

Dreifiblað 4.1.

Aðferð

Vinna í litlum hópum.

Ábending

Það þarf meira til en skilning á fræðilegum hugtökum til að geta leyst ágreining á friðsamlegan hátt. Þá fæni þarf að læra og í þessari kennslustund fá nemendur tækifæri til að læra hvernig leysa má ágreining í raun með friðsamlegum hætti. Næsta skref er að beita þessari þekkingu við raunverulegar aðstæður í skólanum.

Kennslustundin

Kennslustundin hefst með því að kennarinn útskýrir fyrir nemendum að þeir eigi að beita sex-þrepa aðferðinni við að leysa ágreining við ýmsar aðstæður.

Nemendum er skipt í fjögurra eða fimm manna hópa og hver hópur fær afhent eintak af dreifiblaði 4.2. Hver hópur tekur fyrir eitt ágreiningsmál þannig að fleiri en einn hópur vinnur að sama máli. Nemendur nota einnig dreifiblað 4.1 sem er með yfirskriftinni „Sex-þrepa aðferð við lausn ágreiningsmála“. Þegar hóparnir hafa lokið störfum kynnir talsmaður hvers hóps sex þrepin hans fyrir bekknum. Fyrst skal fjalla um „ágreining 1“ og síðan um „ágreining 2“:

Að kynningum loknum stýrir kennarinn umræðum um lausnirnar og spyr eftirfarandi spurninga:

- Skiljum við „þarfirnar“ og „skilgreininguna á vandamálinu“? Er einhverjum spurningum ósvarað?
- Gætum við fundið aðrar lausnir sem við teldum að væru betri til lengri tíma litið?

Í næsta skrefi segir kennarinn nemendum að taka fyrir ágreining sem upp hefur komið í skólanum eða er stöðugt til staðar í skólanum, meðal bekkjarfélaganna, í landinu o.s.frv. Þeir eru beðnir að velja eitt eða fleiri mál (fer eftir tíma sem er til aflögu) og að velja fyrir sér hugsanlegum lausnum þar sem báðir deiluaðilar standa uppi sem sigurvegarar.

Noti kennarinn dæmin tvö til að kynna nemendum ýmsar sáttaumleitanir getur hann kynnt þeim stuttlega hvernig dómskerfið í landinu tekur á ágreiningsmálum, t.d. með sáttaumleitunum, þeim möguleika að fara með deilumál fyrir dóm o.s.frv. Í stað umræðna um þessi ágreiningsmál með sex-þrepa aðferðinni má einnig fara í hlutverkaleik.

Ef það er gert á einn nemandi að leika aðila A, annar aðila B og sá þriðji tæki að sér hlutverk sáttasemjara. Síðan getur kennarinn beðið hvern hóp að greina frá sinni lausn á ágreiningnum. Ræða má um ýmsar lausnir og einnig það ferli að komast að niðurstöðu. Það getur verið tímafrekt að bæta þessum atriðum við og ef til vill þarf að taka þau til umfjöllunar utan skólatíma eða í aukatímum.

3. kennslustund

Mannréttindi sem stangast á

Mannréttindi sem fara ekki saman. Hvað er til ráða?

Markmið

Að læra að bera kennsl á og greina aðstæður þar sem mannréttindi stangast á.

Verkefni nemenda

Greina aðstæður þar sem mannréttindi stangast á.

Gögn

Stórar pappírsarkir og merkipennar fyrir hvern hóp.

Dreifiblað 4.3.

Dreifiblað 5.2.

Aðferðir

Vinna í litlum hópum.

Gagnrýnin hugsun.

Ábending

Þó að mannréttindi virðist við fyrstu sýn vera vel skilgreind er raunin stundum önnur. Oft stangast nefnilega réttindi eins aðila á við réttindi einhvers annars. Í slíkum tilvikum er best að vega og meta þau réttindi sem um ræðir á gagnrýninn hátt og komast að eigin niðurstöðu.

Kennslustundin

Vinnuhópar (fjórir eða fimm nemendur í hverjum hópi) fá í hendur dæmi um mannréttindi sem stangast á (dreifiblað 4.3, „Fimm dæmi um mannréttindi sem stangast á“), stóra pappírsörk og merkipenna.

Í fyrstu er nemendum gefinn kostur á að ræða hvaða mannréttindi ágreiningurinn snýst um. Afhenda má nemendum lista yfir mannréttindi (dreifiblað 5.2) áður en umræðurnar hefjast. Þegar þeir eru orðnir sammála um hvaða réttindi það eru sem stangast á eiga þeir að skipta pappírsörkinni niður í reiti eins og sjá má hér fyrir neðan. Kennarinn gæti notað töfluna og skrifað umrædd réttindi í efsta reitinn.

Tilvik nr.
Umrædd mannréttindi <ul style="list-style-type: none"> • • •
Lausn
Hvers vegna?

Næsta verkefni er að fram fari opin umræða um það hvernig nemendur telji að leysa megi málið. Þeir færa rök fyrir niðurstöðu sinni og skrifa þau á blaðið.

Hver hópur er síðan beðinn að velja sér talsmann sem kynnir niðurstöður hópsins fyrir bekknum. Kennarinn getur spurt nemendur álits um viðkomandi niðurstöður og hvort þeir séu sammála eða ósammála hugmyndum hópsins.

4. kennslustund

Beiting ofbeldis

Er ásættanlegt að ofbeldi sé beitt í sumum tilvikum?

Markmið

Að þróa gagnrýna hugsun um mannlega hegðun og hvort líðandi sé að beita ofbeldi.

Verkefni nemenda

Ígrunda beitingu ofbeldis og mannlega hegðun.

Gögn

Spjöld eða pappírsræmur með dæmum af dreifiblaði 4.4 fyrir hvern hóp.

(Kennarinn þarf að hafa innsýn í hvernig dómskerfið í landinu tekur á ágreiningsmálum.)

Aðferðir

Vinna í litlum hópum.

Gagnrýnin hugsun.

Ábending

Þó að allir vilji að friður ríki í heiminum geta hvorki alþjóðleg lög um mannréttindi né alþjóðleg mannúðarlög komið að fullu í veg fyrir að ofbeldi sé beitt. Í þessari kennslustund er ætlunin að fá nemendur til að velta fyrir sér á gagnrýninn hátt hvort réttmætt sé að beita ofbeldi í vissum tilvikum. Nemendur eru beðnir að íhuga eigin hegðun með tilliti til ofbeldis sem annaðhvort þeir sjálfir hafa beitt eða einhverjir í kringum þá.

Kennslustundin

Nemendum er skipt í fjögurra eða fimm manna hópa. Einhver nemendanna eða kennarinn kynnr dæmi 1 á dreifiblaði 4.4.

Of erfitt kann að vera að taka öll dæmin fjögur fyrir í einni kennslustund. Kennarinn gæti því látið hvern hóp fá sitt dæmi, valið aðeins tvö af þessum fjórum dæmum eða boðið upp á aukatíma.

Verkefni hópanna er að ræða um dæmið, nota spurningarnar á spjaldinu og kynna síðan niðurstöðu sína munnlega. Kennarinn verður að hafa í huga að grundvallarspurningin sem fyrir liggur er að hve miklu leyti það skuli vera ásættanlegt að beita ofbeldi. Þegar hóparnir hafa lokið máli sínu getur kennarinn bætt við einhverjum upplýsingum sem tengjast málinu áður en næsta dæmi er tekið fyrir.

Dæmasafn kennarans, spurningar og nánari upplýsingar

Dæmi 1

Við mótmæli gegn hnattvæðingu tekur fámennur hópur mótmælenda upp á því að kasta grjóti í aðalbyggingu þekktis alþjóðlegs fyrirtækis. Lögreglumenn á staðnum sjá hvað er að gerast og reyna að handtaka sökudólgana. Í hita leiksins verður einn lögregluþjónninn fyrir barðinu á fólkinu sem stendur að grjótkastinu og hlýtur alvarlega áverka.

Spurningar:

1. Væri ásættanlegt að lögreglan beitti skotvopnum til að yfirbuga fólkið?
2. Væri ásættanlegt að lögreglan notaði vélbyssur? (Það væri hraðvirkara en ylli örugglega meira mannfalli.)
3. Væri ásættanlegt að lögreglumennirnir biðu þar til þeir gætu skorist í leikinn með því að sprauta vatni á fólkið?
4. Væri ásættanlegt að lögreglan beitti ekki valdi við þessar aðstæður til að forðast að upp úr syði?

Upplýsingar

Samkvæmt alþjóðlegum reglum er lögreglunni heimilt að beita valdi við tiltekna aðstæður. Aðeins skal grípa inn í aðstæður með valdbeitingu ef nauðsyn ber til og skal það gert í samræmi við markmið inngripsins. Fáí lögreglumaður skipun frá yfirmanni sínum um að grípa inn í atburðarás á einhvern þann hátt sem brýtur í bága við þessa reglu kveða alþjóðlegar reglur á um að hann eða hún skuli neita að framfylgja skipuninni.

Dæmi 2

X-land lýsir stríði á hendur Y-landi því að augljóst er að Y verndar og jafnvel fjármagnar uppreisnarhópa sem vinna gegn X innan landamæra Y. Leyniþjónusta X uppgötvar í hvaða þorpi hópur vel þjálfaðra og vopnaðra uppreisnarmanna dvelur og kemst að því að þeir eru að undirbúa meiri háttar sprengjuárás á mikilvægt iðnaðarsvæði.

Spurningar:

1. Væri ásættanlegt að X-land varpaði sprengjum í stórum stíl á þorpið en gætti þess þó að fáeinir, þar á meðal íbúar þorpsins, kæmust lífs af?
2. Væri þetta ásættanlegt eftir að uppreisnarmennirnir hefðu fengið afdráttarlausa beiðni um að draga sig í hlé og þorpsbúar hefðu fengið viðvörðun og skýr fyrirmæli um að fjölmenna á íþróttavöllinn þar sem þeim yrði hleypt inn eftir vopnaleyti?
3. Væri ásættanlegt að grípa ekki inn í atburðarásina með valdi? Hvaða aðra kosti getið þið nefnt?

Upplýsingar

Alþjóðlegar reglur um hvað leyfilegt er í stríði (svokallaðir Genfarsamningar) leggja ekki algjört bann við hervæðingu, en harðbanna tiltekin hernaðarinngríp og vopn. Ein meginreglan er sú að ekki skuli beita hervaldi gegn hlutlausum stöðum og að árársir skuli hvorki vera handahófskenndar né í ósamræmi við aðstæður: til dæmis skal gera víðeigandi varúðarráðstafanir til að forðast mannfal meðal almennra borgara með því að beita ekki kraftmestu sprengjunum gegn hernaðarskotmörkum þar sem kraftminni sprengjur dygðu. Með því móti væri hægt að koma í veg fyrir mannfal meðal óbreyttra borgara og dauðsföll saklausra aðila (svokallaðan „fylgiskaða“). En eins og fyrr segir merkir þetta ekki að Genfarsamningarnir um hvað leyfilegt sé í stríði telji fylgiskaða óásættanlegan, heldur er reynt að draga úr honum.

Dæmi 3

X, ungur maður sem starfar sem tæknimaður á sjúkrahúsi, gengur iðulega í skrokk á konunni sinni þegar hann kemur drukkinn heim. Konan hans tilkynnti einu sinni lögreglunni um barsmíðar eiginmannsins sem hafa stundum alvarlegar afleiðingar. Nágrannakona þeirra, sem komst af tilviljun að þessu, getur nú gert sér í hugarlund hvað gengur á hjá nágrönnunum þegar hún heyrir hróp þeirra og köll.

Spurningar:

1. Ætti nágrannakonan að hafa samband við lögregluna í slíkum tilvikum eða flokkast það undir óviðeigandi afskipti af einkalífi nágrannanna?
2. Ætti lögreglan að hafa afskipti af málum þegar hún fær tilkynningar frá einhverjum um grunsamlegt athæfi?

Upplýsingar

„... Ríki ættu að fordæma ofbeldi gagnvart konum og ekki beita fyrir sig venjum, siðum eða trúarlegum ástæðum til að komast hjá skuldbindingum sínum að því er varðar afnám þess. Ríki ættu hið fyrsta að leita allra leiða til að afnema ofbeldi gagnvart konum og í því skyni að:

(a) ihuga, hafi þau ekki þegar gert það, að fullgilda eða gerast aðilar að samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum eða láta af fyrirvörum sínum við samninginn;

(b) láta af ofbeldi gagnvart konum;

(c) gera sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir, rannsaka og, í samræmi við innlenda löggjöf, refsa fyrir ofbeldi gagnvart konum hvort sem ríkið eða einstaklingar eiga sök þar á ...“

Úr Yfirlýsingu um afnám ofbeldis gagnvart konum (1993).

Dæmi 4

Leó, 13 ára, er grannur og frekar lítill eftir aldri. Hann er oft lagður í einelti af nokkrum eldri strákum þegar hann er úti að leika sér á leikvelli bæjarins. Einhverju sinni svarar hann fyrir sig og segir að þeir eigi ekki alltaf að vera að kvelja sig og að þeir hagi sér eins og vitleysingar sem ekkert kunni eða viti. En stóru strákarnir svara með því að lúberja hann. Vinur Leós sér hvað er að gerast þegar hann kemur inn á leikvöllinn. Nokkrir eldri borgarar sjá líka til þeirra þegar þeir rölta yfir leikvöllinn á leið heim úr matvörubúðinni.

Spurningar:

1. Ætti vinur Leós að skerast í leikinn í þessu tilviki? Hvernig?
2. Ættu eldri borgararnir að skerast í leikinn? Hvernig?
3. Hvað annað leggið þið til?

Sem aukaverkefni gætu nemendurnir samið bréf til stóru strákanna þar sem þeir segja þeim hvað þeim finnst um hegðun þeirra. Þetta gæti verið heimaverkefni eða verkefni fyrir þá hópa sem vinna hraðar en hinir.

Heimildablað kennara

Alþjóðleg mannúðarlög

Hvað eru alþjóðleg mannúðarlög?

Alþjóðleg mannúðarlög (AML) innihalda bæði mannúðarreglur og alþjóðlega samninga þar sem leitast er við að bjarga mannlífum og draga úr þjáningum stríðandi aðila og einnig þeirra sem ekki taka beinan þátt í vopnuðum átökum. Helstu lögbundnu samningarnir eru Genfarsamningarnir frá 1949, fjórir sáttmálar sem undirritaðir hafa verið af nánast öllum þjóðum heims. Samningarnir kveða á um grundvallarréttindi stríðandi aðila sem flytja þarf, særða, veika eða handtekna, af vettvangi, sem og almennra borgara. Í viðbótarbókununum frá 1977 við Genfarsamningana er kveðið á um enn frekari réttindi.

Hverjum veita AML vernd? Veita AML mér vernd?

AML vernda særða, veika eða handtekna liðsmenn vopnaðra herja, og einnig almenna borgara. Sérðum mönnum og sjúkum – hvorrar þjóðar sem þeir eru – skal safna saman og veita umönnun samkvæmt ákvæðum fyrsta Genfarsamningsins. Hvorki má lífláta þá né láta þá sæta pyntingum eða líffræðilegum tilraunum. Þeim ber að fá viðeigandi umönnun og vernd gegn ránum eða grimmilegri meðferð. Samningurinn verndar einnig hjúkrunarlið, starfslið trúarsamtaka á vegum hersveita, hjúkrunarbúnað og hreyfanlegar hjúkrunarsveitir.

Samkvæmt ákvæðum annars Genfarsamningsins skal vernda særða, sjúka og skipreika sjóliða á hafi. Þeir skulu njóta sömu verndar og hermenn á landi, sem löguð er að aðstæðum á hafi úti. Spítalaskip njóta verndar.

Stríðsfangar, sem verndaðir eru samkvæmt ákvæðum þriðja Genfarsamningsins, skulu njóta mannúðlegrar meðferðar og skal þeim séð fyrir vistarverum, nægilegum mat og drykkjarvatni, nauðsynlegum klæðnaði og lækniástoð. Þeir skulu hvorki sæta pyntingum né neins konar lækni-fræðilegum tilraunum og njóta verndar gegn ofbeldi, móðgunum og hnýsni almennings. Reglur þessar gilda einnig um stríðsfréttaritara og almenna borgara sem fylgja hersveitum og teknir eru höndum.

Almennir borgarar njóta verndar samkvæmt fjórða Genfarsamningnum. Stríðandi aðilar skulu ávallt greina á milli almennra borgara og hermanna og beina hernaðaraðgerðum sínum aðeins gegn skotmörkum. Búa skal almennum borgurum aðstöðu til að lifa eins eðlilegu lífi og unnt er. Þeir skulu njóta verndar gegn lífláti, pyntingum, ránum og gripdeildum, hefndaraðgerðum, eyðileggingu eigna og gíslatöku. Virða skal heiður þeirra og rétt til fjölskyldu sem og trúarbrögð þeirra og trúariðkun. Hernámsaðilum ber að leyfa frjálstan flutning á nauðsynlegum matvælum og lyfjum og sjúkragögnum og að koma upp sjúkrahúsi og vernduðum svæðum fyrir særða, veika og aldraða, og fyrir börn, þungaðar konur og sængurkonur. Þessi samningur kveður á um sérstaka vernd fyrir konur og börn. Starfsfólk sjúkrahúsa sem annast þessa einstaklinga skal njóta virðingar og verndar.

Í Genfarsamningunum er þess farið á leit að Alþjóðaráð Rauða krossins, landsfélög Rauða krossins eða Rauða hálfmánans eða önnur mannúðarsamtök taki að sér þau mannúðarstörf sem aðilar átakanna viðurkenna að séu leyfileg.

Er munur á alþjóðlegum mannúðarlögum (AML) og lögum um mannréttindi?

Já, en saman mynda þau nauðsynlega heild. Í báðum tilvikum er leitast við að vernda einstaklinga gegn hættum og stuðla að manngri reisn, en þau gilda um ólíkar aðstæður og meginsáttmálar

þeirra eru mismunandi. AML gilda á stríðstímum til að draga úr þeim þjáningum sem styrjaldir valda og til að vernda þá sem fallið hafa í óvinahendur. Meginmarkmið AML er að tryggja grundvallarréttindi særðra, veikra og skipreika hermanna, stríðsfanga og almennra borgara. Mannréttindalög gilda bæði á stríðs- og friðartímum en snúast fyrst og fremst um að vernda fólk gegn því að stjórnvöld brjóti á alþjóðlega viðurkenndum borgaralegum, menningarlegum, efnahagslegum, félagslegum og pólitískum réttindum þess.

Hver eru ákvæði AML um barnahermenn?

Mannúðarlög banna að börn taki þátt í átökum en þátttaka barna í hermennsku er enn alvarlegt vandamál víða um heim. AML kveða á um að börn innan 15 ára aldurs skuli ekki taka þátt í hermennsku og að tryggja skuli „að svo miklu leyti sem unnt er“ að þau taki ekki beinan þátt í hernaðaraðgerðum. Við skráningu þeirra sem orðnir eru 15 ára en hafa ekki náð 18 ára aldri skulu aðilar átakanna kappkosta að velja úr þá sem elstir eru (77. grein, I. bókun). Því miður fjölga stöðugt þeim börnum sem gegna hermennsku, annaðhvort að eigin ósk eða með valdbeitingu. Börn sem eiga heima á átakasvæðum, einkum þau sem hafa orðið viðskila við fjölskyldu sína eða hafa einangrast á annan hátt, ganga ef til vill helst til liðs við heri. Börn neyðast oft til að ganga til liðs við vopnaða hópa eða verða barnahermenn til að lifa af.

Hvenær er AML beitt?

AML gilda þegar vopnuð átök (stríð) eiga sér stað milli þjóða (vopnaátök milli ríkja) eða vopnuð átök verða innan einhvers ríkis, eins og í borgarastyrjöldum.

Gilda AML um hryðjuverkaárásirnar 11. september?

Enda þótt 11. september 2001 hafi verið dagur fjölmargra dauðsfalla og mikillar eyðileggingar, líkt og í stríðsátökum, er ekki ljóst hvort AML gildi þar að lútandi. AML gilda þegar vopnuð átök eiga sér stað milli þjóða (vopnaátök milli ríkja) eða vopnuð átök verða innan einhvers ríkis, eins og í borgarastyrjöldum. Hafi samtök hryðjuverkamanna sem starfa á eigin vegum staðið að hinum skelfilegu árásum á almenna borgara í New York og Washington, þá er fremur um hræðilegan glæp að ræða en stríðsaðgerðir sem AML gilda um.

Veita AML konum sérstaka vernd?

Já. Þó að konur njóti sömu lagalegu verndar og karlar viðurkenna Genfarsamningarnir eftirfarandi reglu: „Við meðferð kvenna skal taka fullnægjandi tillit til kynferðis þeirra“. (12. grein fyrsta og annars Genfarsamn., 14. grein þriðja Genfarsamn.) Í því felst að aukin vernd er veitt til að koma til móts við sérþarfir kvenna vegna kynbundins mismunar, heiðurs og æru, meðgöngu og barneigna. Til dæmis skulu konur sem beittar eru frelsisskerðingu, af ástæðum sem rekja má til vopnaðra átaka, vistaðar í sérstökum búðum, aðgreindum frá búðum karla, og lúta beinu eftirliti kvenna. Vernda skal konur „gegn nauðgun, nauðungarvændi og hvers konar annarri árás af kynferðislegum toga“ (fjórði Genfarsamn., 27. grein, einnig 75. og 76. grein 1. bókonar). Við dreifingu hjálpargagna skulu „þungaðar konur, sængurkonur og mæður með reifabörn“ njóta forgangs (70. grein 1. bókonar). Til að fræðast meira um konur í vopnuðum átökum, og það umburðarlyndi sem margar hafa sýnt, er bent á nýlega rannsókn, „Women Facing War“, á slóðinni www.womenandwar.org.

Hvernig vernda AML börn?

AML leggja bann við árásum á óbreytta borgara og kveða á um sérstaka vernd börnum til handa. Allir almennir borgarar skulu njóta verndar gegn lífláti, pyntingum, ránum og gripdeildum, hefndaraðgerðum, eyðileggingu eigna og gíslatöku. Virða skal heiður þeirra, fjölskylduréttindi, trúarbrögð og trúariðkun. Hernámsaðilum ber að leyfa frjálsan flutning á nauðsynlegum matvællum, lyfjum og sjúkragögnum, og að koma upp sjúkrahúsi og vernduðum svæðum fyrir særða, veika og aldraða, og fyrir börn, þungaðar konur og sængurkonur. Sérstök ákvæði gilda einnig um þarfir barna sem hafa orðið viðskila við fjölskyldu sína, sálfélagslegar þarfir þeirra og samskipti við fjölskyldu.

Gera skal ráðstafanir vegna barna undir fimmtán ára aldri sem eru munaðarlaus eða hafa orðið viðskila við fjölskyldur sínar. Þeim skal gert kleift að iðka trú sína og stunda nám.

Er það brot á AML ef almennir borgarar láta lífið í stríði?

Meginmarkmið AML er að vernda almenna borgara. Samkvæmt fjórða Genfarsamningnum ber að vernda almenna borgara gegn lífláti og gera þeim kleift að lifa eins eðlilegu lífi og unnt er öryggisins vegna. Í 1. viðbótarbókun frá 1977 er nánar kveðið á um aukna vernd almennra borgara í alþjóðlegum stríðsátökum. Þó að 1. bókun hafi verið undirrituð í Bandaríkjunum hefur hún ekki enn verið fullgilt þar. Þrátt fyrir það hafa Bandaríkin gefið til kynna að þau muni hlíta þessum ákvæðum, sem eru af mörgum talin vera samsteypa almennt viðurkenndra réttarvenja sem mótaðar hafa verið í gegnum aldirnar.

Grundvallarreglan um greinarmun er sett fram í 48. grein 1. bókunar, en þar segir: „Til þess að tryggja virðingu og vernd gagnvart almenningi og borgaralegum eignum skulu aðilar átakanna ávallt gera greinarmun á almenningi og hermönnum, svo og á borgaralegum eignum og hernaðarlegum skotmörkum, og skulu í samræmi við það beina aðgerðum sínum að hernaðarlegum skotmörkum eingöngu.“ Auk þess sem beinar árásir eru bannaðar, þá banna AML einnig árásir á almenna borgara. Slíkt getur til dæmis átt sér stað þegar liðsmenn herja gera árási á hernaðarskotmörk án þess að gæta að viðtækum neikvæðum afleiðingum þess fyrir almenning (41. grein 1. bókunar).

Þó eru ekki öll dauðsföll almennra borgara ólögleg á stríðstímum. AML lýsa ekki vopnuð átök ólögleg, en leitast þess í stað við að koma á samræmi milli viðurkennds lagaréttar þjóðar til að ráðast á lögleg hernaðarskotmörk í stríði og réttar almenningis á því að njóta verndar gegn áhrifum ófriðar. Vegna þess hvers eðlis stríðsátök eru gera AML með öðrum orðum ráð fyrir tilteknum „fylgiskaða“ sem veldur stundum, því miður, mannfalli meðal almennra borgara.

Dreifiblað 4.1**Sex-þrepa aðferð við lausn á ágreiningsmálum**

1. Þarfir aðila A a) b) c) d)	1. Þarfir aðila B
2. Vandamál skilgreint	
3. Hugmyndir um lausnir a) b) c) d)	
4. Mat á lausnum fyrir aðila A a) b) c) d)	4. Mat á lausnum fyrir aðila B a) b) c) d)
5. Hvaða lausn er best?	
6. Ákveða hvernig og hvenær lausnin verður metin	

Dreifiblað 4.2

Dæmi um ágreining

Ágreiningur 1

Tveir nágrannar eru ósammála um girðingu sem skilur að lóðir þeirra. Annar þeirra vill setja upp nýja girðingu því að hann telur að sú gamla sé orðin léleg. Hann ætlast til að nágranni hans greiði helming kostnaðar fyrir nýja girðingu. Hinn nágranninn er sammála því að girðingin sé orðin léleg en hann vill ekki eyða peningum í nýja. Þó að gamla girðingin sé ekkert augnayndi kemst hundur nágrannans ekki inn á lóðina hans. Auk þess er hann orðinn þreyttur á því að nágranni hans sé alltaf að stinga upp á breytingum sem kosta peninga.

Ágreiningur 2

Foreldrar eru algjörlega ósammála um hvernig bregðast skuli við þegar tveggja ára gamalt barn þeirra er með hávaða á heimilinu. Pabbinn telur að barnið eigi að læra mannasiði og að þá skuli byrja að kenna eins snemma og hægt er. Enn fremur vill hann hafa frið og ró í kringum sig þegar hann á frí þar sem hann sinnir mjög krefjandi starfi. Móðurinni finnst ekki hægt að þagga stöðugt niður í tveggja ára barni að leik eða þegar það grætur því að það fylli barnið reiði og vonleysi og skerði eðlilegan þroska þess.

Dreifiblað 4.3

Fimm dæmi um mannréttindi sem stangast á

Dæmi 1

Max er átta ára strákur sem lenti í alvarlegu slysi og þarf nauðsynlega á blóðgjöf að halda á sjúkrahúsi. En faðir hans bannar það af trúarástæðum. Móðir hans og lækarnir vilja bjarga lífi drengsins.

Dæmi 2

Á sjúkrahúsi eru aðeins fáeinir aðilar að störfum á bráðamóttökunni. Kvöldið hefur verið annasamt og það er aðeins aðstaða til að taka við einum sjúklingi í viðbót sem þarfnast bráðameðferðar. Þar sem líf tveggja einstaklinga er í hættu þurfa lækarnir að taka ákvörðun um hvort veita eigi ungu barni eða virtum kaupsýslumanni meðferð.

Dæmi 3

Gunnar er mikilsvirtur félagi í stjórnmalaflokki sem leggur mikla áherslu á fjölskyldugildi. Blaðamaður sem kemur á flokksskrifstofuna finnur af tilviljun nokkur persónuleg bréf frá X og af þeim getur hann dregið þá óvefengjanlegu ályktun að Gunnar haldi fram hjá konunni sinni. Bláðamaðurinn birtir þessa frétt.

Dæmi 4

Youtchou á heima í þriðja heims landi. Hann er fátækur og getur aðeins uppfyllt grunnþarfir sínar en ekkert meir. Hann langar til að hefja nám en sér engin ráð til þess. Land hans getur ekki veitt honum það sem til þarf þar sem efnahagsástand þar er mjög slæmt og nota þarf allt sem aflögu er til að sinna grunnþörfum íbúanna.

Dæmi 5

Sveitarstjórnin ætlar að reisa nýjan skóla á svæði sem er einn af fáum stöðum þar sem börn geta leikið sér.

Dreifiblað 4.4

Er ofbeldi ásættanlegt í sumum tilvikum?

Dæmi 1

Við mótmæli gegn hnattvæðingu tekur fámennur hópur mótmælenda upp á því að kasta grjóti í aðalbyggingu þekkts alþjóðlegs fyrirtækis. Lögreglumenn sem eru á staðnum sjá hvað er að gerast og reyna að handtaka sökudólgana. Í hita leiksins verður einn lögregluþjónninn fyrir barðinu á fólkinu sem stendur að grjótkastinu og hlýtur alvarlega áverka.

Spurningar:

1. Væri ásættanlegt að lögreglan beitti skotvopnum til að yfirbuga fólkið?
2. Væri ásættanlegt að lögreglan notaði vélbyssur? (Slikt inngríp væri hraðvirkara en ylli örugglega meira mannfalli.)
3. Væri ásættanlegt að lögreglumennirnir biðu þar til þeir gætu skorist í leikinn með því að sprauta vatni á fólkið?
4. Væri ásættanlegt að lögreglan beitti ekki valdi við þessar aðstæður til að forðast að upp úr syði?

Dæmi 2

X-land lýsir stríði á hendur Y-landi því að augljóst er að Y verndar og jafnvel fjármagnar uppreisnarhópa sem vinna gegn X innan landamæra Y. Leyniþjónusta X uppgötvar í hvaða þorpi hópur vel þjálfaðra og vopnaðra uppreisnarmanna dvelur og kemst að því að þeir eru að undirbúa meiri háttar sprengjuárás á mikilvægt iðnaðarsvæði.

Spurningar:

1. Væri ásættanlegt að X-land varpaði sprengjum í stórum stíl á þorpið en gætti þess jafnframt að fáeinir aðilar, þar á meðal íbúar þorpsins, kæmst lífs af?
2. Væri þetta ásættanlegt eftir að uppreisnarmennirnir hefðu fengið afdráttarlausu beiðni um að draga sig í hlé og þorpsbúar hefðu fengið viðvörðun og skýr fyrirmæli um að fjölmenna á íþróttavöllinn þar sem þeim yrði hleypt inn eftir vopnaleyti?
3. Væri ásættanlegt að grípa ekki inn í atburðarásina með valdi? Hvaða aðra kosti getið þið nefnt?

Dæmi 3

X, ungur maður sem starfar sem tæknimaður á sjúkrahúsi, gengur iðulega í skrokk á konunni sinni þegar hann kemur drukkinn heim. Konan hans tilkynnti einu sinni lögreglunni um barsmíðar eiginmannsins, sem hafa stundum alvarlegar afleiðingar. Nágrannakona þeirra, sem komst af tilviljun að þessu, getur nú gert sér í hugarlund hvað gengur á hjá nágrönnunum þegar hún heyrir hróp þeirra og köll.

Spurningar:

1. Ætti nágrannakonan að hafa samband við lögregluna í slíkum tilvikum eða flokkast það undir óviðeigandi afskipti af einkalífi nágrannanna?
2. Ætti lögreglan að hafa afskipti af málum þegar hún fær tilkynningar frá einhverjum um grunsamlegt athæfi?

Dæmi 4

Leó, 13 ára, er grannur og frekar lítill eftir aldri. Hann er oft lagður í einelti af nokkrum eldri strákum þegar hann er úti að leika sér á leikvelli bæjarins. Einhverju sinni svarar hann fyrir sig og segir að þeir eigi ekki alltaf að vera að kvelja sig og að þeir hagi sér eins og vitleysingar sem ekkert kunni eða viti. En stóru strákarnir svara með því að lúberja hann. Vinur Leós sér hvað er að gerast þegar hann kemur inn á leikvöllinn. Nokkrir eldri borgarar sjá líka til þeirra þegar þeir rölta yfir leikvöllinn á leið heim úr matvörubúðinni.

Spurningar:

1. Ætti vinur Leós að skerast í leikinn í þessu tilviki? Hvernig?
2. Ættu eldri borgararnir að skerast í leikinn? Hvernig?
3. Hvað annað leggið þið til?

2. hluti

Ábyrgð

5. kafli

**Réttindi, frelsi og ábyrgð.
Hver eru réttindi okkar og hvernig eru þau varin?**

6. kafli

**Ábyrgð.
Hver er ábyrgð okkar?**

5. KAFLI

Réttindi, frelsi og ábyrgð

Hver eru réttindi okkar og hvernig eru þau varin?



5.1 Óskir, grunnþarfir, mannleg reisin og mannréttindi

Eru það mannréttindi að fá allt sem maður óskar sér?

5.2 Að koma auga á mannréttindabrot

Hvaða mannréttindi eru brotin hér?

5.3 Réttindi og ábyrgð

Hvernig geta réttindi staðist ef ekki er ábyrgð?

5.4 Spurningakeppni um mannréttindi

Hvað eru réttindi? Hver ættu mannréttindi okkar að vera?

5. KAFLI Réttindi, frelsi og ábyrgð

Hver eru réttindi okkar og hvernig eru þau varin?

Mannréttindi snúast annars vegar um þroska mannsins, það er hvernig honum er unnt að njóta hæfileika sinna til fulls í samfélagi við meðborgara sína. Hins vegar lýsa mannréttindi skyldum þjóðríkisins við einstaklingana. Meðal mikilvægra samninga um mannréttindi eru Mannréttinda-yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmáli Evrópu og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Hefð er fyrir því að skipta mannréttindum í flokka – borgaraleg, stjórnálaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi. Þessir flokkar eru oft tengdir þróunaráföngum í sögu mannréttinda og þannig litið á borgaraleg og stjórnálaleg réttindi sem „fyrstu kynslóðina“. Henni hafi fylgt félagsleg og efnahagsleg réttindi, „önnur kynslóðin“, og loks eru menningarleg réttindi og rétturinn til þróunar talin til „þriðju kynslóðar“. Hvað sem líður allri flokkun réttinda er það markmið MLB/MRM að efla sameiginlegan skilning á mannréttindum. Sama áhersla er lögð á alla flokka: borgaraleg, stjórnálaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi. Þannig er MLB/MRM ætlað að sporna gegn þeirri gömlu tilhneigingu að telja sum réttindi mikilvægari en önnur. Hefð hefur verið fyrir því að tengja mannréttindi ríkinu og tengslum þess við einstaklinginn en í MLB/MRM hefur aukin áhersla verið lögð á réttindi hópa og þjóða. Tilraunir til að koma þessum hugmyndum að í MLB/MRM eru mikilvægar fyrir þróun mannréttindanna sjálfra og fyrir þróun nærsamfélaga, þjóðfélaga og samfélaga þjóða.¹⁸

Mannréttindi eru grundvölluð á þremur þáttum: rétthafa, inntaki réttindanna (það sem rétthafinn getur krafist) og handhafa skyldunnar (einstaklingurinn eða stofnunin sem skylt er að verða við kröfunni). Skyldur eru yfirleitt greindar í þrennt:

- Að virða er það að forðast að svipta einstaklinga, beint eða óbeint, réttindum sínum, þar á meðal að forðast að koma á fót stofnanakerfi sem gæti svipt fólk réttindum sínum eða hvatt aðra til hins sama.
- Að verja er að knýja á um þessa virðingu; að hindra þá sem reyna að svipta aðra réttindum – hvort sem um er að ræða opinbera starfsmenn, alþjóðlegar stofnanir, einkafyrirtæki, ráðamenn í samfélaginu, sjálfskipaða löggæslumenn eða ættingja – í að gera það.
- Að uppfylla er að aðstoða þá sem sviptir eru réttindum – þar á meðal þá sem maður ber sérstaka ábyrgð á, þá sem hafa verið sviptir réttindum vegna þess að brugðist hefur að þau hafi verið virt og varin, og þá sem eru fórnarlömb náttúruhamfara. Þessi aðstoð getur falist í lagalegum, fjárhagslegum og réttarfarslegum aðgerðum og öðrum aðgerðum sem tryggja að réttindi séu svo vel varin sem kostur er.¹⁹

Frelsi, sem varið er eins og mannréttindi, er frelsi til hugsana, skoðana og tjáningar, trúfrelsi og frelsi til trúariðkunar, ferðafrelsi innanlands og rétturinn til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum. Önnur borgaraleg réttindi vernda einkalíf einstaklingsins, fjölskyldulíf og réttinn til jöfnuðar fyrir lögunum.²⁰

Mannréttindum fylgir að sjálfsgöðu ábyrgð. Svo að verja megi hver og ein réttindi fylgir þeim samsvarandi ábyrgð, bæði þegnanna og ríkisins. Öllum einstaklingum ber siðferðileg skylda til að virða mannlega reisn annarra. Stjórnvöld taka ekki eingöngu á sig siðferðilega skyldu með því að undirrita alþjóðlega samninga og hlíta eigin stjórnarskrá, heldur einnig lagalega skyldu.

18. Úr „A glossary of terms for education for democratic citizenship“, Karen O’Shea, Council of Europe, DGIV/EDU/CIT (2003) 29

19. Byggt á „Duties sans Frontières. Human rights and global social justice“, International Council of Human Rights Policy.

20. Sama rit.

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun

Í þessum kennslustundum munu nemendur:

- dýpka skilning sinn á eðli mannréttinda: þau eru forsenda þess að allir menn geti lifað með reisn;
- auka þekkingu sína og skilning á alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum;
- verða færari um að átta sig á skerðingu mannréttinda;
- efla skilning sinn á því hvernig þeir geta stuðlað að aukinni virðingu fyrir mannréttindum;
- efla skilning sinn og vitund um ábyrgðina sem fylgir mannréttindum: ábyrgð ríkis og stofnana og einnig eigin siðferðilega ábyrgð.

5. KAFLI Réttindi, frelsi og ábyrgð

Hver eru réttindi okkar og hvernig eru þau varin?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Óskir, grunnþarfir, mannleg reisn og mannréttindi	Að nemendur geti sýnt fram á að mannréttindi eru forsenda þess að allir menn geti lifað með reisn.	Nemendur tengja óskir sínar við grunnþarfir og mannréttindi.	Dreifiblað 5.1. Dreifiblað 5.2 (kennarar athugi að þetta dreifiblað er notað í kaflanum öllum og því þarf það að vera til taks í öðrum kennslustundum).	Hópvinna, bekkjarvinna. Gagnrýnin hugsun.
2. kennslust.: Að koma auga á mannréttindabrot	Að nemendur geti greint brot á mannréttindum.	Athuganir nemenda á mannréttindabrotum.	Dreifiblað 5.3. Dreifiblað 5.2.	Hópvinna eða tveir og tveir saman. Hópumræður.
3. kennslust.: Réttindi og ábyrgð	Að nemendur átti sig á því hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum til að vernda mannréttindi. Að nemendur skilji að mannréttindi tengjast ábyrgð – ábyrgð ríkisins og stofnana, og einnig siðferðilegri ábyrgð þeirra sjálfra.	Nemendur skilgreina þá ábyrgð að vernda mannréttindi, þar á meðal persónulega ábyrgð sína.	Blað og penni. Dreifiblað 5.4. Dreifiblað 5.2.	Hópvinna eða tveir og tveir saman. Gagnrýnin hugsun.
4. kennslust.: Spurningakeppni um mannréttindi	Að nemendur fræðist um alþjóðlega viðurkennd mannréttindi.	Nemendur svara fjölvalsspurningum og ræða hvað svörin hafa í för með sér.	Spjöld handa hverjum nemanda, með lausunum aftan á (dreifiblað 5.5).	Fjölvalsspurningar.

1. kennslustund

Óskir, grunnþarfir, mannleg reisin og mannréttindi

Eru það mannréttindi að fá allt sem maður óskar sér?

Markmið

Að nemendur geti sýnt fram á að mannréttindi eru forsenda þess að allir menn geti lifað með reisin.

Verkefni nemenda

Nemendur tengja óskir sínar við grunnþarfir (sínar) og mannréttindi.

Gögn

Dreifiblað 5.1 (eitt dreifiblað á hverja fjóra eða fimm nemendur).

Dreifiblað 5.2 (eitt dreifiblað á hverja fjóra eða fimm nemendur).

Aðferðir

Hópvinna, bekkjarvinna.

Gagnrýnin hugsun.

Hugtök

Mikilvægt er að geta greint á milli óskar og grunnþarfir. Líta má á grunnþarfir manna, sem verða að vera uppfylltar ef þeim á að vera unnt að lifa með reisin, sem þann grunn sem mannréttindi hafa verið reist á.

Bæta mætti veggspjaldavinnu og hugtakanámi við verkefni þessarar kennslustundar.

Kennslustundin

Kennarinn byrjar á því að upplýsa nemendur um skipulag kennslustundarinnar en ætti að forðast að lýsa meginviðfangsefninu nákvæmlega. Nemendur byrja á því að spyrja sjálfa sig og hverjir aðra um eigin óskir og þarfir – síðar í kennslustundinni komast þeir að því að margt af því telst til mannréttinda. Eftir innganginn (eina eða tvær mínútur) er nemendum síðan skipt í fjögurra til fimm manna hópa og þeim afhent verkefni í tveimur áföngum. Fyrst útskýrir kennarinn verkefni 1 og gerir hverjum hóp grein fyrir næsta skrefi þegar hann hefur lokið því. Þannig er komið til móts við breytilegan námshraða.

- Verkefni 1: Dreifiblað 5.1, Óskir, þarfir og réttindi. Hóparnir búa til lista yfir „efnislegar“ óskir sínar (t.d. „góð máltíð“) í vinstri dálki vinnublaðsins og bæta við að minnsta kosti þremur „óáþreifanlegum“ óskum (t.d. „að vera elskuð“). Síðan íhuga þeir þarfirnar sem þessar óskir tengjast og skrifa þær í miðdálkinn.
- Verkefni 2: Kennarinn afhendir hópunum sem hafa lokið verkefni 1 eitt eintak af dreifiblaði 5.2, Listi yfir mannréttindi, og biður þá að skrifa samsvarandi réttindi í síðasta dálkinn (t.d. „réttur á mat“, „réttur til að sæta ekki mismunun“).
- Verkefni 3: Hópar sem hafa verið fljótir geta byrjað að undirbúa mannréttindaveggspjald með því að velja eina þörfina og samsvarandi réttindi. Þeir þurfa að ræða merkingu hugtakans og skoða það út frá listrænu sjónarmiði og síðan gera þeir drög að veggspjaldi.

Þegar hópvinnumni lýkur getur kennarinn skrifað hugmyndir hópanna á töfluna. Hann setur upp þrjá dálka og biður einn fulltrúa hvers hóps að koma með ósk, þörf og samsvarandi réttindi. Svona er haldið áfram þar til komnar eru allt að tíu óskir, þarfir og réttindi á töfluna (best er að nota flettitöflu því að þá er hægt að festa blöðin á vegg skólafunnar til að minna hópana á umræðurnar).

Þá stýrir kennarinn stuttum hópumræðum og leggur eftirfarandi atriði til grundvallar:

- „Þið hafið komist að því að óskir ykkar og þarfir samsvara hugmyndunum í Mannréttinda-sáttmálanum. Þetta þarf að útskýra!“
- „Sum réttindi í Mannréttinda-sáttmálanum hafa ekki verið til umræðu hjá okkur. Kannski eru þau ekki mikilvæg eða ef til vill falla þau undir önnur réttindi. Hvað sýnist ykkur?“
- „Skoðið þennan lista yfir mannréttindi. Ef þið veltið fyrir ykkur hvað þið þurfið til að lifa sómasamlegu lífi eða hverjar þarfir fólks í öðrum landshlutum, löndum eða heimsálfum eru, hvað vantar þá? Hvaða mannréttindum mynduð þið bæta við?“

Kennarinn lýkur umræðunum með því að benda nemendum á að ekki sé eining um það í heiminum í hverju mannréttindi skuli helst felast. Ein niðurstaðan er þessi: „Mannréttindi eru nauðsynleg ef allir eiga að fá að lifa með reisn.“ Kennarinn biður nemendur síðan að velja fyrir sér fleiri niðurstöðum en þessari. Þetta gæti verið heimaverkefni. Ef mögulegt er ættu nemendur næstu daga að bæta hugmyndum sínum við þær sem fyrir eru á blöðunum sem fest hafa verið á veggina. Þannig getur ferlið haldið áfram.

Viðbótarverkefni gæti verið að biðja nemendur að útbúa veggspjöld um mannréttindi og nota til þess úrklippur úr dagblöðum og tímaritum eða eigin teikningar og myndir. Spjöldin má hafa til skrauts í skólafunni og einnig mætti halda sýningu á þeim.

Kennarinn tekur að síðustu saman hugmyndir og markmið kennslustundarinnar í stuttu máli. Hann gæti jafnvel útskýrt aðleiðsluaðferðina sem var notuð: það er, að byrja á því að kanna persónulega reynslu og hugmyndir og enda á að útskýra hugtakið eða kenninguna.

2. kennslustund: **Að koma auga á mannréttindabrot** **Hvaða mannréttindi eru brotin hér?**

Markmið

Að nemendur geti greint brot á mannréttindum.

Verkefni nemenda

Athuganir nemenda á mannréttindabrotum.

Gögn

Eitt dreifiblað 5.3 á hverja tvo nemendur.

Eitt dreifiblað 5.2 á hverja tvo nemendur.

Aðferðir

Hópvinna eða tveir og tveir saman.

Hópumræður.

Ábending

Mannréttindabrot eru framin daglega um allan heim. Með því að skoða raunveruleg dæmi úr fortíð eða nútíð fá nemendur skýrari og nákvæmari mynd af því um hvað mannréttindi snúast.

Kennslustundin

Kennslustundin hefst á umræðum um verkefni og niðurstöður síðasta tíma. Veggspjöldin eru kynnt og niðurstöður bornar saman. Einnig er hægt að skrifa tillögurnar á blöð og festa á vegg skólafestunar ásamt veggspjöldunum ef það þykir henta.

Nemendur vinna nú tveir og tveir saman. Þeir fá afhent eintak af dreifiblaði 5.3, Mannréttindabrot, og dreifiblaði 5.2, Listi yfir mannréttindi.

Listanum yfir mannréttindabrot er síðan skipt milli paranna; til dæmis gæti par 1 fengið a–d, par 2 e–j o.s.frv.

Best er að skipta listanum þannig að fleiri en eitt par nemenda skoði hvern flokk brota.

Nemendur lesa og ræða dæmin um mannréttindabrot. Þeir reyna síðan að komast að niðurstöðu um það hvaða réttindi á réttindalistanum hafi verið brotin eða skert; til dæmis eru það réttindi nr. 10 sem eru brotin í dæmi a.

Svörin eru rædd í kennslustundinni. Kostir þess að láta fleiri en eitt par fást við sama dæmi felast í því að ef skoðanir eru skiptar er hægt að leiða umræður með nokkrum stuttum spurningum:

- Hvernig komust þið að niðurstöðu?
- Fengu svör hinna ykkur til að breyta svari ykkar? Ef svo er, hvað sannfærði ykkur? Hvers vegna?

Tilgangurinn með þessari umræðu er að kanna sum dæmin og svörin en gera ekki endilega ráð fyrir að aðeins finnist eitt rétt svar.

Aukaverkefni

Ef tími er til í lok kennslustundarinnar getur kennarinn spurt nemendur hvert þessara tilteknu dæma þau telji alvarlegast. Út frá sumum dæmanna sem voru gefin mætti spyrja nemendur:

- Hvernig liði ykkur í þessum sporum?
- Hvernig mynduð þið bregðast við?
- Hvað vilduð þið að aðrir gerðu?

Slíkar spurningar geta vakið nemendur til umhugsunar um að öðrum sé skylt að bregðast við til varnar mannréttindum.

Dreifiblað 5.3: Dæmi um brot á mannréttindum

Eintak kennara með lausnum

Brot eða skerðing á mannréttindum	Mannréttindi brotin
a. Ekkjan X, sem fyrir nokkrum árum missti dóttur sína og eiginmann í bílslysi, gat ekki gifst öðrum manni nema mágur hennar gæfi henni afdráttarlaust leyfi.	10
b. Fangaverðirnir notuðu hunda til að hræða og niðurlægja fanga og hótuðu þeim árásum og í einu tilviki létu þeir hunda bíta fanga.	2
c. Í verksmiðju einni verða verkamennirnir að vinna stanslaust minnst 10 klukkustundir á dag.	21
d. Síðan mennirnir þrír voru handteknir hafa þeir átt erfitt með að fá aðstoð lögmanna. Það gerðist margsinnis að lögmennirnir komu en fengu ekki að hitta þá. Mennirnir fengu ekki að ræða allir saman við lögmenn sína og það varð til þess að tveir þeirra fengu ekki að hitta lögmann sinn.	5
e. Konan, sem gegndi nákvæmlega sama starfi og var á sama aldri og með sömu reynslu og karlkyns vinnufélagi hennar, fékk lægri laun en hann.	7
f. X nam Y á brott, hafði hann í haldi í þrjá daga og skaut hann loks í höfuðið svo að hann dó þremur dögum síðar.	1
g. Tekin var mynd af konunni X, sem var eiturlyfjafíkill, þegar hún var að koma af AA-fundi. Seinna var myndin birt opinberlega.	9
h. Kona, sem hafði sætt ofbeldi eiginmanns síns, gat ekki fengið skilnað fyrr en hún hafði eftirlátið honum húsið sitt, bílinn og allar eigur sínar. Hún stóð uppi allslaus.	11
i. X var með lífshættulega lungnabólgu en fékk ekki neina lækni meðferð á spítala því að hún hafði komið ólöglega inn í landið.	18
j. Sjötíu prósent íbúa á svæði X voru neydd til að flytjast brott og voru síðar hindruð í að snúa aftur heim. Fólkið fékk ekki að fara úr búðunum sem það dvaldi í út á nálæga akra til ræktunarstarfa og víða var því bannað að komast leiðar sinnar.	12
k. Svartir Afríkumenn voru keyptir í Afríku fyrir til dæmis viskiflösku og seldir í Norður-Ameríku fyrir 1200 til 1500 Bandaríkjadali.	3
l. Í landinu X hefur allri lífsbjörg innfæddra verið eytt með vilja: uppskeru, vatni og búpeningi.	17
m. Í landinu X er hægt að halda þegnunum í fangelsi án ákæru.	4
n. Tuttugu og sex ára blaðamaður var skotinn til bana í árás sem talið er að hafi verið hefnd fyrir umfjöllun hans um nýafstaðna kosningabaráttu.	15
o. Maðurinn X var kvaddur í herinn. Hann skrifaði hernaðarmálaskrifstofunni og skýrði frá því að samvisku sinnar vegna gæti hann ekki gegnt herþjónustu og neitaði því að skrá sig í herinn. Hann var ákærður fyrir óhlýðni og var bannað að fara úr landi.	14
p. Í landinu X er þeim sem aðhyllast Falun Gong bannað að koma saman.	16
q. Ráðandi þjóðernismeirihluti úrskurðaði að þeir sem tilheyrðu minnihlutahópum, svo sem gyðingar og rómafólk, skyldu búa á tilteknum svæðum í bænum.	25

Brot eða skerðing á mannréttindum	Mannréttindi brotin
r. Börnin sem eiga heima í þorpinu geta ekki gengið í grunnskóla því að enginn slíkur skóli fyrirfinnst í hæfilegri fjarlægð.	19
s. X gat ekki boðið sig fram í þingkosningum því að trúaryfirvöld landsins samþykktu það ekki.	23
t. Þar sem X er svartur fær hann ekki vinnu sem læknir á sjúkrahúsinu.	20
u. Í sumum löndum hefur bágstätt fólk engan aðgang að mat eða húsnæðiskerfi og á ekki kost á heilbrigðisþjónustu á viðráðanlegu verði.	26
v. Maðurinn X átti hús sem brann til grunna og gat ekki gert neina kröfu um bætur.	6
w. X, 47 ára gömul kona, sem hefur alltaf verið heimavinnandi húsmóðir og á fimm börn, missir allar almannatryggingabætur um leið og hún skilur við manninn sinn.	22
x. X, sem er tveggja barna faðir, var fangelsaður og pyntaður í landinu X fyrir að hafa ort ljóð þar sem stjórnvöld voru gagnrýnd. Umsókn hans um pólitískt hæli í landinu A var hafnað. Hann hélt því fram að pyntingar biðu hans ef hann sneri heim en þangað verður hann nú að fara.	13
y. Af svokölluðum hagkvæmnisástæðum er líkamlega fötluðu fólki, svo sem notendum hjólastóla, ekki leyft að sækja menningarviðburði í leikhúsinu.	24
z. Þeir sem sækja um ríkisborgararétt í landinu X þurfa að hafa verið búsettir í fimmtán ár í landinu og leggja fram vottorð um andlegt og líkamlegt heilbrigði auk þess að greiða óhóflega hátt umsýslugjald. Afleiðingin er sú að þúsundir rómafólks, sem eiga sér langa sögu í landinu, eru án ríkisfangs í eigin landi.	8

3. kennslustund

Réttindi og ábyrgð

Hvernig geta réttindi staðist ef ekki er ábyrgð?

Markmið

Að nemendur átti sig á því hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum til að vernda mannréttindi.

Að nemendur átti sig á því að mannréttindi tengjast ábyrgð – ábyrgð ríkisins og stofnana og einnig siðferðilegri ábyrgð þeirra sjálfra.

Verkefni nemenda

Nemendur skilgreina þá ábyrgð að vernda mannréttindi, þar á meðal persónulega ábyrgð sína.

Gögn

Blað og penni.

Eitt dreifiblað 5.4 á hverja tvo nemendur.

Eitt dreifiblað 5.2 á hverja tvo nemendur.

Aðferðir

Tveir og tveir vinna saman eða unnið er í hópum.

Gagnrýnin hugsun.

Ábendingar

Mannréttindi verða aldrei virt ef enginn einstaklingur eða stjórnvald ábyrgist að fólk fái notið þeirra. Þó að stjórnvöld hafi aðallega skyldum að gegna hvað þetta varðar er bráðnauðsynlegt að aðrar stofnanir og einstaklingar vinni að framgangi og vernd mannréttinda. Hverjum einasta manni ber siðferðileg skylda til að hlúa að menningu þar sem gildi mannréttinda eru vegvísir um daglega breytni okkar.

Viðbótarverkefni gæti verið kynning á hugmyndinni um jákvæð og neikvæð réttindi og verkefnavinna í framhaldi af því.

Kennslustundin

Nemendur vinna tveir og tveir saman. Mikilvægt er að fjöldi paranna í skólastofunni sé jöfn tala.

Hvert par fær blað og penna og er beðið að skrifa þar þrenn mikilvæg réttindi sem því finnst að ættu að gilda í skólanum og þrenn mikilvæg réttindi sem því finnst að ættu að gilda heima fyrir. Dæmi gætu verið þau réttindi að þurfa ekki að skila of mikilli heimavinnu eða rétturinn til að fá vasapeninga.

Þegar þessu er lokið afhendir kennarinn hverju pari dreifiblað 5.4 („Réttindi og ábyrgð“) og 5.2 („Listi yfir mannréttindi“). Nemendur eru síðan beðnir að skoða listann yfir mannréttindi og ræða hvaða réttindi samsvara best réttindunum sex sem þeir hafa skrifað á blaðið.

Þegar þeir hafa komið sér saman um þetta skrifa þeir réttindin sex í fyrsta dálkinn á dreifiblaði 5.4. Nú getur kennarinn spurt nemendur hvort þeir þurfi einhverja útskýringu á réttindunum sem þeir skrifuðu upp.

Þegar búið er að fylla út fyrsta dálkinn útskýrir kennarinn fyrir nemendum að öllum réttindum fylgi samsvarandi ábyrgð og gefur eftirfarandi dæmi: „Tjáningarfrelsið takmarkast af þeirri ábyrgð að fara ekki með ósannindi sem gera lítið úr öðrum einstaklingi og vanvirða reisin hans og mannröð.“ Kennarinn getur einnig útskýrt að tengslin milli réttinda einstaklings og þeirrar skyldu hans að virða réttindi annars fólks merki að í reynd séu nokkrar hömlur á réttindum okkar. Við ýmsar aðstæður geti réttindi og skyldur fólks stangast á. Í skólanum geti til dæmis rétturinn til menntunar stangast á við réttinn til leikja og tómsunda þegar sumir nemendur vilja læra en aðrir vilja helst bara leika sér. Auk þess beri skólinn ábyrgð á því að nemendum sé kennt og þeir menntaðir og að réttur kennaranna til mannsæmandi starfsaðstæðna sé virtur (til dæmis að þeir þurfi ekki að vinna í óhóflegum hávaða).

Kennarinn biður nú hvert par að skiptast á listum við annað par. Nýja parið þarf nú að ræða dæmi um tvö konar ábyrgð sem tengist réttindunum sem hitt parið tilgreindi (sjá dæmi hér á eftir):

- **Annars vegar:** þá skyldu einstaklinga að tryggja að aðrir geti notið réttindanna (þetta ætti að skrifa í annan dálkinn).
- **Hins vegar:** þá skyldu (þar sem um slikt er að ræða) stjórnvalda (svo sem skólastjórnenda eða sveitarstjórna) að tryggja þessi réttindi. Þetta ætti að skrifa í þriðja dálkinn. Til dæmis þá skyldu allra einstaklinga að virða friðhelgi dagbóka sem aðrir eiga; þá ábyrgð skólans að ekki sé leitað í eignum einstaklings að óþörfu (að dagbók hans sé ekki lesin þegar verið er að leita að stolinni reiknivél í skólastofunni).

Mannréttindi (í skólanum, heima)	(Siðferðileg) skylda einstaklingsins	Skylda skólans, yfirvalda o.s.frv.
Rétturinn til friðhelgi einkalífs	Að skoða ekki annarra manna dagbækur	Að lesa ekki dagbók nemenda þegar verið er að leita í eignum þeirra vegna þjófnaðarmáls

Kennarinn getur síðan beðið hvert par að segja hinum í bekknum frá einum réttindum og samsvarandi skyldu á listum sínum.

Þar sem áhersla þessarar kennslustundar er á ábyrgð og skyldur getur kennarinn teiknað tvo dálka á töfluna, annan fyrir skyldur einstaklinganna, hinn fyrir skyldur stjórnvalda, og síðan má skrifa dæmin sem nemendur gefa á töfluna. Kennarinn getur lokið kennslustundinni á því að fara yfir skyldurnar og biðja nemendur að gera athugasemdir við listana.

Aukaverkefni

Ef tíminn leyfir eða kennari vill bæta við umfjöllun um jákvæð og neikvæð réttindi og verkefnavinnu mætti fara þannig að:

Kennari getur byrjað á því að útskýra hvernig mannréttindi eru stundum flokkuð í „neikvæð réttindi“ og „jákvæð réttindi“.

„Neikvæð réttindi“ eru réttindi sem banna eða fyrirbjóða eitthvað sem er óþægilegt eða vont (svo sem bann við pyntingum). „Jákvæð réttindi“ eru réttindi sem beinlínis krefjast þess að einhver geri eitthvað eða fái eitthvað gert (til dæmis rétturinn til fæðis: allir eiga rétt á viðunandi fæði). „Neikvæð réttindi“ krefjast ekki sérstakra ráðstafana en „jákvæð réttindi“ kalla á það að einstaklingar og stjórnvöld geri ýmsar ráðstafanir til að tryggja þessi réttindi.

Kennarinn útskýrir einnig hvernig flest mannréttindi hafa bæði neikvæðar og jákvæðar hliðar. Til dæmis merkir rétturinn til að sæta ekki pyntingum að stjórnvöld megi ekki misþyrma fólki sem haft er í haldi en einnig að stjórnvöld verði að gefa lögreglunni skýr fyrirmæli þar að lútandi.

Nemendur eru beðnir að skoða aftur listana sína yfir mannréttindi og velja þrenn. Síðan eiga þeir að leita að dæmum um eitthvað jákvætt eða neikvætt sem þeir hafa upplifað til að lýsa sinni eigin siðferðilegu ábyrgð. Síðan ættu þeir að leita að öðrum dæmum, í þetta sinn til að sýna ábyrgð skólans, yfirvalda sveitarfélagsins eða stjórnvalda í landinu. Í þessum tilgangi geta þeir sett plús- eða mínusmerki við skyldurnar sem þeir velja, sjá dæmið hér á eftir.

Mannréttindi (í skólanum, heima)	(Siðferðileg) skylda einstaklingsins	Skylda skólans, yfirvalda o.s.frv.
Rétturinn til friðhelgi einkalífs (= dæmi)	(+)	(+) Að gæta þess að óviðkomandi geti ekki skoðað ferilskrá nemenda
	(-) Að lesa ekki dagbók einhvers annars í leyfisleysi	(-) (skólinn) Að leita ekki í eignum nemenda nema það sé bráðnauðsynlegt (-) (rikið) Að fyrir hendi sé löggjöf sem verndar einkalíf einstaklinga

Ef kennarar vilja nota þetta verkefni sem inngang að verkefnavinnu geta þeir beðið nemendur að velja einhver mannréttindi sem fjallað verður nánar um næstu vikur eða mánuði. Nemendur setja síðan upp áætlun þar sem þeir koma sér saman um aðalmarkmiðið og hvað þurfi að gera. Þeir ákveða einnig hvenær hvaða verki þarf að vera lokið og hver skuli sjá um hvað.

Áætlun

Aðalmarkmið:		
Hvað þarf að gera?	Hverjir eiga að sjá um það?	Hvenær þarf þetta að vera tilbúið?

Í næstu kennslustundum þarf að fylgja áætluninni eftir og meta í lokin hvernig til hefur tekist.

4. kennslustund

Spurningakeppni um mannréttindi

Hvað eru réttindi? Hver ættu mannréttindi okkar að vera?

Markmið

Að nemendurnir læri um alþjóðlega viðurkennd mannréttindi.

Verkefni nemenda

Nemendur svara fjölvalsspurningum og ræða hvað svörin hafa í för með sér.

Gögn

Spjöld handa hverjum nemanda, með lausnunum aftan á (dreifiblað 5.5).

Aðferð

Fjölvalsspurningar.

Ábendingar

Þó að mannréttindi séu lifandi hugtak og þar af leiðandi í stöðugri þróun er inntak þeirra og umfang skilgreint í alþjóðalögum. Spurningakeppnin um mannréttindi sem hér fer á eftir, og ekki ætti að nota sem próf í þekkingu, fær nemendur til að átta sig á því á hvaða stigi við erum núna í mannréttindamálum. Hún ætti einnig að stuðla að því að lagaramminn á sviði mannréttinda sé ekki mistúlkaður.

Áður en kennslustundin hefst ætti kennarinn að merkja við hvort spurningarnar tengjast samningum á vegum SP eða Evrópuráðsins. Einnig gæti verið gagnlegt að byrja á stuttri útskýringu á orðum og hugtökum sem eru notuð, svo sem SP, Evrópuráðið (sem ekki má rugla saman við leiðtogaráðið í Evrópusambandinu), mannréttindi, þjóð/ríki, mismunun, dómari eða réttarhald.

Kennslustundin

Kennarinn byrjar á því að útskýra fyrir nemendum að tilgangur spurningakeppninnar sé ekki að prófa þekkingu þeirra heldur auka skilning þeirra á mannréttindum með leik.

Nemendur búa spjöldin til sjálfir með því að klippa út miðana með spurningum og svörum. Þeir líma síðan bakhliðarnar saman til að hafa spurningar og svör á sama spjaldi.

Nemendur setjast síðan saman í litlum hópum (eða tveir og tveir) og spyrja hver annan spurninga. Hver hópur nemenda fær síðan spjaldabunkann. Við hverri spurningu eru þrjú möguleg svör, A, B eða C. Nemendur velja það sem þeir telja rétta svarið við hverri spurningu. Bent skal á að stundum geta réttu svörin verið fleiri en eitt því að mannréttindi eru lifandi hugtak í stöðugri þróun og það gefur tilefni til mismunandi túlkunar.

Ráðlegt er að ræða svörin af og til við allan bekkinn. Því verður þessi kennslustund ekki einföld spurningakeppni sem byggð er á þekkingu. En mikilvægt er að vera búinn undir almenna umræðu með því að tileinka sér einnig staðreyndir um mannréttindi.

Spurningar og svör

Sjá einnig dreifiblað 5.5. Kennarinn eða hópur nemenda útbýr nægan fjölda spjaldabunka með því að klippa út miðana með spurningum og svörum, brjóta þá saman og líma.

<p>Barnavinna 17 ára og yngri:</p> <p>A. Er alltaf brot á réttindum barnsins.</p> <p>B. Er brot á réttindum barnsins ef vinnan er skaðleg.</p> <p>C. Er í lagi ef stjórnvöld hafa ákveðið að lágmarks-vinnualdur sé undir 17.</p>	<p>Barnavinna 17 ára og yngri:</p> <p>C er rétt. Barnasáttmálinn bannar barnavinnu ef hún er hættuleg eða telst vera einhvers konar misneyting en leyfir stjórnvöldum að ákveða upp að hvaða aldri bannið skuli gilda. Mikill þrýstingur er á að settar verði strangari skorður við vinnu barna.</p>
<p>Samkvæmt alþjóðlegum samningum sem tengjast réttinum á vatni:</p> <p>A. Eru stjórnvöld skyldug til að sjá þegnum fyrir hreinu og heilnæmu vatni.</p> <p>B. Mega stjórnvöld ekki gera upp á milli þegnanna hvað varðar útvegum vatns.</p> <p>C. Mega stjórnvöld ekki neita þegnum um aðgang að vatni.</p>	<p>Samkvæmt alþjóðlegum samningum sem tengjast réttinum á vatni:</p> <p>Samkvæmt túlkun efnahags- og félagsmálanefndar SP eru svör B og C rétt en A ekki. Stjórnvöld eiga að stefna að því að rétturinn til vatns sé uppfylltur en þegnarnir geta ekki krafist hans sem slíks.</p>
<p>Dauðarefsing:</p> <p>A. Er almennt bönnuð um heim allan.</p> <p>B. Hefur verið afnumin með lögum eða lagaframskræmd í meira en helmingi allra landa.</p> <p>C. Er ekki leyfð þegar í hlut eiga ungmenni undir átján ára aldri.</p>	<p>Dauðarefsing:</p> <p>Svör B og C eru rétt en A ekki. Dauðarefsing er ekki afdráttarlaust bönnuð í samningum SP og ekki heldur í Mannréttinasáttmála Evrópu, en í hvorum tveggja er hún bönnuð í valfrjálsri bókun. Bókun 6 (afnám dauðarefsingar á friðartímum) og Bókun 13 (undantekningarlaust afnám dauðarefsingar) við Mannréttinasáttmála Evrópu hafa báðar verið undirritaðar og/eða fullgiltar í mörgum ríkjum.</p>

<p>Efnahagsleg og félagsleg réttindi:</p> <p>A. Eru ekki raunveruleg mannréttindi.</p> <p>B. Ekki er ætlast til þess af ríkjum að allir menn fái að njóta þessara réttinda til fulls.</p> <p>C. Eru réttindi sem allir evrópskir einstaklingar geta krafist.</p>	<p>Efnahagsleg og félagsleg réttindi:</p> <p>B er rétt. Opinberlega eru efnahagsleg og félagsleg réttindi raunveruleg mannréttindi en rétt er að sú skylda að viðurkenna þau er ekki nærri því eins rík og þegar um er að ræða ýmis borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi gerir ráð fyrir að ríki stefni að því að þau séu uppfyllt en ekki fyrirfinnst neitt evrópskt kerfi sem gerir einstaklingum kleift að leggja fram kæru (þó að valfrjáls bókun heimili stofnunum að gera það með vissum takmörkunum).</p>
<p>Samkvæmt ákvæðunum um rétt til menntunar:</p> <p>A. Mega einstaklingar og hópar opna skóla, svo framarlega sem þeir uppfylla lagaleg lágmarksskilyrði.</p> <p>B. Eru engar skuldbindingar varðandi námsefni.</p> <p>C. Eru stjórnvöld skyldug til að sjá öllum ungmennum undir 18 ára aldri fyrir grunnmenntun.</p>	<p>Samkvæmt ákvæðunum um rétt til menntunar:</p> <p>Er A rétt en ekki B og C. Alþjóðasamningar, svo sem Barnasáttmálinn, kveða á um að fræða skuli börn um mannréttindi.</p>
<p>Rétturinn til að vera viðurkenndur sem flóttamaður:</p> <p>A. Á við um fólk sem hefur rökstudda ástæðu til að óttast ofsóknir vegna kynþáttar, trúar eða pólitískrar skoðunar og hefur flúið land sitt af þeim sökum.</p> <p>B. Á líka við um fólk sem hefur flúið land sitt vegna borgarastríðs eða hungursneyðar.</p> <p>C. Honum mega stjórnvöld sjálfkrafa hafna ef sá sem sækir um hæli sem flóttamaður er frá landi sem talið er vera öruggt.</p>	<p>Rétturinn til að vera viðurkenndur sem flóttamaður:</p> <p>A er rétt en B ekki (þó að í sumum löndum geti fólk sem hefur flúið land sitt vegna borgarastríðs eða hungursneyðar fengið vernd án þess að litið sé á það sem flóttamenn í skilningi alþjóðasamninga). C á ekki við um flóttamenn samkvæmt Genfarsáttmálanum en ákvæðinu er víða beitt innan Evrópusambandsins gagnvart hælisleitendum.</p>
<p>Trúfrelsi:</p> <p>A. Má ekki neita fólki um vegna þess að það tilheyrir trúfélagi minnihlutahóps.</p> <p>B. Skuldbindur ríki til að viðurkenna trúarbrögð og styrkja þau fjárhagslega.</p> <p>C. Má ekki takmarka á neinn hátt af hálfu ríkis.</p>	<p>Trúfrelsi:</p> <p>A er rétt. Ríki eru skyldug til að virða trúfrelsi en þeim ber ekki skylda til að styðja nein trúarbrögð fjárhagslega eða á annan hátt. Ríki geta takmarkað trúfrelsi, til dæmis ef trúin stríðir gegn grundvallarmannréttindum.</p>
<p>Eignarrétturinn:</p> <p>A. Merkir ekki að stjórnvöld geti ekki tekið eign af einhverjum ef almannahagsmunir eru í húfi.</p> <p>B. Brotið er gegn eignarréttinum ef heilt þorp er lagt í eyði, án sanngjarnra bóta, til að byggja þar vatnsorkuver.</p> <p>C. Leyfir manni að líta á verðmæti sem hann hefur stolið sem sína eign.</p>	<p>Eignarrétturinn:</p> <p>Svör A og B eru rétt. C er greinilega rangt.</p>

<p>Kosningar:</p> <p>A. Allir þegnar mega kjósa, jafnvel þótt þeir hafi misst borgaraleg réttindi sökum glæpsamlegrar háttsemi.</p> <p>B. Tvö atkvæði á mann mega gilda fyrir þá kjósendur sem eru atvinnurekendur.</p> <p>C. Kosningarnar verða að vera leynilegar.</p>	<p>Kosningar:</p> <p>Aðeins C er rétt. Ríki getur hindrað að einstaklingar sem hafa misst borgaraleg réttindi sín fái að kjósa. Jöfn réttindi til handa öllum sem hafa kosningarétt eru alþjóðleg regla.</p>
<p>Tjáningarfrelsi:</p> <p>A. Má takmarka til að verjast ófrægingu.</p> <p>B. Er ekki hægt að takmarka af almennum siðgæðisástæðum.</p> <p>C. Má takmarka til að koma í veg fyrir trúarlega forðoma.</p>	<p>Tjáningarfrelsi:</p> <p>Svör A og C eru rétt. Tjáningarfrelsi má, undir vissum kringumstæðum, takmarka vegna almenns siðgæðis, til að koma í veg fyrir glæpi, til að vernda heilbrigði eða til varnar ófrægingu, ef svo er mælt fyrir um í lögum.</p>
<p>Rétturinn til vinnu:</p> <p>A. Skuldbindur ríki til að sjá öllum þegnum fyrir störfum.</p> <p>B. Merkir að engan má reka að geðþótta.</p> <p>C. Merkir ekki að stjórnvöld verði að reyna að tryggja fulla atvinnu.</p>	<p>Rétturinn til vinnu:</p> <p>Aðeins B er rétt. Í Evrópu ber ríkjum að reyna að tryggja fulla atvinnu en ekki er kveðið á um þetta í samningum SP.</p>
<p>Rétturinn á heilsusamlegu umhverfi:</p> <p>A. Bannar ríkjum að losa eitraðan úrgang sem spillir jarðveginum til frambúðar.</p> <p>B. Merkir að vernda skuli menn, dýr og gróður.</p> <p>C. Hefur ekki enn verið staðfestur sem almennur réttur.</p>	<p>Rétturinn á heilsusamlegu umhverfi:</p> <p>C er rétt, þó að rétturinn til heilbrigðis verndi menn gegn skaða sem rekja má beint til mengunar. Í þeim tilvikum eru aðeins menn almennt verndaðir, ekki dýr eða gróður. Mannréttindasáttmáli Afriku og Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallar-réttindi, sem ekki hafa almennt gildi, kveða að vissu leyti á um rétt til heilsusamlegs umhverfis.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til menntunar:</p> <p>A. Má ekki innheimta skólagjöld fyrir grunnskólabörn, aðeins má krefjast gjalds fyrir ferðir í og úr skóla og námsbækur.</p> <p>B. Er ríkið skyldugt til að reyna að hjálpa sem allra flestum nemendum að ná góðum árangri í námi.</p> <p>C. Eiga ríki að gefa öllum nemendum jöfn tækifæri til menntunar.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til menntunar:</p> <p>Er B og C rétt (kveðið er á um þessar skyldur í Barnasáttmálanum). Meginreglan er að grunnskólamenntun verði að vera ókeypis, og þar er ekki einungis átt við skólagjöld, heldur annan óbeinan kostnað sem tengist nauðsynlegu skólustarfi.</p>
<p>Refsingar í skólum:</p> <p>A. Leyfast ekki ef um er að ræða líkamlega refsingu.</p> <p>B. Eru ekki bannaðar ef refsingin felst í andlegri grimmd.</p> <p>C. Þeim má aðeins beita ef foreldrar samþykkja það.</p>	<p>Refsingar í skólum:</p> <p>A telst vera rétt því að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur margsinnis ályktað að líkamleg refsing sé brot gegn Mannréttindasáttmála Evrópu (og þetta er í samræmi við túlkun Barnaréttarnefndarinnar á Barnasáttmálanum). B er rangt því að bannið tekur til allra grófra refsinga. Hvað varðar C, þá er hvergi kveðið á um það að refsing sé beinlínis háð samþykki foreldra.</p>

<p>Í skólanum:</p> <p>A. Ætti ekki að gefa umhverfismálum neinn gaum.</p> <p>B. Ætti að kenna börnum að virða foreldra sína.</p> <p>C. Ættu börn að læra um mannréttindi og kynnst mannréttindum.</p>	<p>Í skólanum:</p> <p>Svör B og C eru rétt. Í Barnasáttmálanum eru slík ákvæði. Sáttmálinn kveður einnig á um að með menntun skuli stefnt að virðingu fyrir umhverfinu.</p>
<p>Fyrir dómi:</p> <p>A. Eiga allir afbrotamenn rétt á aðstoð lögmanns.</p> <p>B. Er einungis hægt að sakfella fólk ef það hefur játað.</p> <p>C. Á hinn ákærði rétt á ókeypiss þjónustu túlks ef hann kann ekki tungumálið sem notað er fyrir dóm-inum.</p>	<p>Fyrir dómi:</p> <p>Svör A og C eru rétt.</p>
<p>Pyntingar:</p> <p>A. Eru leyfilegar ef þeim er beitt til að hindra hryðju-verkaárásir.</p> <p>B. Eru aðeins leyfðar að fengnu samþykki dómara.</p> <p>C. Eru aldrei leyfðar.</p>	<p>Pyntingar:</p> <p>C er rétt (pyntingar leyfast ekki einu sinni þó að þjóðaröryggi sé í húfi).</p>
<p>Rétturinn til lífs er brotinn ef:</p> <p>A. Maður deyr í slysi sem má rekja til þess að lög-regla hafi verið að forða öðrum frá lífshættulegri árás.</p> <p>B. Maður deyr af völdum stríðsátaka, jafnvel þó að þau hafi verið lögleg.</p> <p>C. Maður deyr eftir ónauðsynlega valdbeitingu lög-reglu.</p>	<p>Rétturinn til lífs er brotinn ef:</p> <p>C er rétt. Í dæmi A væri rétturinn til lífs brotinn ef lögregla beitti meira valdi en ýtrasta nauðsyn krefði.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til húsnæðis:</p> <p>A. Eru öll ríki skyldug til að tryggja að enginn sé heimilislaus.</p> <p>B. Ætti útlendingum að bjóðast sama aðgengi að fé-lagslegu húsnæði og þegnum landsins.</p> <p>C. Ætti ríkið að sjá til þess að færri fólk sé heimil-islaut.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til húsnæðis:</p> <p>Svör B og C eru rétt.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til heilbrigðisþjónustu:</p> <p>A. Eru stjórnvöld ekki skyldug til að koma í veg fyrir vinnuslys.</p> <p>B. Skulu allir hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu.</p> <p>C. Skulu lyf vera ókeypis.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til heilbrigðisþjónustu:</p> <p>B er rétt. Varnir gegn vinnuslysum teljast vera skylda. Selja má lyf.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til ferðafrelsis:</p> <p>A. Má af öryggisástæðum banna manni að velja sér tiltekið aðsetur.</p> <p>B. Er það mannréttindabrot að synja manni, sem ekki hefur gerst sekur um glæp, um vegabréfsáritun.</p> <p>C. Má setja afbrotamann í fangelsi.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til ferðafrelsis:</p> <p>Svör A og C eru rétt. Synja má hverjum sem er um vegabréfsáritun, ekki aðeins afbrotamönnum. Einnig má takmarka ferðafrelsi í þágu heilbrigðis almennings, allsherjarreglu eða þjóðaröryggis, ef lög kveða á um slíkt.</p>

Dreifiblað 5.1.
Óskir, þarfir og réttindi

Óskir	Grunnþarfir	Mannréttindi

Dreifiblað 5.2

Listi yfir mannréttindi

Þetta er listi yfir mannréttindi sem tilgreind eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi, Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, Mannréttindasáttmála Evrópu og endurskoðuðum Félagsmálasáttmála Evrópu.

1. Réttur til lífs.
2. Réttur til að sæta ekki pyntingum.
3. Réttur til að vera ekki haldið í þrældómi.
4. Réttur til frelsis og mannhelgi.
5. Réttur til sanngjarnrar málsmeðferðar.
6. Réttur á raunhæfu úrræði ef réttindi eru brotin.
7. Réttur til að sæta ekki mismunun; jafnrétti.
8. Réttur til þess að vera viðurkenndur að lögum; réttur til ríkisfangs.
9. Réttur til einkalífs og fjölskyldulífs.
10. Réttur til að stofna til hjúskapar.
11. Eignarréttur.
12. Réttur til að vera frjáls ferða sinna.
13. Réttur til að njóta griðlands.
14. Réttur til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar.
15. Tjáningarfrelsi.
16. Funda- og félagafrelsi.
17. Réttur til matar, drykkjar og húsnæðis.
18. Réttur til heilbrigðisþjónustu.
19. Réttur til menntunar.
20. Réttur til atvinnu.
21. Réttur til hvíldar og tómsunda.
22. Réttur til félagslegrar verndar.
23. Réttur til þátttöku í stjórnámálum.
24. Réttur til að taka þátt í menningarlífi.
25. Bann gegn mannréttindabrotum.
26. Réttur til samfélagsskipulags sem viðurkennir mannréttindi.
27. Ábyrgð og skyldur einstaklingsins.

Dreifiblað 5.3**Dæmi um brot á mannréttindum**

Brot eða skerðing á mannréttindum	Mannréttindi
a. Ekkjan X, sem fyrir nokkrum árum missti dóttur sína og eiginmann í bílslysi, gat ekki gifst öðrum manni nema mágur hennar gæfi henni afdráttarlaust leyfi.	
b. Fangaverðirnir notuðu hunda til að hræða og niðurlægja gæslufanga og hótuðu þeim árásum, og í einu tilviki létu þeir hunda bíta gæslufanga.	
c. Í verksmiðju einni verða verkamennirnir að vinna stanslaust minnst 10 klukkustundir á dag.	
d. Síðan mennirnir þrír voru handteknir hafa þeir átt í erfiðleikum með að fá aðstoð lögmanna. Mennirnir fengu ekki að ræða allir saman við lögmenn sína og það varð til þess að tveir þeirra fengu ekki að hitta lögmann sinn.	
e. Konan, sem gegndi nákvæmlega sama starfi og var á sama aldri og með sömu reynslu og karlkyns vinnufélagi hennar, fékk lægri laun en hann.	
f. X nam Y á brott, hafði hann í haldi í þrjú daga og skaut hann loks í höfuðið svo að hann dó þremur dögum síðar.	
g. Tekin var mynd af konunni X, sem var eiturfjafakill, þegar hún var að koma af AA-fundi. Seinna var myndin birt opinberlega.	
h. Kona, sem hafði sætt ofbeldi eiginmanns síns, gat ekki fengið skilnað fyrir en hún hafði eftirlátið honum húsið sitt, bílinn og allar eigur sínar. Hún stóð uppi allslaus.	
i. X var með lífshættulega lungnabólgu en fékk ekki neina lækningu á spítala því að hún hafði komið ólöglega inn í landið.	
j. Sjötíu prósent íbúa á svæði X voru neydd til að flytjast brott og voru síðar hindruð í að snúa aftur heim. Fólkið fékk ekki að fara úr búðunum sem það dvaldi í út á nálæga akra til ræktunarstarfa og víða var því bannað að komast leiðar sinnar.	
k. Svartir Afrikumenn voru keyptir í Afríku fyrir til dæmis viskíflösku og seldir í Norður-Ameríku fyrir 1200 til 1500 Bandaríkjadali.	
l. Í landinu X hefur allri lífsbjörg innfæddra verið eytt með vilja: uppskeru, vatni og búpeningi.	
m. Í landinu X er hægt að halda þegnunum í fangelsi án ákæru.	
n. Tuttugu og sex ára blaðamaður var skotinn til bana í árás sem talið er að hafi verið hefnd fyrir umfjöllun hans um nýafstaðna kosningabaráttu.	
o. Maðurinn X var kvaddur í herinn. Hann skrifaði hernaðarmálaskrifstofunni og skýrði frá því að samvisku sinnar vegna gæti hann ekki gegnt herþjónustu og neitaði því að skrá sig í herinn. Hann var ákærður fyrir óhlýðni og var bannað að fara úr landi.	
p. Í landinu X er þeim sem aðhyllast Falun Gong bannað að koma saman.	
q. Ráðandi þjóðernismeirihluti úrskurðaði að þeir sem tilheyrðu minnihlutahópum, svo sem gyðingar og rómafólk, skyldu búa á tilteknum svæðum í bænum.	
r. Börnin sem eiga heima í þorpinu geta ekki gengið í grunnskóla því að enginn slíkur skóli fyrirfinnst í hæfilegri fjarlægð.	
s. X gat ekki boðið sig fram í þingkosningum því að trúaryfirvöld landsins samþykktu það ekki.	

t. Þar sem X er svartur fær hann ekki vinnu sem læknir á sjúkrahúsinu.	
u. Í sumum löndum hefur bágstätt fólk engan aðgang að mat eða húsnæðiskerfi og á ekki kost á heilbrigðisþjónustu á viðráðanlegu verði.	
v. Maðurinn X átti hús sem brann til grunna og gat ekki gert neina kröfu um bætur.	
w. X, 47 ára gömul kona, sem hefur alltaf verið heimavinnandi húsmóðir og á fimm börn, missir rétt til allrar félagslegrar aðstoðar um leið og hún skilur við manninn sinn.	
x. X, sem er tveggja barna faðir, var fangelsaður og pyntaður í landinu X fyrir að hafa ort ljóð þar sem stjórnvöld voru gagnrýnd. Umsókn hans um pólitískt hæli í landinu A var hafnað. Hann hélt því fram að pyntingar biðu hans ef hann sneri heim, eins og nú á að neyða hann til að gera.	
y. Af svokölluðum hagkvæmnisástæðum er líkamlega fötluðu fólki, svo sem notendum hjólastóla, ekki leyft að sækja menningarviðburði í leikhúsinu.	
z. Þeir sem sækja um ríkisborgararétt í landinu X þurfa að hafa verið búsettir í fimmtán ár í landinu og leggja fram vottorð um andlegt og líkamlegt heilbrigði auk þess að greiða óhóflega hátt umsýslugjald. Afleiðingin er sú að þúsundir rómafólks, sem eiga sér langa sögu í landinu, eru án ríkisfangs í eigin landi.	

Dreifiblað 5.4
Réttindi og ábyrgð

Mannréttindi	Ábyrgð einstaklingsins	Ábyrgð skólans, stjórnvalda o.s.frv.

Dreifiblað 5.5

Spurningakeppni um mannréttindi (kennsluspjöld)

<p>Barnavinna 17 ára og yngri:</p> <p>A. Er alltaf brot á réttindum barnsins.</p> <p>B. Er brot á réttindum barnsins ef vinnan er skaðleg.</p> <p>C. Er í lagi ef stjórnvöld hafa ákveðið að lágmarks-vinnualdur sé undir 17.</p>	<p>Barnavinna 17 ára og yngri:</p> <p>C er rétt. Barnasáttmálinn bannar barnavinnu ef hún er hættuleg eða telst vera einhvers konar misneyting en leyfir stjórnvöldum að ákveða upp að hvaða aldri bannið skuli gilda. Mikill þrýstingur er á að settar verði strangari skorður við vinnu barna.</p>
<p>Samkvæmt alþjóðlegum samningum sem tengjast réttinum á vatni:</p> <p>A. Eru stjórnvöld skyldug til að sjá þegnunum fyrir hreinu og heilnæmu vatni.</p> <p>B. Mega stjórnvöld ekki gera upp á milli þegnanna hvað varðar útveggun vatns.</p> <p>C. Mega stjórnvöld ekki neita þegnunum um aðgang að vatni.</p>	<p>Samkvæmt alþjóðlegum samningum sem tengjast réttinum á vatni:</p> <p>Samkvæmt túlkun efnahags- og félagsmálanefndar SP eru svör B og C rétt en A ekki. Stjórnvöld eiga að stefna að því að rétturinn til vatns sé uppfylltur en þegnarnir geta ekki krafist hans sem slíks.</p>
<p>Dauðarefsing:</p> <p>A. Er almennt bönnuð um heim allan.</p> <p>B. Hefur verið afnumin með lögum eða lagaframkvæmd í meira en helmingi allra landa.</p> <p>C. Er ekki leyfð þegar í hlut eiga ungmenni undir átján ára aldri.</p>	<p>Dauðarefsing:</p> <p>Svör B og C eru rétt en A ekki. Dauðarefsing er ekki afdráttarlaust bönnuð í samningum SP og ekki heldur í Mannréttindasáttmála Evrópu, en í hvorum tveggja er hún bönnuð í valfrjálsri bókun. Bókun 6 (afnám dauðarefsingar á friðartímum) og Bókun 13 (undan-tekningarlaust afnám dauðarefsingar) við Mannréttindasáttmála Evrópu hafa báðar verið undirritaðar og/eða fullgiltar í mörgum ríkjum.</p>
<p>Efnahagsleg og félagsleg réttindi:</p> <p>A. Eru ekki raunveruleg mannréttindi.</p> <p>B. Ekki er ætlast til þess af ríkjum að allir menn fái að njóta þessara réttinda til fulls.</p> <p>C. Eru réttindi sem allir evrópskir einstaklingar geta krafist.</p>	<p>Efnahagsleg og félagsleg réttindi:</p> <p>B er rétt. Opinberlega eru efnahagsleg og félagsleg réttindi raunveruleg mannréttindi en rétt er að sú skylda að viðurkenna þau er ekki nærri því eins rík og þegar um er að ræða ýmis borgaraleg og stjórn mála- leg réttindi. Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi gerir ráð fyrir að ríki stefni að því að þau séu uppfyllt en ekki fyrirfinnst neitt evrópskt kerfi sem gerir einstaklingum kleift að leggja fram kæru (þó að valfrjáls bókun heimili stofn- unum að gera það með vissum takmörkunum).</p>
<p>Samkvæmt ákvæðunum um rétt til menntunar:</p> <p>A. Mega einstaklingar og hópar opna skóla, svo framar- lega sem þeir uppfylla lagaleg lágmarksskilyrði.</p> <p>B. Eru engar skuldbindingar varðandi námsefni.</p> <p>C. Eru stjórnvöld skyldug til að sjá öllum ungmennum undir 18 ára aldri fyrir grunnmenntun.</p>	<p>Samkvæmt ákvæðunum um rétt til menntunar:</p> <p>A er rétt en ekki B og C. Alþjóðasamningar, svo sem Barnasáttmálinn, kveða á um að fræða skuli börn um mannréttindi.</p>
<p>Rétturinn til að vera viðurkenndur sem flóttamaður:</p> <p>A. Á við um fólk sem hefur rökstudda ástæðu til að óttast ofsóknir vegna kynþáttar, trúar eða pólitískrar skoðunar og hefur flúið land sitt af þeim sökum.</p> <p>B. Á líka við um fólk sem hefur flúið land sitt vegna borgarastríðs eða hungursneyðar.</p> <p>C. Honum mega stjórnvöld sjálfkrafa hafna ef sá sem sækir um hæli sem flóttamaður er frá landi sem talið er vera öruggt.</p>	<p>Rétturinn til að vera viðurkenndur sem flóttamaður:</p> <p>A er rétt en B ekki (þó að í sumum löndum geti fólk sem hefur flúið land sitt vegna borgarastríðs eða hungursneyðar fengið vernd án þess að litið sé á það sem flóttamenn í skilningi alþjóðasamninga). C á ekki við um flóttamenn samkvæmt Genfarsáttmálanum en ákvæðinu er víða beitt innan Evrópusambandsins gagnvart hælisleitendum.</p>

<p>Trúfrelsi:</p> <p>A. Er ekki hægt að neita fólki um vegna þess að það tilheyri trúfélagi minnihlutahóps.</p> <p>B. Skuldbindur ríki til að viðurkenna trúarbrögð og styrkja þau fjárhagslega.</p> <p>C. Má ekki takmarka á neinn hátt af hálfu ríkis.</p>	<p>Trúfrelsi:</p> <p>A er rétt. Ríki eru skyldug til að virða trúfrelsi en þeim ber ekki skylda til að styðja nein trúarbrögð fjárhagslega eða á annan hátt. Ríki geta takmarkað trúfrelsi, til dæmis ef trúin stríðir gegn grundvallarmannréttindum.</p>
<p>Eignarrétturinn:</p> <p>A. Merkir ekki að stjórnvöld geti ekki tekið eign af einhverjum ef almannahagsmunir eru í húfi.</p> <p>B. Brotið er gegn eignarréttinum ef heilt þorp er lagt í eyði, án sanngjarnra bóta, til að byggja þar vatnsorkuver.</p> <p>C. Leyfir manni að líta á verðmæti sem hann hefur stolið sem sína eign.</p>	<p>Eignarrétturinn:</p> <p>Svör A og B eru rétt. C er greinilega rangt.</p>
<p>Kosningar:</p> <p>A. Allir þegnar mega kjósa, jafnvel þótt þeir hafi misst borgaraleg réttindi sökum glæpsamlegrar háttsemi.</p> <p>B. Tvö atkvæði á mann mega gilda fyrir þá kjósendur sem eru atvinnurekendur.</p> <p>C. Kosningarnar verða að vera leynilegar.</p>	<p>Kosningar:</p> <p>Aðeins C er rétt. Ríki getur hindrað að einstaklingar sem hafa misst borgaraleg réttindi sín fái að kjósa. Jöfn réttindi til handa öllum sem hafa kosningarétt eru alþjóðleg regla.</p>
<p>Tjáningarfrelsi:</p> <p>A. Má takmarka til að verjast ófrægingu.</p> <p>B. Er ekki hægt að takmarka af almennum siðgæðisástæðum.</p> <p>C. Má takmarka til að koma í veg fyrir trúarlega fordóma.</p>	<p>Tjáningarfrelsi:</p> <p>Svör A og C eru rétt. Tjáningarfrelsi má, undir vissum kringumstæðum, takmarka vegna almenns siðgæðis, til að koma í veg fyrir glæpi, til að vernda heilbrigði eða til varnar ófrægingu, ef svo er mælt fyrir um í lögum.</p>
<p>Rétturinn til vinnu:</p> <p>A. Skuldbindur ríki til að sjá öllum þegnum fyrir störfum.</p> <p>B. Merkir að engan má reka að geðþótta.</p> <p>C. Merkir ekki að stjórnvöld verði að reyna að tryggja fulla atvinnu.</p>	<p>Rétturinn til vinnu:</p> <p>Aðeins B er rétt. Í Evrópu ber ríkjum að reyna að tryggja fulla atvinnu en ekki er kveðið á um þetta í samningum SÞ.</p>
<p>Rétturinn á heilsusamlegu umhverfi:</p> <p>A. Bannar ríkjum að losa eitraðan úrgang sem spillir jarðveginum til frambúðar.</p> <p>B. Merkir að vernda skuli menn, dýr og gróður.</p> <p>C. Hefur ekki enn verið staðfestur sem almennur réttur.</p>	<p>Rétturinn á heilsusamlegu umhverfi:</p> <p>C er rétt, þó að rétturinn til heilbrigðis verndi menn gegn skaða sem rekja má beint til mengunar. Í þeim tilvikum eru aðeins menn almennt verndaðir, ekki dýr eða gróður. Mannréttindasáttmáli Afríku og Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, sem ekki hafa almennt gildi, kveða að vissu leyti á um rétt til heilsusamlegs umhverfis.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til menntunar:</p> <p>A. Má ekki innheimta skólagjöld fyrir grunnskólabörn, aðeins má krefjast gjalds fyrir ferðir í og úr skóla og námsbækur.</p> <p>B. Er ríkið skyldugt til að reyna að hjálpa sem allra flestum nemendum að ná góðum árangri í námi.</p> <p>C. Eiga ríki að gefa öllum nemendum jöfn tækifæri til menntunar.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til menntunar:</p> <p>Er B og C rétt (kveðið er á um þessar skyldur í Barnasáttmálanum). Meginreglan er að grunnskóla-menntun verði að vera ókeypis, og þar er ekki einungis átt við skólagjöld, heldur annan óbeinan kostnað sem tengist nauðsynlegu skólustarfi.</p>

<p>Refsingar í skólum:</p> <p>A. Leyfast ekki ef um er að ræða líkamlega refsingu.</p> <p>B. Eru ekki bannaðar ef refsingin felst í andlegri grimmd.</p> <p>C. Þeim má aðeins beita ef foreldrar samþykkja það.</p>	<p>Refsingar í skólum:</p> <p>A telst vera rétt því að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur margsinnis ályktað að líkamleg refsing sé brot gegn Mannréttindasáttmála Evrópu (og þetta er í samræmi við túlkun Barnaréttarnefndarinnar á Barnasáttmálanum). B er rangt því að bannið tekur til allra grófra refsinga. Hvað varðar C, þá er hvergi kveðið á um það að refsing sé beinlínis háð samþykki foreldra.</p>
<p>Í skólanum:</p> <p>A. Ætti ekki að gefa umhverfismálum neinn gaum.</p> <p>B. Ætti að kenna börnum að virða foreldra sína.</p> <p>C. Ættu börn að læra um mannréttindi og kynnast mannréttindum.</p>	<p>Í skólanum:</p> <p>Svör B og C eru rétt. Í Barnasáttmálanum eru slík ákvæði. Sáttmálinn kveður einnig á um að með menntun skuli stefnt að virðingu fyrir umhverfinu.</p>
<p>Fyrir dómi:</p> <p>A. Eiga allir afbrotamenn rétt á aðstoð lögmanns.</p> <p>B. Er einungis hægt að sakfella fólk ef það hefur játað.</p> <p>C. Á hinn ákærði rétt á ókeypiss þjónustu túlks ef hann kann ekki tungumálið sem notað er fyrir dóminum.</p>	<p>Fyrir dómi:</p> <p>Svör A og C eru rétt.</p>
<p>Pyntingar:</p> <p>A. Eru leyfilegar ef þeim er beitt til að hindra hryðjuverkaárásir.</p> <p>B. Eru aðeins leyfðar að fengnu samþykki dómara.</p> <p>C. Eru aldrei leyfðar.</p>	<p>Pyntingar:</p> <p>C er rétt (pyntingar leyfast ekki einu sinni þó að þjóðaröryggi sé í húfi).</p>
<p>Rétturinn til lífs er brotinn ef:</p> <p>A. Maður deyr í slysi sem má rekja til þess að lögregla hafi verið að forða öðrum frá lífshættulegri árás.</p> <p>B. Maður deyr af völdum stríðsátaka, jafnvel þó að þau hafi verið lögleg.</p> <p>C. Maður deyr eftir ónauðsynlega valdbeitingu lögreglu.</p>	<p>Rétturinn til lífs er brotinn ef:</p> <p>C er rétt. Í dæmi A væri rétturinn til lífs brotinn ef lögregla beitti meira valdi en ýtrasta nauðsyn krefði.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til húsnæðis:</p> <p>A. Eru öll ríki skyldug til að tryggja að enginn sé heimilislaus.</p> <p>B. Ætti útlendingum að bjóðast sama aðgengi að félagslegu húsnæði og þegnum landsins.</p> <p>C. Ætti ríkið að sjá til þess að færri fólk sé heimilislaust.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til húsnæðis:</p> <p>Svör B og C eru rétt.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til heilbrigðisþjónustu:</p> <p>A. Eru stjórnvöld ekki skyldug til að koma í veg fyrir vinnuslys.</p> <p>B. Skulu allir hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu.</p> <p>C. Skulu lyf vera ókeypis.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til heilbrigðisþjónustu:</p> <p>B er rétt. Varnir gegn vinnuslysum teljast vera skylda. Selja má lyf.</p>
<p>Samkvæmt réttinum til ferðafrelsis:</p> <p>A. Má af öryggisástæðum banna manni að velja sér tiltekið aðsetur.</p> <p>B. Er það mannréttindabrot að synja manni, sem ekki hefur gerst sekur um glæp, um vegabréfsáritun.</p> <p>C. Má setja afbrotamann í fangelsi.</p>	<p>Samkvæmt réttinum til ferðafrelsis:</p> <p>Svör A og C eru rétt. Synja má hverjum sem er um vegabréfsáritun, ekki aðeins afbrotamönnum. Einnig má takmarka ferðafrelsi í þágu heilbrigðis almennings, allsherjarreglu eða þjóðaröryggis, ef lög kveða á um slíkt.</p>

Heimildablað kennara

Þetta er listi yfir mannréttindin sem rakin eru á „Listanum yfir mannréttindi“ með vísunum til greina í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (MYSP), Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (ASBSR), Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (ASEFMR), Mannréttinasáttmála Evrópu (MSE) og endurskoðuðum Félagsmálasáttmála Evrópu (FSE). Þetta yfirlit er gert í upplýsingarskyni.

	MYSP	MSE	FSE	ASBSR	ASEFMR
Réttur til lífs	3	2		6	
Réttur til að sæta ekki pyntingum	5	3	26	7, 10	
Réttur til að vera ekki haldið í þrældómi	4	4		8	
Réttur til frelsis og mannhelgi	3	5		9	
Réttur til sanngjarnrar málsmeðferðar	10, 11	6, 7		14, 15	
Réttur á raunhæfu úrræði ef réttindi eru brotin	8	13	D	2, 9	
Réttur til að sæta ekki mismunun; jafnrétti	2, 7	14	4, 15, 20, 27, E	3, 26	3
Réttur til þess að vera viðurkenndur að lögum; réttur til ríkisfangs	6, 15			16, 24	
Réttur til einkalífs og fjölskyldulífs	12	8		17	
Réttur til að stofna til hjúskapar.	16	12		23	
Eignarréttur	17				15
Réttur til að vera frjáls ferða sinna	13		18	12	
Réttur til að njóta griðlands	14			18	
Réttur til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar	18	9		18	
Tjáningarfrelsi	19	10	28	19	8
Funda- og félagafrelsi	20	11	5, 28	21, 22	8
Réttur til matar, drykkjar og húsnæðis	25		30, 31		11
Réttur til heilbrigðisþjónustu	25		11		7, 12
Réttur til menntunar	26		10		13, 14
Réttur til atvinnu	23		1, 2, 3, 4, 24		6, 7
Réttur til hvíldar og tómsunda	24		2		7


Réttur til félagslegrar verndar	22, 25		7, 8, 12, 13, 14, 16, 17, 19, 23, 25		9, 10
Réttur til þátttöku í stjórnmálum	21		22	25	
Réttur til að taka þátt í menningarlífi	27			27	15
Bann gegn mannréttindabrotum	30	17		5, 20	5
Réttur til samfélagsskipulags sem viður- kennir mannréttindi	28			2	2
Ábyrgð og skyldur einstaklingsins	29				

Athugasemd: Vísað er til sumra greina FSE með tölum og annarra með hástöfum.

6. KAFLI

Ábyrgð

Hver er ábyrgð okkar?



6.1. Skyldur heima fyrir

Fólk upplifir að skyldur þess stangast á – hvernig á það að ákveða sig?

6.2. Hvers vegna á að fara að lögum?

Hver eru veigamestu rökin fyrir því að hlýða lögnum?

6.3. Vandamál hvers er það?

Hvernig deilum við með okkur samfélagslegri ábyrgð?

6.4. Hvers vegna verður fólk virkir þjóðfélagsþegnar?

Hvers vegna vill fólk breyta þjóðfélaginu og hvernig fer það að því?

6. KAFLI Ábyrgð

Hver er ábyrgð okkar?

Lagaleg ábyrgð

Þegar allra ríkja eiga að vita hver réttindi þeirra eru að lögum og gera sér grein fyrir lagalegum skyldum sínum gagnvart ríkinu og samborgurunum. Ábyrgð þegnanna í lýðræðisríkjum er stundum lýst sem þremur megin skyldum, það er að kjósa, greiða skatta og hlýða lögnum.

Skyldur fylgja oft réttindum. Til dæmis fylgir sú skylda málfrelsi að veita öðrum sama rétt. Fólk sem fremur afbrot missir þó ekki endilega réttindin sem það svipti aðra (svo sem þegar um er að ræða manndráp eða mismunun). Á sama hátt eru fólki oft lagðar skyldur á herðar sem ekki eru gagnkvæmar, til dæmis gagnvart börnum.

Siðferðileg ábyrgð

Í MLB er mjög mikilvægt að efla hæfni ungmenna til siðferðilegrar hugsunar. Án slíkrar hæfni fæst ekkert gagnrýnið mat á því hvort lög þjóðfélagsins eða samfélagsgerðin geti talist sanngjörn (réttlát). Þegar nemendur eru fræddir um lög sem snerta þá ætti því að hvetja þá til að líta gagnrýnum augum á áhrif laganna og tilgang og láta þá velta fyrir sér hvort breyta ætti þeim á einhvern hátt.

Menntun til ábyrgðar

Með því að skoða ástæður þess að fólk beitir sér í þágu samfélagsins eða leggja áherslu á þarfir annars fólks geta kennarar stuðlað að því að nemendur átti sig betur á réttindum og þörfum annarra. Einnig er mikilvægt að kennarar sýni ábyrgðartilfinningu frammi fyrir nemendum.

Nemendur læra ekki að verða ábyrgir þjóðfélagsþegar af námi í skólastofunni eingöngu, heldur einnig með því að fá tækifæri til að læra af reynslunni. Í góðum skólum er því lögð áhersla á að nemendur taki þátt í skólalífinu og samfélaginu almennt, til dæmis með því að starfa í skólaráði.

Í þessum kafla eiga nemendur að:

- kanna þá ábyrgð sem samfélagið leggur þegnum á herðar;
- kanna hvers eðlis lagalegar skyldur fólks eru;
- íhuga hvað felst í félagslegri ábyrgð;
- íhuga hvers vegna fólk tekur á sig persónulega ábyrgð í því skyni að breyta samfélaginu.

6. KAFLI Ábyrgð

Hver er ábyrgð okkar?

Stutt yfirlit yfir kennslustundirnar

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Skyldur heima fyrir	Að kanna þá ábyrgð sem lögð er fólki á herðar. Að átta sig á að skyldur fólks geta stangast á.	Nemendur greina siðferðilegt vandamál. Þeir ræða mismunandi greiningar. Þeir gera athugasemdir hver fyrir sig.	Eintök af sögunni „Milan þarf að velja“. Pappír fyrir skrifleg verkefni.	Einstaklingsvinna og vinna í litlum hópum. Hópumræður. Skrifleg einstaklingsverkefni.
2. kennslust.: Hvers vegna á að fara að lögum?	Að kanna hvers eðlis lagalegar skyldur okkar eru. Að kanna muninn á siðferðilegum og lagalegum skuldbindingum.	Nemendur greina siðferðilegt vandamál. Nemendur skoða rökin fyrir löghlýðni með gagnrýnum huga. Nemendur gefa dæmi um þær aðstæður að siðferðileg skylda gangi framfarir þeirri skyldu að virða lög.	Eintök af sögunni „Vandamál Schmitts“. Pappír fyrir skrifleg verkefni.	Skólatafla. Sameiginleg greining á siðferðilegu vandamáli. Greining studd af kennara. Söguskrif. Hópumræður.
3. kennslust.: Vandamál hvers er það?	Að íhuga hvað felst í ábyrgð á félagslegum vandamálum.	Nemendur ræða ábyrgð á tilteknum félagslegum vandamálum. Nemendur setja upp hugsunarramma. Nemendur svara skriflega þeim spurningum sem hafa vaknað.	Eintök af „bréfinu“. Skólatafla. Pappír fyrir ritgerðir nemenda.	Skipuleg greining. Greining og umræður í litlum hópum. Samkomulagsumleitanir og samkomulag. Einstaklingsritgerðir.
4. kennslust.: Hvers vegna verður fólk virkir þjóðfélagsþegnar?	Að íhuga ástæður þess að fólk tekur á sig ábyrgð á þjáningum annarra. Að kanna hlutverk frjálsra félagasamtaka í borgaralegu samfélagi.	Nemendur setja saman frásögn í hópvinna. Þeir setja fram tilgátur um ástæður félagsmótaðrar hegðunar. Þeir íhuga hlutverk frjálsra félagasamtaka. Þeir kanna í hópvinna störf frjálsra félagasamtaka eða baráttumanna fyrir félagslegum umbótum. Nemendur kynna niðurstöður sínar í hópum.	Eintök af miðunum um Jelenu Santic (dreifiblað 6.4) sem búið er að klippa til. Heimildir sem nemendur geta stuðst við. Gögn fyrir hópkyrningar, t.d. stór pappírblöð og merkipennar í ýmsum litum.	Hópvinna. Samningaviðræður. Siðferðileg rök. Gagnrýnið mat. Athuganir. Hópkyrning.

1. kennslustund

Skyldur heima fyrir

Úrlausn þegar skyldur stangast á

Markmið

Að kanna þá ábyrgð sem lögð er fólki á herðar.

Að átta sig á að skyldur fólks geta stangast á.

Að kanna siðferðileg rök fyrir ákvörðunum þegar skyldur stangast á.

Verkefni nemenda

Nemendur greina siðferðilegt vandamál.

Þeir ræða mismunandi greiningar.

Þeir gera athugasemdir hver fyrir sig.

Gögn

Eintök af sögunni „Milan þarf að velja“.

Pappír fyrir skrifleg verkefni.

Aðferðir

Einstaklingsvinna og vinna í litlum hópum.

Hópumræður.

Skrifleg einstaklingsverkefni.

Hugtakanám

Ábyrgð: Nokkuð sem fólk verður að gera eða taka á sig – ábyrgð getur verið lagaleg, siðferðileg eða félagsleg, allt eftir því hvernig hún skapast.

Siðferðileg togstreita: Togstreitan sem fólk upplifir ef það þarf að velja milli tveggja eða fleiri kosta þegar það stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.

Borgaraleg ábyrgð: Skyldur fólks gagnvart samfélaginu almennt. Þessi ábyrgð skapast vegna þess að samfélagsþegn nýtur réttinda fyrir þá ábyrgð sem hann tekur sér á herðar.

Kennslustundin

Kennarinn kynnir þá hugmynd að allir beri ábyrgð af einhverju tagi og vandamál geti skapast þegar sumar skyldur eru teknar fram yfir aðrar. Valið getur verið erfitt. Kennarinn les söguna „Milan þarf að velja“ fyrir bekkinn og biður nemendur að íhuga eftirfarandi vandamál. Sumar spurningar geta nemendur rætt tveir og tveir saman áður en þeir svara endanlega. Við aðrar er gott að nemendur geri athugasemdir áður en þeir viðra hugmyndir sínar við bekkinn.

1. Hvers eðlis er ábyrgð Milans samkvæmt sögunni? Hve margs konar skyldur komið þið auga á (skyldur gagnvart honum sjálfum, fjölskyldu hans, skólanum, nærsamfélaginu eða heiminum öllum)?
2. Hvað finnst ykkur að Milan ætti að gera og hvers vegna? Eru allir í bekknum sammála?
3. Hversu erfið haldið þið að ákvörðunin hafi verið fyrir Milan? Hvað gerir hana erfiða?
4. Hver er ábyrgð föður Milans í sögunni? Hverjar eru skyldur hans?
5. Finnst ykkur það rétt af föður Milans að biðja hann að vera heima?
6. Hversu alvarlegt yrði það ef Milan óhlýðnaðist föður sínum? Væri það erfið ákvörðun fyrir Milan? Rökstyðjið svarið.

Skriflegt verkefni

Skrifaðu með eigin orðum það sem þú heldur að hafi staðið í bréfinu sem Milan skrifaði föður sínum. Berðu þína útgáfu saman við útgáfu hinna í bekknum. Nemendur segja hinum í bekknum frá hugmyndum sínum.

Almennar ályktanir

Ef til vill hafa nemendur þegar komist að einhverri almennri niðurstöðu um siðferðilega togstreitu.

Kennarinn bregst við þessum hugmyndum eða biður bekkinn að íhuga í víðara samhengi þá ábyrgð sem fólk ber gagnvart:

- sjálfu sér;
- fjölskyldu sinni;
- sveitarfélaginu;
- þjóðfélaginu;
- umheiminum öllum.

Nemendur skipta sér aftur í vinnuhópa. Þeir gætu notað töflu og skrifað upp ýmsar ábyrgðarskyldur. Síðan ræðir bekkurinn hvers vegna fólk greinir á um ábyrgð sína gagnvart öðrum og samfélaginu.

Dæmi nemenda

Nú gefur kennarinn nemendum eftirfarandi upplýsingar. „Í sögunni stangast sumar skyldur Milans á. Finnið sjálf dæmi um það að skyldur fólks geti stangast á. Takið nokkur dæmi og ræðið hugsanlegar lausnir fólks á slíkum árekstrum.“

Ef nemendum veitist þetta erfitt ætti kennarinn að gefa nokkur dæmi, sett í kunnuglegt samhengi.

2. kennslustund

Hvers vegna á að fara að lögum?

Hver eru veigamestu rökin fyrir því að hlýða lögunum?

Markmið

Að kanna hvers eðlis lagalegar skyldur okkar eru.

Að kanna muninn á siðferðilegum og lagalegum skuldbindingum.

Verkefni nemenda

Nemendur greina siðferðilegt vandamál í hópumræðu.

Nemendur skoða rökin fyrir löghlýðni með gagnrýnum huga.

Nemendur gefa dæmi um þær aðstæður að siðferðileg skylda gangi framár þeirri skyldu að virða lög.

Gögn

Eintök af sögunni „Vandamál Schmitts“.

Pappír fyrir skrifleg verkefni.

Tafla.

Aðferðir

Sameiginleg greining á siðferðilegu vandamáli.

Greining studd af kennara.

Söguskrif.

Hópumræður.

Hugtök

Lög: Reglur sem stjórnvöld setja.

Réttarríki: Í lýðræðislegum þjóðfélögum eru ríkisstjórnir og önnur stjórnvöld bundin af lögum landsins. Valdaskipti verða með lýðræðislegum hætti samkvæmt reglum stjórnarskrár, ekki með ofbeldi eða stríði. Fólki ber almenn skylda til að fara að lögum því að það er lýðræðislega ákveðið.

Lagaleg skylda: Skuldbindingarnar sem fólk gengst undir með lögunum.

Siðferðileg ábyrgð: Það sem fólk telur persónulegar skuldbindingar sínar og byggist á tilfinningu þess fyrir því hvað er rétt og rangt.

Kennslustundin

Kennari kynnir söguna „Vandamál Schmitts“ og biður nemendur að vinna tveir og tveir saman og íhuga hvort Schmitt eigi að brjóta löginn og stela peningunum eða ekki. Kennarinn skrifar ólíkar skoðanir á þessu á töfluna.

Hann biður nemendur að velja skoðun sem þeir fylgja og styðja hana skriflegum rökum.

- Schmitt ætti að stela peningunum því að ...
- Schmitt ætti ekki að stela peningunum því að ...

Kennarinn skrifar mismunandi rök nemendanna á töfluna. Til dæmis:

„Hann ætti að stela peningunum því að líf dóttur hans er mikilvægara en löginn sem banna þjófnað.“

„Hann ætti ekki að stela peningunum því að það gæti komist upp um hann.“ Eða:

„Hann ætti ekki að stela því að það er rangt að brjóta lög.“

Rökin eru síðan rædd í kennslustundinni. Af hverju eru þau ólík? Eru sum rök betri en önnur? Kennarinn biður nemendur síðan að ljúka þessari setningu:

„Yfirleitt er rangt að brjóta löginn því að ...“

Einnig getur kennarinn beðið nemendur að finna eins margar ástæður og þeir geta fyrir því að rangt sé að brjóta lög. Búast má við ólíkum svörum við þessu, þar á meðal eftirfarandi:

- „Það er rangt að brjóta löginn því að:
- það gæti komist upp og manni yrði refsað;
- löginn vernda fólk gegn skaða og það er rangt að skaða annað fólk;
- allt færi í vitleysu ef löginn hindruðu fólk ekki;
- lögbrot grafa undan trausti milli fólks;
- þjóðfélagið gengur ekki án laga og reglu, án laga verður algjör óreiða;
- lögbrot eru brot á réttindum einstaklinga, svo sem eignarréttinum eða réttinum til lífs.“

Kennarinn bendir bekknum á að fólk hefur margs konar ástæður fyrir því að hlýða lögnum. Sumar þeirra tengjast eiginhagsmunum, aðrar lýsa umhyggju fyrir öðru fólki, og svo geta þær tengst umhyggju fyrir heill þjóðfélagsins alls (sjá athugasemd hér á eftir).

Kennarinn getur lýst þessum hugtökum með því að teikna þrjá sammiðja hringi á töfluna, skrifa „ég“, „aðrir“ og „þjóðfélagið“ inn í hringina og byrja í innsta hringnum. Hinar ólíku ástæður eru svo skrifaðar á viðeigandi svæði.

Kennarinn áréttar að löghlýðni þurfi ekki endilega að vera einkenni „góðs borgara“. Mörg ódæði hafa verið framin af fólki sem í rauninni fór að lögum og sagðist aðeins hafa verið að „gera skyldu sína“. Á hinn bóginn sýnir sagan að stundum getur jafnvel besta fólk þurft að íhuga að brjóta tiltekin lög af góðri ástæðu frá siðferðilegu sjónarmiði.

Í því skyni að efla skilning nemenda á hinu flókna jafnvægi milli lagalegra skyldna og siðferðilegrar ábyrgðar biður kennarinn síðan nemendur að skrifa sjálfir stuttar sögur þar sem fólk (af góðum og gildum ástæðum) íhugar að brjóta löginn. Dæmi um þetta geta verið brot á hraðatakmarkunum í neyð eða að skeyta ekki um lög vegna þess að þau eru slæm eða óréttlát.

Nokkrir nemendur lesa dæmin sín upphátt í hópumræðunum. Kennarinn ítrekar síðan muninn á siðferðilegri ábyrgð (sem fólk tekur á sig út frá eigin gildismati og skoðunum) og lagalegum skyldum, sem stjórnvöld leggja fólki á herðar. Togstreitan milli þessara tveggja þátta getur knúið þegnana til að gagnrýna lög sem þeir eru ekki samþykki og vinna að því að breyta þeim. Þeir geta jafnvel, í vissum tilvikum, ákveðið að brjóta lög af ástæðum sem þeir telja siðferðilega réttmætar. Sagan sýnir mörg dæmi þess að fólk hafi brotið lög til að andmæla þeim eða til að gera uppreisn gegn harðstjórnnum. Kennarinn gæti lýst þessu með nokkrum dæmum úr sögu landsins eða nágrannalanda. Hann verður að áréttta að slíkum aðgerðum ber ekki að taka af léttúð því að þær geta grafið undan réttarríkinu sem er grundvöllur trausts lýðræðis.

Athugasemd

Siðferðilega vandamálinu sem tekið er fyrir í þessari kennslustund svipar mjög til hins þekhta „Vandamáls Heinz“ sem bandaríski sálfræðingurinn Lawrence Kohlberg kom fram með á sjötta áratugnum. Þetta var eitt af mörgum dæmum um tvo vonda kosti sem Kohlberg og samstarfsmenn hans lögðu fyrir ungmenni með þriggja ára millibili eða svo þegar þau voru á aldrinum 10 til 25 ára. Þeir komust að því að á þessum tíma varð þróunin yfirleitt þannig hjá ungmennunum að þau yngstu beittu sjálfmiðuðum röksemdum en unglíngarnir beittu röksemdum sem voru einstaklingsmiðaðri. Á táningsaldri þróuðust þau síðan flest yfir í það að beita samfélagsmiðuðum röksemdum; þó að samhengið og eðli vandamálsins geti ráðið nokkru um það hvers konar röksemdir fólk notar hverju sinni. Ung börn hneigjast til að líta svo á að reglur og lög séu ósveigjanleg. Þau átta sig ekki á samfélagslegum tilgangi þeirra, heldur horfa eingöngu til valds þess sem reglurnar setur. Á unglingsárum gera ungmennin sér betur grein fyrir því að lög hafa samfélagslegan tilgang, sem hægt er að endurskoða, efast um og gagnrýna fyrir að vera siðferðilega rangur eða óréttlátur.

3. kennslustund

Vandamál hvers er það?

Hvernig deilum við með okkur samfélagslegri ábyrgð?

Markmið

Að íhuga hvað felst í ábyrgð á félagslegum vandamálum.

Verkefni nemenda

Nemendur ræða ábyrgð á tilteknum félagslegum vandamálum.

Nemendur setja upp hugarkort.

Nemendur svara skriflega þeim spurningum sem hafa vaknað.

Gögn

Eintök af „bréfinu“.

Tafla.

Pappír fyrir ritgerðir nemenda.

Aðferðir

Skipuleg greining.

Greining og umræður í litlum hópum.

Samkomulagsumleitanir og samkomulag.

Einstaklingsritgerðir.

Hugtakanám

Félagslegt vandamál: Vandamál sem allir þegnar samfélagsins eða margir þeirra upplifa og sumir í samfélaginu eða samfélagið allt taka sameiginlega ábyrgð á. Ábyrgð á félagslegu vandamáli deilist ekki endilega jafnt milli þeirra aðila sem í hlut eiga.


Ábyrgðarhlutdeild: Það að hve miklu leyti einhver ber ábyrgð á félagslegu vandamáli.

Kennslustundin

Kennarinn kynnir ímyndaða bréfið til bæjarblaðsins. Í því eru kvartanir yfir tveimur félagslegum vandamálum sem valda íbúum bæjarins áhyggjum.

Kennarinn biður nemendur í sameiningu að: a) skilgreina vandamálin og b) útbúa lista (í tengslum við bæði vandamálin) yfir fólk sem hugsanlega ber ábyrgð á vandanum. Kennarinn getur aðstoðað með því að draga upp hugarkort á töfluna eins og hér er sýnt.

Hverjir tengjast þessu máli á einhvern hátt?



Hópvinna

1. þrep

Bekknun er skipt í þriggja til fjögurra manna hópa. Allir nemendurnir í hópnum fá úthlutað stigafjölda sem samsvarar fjölda aðila málsins.

2. þrep

Hver og einn skiptir fyrst stigunum milli aðilanna eftir því hvernig hann telur að ábyrgðin á vandamálinu ætti að deilast milli þeirra. Til dæmis fengju börn og hundar líklega ekkert stig en stigin gætu deilst jafnt á hundaeigendur og stjórnámálmenn, þeir gætu líka fengið misjafnlega mörg stig.

3. þrep

Þegar allir í hópnum hafa ákveðið sig skiptast þeir á skoðunum og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni. Nemendur geta skipt um skoðun á þessu stigi. Loks leggur hver hópur saman stigin sem hver aðili hlýtur. Það sýnir hvernig hópurinn í heild telur að ábyrgðin á þessu vandamáli ætti að dreifast.

Kennarinn ræðir niðurstöður hópanna við bekkinn. Hann kannar þær ólíku skoðanir sem koma fram og kallar eftir röksemdunum sem liggja að baki úrskurði nemendanna.

Ef tíminn leyfir má endurtaka æfinguna með vandamálinu varðandi ruslið. Einnig má taka fyrir vandamál sem snýst um umhverfi skólans eða gerir meiri kröfur til hópsins.

Athugasemd

Vandamál sem tilgreind eru í þessum dæmum henta nemendum sem ekki hafa mikla reynslu af því að ræða pólitísk vandamál. Það er vegna þess að þau eru raunhæf, augljós og fremur auðskiljanleg (þó að þau séu samt nokkuð erfið úrlausnar). Eldri eða hæfari bekkir gætu fjallað um flóknari vandamál, svo sem atvinnuleysi eða kynþáttafordóma, og notað sams konar hugarkort.

4. þrep: Umræður í framhaldi af æfingunni

Í lokaumræðu bekkjarins biður kennarinn nemendur að íhuga hvort fólk taki yfirleitt nægilega ábyrgð á gerðum sínum. Ef þeir telja að svo sé ekki, hvernig er þá hægt að fá það til að gera það? Getur fræðsla eitthvað hjálpað til? Eða er nauðsynlegt að setja ný lög eða taka upp harðari viðurlög? Ef bæjaryfirvöld eða stjórnvöld landsins ættu að axla ábyrgð á tilteknum vandamálum þarf að spyrja nemendur um mögulegan kostnað og hvernig hann yrði greiddur. Kennarinn gæti einnig beðið bekkinn að velta fyrir sér stöðu ungmenna þegar glímt er við félagsleg vandamál af þessu tagi. Ættu þau að vera undanskilin ábyrgð vegna þess að þau eru svo ung? Er rétt að ungmenni láti hinum eldri eftir að fást við vandamál samfélagsins? Slík álitamál gætu verið ritgerðarefni.

Kennarinn útskýrir nauðsyn þess að ráðamenn sveitarfélaga og landsins alls átti sig á vandamálum um leið og þeirra verður vart. Stjórnsmál snúast oft um lausn vandamála sem snerta alla í samfélaginu. Þetta merkir ekki að stjórnvöld geti leyst öll vandamál og mörg vandamál yrðu ekki einu sinni til ef fólk tæki meiri ábyrgð á afleiðingum gerða sinna strax í upphafi.

4. kennslustund

Hvers vegna verður fólk virkir þjóðfélagsþegnar?

Hvers vegna vill fólk breyta þjóðfélaginu og hvernig fer það að því?

Markmið

Að íhuga ástæður þess að fólk tekur á sig ábyrgð á þjáningum annarra.

Að kanna hlutverk frjálsra félagasamtaka í borgaralegu samfélagi.

Verkefni nemenda

Nemendur setja saman frásögn í hópvinnu.

Þeir setja fram tilgátur um ástæður félagsmótaðrar hegðunar.

Þeir íhuga hlutverk frjálsra félagasamtaka.

Þeir kanna í hópvinnu störf frjálsra félagasamtaka eða baráttumanna fyrir félagslegum umbótum.

Nemendur kynna niðurstöður sínar í hópum.

Gögn

Eintök af miðunum um Jelenu Santic (dreifiblað 6.4) sem búið er að klippa til.

Heimildir sem nemendur geta stuðst við.

Efni fyrir hópkyrningar, t.d. stór blöð og merkipennar í ýmsum litum.

Aðferðir

Hópvinna, siðferðileg rök, athuganir, samkomulag, gagnrýnið mat, hópkyrning.

Hugtakanám

Félagslegar aðgerðir: Aðgerðir sem borgarar eða þegnar samfélags grípa til í því skyni að taka á félagslegu vandamáli.

Ríkisborgari: Einstaklingur sem á löglega aðild (ríkisborgararétt) að þjóðfélagi. Ríkisborgararétti fylgja réttindi og skyldur en mismunandi er hversu mikla ábyrgð fólk telur sig bera á því sem gerist í samfélaginu.

Virkur þjóðfélagsþegn: Einstaklingur sem tekur þátt í opinberum aðgerðum til að bregðast við vandamálum í samfélaginu.

Frjáls félagasamtök: Samtök sem stofnuð eru og studd af almennum borgurum (ekki stjórnvöldum) til að taka á félagslegu vandamáli. Frjáls félagasamtök eru opinber, ekki leynileg, og starfa innan vébanda samfélagsins að því að koma á breytingum. Þau einbeita sér oft að málum þar sem réttindi fólks eru ekki nægilega varin eða viðurkennd af stjórnvöldum. Frjáls félagasamtök geta unnið með stjórnvöldum eða í andstöðu við þau. Í lýðræðisþjóðfélögum eru lög sem leyfa frjálsum félagasamtökum að starfa og veita þeim lagaleg réttindi og vernd.

Borgaraleg samtök: Fólk og stofnanir sem beita sér fyrir félagslegum aðgerðum, utan starfsvettvangs stjórnvalda, teljast tilheyra borgaralegum samtökum. Borgaraleg samtök eiga þátt í að skapa tengsl milli einstakra þjóðfélagsþegna og stjórnvalda.

Kennslustundin

Kennarinn skiptir bekknum í fjögurra manna hópa eða svo. Síðan dreifir hann upplýsingunum um Jelenu Santic (dreifiblað 6.4). Best er að dreifiblaðið sé klippt sundur í staka miða. Kennarinn biður hvern hóp að skipta miðunum milli sín af handahófi. Hver og einn les upphátt af miðanum sínum fyrir hina í hópnum. Síðan raðar hópurinn miðunum í þá röð sem virðist vera eðlilegust.

Kennarinn biður nemendurna síðan að ræða eftirfarandi spurningar innan hvers hóps og finna, að svo miklu leyti sem hægt er, svar við þeim í sameiningu. Hann tekur það fram að menn megi greina á innan hópsins en betri svör fáist með því að skiptast á skoðunum. Hver nemandi ætti að skrifa hjá sér sín eigin svör. Kennarinn ræðir síðan helstu atriðin við nemendurna og leiðir umræðuna með eftirfarandi spurningum.

Spurningar

- Hverjar teljið þið helstu ástæður þess að Jelena Santic fór að taka þátt í Hóp 484?
- Með hvaða orðum mynduð þið lýsa Jelenu Santic, út frá því sem þið vitið um hana?
- Hvers vegna haldið þið að Jelena Santic og Hópur 484 hafi ekki látið stjórnvöldum eftir það verkefni sem þau vildu vinna að?
- Hvers konar þarfir reynir Hópur 484 að uppfylla?
- Hvers konar þjóðfélag vonuðust Jelena Santic og Hópur 484 til að geta byggt upp?
- Hversu mikilvæg teljið þið að frjáls félagasamtök (eins og Hópur 484) séu fyrir þjóðfélagið? Hverju haldið þið að þau geti fengið áorkað? Íhugið hlutverk þeirra í tengslum við starf stjórnvalda og einnig í sambandi við það að sinna þörfum (réttindum) fólks.
- Hugleiðið ykkar eigin þjóðfélag. Hvaða neyð vitið þið um þar sem virkir einstaklingar eða frjáls félagasamtök gætu komið til bjargar?

Sem dæmi les kennarinn síðan eftirfarandi tilvitnun úr alþjóðlegri skýrslu frá árinu 2003 um frjáls félagasamtök í Bosníu og Hersegóvínu:

„Frjáls félagasamtök í Bosníu og Hersegóvínu halda áfram sínu góða starfi í þágu lýðræðisuppbyggingar og til að efla borgaraleg samtök [...] Sem stendur eru 7.874 frjáls félagasamtök í Bosníu og Hersegóvínu sem falla undir gömlu og nýju skráningarlögin. [...]

Frjálsu félagasamtökin sýndu að þau væru fær um að stýra stórum opinberum herferðum þar sem barist var fyrir breytingum í þágu samfélagsins. Þar á meðal eru málefni ungmenna, jafnrétti kynjanna, umhverfismál, réttindi minnihlutahópa o.s.frv. Fjöldmörg frjáls félagasamtök bjóða áfram aðstoð á sviði heilbrigðisþjónustu og félagslegrar velferðar, við enduruppbyggingu, vernd mannréttinda, umhverfisvernd og vernd minnihlutahópa.“²¹

Kennarinn ræðir þessa tilvitnun við nemendur. Fyrst ættu þeir að íhuga hvort þau verksvið félagasamtakanna sem getið er um í skýrslunni eigi einnig við hér á landi. Síðan biður kennarinn þá að finna dæmi um verkefni sem gætu fallið undir þessi mismunandi verksvið.

Hópvinna

Sem lokaverkefni í þessum kafla gæti hver hópur tekið fyrir eitt svið og útbúið kynningu á því, byggða á því sem fram hefur farið í kennslustundinni. Ef aðstaða er til heimildakönnunar gæti hópurinn kannað ævi virkra þjóðfélagsþegna eða baráttufólks í landinu og notað efnið í kynningu sinni. Einnig gætu nemendur fjallað um heimsfræga einstaklinga, eins og Móður Theresu og Nelson Mandela.

21. Heimild: Skýrsla USAID sem ber heitið „2003 NGO Sustainability Index, Europe and Eurasia“ bls. 42 og 43; www.usaid.gov/locations/europe_eurasia/dem_gov/ngoindex/2003/bosnia.pdf

Dreifiblað 6.1

Milan þarf að velja

Milan var að leggja af stað í skólann þegar faðir hans kom inn í eldhúsið.

„Milan, ég verð að fá þig til að hjálpa mér í dag á ökrunum. Getur þú ekki verið heima og sleppt skólanum? Uppskeran skemmist ef við bíðum lengur.“

Milan var ekki ánægður.

„Ég verð að fara í skólann í dag, pabbi,“ sagði hann, „fyrsti fundurinn í nemendaráðinu er í dag og ég var kosinn um daginn sem einn af fulltrúum áttunda bekkjar.“

„En þú verður ekki sá eini, er það nokkuð?“ sagði faðir hans, „það gerir ekkert til þó að þú mætir ekki. Það eru fleiri áttunda bekkjar fulltrúar, er það ekki?“

„Jú, en ég bregst þeim sem kusu mig ef ég fer ekki. Svo eru líka raungreinatímar í dag. Ég vil ekki missa af þeim. Ég verð að ná prófunum ef ég á að komast í háskóla.“

Faðir Milans dæsti gremjulega.

„Þú talar bara um að fara í háskóla, eins og fjölskylda þín skipti engu máli. Geturðu ekki skilið að þú verður að hjálpa okkur hér heima? Hvaða gagn hefðum við af þér ef þú færir burt í háskóla? Og hvert færir þú svo þegar þú hefðir lokið námi? Þú kæmir varla aftur hingað, það er nokkuð víst.“

„Þú ættir að vera ánægður með að ég skuli vilja komast áfram í lífinu,“ æpti Milan reiður, „öfugt við flesta strákana hér. Þeir hafa engan metnað. Þeir enda í sömu sporum og pabbar þeirra.“

„Það er ekkert að því að eldri kynslóðinni sé sýnd ofurlítil virðing,“ svaraði faðir Milans, og nú fauk í hann. „Allt þetta tal um menntun nú til dags; mér verður óglatt af því. Þú virðist hafa gleymt ýmsu af því sem áður var haft í heiðri, eins og að allir eigi að standa saman. Þú hugsar bara um sjálfan þig.“

Milan andvarpaði. Hann hafði heyrt þetta allt áður.

„Pabbi, ef mér tekst að fá góða vinnu ætla ég ekki að gleyma þér og fjölskyldunni. Hvernig dettur þér í hug að ég myndi gera það? Viltu í alvöru að ég hætti í skólanum og geri ekki það sem ég veit að ég er fullfær um? Allir kennararnir mínir segja að ég gæti orðið góður vísindamaður. Kannski á ég eftir að gera uppgötvanir sem verða öllum heiminum til góðs.“

Faðir Milans barði í borðið.

„Æðsta skylda þín er við fjölskylduna og þetta þorp, sérstaklega núna á þessum erfiðu tímum. Þú byggir þér bara skýjaborgir og hirðir ekkert um raunveruleikann.“

Þetta særði Milan en hann vildi leyna því. Andartak starði hann þögull og fullur andúðar á föður sinn. Þá snerist sá gamli á hæli, strunsaði út og skellti hurðinni á eftir sér.

Milan settist niður og andvarpaði. Hann hugsaði sig um smástund og síðan tók hann ákvörðun. Hann tók upp skólatöskuna sína og gekk í átt að dyrunum. Þá staldraði hann við, tók upp blað og settist til að skrifa föður sínum bréf. Þetta var það erfiðasta sem hann hafði þurft að gera á ævi sinni.

Dreifiblað 6.2

Vandamál Schmitts

Einkadóttir Schmitts er mjög veik. Hún þarf að fara strax í aðgerð en einu læknum á svæðinu sem geta framkvæmt hana vilja fá greitt áður en þeir taka við nokkrum til meðferðar. Schmitt veit ekki hvað hann á að gera. Hann og kona hans eiga dálítið sparifé sem þau höfðu ætlað sér að nota til að kaupa litla búð. Þau vilja fegin fórna því öllu til að bjarga dóttur sinni en það er ekki nærri nóg.

Schmitt sárbiður læknum að lækka upphæðina en þeir segjast ekki geta það því að það væri ósann-
gjarnt gagnvart öllum öðrum sem verða að borga fullt gjald. Schmitt biður ættingja sína og vini að lána sér peninga en það er bara örlítill viðbót. Og á meðan verður dóttir Schmitts sífellt veikari.

Í örvæntingu veltir Schmitt fyrir sér að stela því sem á vantar af upphæðinni til að bjarga lífi dóttur sinnar.

Dreifiblað 6.3

Allt er að fara úr böndunum!

Skoðið vel eftirfarandi bréf sem birtist í bæjarblaði.

Við erum hópur bæjarbúa sem hefur miklar áhyggjur af ýmsum vandamálum sem virðist mega rekja til þess að fólk er ekki tilbúið að taka ábyrgð á eigin hegðun.

Margir hundar ganga lausir. Eigendur þeirra vita annaðhvort ekki af þessu eða þeim er alveg sama. Hundarnir skíta á göturnar og það er ekki bara ógeðslegt heldur getur það líka verið hættulegt heilsu manna. Dæmi eru um grimma hunda sem fara um í hópum. Þeir ættu að vera undir ströngu eftirliti, sérstaklega ef börn eru að leika sér í grenndinni.

Okkur finnst einnig allt of mikið rusl úti um allt í miðbænum og öðrum hverfum. Þetta er vegna þess að fólk nennir ekki að henda því eins og á að gera. Þetta er ljótt og laðar að rottur og getur valdið útbreiðslu sjúkdóma. Ef fólk hendir dósam með málningarleifum og eiturefnum úti á víðavangi geta efnin komist út í ár og læki og mengað drykkjarvatn.

Hvers vegna er fólk hætt að hugsa um afleiðingar gerða sinna? Og hvers vegna reyna ráðamenn ekki að taka á þessum vandamálum?

Með kærri kveðju,

Dreifiblað 6.4**Röðun spjalda: Ævi Jelenu Santic**

1. Jelena Santic var fædd árið 1944. Hún var Serbi.	2. Jelena Santic dó úr krabbameini árið 2000.
3. Eftir dauða Jelenu tóku nokkrir vinir hennar stein úr húsi í Belgrad sem hafði verið sprengt í loft upp. Flóttamannabörn frá Kosovó höfðu skreytt steininum með myndum. Síðan var steininum komið fyrir sem tákni í Friðargarði Jelenu Santic í Berlín.	4. Jelena Santic og Hópur 484 stýrðu Pakrac-verkefninu í Króatíu, sem stuðlaði að því að byggja upp traust milli Serba og Króata eftir stríðið 1991. Sjálfboðaliðar beggja aðila og alþjóðasamfélagið slógust í hóp með henni í þessu verkefni.
5. Jelena Santic var stofnfélagi og foringi samtaka sem kallast Hópur 484 og eru frjáls félagasamtök. Samtökin hvetja til þess að menn hafi friðsamlegar lausnir á ágreiningi, umburðarlyndi og samvinnu að leiðarljósi við að skapa mannúðleg samfélög.	6. Jelena skrifaði greinar gegn þjóðernishyggju og kynþáttafordómum sem voru birtar víða um heim. Hún hlaut alþjóðleg friðarverðlaun fyrir starf sitt frá samtökum sem kallast Pax Christi.
7. Í Berlín er friðargarður sem kenndur er við Jelenu Santic, í viðurkenningarskyni fyrir starf hennar. Jelena talaði eitt sinn á opinberum fundi í þessum garði.	8. Jelena Santic varð heimsfrægur ballettdansari og ballettkennari.
9. Jelena Santic barðist gegn stríði og hún beitti sér fyrir mannréttindum öllum til handa. Hún og samtök hennar unnu hörðum höndum að því að aðstoða flóttamenn sem streymdu inn í Serbíu.	10. Hópur 484 dró nafn sitt af því að eitt fyrsta verkefnið sem hann gekkst fyrir var að aðstoða 484 fjölskyldur frá Króatíu sem höfðu orðið heimilislausar í stríðinu. Hópur 484 veitti flóttamönnum aðstoð, huggun og ráðgjöf um réttindi sín.

3. hluti

Pátttaka

7. kafli


Bekkjarblað

Að fá innsýn í fjölmiðlun með því að búa til fréttablað

7. KAFLI

Bekkjarblað

Að fá innsýn í miðla
með því að búa til fréttablað



7.1. Dagblöðin í kringum okkur

Peir sem þau upplýsa. Hvernig þau upplýsa. Það sem þau segja.

7.2. Okkar blað er best ... finnst þér það ekki?

Hvað gerir dagblað að góðu dagblaði?

7.3. Við búum til veggfréttablað

Allt sem þarf að gera og fáein atriði sem ætti að varast

7.4. Fyrsta tölublaðið okkar!

Hvað gerum við svo?

7. KAFLI**Bekkjarblað****Að fá innsýn í miðla með því að búa til fréttablað**

Nálægð og áhrifamáttur ýmissa miðla hefur farið vaxandi um allan heim undanfarin ár. Eftir því sem líf okkar verður flóknara og háðara öðrum reiðum við okkur meira á upplýsingar til að öðlast skilning á þeim áhrifavöldum sem eru að verki í kringum okkur. Við erum háð einhvers konar upplýsingamiðlum með allar upplýsingar um það sem nær út fyrir persónulegan reynsluheim okkar og beina skynjun.

En aðgengi fólks að öllum þessum miðlum er mjög mismunandi. Það ræður miklu um það hversu upplýstur einstaklingurinn verður og hvort hann getur haft áhrif og öðlast völd. Annað alvarlegt vandamál er ritskoðun og hættan á villandi upplýsingum frá stjórnmalaflokkum, stjórnvöldum og voldugum hagsmunaaðilum. Átök, þar á meðal þjóðfélagsbreytingar og stríðsátök, geta valdið því að aðeins fáist einhliða og brenglaðar upplýsingar.

Þó að þessi gagnvirku tengsl, svo aðeins fátt sé nefnt, verði ekki beint til umfjöllunar í þessum kafla um miðla eiga nemendurnir eftir að finna fyrir þeim þegar þeir bera saman prentmiðla landsins eða héraðsins og dæma þá út frá tilteknum forsendum.

Aðferðin við miðlamennt í þessum kafla er sérstök. Með því að búa til eigin veggfréttablað fá nemendur nokkra innsýn í gerð dagblaða og læra þannig dálítið um raunveruleika fjölmiðla „innan frá“. Reynsla af kennsluháttum sem þessum hefur sýnt að aðferðin veitir nemendum eins konar beinan aðgang að prentmiðlum, sem annars eru fjarlægir þeirra daglega lífi. Nemendur skoða þessa gerð miðla gagnrýnum augum. Þeir skoða einnig rafræna miðla og eigin notkun á þessum ólíku miðlum frá nýju sjónarhorni. Þeir þróa með sér miðlalæsi.

Loks er hér gagnleg ábending: Þessi kafla er sérstakur fyrir það að hér er krafist og gefið tilefni til þverfaglegrar kennslu og samvinnu. Textaskrif og leiðréttingar á texta geta fallið undir móðurmálskennslu og útlitshönnunin gæti verið verkefni í listkennslu. Í sumum tilvikum getur þekkt þurft að byrja einn, með aðstoð annarra áhugasamra nemenda.

Veggfréttablaðið getur þurft nokkurn tíma til að sanna sig í skólalífinu þannig að aðrir kennarar sannfærast um að það sé þess virði að taka þátt í verkefninu.

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun

Miðlalæsi er einn lykillinn að því sem er aðalmarkmiðið í námi á sviði lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttinda, en það er virk þátttaka þjóðfélagsþegnanna í samfélaginu. Hér er yfirlit yfir mikilvægustu þættina í miðlalæsi.

1. Samskiptafærni vísar til þess hvernig menn eiga almennt samskipti hver við annan. Félagsslegur veruleiki er í sjálfu sér ekki til. Frekar má segja að menn komi sér saman um hann með félagslegum samskiptum; hann verður til þegar fólk á samskipti. Grunnurinn að þessari almennu samskiptafærni er lagður þegar við lærum móðurmál okkar og hún þróast síðan áfram þegar henni er beitt úti í samfélaginu.
2. Allir menn eru fæddir með þessa samskiptafærni. Færnin liggur í eðli okkar en hana þarf að þjálf, iðka og skerpa.
3. Miðlalæsi er undirhugtak samskiptafærni. Það vísar til þess hve margbreytilegir fjölmiðlar eru; að notkun þeirra þarf að læra og æfa, til dæmis með verkefnum sem nemendum eru sett fyrir. Prentmiðlar, þar á meðal veggfréttablaðið, eru mikilvæg tæki til samskipta sem nemendur ættu að þekkja. Þeir eru þó aðeins einn liður í því meginmarkmiði sem stefnt er að með miðlalæsi.

7. kafli Bekkjarblað

Að fá innsýn í miðla með því að búa til fréttablað

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Dagblöðin í kringum okkur	Að nemendur fái að kynna ýmsum prentmiðlum og geti áttað sig á ólíkri efnisskipan þeirra og inntaki.	Nemendur safna saman og greina dagblöð og tímarit sem eru almennt lesin í bænum eða sveitarfélaginu. Þeir búa til veggspjald til að skrá niðurstöður sínar.	Dagblöð, skæri, lím, stórar pappírsarkir.	Hópvinna.
2. kennslust.: Okkar blað er best ... finnst þér það ekki?	Að nemendur setji fram viðmið um hvernig gott fréttablað eða tímarit á að vera. Þeir átti sig á eigin viðhorfum, gildum og áhugasviðum.	Nemendur meta kynningar hinna hópanna og sættast á málamiðlanir.	Kynningar frá síðustu kennslustund. Tafla á skólatöflunni eða flettistöflu.	Hópkynningar, hópumræður og mat.
3. kennslust.: Við búum til veggfréttablað.	Að nemendur vinni saman í hópum og komi sér saman um efnisval og markmið. Hópurinn vinni saman, skiptist á skoðunum og deili með sér verkum, allt eftir getu og áhugasviði hvers og eins.	Nemendur ákveða skipan fréttablaðsins sem þeir búa til í sameiningu. Þeir skilgreina efnisþætti sem skipta máli fyrir skólann og skrifa grein í sinn hluta veggfréttablaðsins.	Það fer eftir aðstæðum, en efnið getur verið í formi handskrifaðra texta, tölvuútprenta með stafrænum myndum og allt þar á milli.	Sameiginlegar ákvarðanir, hópvinna.
4. kennslust.: Fyrsta tölu- blaðið okkar	Að nemendur ræði saman og átti sig á hvað felst í áframhaldandi útgáfu veggfréttablaðsins. Þeir geti tekið ákvörðun um þetta og tekið ábyrgð á henni.	Nemendur verða að mynda sér skoðanir og ákveða hvernig þátttöku þeirra verði háttað í framhaldsverkefni.	Skólatafla eða flettitafla.	Hópumræður.

1. kennslustund:

Dagblöðin í kringum okkur

Peir sem þau upplýsa. Hvernig þau upplýsa. Það sem þau segja.

Markmið

Að nemendur fái að kynnast ýmsum prentmiðlum og geti áttað sig á ólíkri efnisskipan þeirra og inntaki.

Verkefni nemenda

Nemendur safna saman og greina dagblöð og tímarit sem eru almennt lesin í nærumhverfi þeirra. Þeir búa til veggspjald til að skrásetja niðurstöður sínar.

Gögn

Dagblöð, skæri, lím, stórar pappírsarkir.

Aðferð

Hópvinna.

Hugtakanám

Hugtakið „prentmiðlar“ vísar til prentaðra upplýsingagjafa – sem stundum er talað um sem „gömlu miðlana“ – þar á meðal eru dagblöð, tímarit, bækur, vörulistar, auglýsingapésar, kort, línurit, póstkort, dagatöl og veggspjöld.

Prentmiðlar eru yfirleitt prentaðir á pappír. Prenttækni breytist óðum og stafræn prentun verður stöðugt algengari.

Kennslustundin

Nokkrum vikum áður en þessi kennslustund hefst biður kennarinn nemendur að safna saman öllum dagblöðum og tímaritum sem þeir geta náð í og koma með þau í skólann. Gott er að taka frá borð í skólastofunni til að leggja þau á. Hugsanlega getur einhver nemandinn útvegað gamlan blaða- og tímaritarekka úr bókabúð, en þannig er best að sýna dagblöðin og tímaritin. Kennarinn þarf að tryggja að öll helstu dagblöð og tímarit séu þarna með.

Kennarinn byrjar fyrstu kennslustundina á því að upplýsa nemendur um markmið og verkefni þessa kafa. Hann þarf að taka skýrt fram að þetta er upphaf verkefnis sem getur haldið áfram, og ætti að gera það, í að minnsta kosti eitt misseri. Nemendum ætti einnig að vera ljóst að verkefnið gefur þeim tækifæri til að öðlast hagnýta reynslu af blaðamennsku. Reynslan sýnir að verkefni af þessu tagi eru oft fyrstu skref blaðamanna í faginu.

Nemendur skipta sér í litla hópa, helst þriggja manna, í mesta lagi fjögurra. Hver hópur á að greina eitthvert dagblað eða tímarit. Eftirfarandi spurningar geta leiðbeint nemendum:

- Hvaða efnisþætti er að finna í dagblaðinu eða tímaritinu?
- Í hvaða röð birtast þeir?
- Hverjir eru markhópar þessara efnisþátta? Hverjir í fjölskyldunni hafa mestan áhuga á tilteknum efnisþætti?
- Hvað er fjallað um í efnisþáttum tölublaðsins sem hópurinn er að skoða?
- Veljið eina dæmigerða grein úr hverjum efnisþætti. Klippið þessar greinar út og límið á pappírsörk til að búa til veggspjald.

Á veggspjaldinu ætti að vera nafn dagblaðsins eða tímaritsins, helst með upprunalega hausnum, og svör við spurningunum hér að framan. Minna þarf nemendur á mikilvægi þess að uppsetning sé skýr og skipuleg.

Á þessu stigi er mikilvægt að nemendur hafi áttað sig á grundvallarskipan blaðsins sem þeir fjalla um, þannig að þeir geti kynnt það og lýst því vel fyrir bekknum.

Hóparnir undirbúa kynningar sínar fyrir næstu kennslustund eins og þeir eigi að auglýsa blaðið sitt eða tímaritið, með áherslu á alla kosti þess og styrkleika. Þegar nemendur hafa hlustað á allar kynningarnar ætti bekkurinn að velja það blað sem hann telur áhugaverðast og fróðlegast. Tilgangurinn með þessu er að fá fría áskrift að því blaði í nokkrar vikur en margir útgefendur eru væntanlega fúsir til að styðja skóla með þeim hætti.

Hér er kennarinn í hlutverki ráðgjafa. Hann aðstoðar hópana við að kanna innri skipan blaðsins því að þau eru ekki öll jafnauðveld viðfangs að þessu leyti. Kennarinn þarf einnig að fylgjast með nemendum við hópvinnum til að tryggja að allir hópar geti útbúið góða kynningu og hafi lokið vinnu sinni þegar kennslustundinni lýkur. Ef nemendur vanda sig of mikið getur það ruglað tíma-áætlunina fyrir þetta verkefni.

2. kennslustund: **Okkar blað er best ... finnst þér það ekki?** **Hvað gerir dagblað að góðu dagblaði?**

Markmið

Að nemendur setji fram viðmið um hvernig gott dagblað eða tímarit á að vera. Með því átti þeir sig á eigin viðhorfum, gildum og áhugasviðum.

Verkefni nemenda

Nemendur meta kynningar hinna hópanna og sættast á málamiðlanir.

Gögn

Kynningar frá síðustu kennslustund.

Skólatafla eða flettitafla.

Aðferðir

Hópkyrningar, hópumræður og mat.

Hugtakanám

Hugtakið „frelsi fjölmiðla“ vísar til þess réttar fjölmiðla að starfa óhindraðir og að þurfa ekki að sæta ritskoðun við birtingu upplýsinga og skoðana. Frelsi fjölmiðla birtist með skýrum hætti í þeim sérstaka rétti blaðamanna að mega neita að bera vitni og í því að notkun hljóðbúnaðar til að fylgjast með blaðamönnum („hlerun“) leyfist ekki. Þannig er reynt að vernda heimildamenn sem þeir þurfa að leita til við vinnu sína. Réttindi til blaðamennsku eru ekki háð löggjöf ríkisins og menntun blaðamanna er í höndum einkaaðila, án afskipta ríkisins.

Kennslustundin

Önnur kennslustund hefst á kynningum. Hóparnir hafa útbúið veggspjöld sín og valið úrklippur úr dagblaði sínu eða tímariti. Ráðlegt er að gefa hópunum fimm mínútur í upphafi kennslustundarinnar til að fara yfir kynningarnar.

Nemendur meta kynningarnar út frá skilgreindum viðmiðum. Kennarinn getur kynnt þessi viðmið og útbúið til þess töflu eins og þessa.

	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5	Stig
Nafn dagblaðs eða tímarits						
Veggspjald						
Formlegir þættir kynningarinnar						
Efni kynningarinnar						
Formlegir þættir dagblaðsins eða tímaritsins						
Efni dagblaðsins eða tímaritsins						

Ekki ætti að leggja of mikla áherslu á matið, heldur ætti frekar að líta á það sem hvata fyrir nemendur til að vanda kynningarnar.

Eftir kynningarnar ættu nemendur að meta prentmiðlana sem þeir hafa séð (gagnrýnin hugsun), með aðaláherslu á eftirfarandi spurningar:

- Hvað gerir dagblað/tímarit að „góðu“ dagblaði/tímariti?
- Í hvaða tilgangi er það gefið út?
- Hvað finnst okkur um dagblöðin/tímaritin sem búið er að kynna?
- Hvað er hægt að bæta?

Reynslan hefur sýnt að kennarinn getur stutt umræðuna og haldið utan um hana með því að skrifa hugmyndir nemenda á flettitöflu sem hefur verið sett upp fyrir kennslustundina. Einnig er hægt að nota töfluna en það hefur þann ókost að efnið verður þá ekki tiltækt í næstu kennslustund.

Í lok tímans leggur kennarinn til að nemendur búi til „veggfréttablað“ skólans og birti það opinberlega. Nemendur eru beðnir að íhuga verkefnið og velja fyrir sér hvaða efnisþætti þurfi að hafa í blaðinu til að gefa góða sýn á skólalífið og hvaða efnisþætti þeir kysu helst sjálfir að sjá um. Þeir ættu einnig að velja fyrir sér nafni á blaðið.

3. kennslustund

Við búum til veggblað

Allt sem þarf að gera og fáein atriði sem ætti að varast

Markmið

Að nemendur vinni í hópum og komi sér saman um efnisval og markmið. Hópurinn vinni saman, skiptist á skoðunum og deili með sér verkum, allt eftir getu og áhugasviði hvers og eins.

Verkefni nemenda

Nemendur ákveða skipan fréttablaðsins sem þeir búa til í sameiningu. Þeir skilgreina efnisþætti sem skipta máli fyrir skólann og skrifa grein í sinn hluta veggblaðsins.

Gögn

Það fer eftir aðstæðum, efnið getur verið í formi handskrifaðra texta, tölvuútprenta með stafrænum myndum og allt þar á milli.

Aðferðir

Sameiginlegar ákvarðanir.

Hópvinna.

Kennslustundin

Nemendum er skipt í þriggja eða fjögurra manna hópa sem skiptast á skoðunum um það hvaða efnisþættir í væntanlegu blaði geti gefið mikilvægar upplýsingar um skólalífið.

Kennarinn hefur útbúið lítið veggfréttablað fyrir hvern hóp með því að líma saman þrjú A4-blöð. Nemendur fá síðan það verkefni að skipuleggja blaðið í grófum dráttum, þar á meðal nafn þess, útlit og efnisþættina sem þeir hafa valið. Útkoman gæti verið í líkingu við þetta:

Nemendafréttir		Helstu fréttir		Foreldrar	Málefni okkar
<u>Nýjustu fréttir</u>	<u>Íþróttir</u>		<u>Viðburðir</u>		

Tillögur hópanna eru sýndar á veggjum skólastofunnar og nemendur fá tíma til að lesa veggspjöldin og mynda sér skoðun. Síðan tekur „ritstjórnarfundur“ eftirfarandi ákvarðanir:

- Nafn blaðsins (skoðanaskipti, umræður og lokaatkvæðagreiðsla).
- Val á þeim efnisþáttum sem teljast vera mikilvægastir og skipta mestu máli fyrir skólann og nemendurna.

Nú mynda nemendur lítil teymi, jafnmörg og efnisþættirnir eiga að vera í tilvonandi blaði, og eitt að auki sem á að sjá um vinnslu blaðsins.

Fyrst snýr vinnsluteymið sér að hagnýtum atriðum eins og útliti og framsetningu veggfréttablaðsins. Áður hefur kennarinn sagt skólastjórnendum frá verkefninu og fengið heimild til að birta blaðið í skólahúsnæðinu.

Meðan ritstjórnarteymin undirbúa fyrstu greinarnar fyrir hvern efnisþátt ræðir kennarinn tæknileg atriði við vinnsluteymið.

Nemendum eru fengin verkefni sem þarf að vera lokið í næstu viku. Hvert ritstjórnarteymi skilar grein og vinnsluteymið gengur frá veggfréttablaðinu, með öllum fyrirsögnum frágengnum, blaðhaus með heiti blaðsins og efnisþáttunum sem hafa verið valdir.

Þarna fá nemendur fyrst að sjá árangurinn af erfiðri sínu en um leið reka þeir sig á erfiðleikana sem eru útgáfunni samfara. Markmið þessarar aðferðar er að koma á fót föstu ritstjórnarteymi sem birtir reglulega fréttir tengdar skólanum. Í teyminu verða sérlega virkir og áhugasamir nemendur sem treysta má til að halda veggblaðsverkefninu úti í töluverðan tíma.

4. kennslustund

Fyrsta tölublaðið okkar!

Hvað gerum við svo?

Markmið

Að nemendur geti stýrt opinni umræðu og þeir átti sig á þeim erfiðleikum og afleiðingum sem það hefur í för með sér að halda áfram verkefninu um veggfréttablaðið. Þeir geti tekið ákvörðun um þetta og tekið ábyrgð á henni.

Verkefni nemenda

Nemendur verða að mynda sér skoðanir og ákveða hvernig þátttöku þeirra verði háttáð í framhaldsverkefni.

Gögn

Tafla eða flettitafla.

Aðferð

Hópumræður.

Hugtakanám

Umræður (á ensku discussion, það að skiptast á röksemdum, ættað úr latínu discussio) eru sérstakt form munnlegra samskipta tveggja eða fleiri einstaklinga þar sem fjallað er um eitt eða fleiri málefni og hver aðili teflir fram sínum röksemdum. Umræður eiga að fara fram með gagnkvæmri virðingu. Góð umræðuhefð krefst þess að mælendur leyfi öðrum sjónarmiðum og skoðunum en sínum eigin að komast að og hvetji jafnvel til þess, og íhugi þau vandlega í stað þess að hafna þeim fyrir fram. Persónueiginleikar eins og hugarró, stilling og kurteisi koma sér vel fyrir báða aðila. Ákjósanlegt er að umræðurnar leiði til lausnar á vanda eða málamiðlunar sem allir hlutaðeigandi geta sætt sig við.

Í nútímasamfélögum eru umræður kurteislegar, þær eru friðsamleg leið til að leysa deilur, jafna hagsmunaárekstra og sætta ólík sjónarmið. Ágreiningsefni eru ekki þöggud niður heldur leyst. Með því að þjálfa umræðufærni sína fá nemendur mikilvægt verkfæri til að vinna að og viðhalda friði í samfélaginu.

Kennslustundin

Þegar ritstjórnarteymin hafa birt greinar sínar á veggnum og sagt stuttlega frá vinnu sinni liggur næst fyrir að ákveða hvort haldið skuli áfram með verkefnið um veggfréttablaðið. Nú, þegar allir nemendur hafa nokkurn veginn áttað sig á tímanum sem fer í verkefnið og þeim skipulagsvandamálum sem þarf að leysa, geta þeir rætt spurninguna um framhaldið með raunhæfum hætti.

Kennarinn getur hjálpað til við að skýra og skipuleggja umræðu nemenda með því að bregða eftirfarandi punktum upp á flettistöflu eða töflunni.

Skipulag	Persónuleg viðhorf	Samvinna	Tímastjórnun
<p>Ef við höldum áfram:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hvað þurfum við að hafa í huga? Verður tíminn vandamál? Hvaða tæknilegu leiðir höfum við? Hvernig getum við hindrað að blaðið okkar verði eyðilagt? Hvaða fjárstuðning þurfum við? Hvernig getum við aflað fjár? 	<ul style="list-style-type: none"> Hverjir hafa áhuga? Aðalritstjóri? Ritnefnd? Hvert er hlutverk og staða kennarans? Nöfn: <ul style="list-style-type: none"> 	<ul style="list-style-type: none"> Hvernig getum við vakið áhuga annarra nemenda? Hvaða kennarar vilja hugsanlega taka þátt í verkefninu? Getum við skipulagt heimsóknir til fjölmiðla (prentmiðla, útvarps- eða sjónvarpsstöðva)? Getum við tekið viðtal við blaðamann sem sérfræðing? 	

Um leið og kennarar byrja á verkefni sem þessu verður þeim ljóst að ekki er hægt að undirbúa allt fyrir fram. Það krefst stöðugrar ígrundunar allra þátttakenda. Þetta er skemmtilegt, heillandi en um leið erfitt ferli og stundum getur það jafnvel virst vonlaust.

Kennarar sem þegar eru komnir með reynslu af slíkri verkefnavinnu með bekkjum vita hvaða skref þarf að stíga og þeir vita líka að styrk forysta er nauðsynleg. Samt þarf að gæta þess að of öflug forysta drepi ekki niður áhuga og frumkvæði nemenda. Þátttaka í verkefnum af þessu tagi gagnast nemendum því að þannig öðlast þeir dýrmæta reynslu á sviði lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttinda.

Kennarar ættu að beita forystuhæfileikum sínum til að tryggja að í lok þessarar kennslustundar hafi skýrar ákvarðanir verið teknar og að hæfilegur tímarammi hafi verið settur fyrir framhaldið.

Ítarefni fyrir kennara

Þrjú svið sem lúta að miðlalæsi

1. Fyrsta sviðið: miðlarýni

Miðlarýni verður ef til vill best lýst með forngríska sagnorðinu ἔνηϊάεί (krinein), sem upphaflega merkti „að greina“ og vísaði til stöðugar leitar að þekkingu og reynslu og gagnkvæmra vensla þar á milli.

Miðlarýni er greining á miðlum. Þetta undirsvið vísar til þeirrar hæfni að geta skynjað og skilið þróun sem á sér stað í samfélaginu, svo sem tilhneiginguna til samþjöppunar í fjölmiðlaheiminum sem getur ógnað hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Í þessu sambandi er mikilvægt að vita hver á hvaða dagblað og hversu margar tegundir fjölmiðla eru í eigu sama fyrirtækis. En við skulum ekki gleyma því að fjölmiðlar eru reknir sem hver önnur fyrirtæki sem verða að skila hagnaði. Og hvort sem okkur líkar betur eða verr verðum við að reiða okkur æ meira á fjölmiðla eftir því sem líf okkar verður flóknara og hnattvæðara. Miðlarýni gerir okkur kleift að skoða þróun miðla og fjölmiðla gagnrýnum augum – gera greinarmun – þannig að miðlalæsið nýtist okkur.

Hæfni til sjálfskoðunar er undirsvið sem merkir að við þurfum að vera fær um að tengja greiningarhæfni okkar og þekkingu við okkur sjálf og beita henni á okkur sjálf og persónulegar athafnir okkar. Við höfum ríka tilhneigingu til þess að tala um „hina“ og hirða ekki um okkar eigin hlutdeild, einkum þegar við fjöllum um miðla.

Þriðja undirsviðið er fólgið í hæfninni til að greina og ígrunda, hafa siðferðilega samkennd með öðrum, og þar stuðlar greinandi hugsun og hæfnin til sjálfskoðunar að samfélagslegri ábyrgð.

2. Annað sviðið: þekking á miðlum

Hér er vísað til „hreinna“ þekkingar á miðlum og miðlakerfum. Þetta má flokka í tvö undirsvið.

Upplýsingar sem undirsvið taka til grundvallarvitneskju, svo sem um starfshætti blaðamanna, það hvernig efni er sent út í sjónvarpi og útvarpi, ástæður þess að áhorfandi kys eitthvert efni frekar en annað í sjónvarpi og það hvernig hægt er að nota tölvu þannig að hún gagnist notandanum til fulls. Færni sem undirsvið er hæfnin til að nota nýjan búnað án þess að þurfa að lesa handbækurnar. Í þessu felst að „læra með því að prófa“ – hvernig á að nota tölvu, komast á netið, nota myndbands-tökuvél o.s.frv.

3. Þriðja sviðið: notkun miðla

Notkun miðlanna má einnig flokka í tvö undirsvið:

1. Færni í að nota efni miðla, það er taka við og nota það sem þeir hafa framleitt. Að horfa á sjónvarp er dæmi um þetta. Það er athöfn þar sem við verðum að vinna úr því sem við höfum séð, og laga það að hugmyndaheimi okkar og myndheimi. Nú á dögum getum við ekki eingöngu eflt móttökufærni okkar með því að lesa texta heldur einnig með því að horfa á kvikmyndir.
2. Virk notkun miðlunarbúnaðar. Hér er vísað til notkunar hvers kyns samskiptamiðla. Dæmi eru fjarbankaviðskipti, fjarverslun, mynd- og símafundur, hefðbundin og stafræn ljósmyndun og myndbandagerð. Ótrúleg fjölbreytni tiltækra miðla gerir okkur kleift að skynja heiminn ekki eingöngu með því að taka við upplýsingum heldur einnig með því að búa þær til.

Kaflinn um miðla fjallar einmitt um þessa virku notkun þeirra en tengist einnig hinum sviðunum tveimur í miðlamennt sem getið er um hér að framan.

Dreifiblað 7.1

Hvernig skrifa á grein

Grunnuppbygging greinar

1. Fyrirsögn

Fyrirsögn þarf að vera á öllum blaðagreinum og hún gegnir mikilvægu hlutverki: hún má ekki ofbjóða lesandanum en þarf að fanga athygli hans og vekja löngun hans til að lesa meira.

Dagblaðalesendur renna hratt yfir síðurnar til að velja þær greinar sem vekja áhuga þeirra og því eru fyrirsagnir nauðsynlegar til að fanga athygli lesandans. Hafðu fyrirsagnir stuttar, notið stórt og feitt letur og greinið þær vel frá textanum sem á eftir fer.

2. Inngangslínur

Inngangslínurnar eru yfirleitt fyrsta efnisgrein greinarinnar (þetta kalla framleiðendur dagblaða „innganginn“). Yfirleitt eru þær auðkenndar með feitletri.

Inngangurinn gefur lesandanum mikilvægustu upplýsingarnar. Í upplýsandi inngangstexta finnur lesandinn svör við lykilsurningunum.

Í ítarlegum greinum og öðrum textum sem höfða frekar til tilfinninga en staðreynda lýsa fyrstu línurnar oft vettvangi á lifandi hátt. Hér er áhugi lesandans á framhaldinu ekki vakinn með hreinum staðreyndum heldur með stílbrögðum.

3. Málnotkun og stíll

Varfærin og vönduð málnotkun er jafnvel mikilvægari fyrir góða blaðagrein en rétt notkun greinarforms eða stíls. Ef við lítum á dagblað eins og hús gætu ólík form dagblaðatexta og framsetning verið húsgögnin en orðin væru múrsteinarnir sem húsið væri byggt úr.

Við gætum einhvern veginn komist af án húsgagna en við gætum ekki búið í húsi án veggja. Tilfinningahlaðnar greinar sem „snerta okkur“ eru mjög vinsælar í dagblöðum. En gætið ykkar, of mikið má af öllu gera!

Þá komum við að setningunni. Hafðu setningarnar stuttar og einfaldar. Lesendur gætu átt erfitt með að skilja setningar sem eru lengri en fjórtán orð. Og setningar sem eru 25 orð eða meira eru einfaldlega óskiljanlegar. Varist ætíð flókna setningabyggingu með mörgum kommu og aukasetningum. Venjið ykkur á að lesa hverja setningu strax og þið hafið skrifað hana. Er hún skýr og auðskilin? Eru þarna einhver ónauðsynleg orð?

Stafsetningarvillur setja ekki bara ljótan svip á textann heldur ergja líka lesandann því að þær draga athygli hans frá boðskapnum. Áður en þið skilið greininni þurfið þið að lagfæra hana – það er kanna hvort upplýsingar eru réttar og nægar (að þær séu sannar og réttar), leita að málvillum, gaumgæfa stíllinn og ganga úr skugga um að textinn sé skiljanlegur.

4. hluti

Vald og yferráð

8. kafli

Lög og reglur

Hvers konar reglum þarf þjóðfélag á að halda?

9. kafli


Stjórnarfar og stjórnmal

Hvernig á að stjórna þjóðfélaginu?

8. KAFLI

Lög og reglur

Hvers konar reglum þarf þjóðfélag á að halda?



8.1 Góð lög – slæm lög

Hvað einkennir góð lög?

8.2 Við hvaða aldur?

Hvernig eiga lögin að gilda um ungt fólk?

8.3 Þú setur lögin

Hvernig er tekið á ungum brotamönnum?

8.4 Sönnunarreglur

Hvaða sannanir eiga að gilda fyrir rétti?

8. KAFLI Lög og reglur

Hvers konar reglum þarf þjóðfélag á að halda?

Lög af einhverju tagi eru nauðsynleg ef þjóðfélagið á að vera réttlátt og skilvirkt. Lög taka til allra aðstæðna og til allra þegna samfélagsins – þó að tiltekna hópa megi finna, svo sem börn, sem sum lög gilda ekki um fyrr en vissum aldri er náð.

Ein leiðin til að flokka lög er aðgreiningin í það sem kallast einkaréttur og refsiréttur. Lög sem falla undir einkarétt eiga að jafna ágreining milli einstaklinga og hópa fólks. Lög sem falla undir refsirétt taka til hegðunar sem ríkið hefur ákveðið að afstýra verði eða hindra.

Lög geta þó aldrei verið fullkomin. Þau eru mannanna verk og stundum þarf að breyta þeim. Þau geta orðið úrelt, áhrifalaus eða einfaldlega óréttlát gagnvart vissum hópum í þjóðfélaginu.

Lög er aldrei hægt að skilja frá stjórnmalum því að þau eru sett og þeim breytt innan stjórnmalakerfa. Í lýðræðislegu stjórnmalakerfi er mikilvægt að allir þegnarnir geti haft jafn mikið að segja um þetta. Einnig er mikilvægt að lögini taki jafnt til allra þegnanna og að enginn sé hafinn yfir lögini. Þessi hugmynd er stundum kölluð réttarríkið.

Loks þurfa lög að uppfylla mannréttindi. Það er mikilvægt ef tryggja á að lög séu réttlát og þau séu ekki misnotuð sem tæki til kúgunar eða einræðis. Því eru flest lýðræðisleg stjórnkerfi byggð á skjalfestum stjórnarskrám þar sem settur er rammi um mannréttindi sem gildir ofar lögum landsins. Sum lönd hafa einnig stofnað stjórnlagadómstóla sem skera úr um það hvort lög samræmast stjórnarskránni eða ekki.

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun

Í þessum kennslustundum munu nemendur:

þróa með sér aukinn skilning á hugtakinu lög og mikilvægi þeirra í lýðræðisþjóðfélagi;

átta sig á því að megintilgangur laga er að aðstoða fólk og vernda samfélagið;

þróa með sér aukna virðingu fyrir hugmyndinni um réttarríkið;

fræðast betur um réttarkerfið hér á landi.

8. KAFLI Lög og reglur

Hvers konar reglum þarf þjóðfélag á að halda?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Góð lög – slæm lög	Að átta sig á og skilja hvað þarf til að lög teljist vera góð.	Að ræða skólareglur og skilgreina hvað einkennir góða skólareglu. Að ræða lög og skilgreina það sem einkennir góð lög. Að skoða vandlega löggjöf á tilteknu sviði í landinu, t.d. áfengislöggjöfina. Að leggja fram og rökstyðja nýja skólareglu eða lög sem nemendur semja sjálfir.	Tvö spjöld handa hverjum nemanda – annað merkt með stafnum „A“ (í grænum lit), hitt með stafnum „B“ (í rauðum lit). Dreifiblað – áfengislöggjöf landsins. Merkipennar og stórt blað fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp. Flettitafla eða stórt blað fyrir allan bekkinn.	Vinna í litlum hópum og umræður í bekk.
2. kennslust.: Við hvaða aldur?	Að kanna hvernig löggin gilda um ungt fólk.	Að finna út við hvaða aldur ungt fólk fær, samkvæmt lögum, rétt til að taka þátt í ýmsum athöfnum fullorðinna. Að íhuga hversu vel gildandi löggjöf landsins er sniðin að ungu fólki.	Þrjú stór skilti, merkt „A“, „B“ og „C“, fest hvert á sinn vegg í kennslustofunni. Eintök af dreifiblaði 8.1 – eitt á hverja tvo nemendur. Merkipennar og stórt blað fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.	Tveir og tveir vinna saman, vinna í litlum hópum og umræður í bekk.
3. kennslust.: Þú setur löggin	Að íhuga þá spurningu hvort ungu fólki sem hefur brotið lög skuli yfirleitt vera refsað og, ef sú er niðurstaðan, hvernig.	Að íhuga þá ólíku þætti sem koma til álita þegar ákveða skal hvað sé hæfileg refsing fyrir glæp.	Eintak af sögunni og sérstakar upplýsingar fyrir kennarann.	Vinna í litlum hópum og umræður í bekk.
4. kennslust.: Sönnunarreglur	Að nemendur átti sig á sönnunarreglunum sem gilda fyrir dómi.	Að hugleiða hvers konar sönnunargögn ættu að gilda fyrir dómi og hvers konar sönnunargögn væri rangt að nota.	Umræðuspjöld (dreifiblað 8.2) fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.	Vinna í litlum hópum og umræður í bekk.

1. kennslustund

Góð lög – slæm lög

Hvað einkennir góð lög?

Markmið

Að nemendur átti sig á og skilji hvað þarf til að lög teljist vera góð.

Verkefni nemenda

Að ræða skólareglur og skilgreina hvað einkennir góða skólareglu.

Að ræða lög og skilgreina það sem einkennir góð lög.

Að skoða vandlega löggjöf á tilteknu sviði í landinu, t.d. áfengislöggjöfina.

Að leggja fram og rökstyðja nýja skólareglu eða lög sem nemendur semja sjálfir.

Gögn

Tvö spjöld handa hverjum nemanda – annað merkt með stafnum „A“ (í grænum lit), hitt með stafnum „B“ (í rauðum lit).

Dreifiblað – Áfengislöggjöf landsins.

Merkipennar og stórt blað fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.

Flettitafla eða stórt blað fyrir allan bekkinn.

Aðferð

Hópumræður og vinna í litlum hópum.

Ábendingar

Aðferðin sem notuð er í þessari kennslustund kallast „aðleiðslunám“. Það felst í því að kennarinn veur skilning nemenda á óhlutbundnum grunnreglum með því að byggja þær á raunhæfum dæmum. Kennslustundin hefst á slíkum dæmum – í þessu tilviki dæmum um reglur eða lög – og nemendur eru hvattir til að leiða af þeim almennar grunnreglur. Hér eru grunnreglurnar viðmiðin sem hægt er að beita á reglur eða lög til að dæma um það hvort þau eru góð eða ekki. Er þau sanngjörn? Er þau gagnleg? Er þau í þágu allra? Getur lögreglan séð um að þeim sé framfylgt? Er þau vel skiljanleg og auðvelt að fara eftir þeim?

Ef þörf er á sérstöku efni, til dæmis gildandi löggjöf um áfengi í landinu, þarf kennarinn eða nemendurnir að útvega það. Sjá áfengislög nr. 75, 1998, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998075.html>

Kennslustundin

Kennarinn byrjar á því að fá hverjum nemanda tvö spjöld – annað merkt með hástafnum „A“ (í grænum lit), hitt með hástafnum „B“ (í rauðum lit).

Hann útskýrir fyrir nemendum að þeir fái nú að heyra nokkrar ímyndaðar skólareglur og eigi síðan að skera úr um hvort þetta séu góðar reglur eða slæmar. Ef reglan er góð eigi þeir að lyfta spjaldi „A“ og ef hún er vond lyfta þeir spjaldi „B“.

Kennarinn les ímynduðu reglurnar upp, eina af annarri. Við hverja reglu verða nemendur að lyfta upp öðru hvoru spjaldinu – eftir því hvað þeim finnst um regluna. Reglurnar gætu verið:

- Heimavinna er bönnuð.
- Ekkert einelti.
- Nemendur eiga að borga fyrir að mæta í skólann.
- Ekki má koma með tyggigúmmi í skólann.
- Nemendum verður að falla vel við alla kennara sína.
- Nemendur mega ráða hvaða tíma þeir sækja.
- Eldri kennarar eiga að hafa þægilegri stundaskrá en aðrir.
- Enga farsíma í skólanum.

Við hverja reglu biður kennarinn tvo eða þrjá nemendur að rökstyðja úrskurð sinn:

- Hvers vegna finnst þér þetta góð/vond regla?

Ekki ætti að ræða hugmyndir nemenda frekar á þessu stigi.

Nú skiptir kennarinn bekknum í fjögurra til sex manna hópa og biður nemendur að skilgreina nákvæmlega þá þætti sem einkenna góða skólareglu:

- Hvað einkennir góða skólareglu?

Hver hópur kynnrir hugmyndir sínar fyrir öllum bekknum.

Þessu næst endurtekur kennarinn æfinguna alla með bekknum – les upp staðhæfingar, nemendur lyfta spjöldunum og rökstyðja úrskurð sinn o.s.frv. – en í þetta sinn eru ímynduð lög til umfjöllunar, ekki skólareglur. Lögín gætu verið:

- Allir þegnar verða að vera sömu trúar.
- Rangt er að fremja morð.
- Ekki má ljúga.
- Banna ætti ruslfæði.
- Leyfa skal fólki að ákveða hvorum megin á veginum það ekur.
- Konur skulu fá sömu laun og karlar.

Síðan biður kennarinn nemendur að fara aftur í hópana sína og reyna að skilgreina nákvæmlega þá þætti sem einkenna góð lög.

- Hvað einkennir góð lög?

Hver hópur kynnir síðan hugmyndir sínar fyrir bekknum. Meðan kynningarnar fara fram ætti kennarinn að reyna að benda nemendum á nokkur lykilviðmið sem hægt er að beita á lög og stuðla að því að þau verði góð. Meðal þeirra eru:

- Sanngirni – réttlæti og jöfnuður, svo sem sömu laun handa körlum og konum.
- Gagnsemi – löginn tryggja að samfélagið virki vel, svo sem lög um akstur sem gera umferð öruggari.
- Almannahagur – löginn styðja ekki eingöngu hagsmuni tiltekinna hópa, til dæmis hinna ríku.
- Lög séu framkvæmanleg – meirihlutinn vill fara eftir þeim, lögreglan getur handsamað þá sem brjóta þau.
- Einfaldleiki – löginn eru auðskiljanleg og auðvelt að fara eftir þeim, ekki of flókin.

Þegar bekkurinn hefur komið sér saman um þessi viðmið eru þau skrifuð á flettitöflu svo að allir geti séð þau. Yfirskriftin ætti að vera „Hvað einkennir góð lög?“.

Nú biður kennarinn nemendahópina að kynna sér lög eða löggjöf landsins um tiltekið efni (til dæmis áfengislöggjöfina). Þetta efni mætti afhenda á dreifiblöðum eða beina nemendum á netið. Ef meiri tími gefst geta nemendur náð sér í annað efni sem þeir hafa áhuga á, til dæmis um réttindi og skyldur barna og unglunga. Hóparnir fá hver sinn merkipenna og stórt blað og eru beðnir að útbúa kynningu fyrir bekkinn sem snýst um það hvort þeim þykja löginn eða löggjöfin sem þeir hafa valið góð eða ekki – út frá meginviðmiðunum sem þeir voru áður búnir að skilgreina og eru birt á veggnum í skólastofunni.

Hóparnir kynna niðurstöður sínar fyrir bekknum.

Lokaæfing eða heimaverkefni nemenda gæti verið að leggja fram tillögu um ný lög eða nýja skóla-reglu um málefni sem þeir velja sér, til dæmis umhverfið, og undirbúa rökstuðning fyrir gildistöku þeirra samkvæmt meginviðmiðunum sem þeir hafa skilgreint.

2. kennslustund

Við hvaða aldur?

Hvernig eiga lögin að gilda um ungt fólk?

Markmið

Að kanna hvernig lögin gilda um ungt fólk.

Verkefni nemenda

Að finna út við hvaða aldur ungt fólk fær, samkvæmt lögum, rétt til að taka þátt í ýmsum athöfnum fullorðinna.

Að íhuga hversu vel gildandi löggjöf landsins er sniðin að ungu fólki.

Gögn

Þrjú stór skilti, merkt „A“, „B“ og „C“, fest hvert á sinn vegg í kennslustofunni.

Eintök af dreifiblaði 8.1 – eitt á hverja tvo nemendur.

Merkipennar og stórt blað fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.

Aðferðir

Tveir og tveir vinna saman, vinna í litlum hópum og hópumræður.

Ábending

Í þessari kennslustund er gert ráð fyrir nokkurri líkamlegri áreynslu. Ef það er ekki talið henta nemendum má haga aðalæfingunni þannig að þeir sitji áfram við borð sín – greiði til dæmis atkvæði með því að rétta upp hönd eða lyfti upp spjalda „A“, „B“ eða „C“ í stað þess að fara yfir á mismunandi svæði í skólastofunni.

Kennslustundin

Kennarinn byrjar kennslustundina á því að spyrja nemendur hvort þeim finnst það sanngjarnt að lög skyldi ungt fólk til að ganga í skóla en engin slík lög gildi um fullorðna.

- Finnst ykkur sanngjarnt að hafa lög sem neyða ungt fólk til að ganga í skóla? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Kennarinn skiptir síðan nemendum í pör og lætur þá fá spurningalista (dreifiblað 8.1) til að fylla út. Spurningalistinn snýst um þann aldur þegar ungt fólk fær, samkvæmt landslögum, rétt til að taka þátt í ýmsum athöfnum fullorðinna.

Kennarinn biður nokkur pör að bjóða sig fram og lesa upp eitt af svörum sínum. Eftir hvert svar staldrar kennarinn við og leiðréttir svar nemenda ef þörf krefur. Nemendur skrifa síðan rétta svarið á spurningalistana.

Við hvert svar ætti kennarinn að spyrja:

- Hvað haldið þið? Er þessi aldur:
 - a) of lágur?
 - b) of hár?
 - c) hér um bil réttur?

Kennarinn gefur pörunum mínútu til að hugsa sig um og ákveða sig, og biður þau síðan að færa sig yfir á mismunandi svæði í stofunni eftir svari. (Hann hefur þegar sett upp stór skilti, merkt „A“, „B“ og „C“, til að sýna nemendum hvar þeir eigi að standa.)

Kennarinn biður síðan pör sem valin eru af handahófi að útskýra ályktanir sínar fyrir bekknum og rökstyðja skoðanir sínar. Hann gefur öðrum nemendum einnig kost á að spyrja þau um niðurstöðuna.

Kennarinn endar þennan hluta kennslustundarinnar á því að spyrja:

- Finnst ykkur sanngjarnt að löggin fari öðruvísi með ungt fólk en fullorðna? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Nú skiptir kennarinn bekknum í fjögurra til sex manna hópa og lætur hvern hóp fá penna og stórt blað. Hann biður hópana að hugsa sér einhverja breytingu á lögum landsins sem myndi gagnast ungu fólki. Þeir geta lagt til alveg ný lög – til dæmis að allir skólar skuli vera með nemendaping eða að lögbinda skuli lágmarkslaun ungs fólks. Þeir geta einnig lagt til breytingu á gildandi lögum – til dæmis um kosningaaldur eða aldur til að fá ökuskirteini. Hver hópur á að undirbúa kynningu fyrir bekkinn á því efni sem hann valdi þar sem rök koma fram og því er nákvæmlega lýst hvernig hópurinn heldur að löggin gætu gagnast ungu fólki. Þegar kynningunum er lokið getur bekkurinn haft atkvæðagreiðslu um bestu tillöguna.

Lokaæfing eða heimaverkefni nemenda gæti verið að ihuga hvað þeir, sem ungmenni eða nemendahópur, gætu gert til að fá stjórnvöld til að samþykkja tillöguna eða tillögurnar um lagabreytingar.

3. kennslustund

Pú setur lögin

Hvernig er tekið á ungum brotamönnum?

Markmið

Að íhuga þá spurningu hvort ungu fólki sem hefur brotið lög skuli yfirleitt vera refsað og, ef sú er niðurstaðan, hvernig.

Verkefni nemenda

Að íhuga grunnreglurnar – endurgjald, varnaðaráhrif, endurhæfingu – sem tekið er mið af þegar ákveða skal hvað sé hæfileg refsing fyrir afbrot sem ungmenni fremur.

Gögn

Eintak af sögunni og sérstakar upplýsingar fyrir kennarann.

Aðferðir

Vinna í litlum hópum og hópumræður.

Hugtakanám: þrjár grunnreglur sem varða tilgang refsingar

Í annarri kennslustund var lögð áhersla á einkarétt en í þessari kennslustund er umfjöllunarefnið hvort refsa eigi ungum brotamönnum eða ekki, og ef það á að gera, hvernig. Grundvallarspurningin í kenningunni um refsingu er: „hvers vegna að refsa?“ Þessari spurningu hefur verið svarað á mismunandi hátt í aldanna rás og með breytingum á fræðilegri og heimspekilegri hugsun. Þrjár grunnreglur um tilgang refsingar hafa þróast.

1. **Endurgjald.** Refsingin tengist sök og ábyrgð. Afbrotamaður á skilið að vera refsað og þjóðfélagið lýsir vanþóknun sinni á glæpnum. Af þessu hugtaki má einnig leiða meðalhófsreglu sem tryggir að afbrotamaðurinn fái ekki of harða refsingu. Markmiðið er að ná fram réttlæti.
2. **Varnaðaráhrif.** Refsingin sendir skilaboð til þeirra sem eru líklegir til að verða afbrotamenn í samfélaginu og aftrar þeim frá afbrotum því að „sársauki“ refsingarinnar vegur þyngra en ávinningurinn. Markmiðið er að hindra afbrot annarra.
3. **Endurhæfing.** Glæpur er túlkaður sem neyðaróp. Afbrotamaðurinn þarf meðferð frekar en refsingu og markmiðið er að hjálpa honum að halda sig framvegis frá afbrotum með því að gera hann virkan í samfélaginu.

Mikill munur er á refsikerfum í heiminum hvað varðar jafnvægið milli þessara þriggja grunnreglna, hvort sem um er að ræða fullorðna eða unga brotamenn. Mörg lönd hafa sett endurhæfingu í forgang fram yfir grunnreglurnar um endurgjald og varnaðaráhrif. En ekki hafa öll lönd færst í þessa átt. Nátengd hugmyndinni um endurhæfingu er sú spurning hvar draga eigi mörkin milli ungra og fullorðinna brotamanna. Evrópuráðið hefur lagt til að aldursmörkin verði bundin við átján ára aldur og hefur vísað til Barnasáttmálans því til stuðnings (sjá ítarefni fyrir kennara).

Í þessari kennslustund verða framangreind lykilhugtök sem tengjast refsingu kynnt. Enn einu sinni verður aðleiðsluaðferðin notuð. Nemendur fjalla um dæmisögu um ungan brotamann og uppgötva ólíkar grunnreglur sem liggja að baki refsingu, afleiðingarnar og þörfina á jafnvægi í þessum efnum. Kennarinn getur lýst hugtökunum stuttlega meðan hópumræðurnar fara fram eða að þeim loknum.

Þessi kennslustund gæti orðið hvati að framhaldsverkefni sem tæki um það bil tvær kennslustundir í viðbót. Nemendur gætu notað hugtökin sem þeir kynnast hér til að lýsa þeirri málamiðlun varðandi unga brotamenn sem greina má í refsilöggjöf landsins.

Kennslustundin

Kennarinn byrjar á því að skipta bekknum í fjögurra til sex manna hópa. Hann útskýrir fyrir nemendum að það sé grunnregla réttarríkisins að dómara skuli vera bundnir af lögum við ákvörðun um refsingu þess sem brotið hefur af sér. Í þessari kennslustund eiga nemendur að íhuga eðli og tilgang slíkra laga með tilliti til ungra brotamanna. Þeir fá að heyra sögu um afbrot og hver hópur á að ímynda sér að hann sé hópur þingmanna og þurfi að koma sér saman um lög sem ákveða refsingu afbrotamannsins.

Kennarinn segir nemendum söguna í aðalatriðum og gefur hópunum færi á að ákveða það sem þeir telja hæfilega refsingu fyrir Tomma. Hóparnir kynna hugmyndir sínar fyrir bekknum.

Þá gefur kennarinn hópunum dálitlar upplýsingar í viðbót. Í hvert skipti sem þeir fá nýjar upplýsingar gefst þeim tækifæri til að breyta refsingunni sem þeir höfðu upphaflega hugsað sér.

Í lok verkefnisins biður kennarinn hvern hóp að kynna hugmyndir sínar fyrir bekknum:

- Hvaða refsingu finnst ykkur að Y ætti að fá? Hvers vegna?
- Fengu einhverjar viðbótarupplýsingar ykkur til að hætta við upphaflegu ákvörðunina? Ef svo er, hvernig?

Kennarinn kallar síðan nemendur saman í umræður og spyr:

- Við hvaða þætti eiga lög að miðast þegar þau ákveða refsingu manns sem hefur gerst sekur um ofbeldi?
- Finnst ykkur að lögin eigi að taka öðruvísi á ungmennum en fullorðnum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Sem lokaæfingu eða heimaverkefni biður kennarinn nemendur að íhuga mál sem þeir hafa heyrt um – í sjónvarpi, dagblöðum eða í næsta nágreppi þeirra – þar sem ungmenni sem brotið hefur lög hefur hlotið refsingu sem þeim þykir annaðhvort:

- a) of hörð; eða
- b) of væg.

Nemendur eiga að skrifa stutta ritgerð um dæmið sem þeir hafa valið og kynna fyrir bekknum í næstu kennslustund og lýsa stuttlega þeim þáttum sem réðu afstöðu þeirra. Sem dæmi má taka bílslys þar sem ökumaður var undir áhrifum áfengis.

Þú setur lögin

„Lalli og Tommi voru 15 ára og gengu í sama skóla. Þeir höfðu þekkst í mörg ár en aldrei komið sérlega vel saman.

Dag nokkurn týndist farsími Tomma og hann sakaði Lalla um að hafa stolið honum. Lalli sagðist ekki hafa stolið honum og hélt því fram að Tommi væri öfundsjúkur af því að hann ætti marga vini en Tommi ætti enga.

Eftir skóla þennan dag lentu þeir í áflogum. Tommi beitti hníf þó að Lalli væri óvopnaður. Í átökunum skar Tommi Lalla svo illa í andliti að hann fékk ör sem aldrei átti eftir að hverfa.“

Verkefni

Hvað finnst ykkur að væri hæfileg refsing fyrir Tomma? Ræðið þessa spurningu í hópnum ykkar og skrifið síðan hjá ykkur hvaða refsingu lögin ættu að kveða á um fyrir ofbeldi á borð við þetta.

Viðbótarupplýsingar

1. Tommi hafði hlotið mjög strangt uppeldi og faðir hans barði hann oft.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

2. Tommi var einangraður í bekknum og átti engan að sem hann gat trúað fyrir vandamálum sínum.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

3. Lalli hafði í rauninni stolið farsíma Tomma og það var hann sem átti upptökin að áflogunum vegna þess að Tommi hafði tilkynnt þjófnaðinn á farsímanum til lögreglunnar.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

4. Lalli var foringi gengis sem hafði lagt Tomma í einelti mánuðum saman. Gengið hafði oft en einu sinni ráðist á Tomma og barið hann með prikum og járnstöng. Eftir þetta fékk Tommi martraðir og þorði jafnvel varla í skólann.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

5. Faðir Tomma hafði kvarið hann með því að klifa á því að hann væri of linur af sér og að hann ætti að standa uppi í hárinu á ofbeldisseggjum eins og Lalla.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

6. Tommi fékk sér hnífinn eingöngu til að hræða burt ofbeldisseggina. Hann ætlaði sér aldrei að nota hann. Tuttugu aðrir unglingar stóðu þarna í kring og hvöttu strákana til að slást.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

7. Kennari hafði séð Tomma með hnífinn tveimur dögum fyrir átökin en skipti sér ekki af því.

Breytir þetta skoðun ykkar á refsingu Tomma? Ef svo er, hvernig? Breytið lagafrumvarpi ykkar ef með þarf.

Nemendur tilnefna talsmenn fyrir hópa sína og þeir kynna síðan lagafrumvörpin fyrir bekknum. Líklegt er að þeir átti sig allir á vandanum sem tengist andstæðum markmiðum refsinga og grundvallarréttlæti, svo sem eftirfarandi.

- Hvernig sýnum við að þjóðfélagið líður ekki slíka hegðun?
- Hvernig tryggjum við að skólinn sé staður þar sem ofbeldi er bannað?
- Hversu harðlega verðum við að refsa strák eins og Tomma til að hindra að aðrir, til dæmis gengi Lalla, noti einnig hnífa?
- Hegðun Tomma er í rauninni neyðaróp og hann valdi sér ekki fjölskylduna sem ól hann upp. Hvernig getum við aðstoðað Tomma svo að honum líði betur og þurfi ekki að berjast með hnífum í framtíðinni?

Kennarinn getur dregið umræðurnar saman með því að tengja þessar spurningar grunnreglunum þremur um endurgjald, varnaðaráhrif og endurhæfingu. Með vísun til Barnasáttmálans getur hann lagt til að aðaláherslan verði lögð á endurhæfingu.

Ef tíminn leyfir og nemendur sýna áhuga er hægt að halda áfram með þetta vandamál. Ef þeir eru ekki sammála um meðalveginn milli hinna ólíku grunnreglna um refsingu ætti að halda umræðunum áfram. Ef þeir sættast á grunnregluna um endurhæfingu geta þeir kannað hvernig tekið er mið af meginhugmyndunum þremur um endurgjald, varnaðaráhrif og endurhæfingu í lögum landsins.

4. kennslustund

Sönnunarreglur

Hvaða sannanir eiga að gilda fyrir rétti?

Markmið

Að nemendur átti sig á sönnunarreglunum sem gilda fyrir dómi.

Verkefni nemenda

Að hugleiða hvers konar sönnunargögn ættu að gilda fyrir dómi og hvers konar sönnunargögn væri rangt að nota.

Gögn

Umræðuspjöld (dreifiblað 8.2) fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.

Aðferðir

Vinna í litlum hópum og umræður í bekknum.

Ábending

Eitt grundvallaratriðið í öllum réttarvörslukerfum er bálkur reglna sem kveða á um hvers konar sönnunargögn eigi eða eigi ekki að nota fyrir dómi ef málsmeðferð á að vera réttlát. Er til dæmis réttmætt að nota sönnunargögn sem byggjast á „orðrómi“ (það er frásögn af einhverju sem vitni getur ekki vottað um af eigin raun, heldur hefur eftir öðrum), vitnisburð sem fenginn er með pyntingum eða hótunum um ofbeldi eða vitnisburð sem fæst með „leiðandi spurningum“, það er spurningum sem leggja vitninu orð í munn?

Kennslustundin

Kennarinn byrjar kennslustundina á því að kynna eftirfarandi ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu (1950), bæði munnlega og skriflega á töflu eða á flettistöflu:

„Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.“

Mannréttindasáttmáli Evrópu (1950), 6. grein, 2. málsgrein.

Kennarinn biður nemendur að útskýra þetta ákvæði. Hann getur bætt við reglunni um að ætíð skuli gengið út frá sakleysi sakbornings. Nemendur þurfa að átta sig á mikilvægi þessarar grunnreglu fyrir réttláta málsmeðferð og læra það að sá sem er ákærður verður aðeins dæmdur ef nægar sannanir hafa komið fram til að sanna sekt hans. Í þessari kennslustund skoða nemendur reglur um sönnunargögn fyrir dómi.

Nemendur skipta sér í fjögurra til sex manna hópa.

Kennarinn segir síðan hópunum frá réttarhaldi sem er í gangi. Það snýst um unga konu sem heitir Margrét og er sökuð um að hafa stolið bíl í eigu manns sem heitir Kári. Billinn hvarf fyrir utan hús Kára seint að kvöldi og fannst morguninn eftir þar sem skilið hafði verið við hann fyrir utan bæinn. Hellt hafði verið yfir hann bensíni og kveikt í. Lögreglan handtók Margéti seinna í vikunni og ákærði hana fyrir þjófnað og eignaspjöll.

Kennarinn lætur síðan hvern hóp hafa bunka af umræðuspjöldum. Á hverju spjaldi er sönnun sem ákærvaldið notar fyrir dómnum til að sanna að Margrét sé sek.

Kennarinn biður hópana að:

- raða sannanaspjöldunum í röð – frá hinni sterkustu til hinnar veikustu;
- ákveða hvort útiloka eigi einhverja sönnunina algerlega af því að hún sé annaðhvort málinu óviðkomandi eða óréttmæt.

Hóparnir kynna hugmyndir sínar fyrir bekknum og reyna að koma sér saman um þær sannanir sem ætti að viðurkenna og þær sem ætti að útiloka alveg.

Kennarinn biður nemendur að snúa aftur í hópa sína og íhuga eftirfarandi:

- Hvaða spurninga viljið þið að rétturinn spyrji þessi vitni eða Margréti núna? Hvers vegna?
- Eru einhverjar spurningar þess eðlis að óréttmætt væri að rétturinn bæri þær upp? Ef svo er, hvaða spurningar eru það og hvers vegna?

Hóparnir kynna hugmyndir sínar og bekkurinn reynir í sameiningu að setja saman lista yfir sannanir og spurningar sem hann telur að væri rangt að nota fyrir dómi.

Ef tíminn leyfir mætti gera verkefni í framhaldi af þessari kennslustund. Nemendum er þá fengið það heimaverkefni að kanna sönnunarreglur sem gilda fyrir dómi í landinu og kynna niðurstöðurnar fyrir bekknum í næstu kennslustund.

Dreifiblað 8.1

Spurningalisti: Við hvaða aldur?

Við hvaða aldur heimila lög í landinu ungu fólki að:

1. Fá ökuleyfi.
2. Ganga í hjónaband?
3. Kjósa í kosningum?
4. Greiða skatta?
5. Gegna pólitísku embætti?
6. Sæta fangelsisvist?
7. Hætta í skóla?
8. Ættleiða barn?

Dreifiblað 8.2**Umræðuspjöld**

Lögreglumaður ber fyrir rétti að Margrét hafi játað að hafa stolið bílnum þegar hún var yfirheyrð á lögreglustöðinni.	Ungur maður ber fyrir rétti að Margrét sé alltaf að gorta af því að hafa stolið bílum.
Ung stúlka ber fyrir rétti að hún hafi heyrt vin sinn tala við Margréti í farsímanum sínum. Vinur hennar var að tala um það við Margréti að stela bíl Kára.	Kári ber fyrir rétti að hann telji að grunurinn hljóti að beinast fyrst og fremst að Margréti því að henni hafi verið uppsigað við fjölskyldu Kára alveg síðan hann bannaði henni að hitta son sinn.
Einn af kennurum Margrétar lýsir því fyrir rétti hvernig hann hafi oft staðið hana að verki við þjófnað í skólanum.	Margrét hefur engan til að styðja fjarvistarönnun sína, kveðst hafa verið ein heima kvöldið sem bílnum var stolið.
Þegar sækjandi spurði: „Sástu unga konu líka Margréti keyra burt á bílnum þetta kvöld?“ svaraði nágranni Kára: „Já, ég gerði það.“	

8.1 Ítarefni fyrir kennara

Aðlögun, ekki refsídómar

Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins

Í flestum Evrópulöndum eru ungmenni í minnihluta í heildartölum yfir afbrot. Þá helst tíðni afbrota meðal ungmenna nokkurn veginn stöðug frá ári til árs í okkar heimsálfu.

Þetta merkir ekki að vandamálið sé óverulegt. Í mörgum löndum hafa menn áhyggjur af því að afbrot ungmenna gerist stöðugt ofbeldisfyllri og að öðru leyti alvarlegri en áður. Þetta er í sjálfu sér viðvörðunarkerki. (...)

Tvær stefnur eru sem stendur ríkjandi í þessum málum í Evrópu. Önnur felst í því að lækka sakhæfisaldur og loka inni fleiri börn, yngri að árum. Hin stefnan – í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna – er að forðast refsídóma og leita fjölskylduúrræða eða annarra félagslegra úrræða í stað fangavistar.

Ég ætla að mæla með síðarnefndu stefnunni. Þar hef ég ekki einungis stuðning af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, heldur einnig Evrópusambandi umboðsmanna barna. Í ályktun árið 2003 lögðu hvorki fleiri né færri en 21 umboðsmaður í jafnmörgum löndum áherslu á það að börn sem brjóta gegn lögum eru umfram allt börn sem þrátt fyrir allt eiga að njóta mannréttinda.

Þeir lögðu til að sakhæfisaldur yrði ekki lækkaður heldur hækkaður – og næði að endingu 18 árum – og að reynd yrðu ný og róttæk kerfi til að koma til móts við unga brotamenn, þar sem öll áhersla yrði lögð á menntun þeirra, enduraðlögun og endurhæfingu.

Barnasáttmálinn – fullgiltur af öllum Evrópuríkjum – hvetur stjórnvöld til að ákveða þann lágmarksaldur sem börn verða að hafa náð til þess að vera talin sakhæf samkvæmt refsilögum. Samningurinn tilgreinir þennan aldur ekki nákvæmlega. Nefndin sem hefur eftirlit með framkvæmd sáttmálans hefur þó lýst áhyggjum sínum af lágum aldri í mörgum löndum. Í flestum Evrópulöndum teljast börn sakhæf á aldrinum 12 til 15 ára eða 16 ára, en einnig eru dæmi um svo lág aldursmörk sem sjö, átta og 10 ára.

Þó að Barnasáttmálinn boði að börn skuli ekki hljóta refsídóma merkir það ekki að fara skuli með unga brotamenn eins og þeir beri enga ábyrgð. Þvert á móti er mikilvægt að ungir brotamenn séu látnir sæta ábyrgð á gjörðum sínum og taka til dæmis þátt í að bæta skaða sem þeir hafa valdið.

Spurningin er hvers konar kerfi eigi að koma í stað hins almenna réttarvörslukerfis í slíkum tilvikum. Í ferlinu þarf að felast viðurkenning á skaða brotaþola og koma þarf unga brotamanninum í skilning um að verknaðurinn var ólíðandi. Slíkt sérkerfi fyrir ungmenni þarf að hafa að markmiði viðurkenningu sektar og viðurlög sem felast í endurhæfingu.

Það er í viðurlögum sem við greinum muninn á þessu kerfi og venjulegri refsimeðferð. Í sakamálum ungmenna á ekki að stefna að endurgjaldi. Ætlunin er að vekja ábyrgðartilfinningu og stuðla jafnframt að endurhæfingu. Hinn ungi brotamaður á að láta sér þetta að kenningu verða og láta af háttsemi sinni.

Í reynd er þetta ekki auðvelt. Það krefst nýstárlegra og skilvirkra viðurlaga af samfélagsins hálfu. Grunnreglan ætti að vera sú að foreldrar brotamannsins eða annar löglegur forráðamaður eigi hlut að máli, nema það teljist stríða gegn endurhæfingu barnsins. Hvert sem ferlið er verður að vera mögulegt fyrir barnið að neita sök og jafnvel að áfrýja.

Athyglisvert „samkomulagsferli“ hefur verið tekið upp í Slóveníu. Þar er hægt að vísa máli ungmennis, sem hefur verið ákært, til sáttasemjara ef saksóknari, brotþoli og hinn ákærði fallast á það. Sáttasemjarinn reynir síðan að komast að samkomulagi sem bæði brotþolinn og hinn ákærði geta sætt sig við og þannig má komast hjá réttarhaldi.

Eitt atriði skal ítrekað enn frekar: mikilvægi þess að fljótt sé brugðist við brotinu. Tafir á málsmeðferðinni – sem [eru] vandamál í mörgum Evrópulöndum núna – eru einkum óheppilegar þegar í hlut eiga ungir brotamenn sem oft ber að líta svo á að séu með gjörðum sínum að kalla á tafarlausa hjálp. (...)

*Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, brot úr „The human rights dimension of juvenile justice“, erindi flutt á Ráðstefnu saksóknara í Evrópu í Moskvu, 5.–6. júlí 2006.
Slóð: <http://www.coe.int/t/commissioner/>*

8.2 Ítarefni fyrir kennara

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Samþykktur af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989

„37. grein

Aðildarríki skulu gæta þess að:

- a) Ekkert barn sé látið sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ekki skal ákveða dauðarefsingu eða lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn fyrir afbrot sem yngri menn en 18 ára hafa framið.
- b) Ekkert barn sé ólöglega eða gerræðislega svipt frjálrsræði sínu. Handtaka, varðhald og fangelsun barns skal eiga sér stað samkvæmt lögum, og skal slíku aðeins beitt sem síðasta úrræði og í skemmsta tíma sem við getur átt.
- c) Farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálrsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálrsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknnum, nema sérstaklega standi á.
- d) Hvert það barn sem svipt er frjálrsræði eigi rétt á skjótri lögfræðilegri aðstoð og annarri viðeigandi aðstoð, svo og rétt til að vefengja lögmæti frjálrsræðissviptingar sinnar fyrir dómstól eða öðru þar til bæru óháðu og óhlutdrægu stjórnvaldi, og til að fá skjótan úrskurð þar um.“

„40. grein

(...) 3. Aðildarríki skulu hvetja til þess að settar séu lagareglur, og reglur um málsmeðferð, skipuð stjórnvöld og settar á fót stofnanir sérstaklega fyrir börn sem eru grunuð, ásökuð eða fundin sek um refsilagabrot, og einkum:

- a) Ákveða þann lágmarksaldur, sem börn verða að hafa náð til þess að vera talin sakhæf.
- b) Gera, þegar það á við og þykir henta, ráðstafanir til að fara með mál slíkra barna án þess að leita til dómstóla, enda sé mannréttinda og lögverndar gætt að fullu.
4. Séð skal til þess að grípa megi til ýmiss konar ráðstafana, svo sem umsjónar, leiðsagnar, eftirlits, ráðgjafar, skilorðs, fósturs, fræðslu- og starfsnámsáætlana og annarra valkosta í stað vistunar á stofnunum, til að tryggja að með börn sé farið á þann hátt sem velferð þeirra hæfir og samræmist bæði aðstæðum þeirra og brotinu.“


Heimild: Rolf Gollob/Peter Krapf: *Exploring children's rights. Lesson sequences for primary schools.* EDC/HRE, Vol. V, Strasbourg 2007, bls. 77 og áfram.

Annað lesefni: Cyndi Banks, *Criminal justice ethics*, Thousand Oaks, 2004. PDF-útgáfu af 5. kafla, The Purpose of Criminal Punishment, má fá á <http://www.sagepub.com>.

9. KAFLI

Stjórnarfar og stjórnámál

Hvernig á að
stjórna þjóðfélaginu?



9.1 Hver stjórnar?

Hver er besta leiðin til að stjórna landi?

9.2. Ef þú værir forseti

Til hvers er ríkisstjórn?

9.3 Ég og hlutverk mitt

Til hvers á land að ætlast af þegnum sínum?

9.4 Nemendabing

Hvernig ætti að stjórna skólum?

9. kafli Stjórnarfar og stjórnsmál Hvernig á að stjórna þjóðfélaginu?

Stjórnsmál eru ferli sem gerir samfélagi fólks með ólíkar skoðanir og hagsmuni kleift að taka sameiginlegar ákvarðanir um skipan mála sem snerta líf allra. Sannfæringarkraftur og samningsvilji kemur þar við sögu, og einhvers konar kerfi til að komast að lokaniðurstöðu, svo sem atkvæðagreiðsla. Stjórnsmál snúast um völd og yfirráð, og vissa þvingun – þó ekki sé nema til að tryggja að sameiginlegar ákvarðanir verði bindandi fyrir hópinn í heild.

Af þessum sökum eru stjórnsmál skilgreind út frá stofnanakerfi ríkis og tengslunum milli ríkis og þegna þess. Þessi tengsl eru með ólíku sniði eftir því hvernar tegundar stjórnsmálakerfið er, til dæmis einveldi, lýðræði eða alræðisstjórn.

Í lýðræði njóta þegnarnir pólitísku jafnréttis. Sameiginlegar ákvarðanir eru teknar með einhvers konar meirihlutakosningu, annaðhvort þegnanna sjálfra eða kjörinna fulltrúa þeirra. En lýðræðisleg stjórnsmál snúast ekki eingöngu um kosningar. Þau snúast líka um umræðu og rökræður og þann möguleika þegnanna að geta látið í sér heyra um mikilvæg málefni sem snerta almannahag.

Mikilvægt málefni í lýðræði er eðlileg starfsemi stofnana ríkisins og samsvarandi skyldur þegnanna. Þá er einnig spurning hversu lýðræðislega einstökum stofnunum í lýðræðisþjóðfélagi (t.d. skólum) skuli vera stjórnað.

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun

Í þessum kennslustundum eiga nemendur að:

- þróa með sér skilning á ólíkum formum stjórnarfars og afleiðingum þeirra fyrir þegnana;
- öðlast aukinn skilning á ábyrgð og hlutverki stjórnvalda og samsvarandi skyldum þegnanna;
- auka skilning sinn á lýðræðislegum ferlum;
- kynna sér betur stjórnsmálakerfi landsins.

Lesandinn mun taka eftir því að í eftirfarandi kennsluáætlunum eru tillögur um heimaverkefni sem eiga að styðja nám nemenda og auka skilning. Best væri því að næstu kennslustundir á eftir hæfust á framlagi nemenda. Þetta tekur tíma og veur oft spurningar hjá bekknum, sem kalla á endurtekningu eða útskýringu, eða kveikir umræður. Kennarinn verður að ákveða hvort tímaáætlunin leyfir viðbótarkennslustund til að mæta áhuga nemenda. Auðvitað eru takmörk fyrir því hversu miklu er hægt að bæta við kafla svo að nauðsynlegt er að hafa aðra valkosti. Ef tími er naumur gæti kennarinn tekið við nokkrum skriflegum verkefnum eða þeim öllum og sagt álit sitt. Einnig gæti hann gert skriflegar athugasemdir við verkefni. Skil verkefna gætu líka verið valfrjáls. Loks geta heimaverkefni þjónað sem upprifjun eða undirbúningur fyrir próf. Kennarinn ætti að hafa það fyrir reglu að íhuga ætíð tilganginn með heimavinnu nemenda og ákveða fyrir fram hvort henni skuli fléttað inn í námsáætlunina og þá hvernig.

Fjallað er um dæmi um áætlanagerð í þessa veru í lýsingunni á fjórðu kennslustund.

9. kafli Stjórnarfar og stjórnsmál

Hvernig á að stjórna þjóðfélaginu?

Viðfangsefni	Markmið	Verkefni nemenda	Gögn	Aðferð
1. kennslust.: Hver stjórnar?	Að nemendur fræðist um ólík form stjórnarfars, t.d. lýðræði og einræði.	Nemendur velta fyrir sér réttlæti stjórnkerfis sem er við lýði í ímyndaðu þjóðfélagi.	Eintak af dreifiblaði 9.1. fyrir hvern nemanda, pappír og pennar.	Saga, tveir og tveir vinna saman, hópumræður, formlegar umræður.
2. kennslust.: Ef þú værir forseti	Að nemendur geti útskýrt hlutverk og ábyrgð ríkisstjórnar.	Nemendur ímynda sér að þeir myndi ríkisstjórn og þurfi að ákveða hvernig fjármunum ríkisins skuli varið. Þeir íhuga hvers konar þjóðfélagslegum markmiðum þeir vildu helst ná.	Stórt blað, merkipennar og listi með valkostum fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.	Veggspjöld, kynningar, vinna í litlum hópum og hópumræður.
3. kennslust.: Ég og hlutverk mitt	Að nemendur læri um skyldur þegnanna í lýðræðisþjóðfélagi.	Nemendur íhuga hver ábyrgð þegnanna er og hvernig hægt er að hvetja þá til að axla þá ábyrgð af meiri alvöru.	Bunki af umræðuspjöldum (dreifiblað 9.2), stórt blað og merkipennar fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.	Kynningar, vinna í litlum hópum og hópumræður.
4. kennslust.: Nemendabýing	Að nemendur geti skilgreint viðmið um stjórn skólans og hlutverk nemendahópsins í því sambandi.	Nemendur íhuga hvernig hið ímyndaða nemendabýing þeirra myndi starfa.	Spurningalisti fyrir hvern nemanda (dreifiblað 9.3) og stórt blað og merkipennar fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.	Kynningar, einstaklingsverkefni, vinna í litlum hópum og hópumræður.

1. kennslustund

Hver stjórnar?

Hver er besta leiðin til að stjórna landi?

Markmið

Að nemendur læri um ólík form stjórnarfars, t.d. lýðræði og einræði.

Verkefni nemenda

Nemendur velta fyrir sér réttlæti stjórnkerfis sem er við lýði í ímynduðu þjóðfélagi.

Gögn

Eintak af dreifiblaði 9.1. fyrir hvern nemanda, pappír og pennar.

Aðferðir

Saga, tveir og tveir vinna saman, hópumræður, formlegar umræður.

Hugtakanám

Stjórnarfar er hægt að flokka á mismunandi hátt, til dæmis eftir því hver fer með völd, hvernig fólki eru veitt völd, hvar fullveldi liggur og hvernig lögum er framfylgt. Í reynd eru aðalflokkarnir: lýðræði, einveldi, klerkaveldi og harðstjórn eða einræði. Líta ætti á þetta sem „dæmigerða flokka“ því að í reynd geta þeir farið saman í einu landi – til dæmis má stundum greina ýmsa þætti einræðis í þingræðislegu lýðræði og slíkt lýðræði getur farið saman við völd konungsættar.

Kennslustundin

Kennarinn byrjar á því að lesa söguna „Konungdæmið Sikkal“ (dreifiblað 9.1). Nemendur ættu að vera hver með sitt eintak af sögunni svo að þeir geti fylgst með lestrinum.

Kennarinn ætti að gera hlé á lestrinum þegar hann hefur lesið lítinn hluta sögunnar og spyrja:

- Hvað finnst ykkur um lífið í Sikkal miðað við það sem þið hafið fengið að heyra?

Í lok sögunnar ætti kennarinn að spyrja:

- Hvað finnst ykkur núna um lífið í Sikkal?

Kennarinn lætur nemendur vinna tvo og tvo saman og biður þá að velta fyrir sér gæðum lífsins í Sikkal. Nemendur fá blað þar sem þeir eiga að skrifa það sem þeir telja kosti og ókosti við að eiga heima þar.

Hann biður þörin að kynna hugmyndir sínar fyrir bekknum og skrifar upp helstu atriðin svo að allir geti skoðað þau.

Síðan biður kennarinn bekkinn að velta fyrir sér hvernig Sikkal er stjórnað:

- Haldið þið að Sikkal sé stjórnað á réttlátan hátt? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Ef þið haldið að hægt væri að stjórna landinu á réttlátari hátt, hverju þyrfti að breyta til að svo mætti verða?

Síðan biður kennarinn nemendur að ímynda sér að þeir eigi heima í Sikkal. Bekknum er skipt í tvo stóra umræðuhópa: annar hópurinn er beðinn að mæla með því að landinu verði áfram stjórnað af konunginum; hinn á að færa rök fyrir því að allir íbúar – ekki bara konungurinn – skuli hafa eitthvað að segja um stjórn landsins. Kennarinn gefur hópunum nokkrar mínútur til að hugsa upp og skrifa hjá sér rök sem þeir geta notað í umræðunni. Hóparnir tveir sitja andspænis hvor öðrum, hvor sínum megin í skólastofunni, og umræðurnar hefjast. Hóparnir skiptast á að lýsa skoðunum sínum – ef til vill með hjálp „hljóðstafs“, þ.e. priks sem er notað eins og hljóðnemi.

Kennarinn spyr nemendur hvor hópurinn þeim þyki hafa fært betri rök fyrir máli sínu.

Nemendur eru nú tilbúnir fyrir stutta útskýringu (aðleiðsluaðferðin). Kennarinn skrifar upp heiti á fimm flokkum stjórnarfars og útskýrir í hverju munurinn liggur, með vísunum til umræðna nemenda þar sem það á við:

- Einveldi.
- Lýðræði.
- Einræði.
- Klerkaveldi.
- Stjórnleysi.

Kennslustundin endar á því að nemendur eru spurðir um stjórnkerfið hér á landi. Þeir eru beðnir að vinna heimaverkefni sem felst í að afla sér frekari upplýsinga um þetta og setja upp spurningaleik – fimm til tíu spurningar – til að kanna þekkingu annarra í bekknum í næstu kennslustund.

2. kennslustund

Ef þú værir forseti

Til hvers er ríkisstjórn?

Markmið

Að nemendur geti útskýrt hlutverk og ábyrgð ríkisstjórnar.

Verkefni nemenda

Nemendur ímynda sér að þeir myndi ríkisstjórn og þurfi að ákveða hvernig þeim fjármunum sem hún hefur til ráðstöfunar skuli varið.

Þeir íhuga hvers konar þjóðfélagslegum markmiðum þeir vildu helst ná.

Gögn

Stórt blað, merkipennar og listi yfir valkosti fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.

Aðferðir

Veggspjöld, kynningar, vinna í litlum hópum og hópumræður.

Hugtakanám

Skylda ríkisstjórnar í lýðræðisþjóðfélagi er að vinna að sameiginlegum hagsmunum allra. Þetta eru ekki einungis hagsmunir meirihlutans, heldur það sem telst vera ótvíræður hagur alla þegna þjóðfélagsins. Hvað þetta merkir í reynd er oft deiluefni. Fjöldi þjóðfélagslegra – stundum ósamrýmanlegra – markmiða hefur verið tilgreindur, svo sem velferð, öryggi, réttlæti, félagsleg sátt, mannréttindi eða velmegun. Forgangsröðun þessara þátta í raunverulegum fjárlögum getur verið erfið viðfangs, einkum vegna þess að stjórnvöld hafa yfirleitt yfir takmörkuðum fjármunum að ráða.

Kennslustundin

Kennarinn hefur kennslustundina á því að skipta bekknum í fjögurra til sex manna hópa og lætur hvern hóp fá merkipenna og stórt blað.

Hann biður hópana að ímynda sér að þeir séu staddir einhvers staðar í framtíðinni og þeim hafi verið fengið það verkefni að stýra landinu – með öðrum orðum, þeir eru ríkisstjórnin. Sem ríkisstjórn hafa þeir 150 milljarða íslenskra króna úr að spila. Kennarinn getur lagað þessa tölu að fjárlögum ríkisins.

Verkefni hópanna er að ákveða hvernig þeir skuli verja þessu fé á næsta ári. Hver hópur notar blaðið sitt og merkipennana til að útbúa veggspjald sem sýnir hvernig hann, sem ríkisstjórn, ætlar að verja fénu og kynnir síðan hugmyndir sínar fyrir bekknum. Í lok hverrar kynningar fá hinir nemendurnir tækifæri til að spyrja hópinn út í fjárlagagerðina.

Kennarinn leggur einnig spurningar fyrir hópana, bæði til að koma á framfæri nýjum upplýsingum um efnahagslífið og um hlutverk og áhrif ríkisstjórna, dæmi:

- Hafið þið hugsað ykkur að nota eitthvað af peningunum til að borga erlendar skuldir?
- Ættuð þið að nota eitthvað af þessum peningum til að skapa störf?
- Hversu mikilvægt er að ríkisstjórn verji fé til menntunar?

Síðan búa kennarinn og bekkurinn til lista í sameiningu, sem allir geta séð, yfir allt sem nemendur telja að ríkisstjórn ætti að eyða fjármunum í.

Þessu næst biður kennarinn nemendur að snúa aftur í hópa sína og afhendir hverjum hóp lista yfir þau þjóðfélagslegu markmið sem ríkisstjórn í lýðræðisþjóðfélagi gæti reynt að stefna að, dæmi:

- velferð;
- öryggi;
- réttlæti;
- félagsleg sátt;
- mannréttindi;
- velmegun.

Hóparnir verða að reyna að finna samsvörun milli markmiðanna á listanum og útgjaldaliðanna sem þeir hafa þegar sett fram með því að íhuga hvaða markmiðum verði náð með hverjum útgjaldalið.

Kennarinn biður hópana að kynna hugmyndir sínar fyrir bekknum og lýkur tímanum á því að spyrja alla nemendur, hvern á eftir öðrum:

- Hver finnst þér vera mikilvægasta skyldan sem ætlast er til að ríkisstjórn sinni?

Heimaverkefni nemenda er að finna nokkur dæmi um ráðstöfun á opinberu fé í landinu. Þetta gætu þeir gert með því að horfa á sjónvarp eða líta í dagblað. Nemendur kynna niðurstöður sínar í byrjun næstu kennslustundar og velta fyrir sér hvort þeirra eigin forgangsrið yrði sú sama og stjórnvalda.

3. kennslustund

Ég og hlutverk mitt

Til hvers á land að ætlast af þegnum sínum?

Markmið

Að nemendur fræðist um skyldur þegnanna í lýðræðisþjóðfélagi.

Verkefni nemenda

Nemendur íhuga hver ábyrgð þegnanna er og hvernig hægt er að hvetja þá til að axla þá ábyrgð af meiri alvöru.

Gögn

Bunki af umræðuspjöldum (dreifiblað 9.2), stórt blað og merkipennar fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.

Aðferðir

Kynningar, vinna í litlum hópum og umræður í bekk.

Ábending

Þegnar í lýðræðisþjóðfélagi gera ráð fyrir vissum réttindum sér til handa, svo sem borgaralegum réttindum, stjórnómálegum réttindum, menningarlegum réttindum og umhverfisréttindum. Umdeilt er hver þessi réttindi skuli vera. Hið sama gildir um ábyrgðina sem fylgir þessum réttindum. Sumir telja að aðeins ein skylda hvíli á þegnum – að hlýða lögum. Aðrir álíta að þjóðfélagið krefjist mun víðtækari ábyrgðar af þegnum.

Kennslustundin

Kennarinn hefur kennslustundina á því að skipta bekknum í fjögurra til sex manna hópa og lætur hvern hóp hafa bunka af umræðuspjöldum (dreifiblað 9.2). Á hverju spjaldi er tilgreind ein borgaraleg skylda.

Kennarinn biður hópana að raða spjöldunum í þrjá flokka – eftir því hvort þeir telja að skyldan sem tilgreind er á spjaldinu eigi við um:

- ALLA þegna;
- SUMA þegna; eða
- ENGA þegna.

Kennarinn biður nemendur að kynna niðurstöður sínar fyrir bekknum og útskýra hugsunina sem liggur þar að baki.

Nemendur snúa aftur í hópa sína og fá stór pappírblöð og merkipenna. Kennarinn segir nemendum að nú eigi þeir að gera drög að „borgaralegum sáttmála“. Þeir skuli skipta blaðinu í tvo dálka. Í fyrri dálkinn eiga þeir að skrifa það sem þeir telja að allir þegnar landsins eigi rétt á af landsins hálfu (undir fyrirsögnina „RÉTTINDI“), og í síðari dálkinn það sem ætlast skuli til að þegnarnir geri í staðinn (undir fyrirsögnina „SKYLDUR“).

Þegar hóparnir hafa lokið þessu eiga þeir að kynna hugmyndir sínar fyrir bekknum og gefa öllum tækifæri til að bera fram spurningar um verkefnið.

Í lokin ætti kennarinn að spyrja bekkinn allan:

- Teljið þið að þegnar landsins sinni alltaf borgaralegum skyldum sínum eins og þeir eiga að gera? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Hvað teljið þið að hægt sé að gera til að hvetja þá til að axla ábyrgð sína sem samfélagsþegnar af meiri alvöru?
- Finnst ykkur að fólk ætti að missa einhver réttindi sín ef það sinnir ekki almennilega borgaralegum skyldum sínum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Heimaverkefni nemenda getur falist í því að gera könnun meðal fjölskyldu og vina og spyrja hverjar þeir telji að skyldur þegnanna skuli vera. Þeir kynna síðan niðurstöðurnar fyrir bekknum í upphafi næstu kennslustundar.

4. kennslustund

Nemendaping

Hvernig ætti að stjórna skólum?

Markmið

Að nemendur geti skilgreint viðmið um stjórn skólans og hlutverk nemendahópsins í því sambandi.

Verkefni nemenda

Nemendur íhuga hvernig hið ímyndaða nemendaping þeirra myndi starfa.

Gögn

Spurningalisti fyrir hvern nemanda (dreifiblað 9.3) og stórt blað og merkipennar fyrir hvern fjögurra til sex manna hóp.

Aðferðir

Kynningar, einstaklingsverkefni og vinna í litlum hópum og umræður í bekk.

Ábendingar

Ungmennir eru einnig samfélagsþegnar. Þau eiga rétt á að lýsa skoðunum sínum á hverju því sem snertir þau og samfélag þeirra, einnig skólann þeirra. Kerfi sem leyfa nemendum að hafa eitthvað að segja um stjórn skólans tryggja ekki einungis að þeir njóti þessara réttinda heldur stuðla einnig að því að þeir fræðist um lýðræðisleg ferli. Hvernig kerfið ætti að vera er hins vegar álitamál. Sumir telja mikilvægt að allir skólar hafi sérstakt nemendaping, aðrir segja að slíkt sé ekki nauðsynlegt og að aðrar leiðir séu færar til að skapa nemendum tækifæri til að hafa áhrif á stjórn skólans.

Kennslustundin ætti að byrja á framlagi nemenda sem þeir hafa undirbúið heima. Ef þeir hafa mikilvægt fram að færa og margt þarf að ræða getur þurft að taka viðbótarkennslustund í þetta. Þar sem tíminn er ekki ótakmarkaður gæti kennarinn einnig farið yfir verkefni nemenda og gert skriflegar athugasemdir. Hann þarf einungis að gæta þess að verkefnum nemenda sé einhver gaumur gefinn.

Kennslustundin

Nemendur hefja kennslustundina á því að kynna niðurstöður kannana sinna sem sýna hvað fjölskyldum þeirra og vinum finnst um skyldur þegnanna. Nemendur ræða niðurstöðurnar.

Kennarinn kynnir nýja viðfangsefnið með því að vísa til verkefna nemenda, eins og við á, og spyrja þá hversu vel þeim þyki skólaráðið eða nemendaþingið gegna hlutverki sínu. Ef ekki er um að ræða neins konar þátttöku nemenda í stjórn skólans sem stendur ætti kennarinn að spyrja nemendur hvort þeir viti um skóla með slíku fyrirkomulagi, og ef svo er, hvernig það sé.

Kennarinn fær nemendum það verkefni að skipuleggja hið fullkomna nemendaþing – það er samkomu lýðræðislega kjörinna nemenda sem gæta heildarhagsmuna nemenda skólans.

Hann afhendir nemendum síðan spurningalista (dreifiblað 9.3) sem þeir fylla út sjálfir.

Síðan skiptir hann bekknum í fjögurra til sex manna hópa. Hóparnir fá dálítinn tíma til að bera saman svör sín við spurningalistanum og spyrja hver annan fleiri spurninga. Þá lætur kennarinn hvern hóp fá nokkra merkipenna og stórt blað. Verkefni hópanna er að gera stofnskrá fyrir nemendaþingið. Kennarinn útskýrir hvað stofnskrá er og gefur nokkur dæmi um reglur sem gætu átt heima í stofnskrá nemendaþings.

Þegar hóparnir hafa lokið vinnu sinni kynna þeir hana fyrir bekknum og velta fyrir sér álitamálum sem ber á góma, til dæmis:

- Hversu mikil völd eiga nemendur að hafa og hversu mikil völd eiga skólastjórnendur og kennarar að hafa?
- Hver á að eiga síðasta orðið þegar kemur að ákvörðunum sem snerta stjórn skólans?
- Getur skóli verið lýðræðissamfélag?

Loks eiga nemendur að útbúa í sameiningu kynningu fyrir skólastjórnendur og, ef þeir vilja, setja fram raunhæfar tillögur um eigið skólaþing.

Sem heimaverkefni ættu nemendur að gera könnun meðal fjölskyldu og vina og spyrja þá:

- Finnst þér að allir skólar í landinu ættu að hafa nemendaþing? Hvers vegna (eða hvers vegna ekki)?

Nemendur kynna niðurstöður könnunarinnar í byrjun næstu kennslustundar.

Dreifiblað 9.1

Konungsríkið Sikkal

Sikkal er land hátt uppi í fjöllum. Öldum saman hefur það átt lítil samskipti við umheiminn.

Sikkal er ósköp lítið konungsríki en samt hefur það vakið mikla athygli að undanfögnu. Aðallega er það vegna þess hversu óvenjulegt þjóðfélagsskipulagið er þar.

Í fyrsta lagi verður aldrei neinn svangur í Sikkal. Sikkalar framleiða öll sín matvæli sjálfir og þeim er útteilt til allra sem á þurfa að halda. Allar fjölskyldur fá ókeypis húsnæði. Stærð þess fer eftir stærð fjölskyldunnar. Eldsneyti til húshitunar og eldunar er ókeypis fyrir alla, svo og regluleg viðhaldsþjónusta. Verði einhver veikur er lækni alltaf til taks. Allir fá ókeypis læknisskoðun tvisvar á ári og heilbrigðisstarfsfólk heimsækir gamalt fólk reglulega, svo og fjölskyldur með ung börn og aðra þá sem þurfa sérstaka umhyggju.

Í Sikkal eru lífsgæðin öllum tiltæk. Hver fjölskylda fær árlega hefti með úttektarmiðum sem hægt er að sem hægt er að skipta fyrir ýmsa munaðarvöru, svo sem ilmvatn, húsgögn eða krydd. Hægt er að kaupa fyrir miðana strax eða safna þeim yfir lengra tímabil til að kaupa stærri hluti.

Hvernig hefur Sikkölum tekist að koma þessu svona fyrir? Svo lengi sem elstu menn muna hefur Sikkal verið stjórnað af konungsfjölskyldu. Sá sem nú er við völd er Sik konungur III. Hann ákveður hversu marga starfsmenn þarf í hverja atvinnugrein, svo sem matvælaframleiðslu, húsbýggingar eða heilbrigðisþjónustu. Fólk sem á að sinna þessum störfum er valið við fimm ára aldur og sent í sérstaka skóla til þjálfunar. Bændur fara í landbúnaðarskóla, húsbýggjendur í tækniskóla, heilbrigðisstarfsmenn í sérstaka skóla o.s.frv. Allir aðrir á vinnualdri starfa hjá Sik konungi í einhverri af höllum hans.

Það sem er frábærast við Sikkal er að þar er ekkert sem líkist peningum. Enginn þarf að fá neitt greitt því að allir hafa það sem þeir þurfa!

Þú veltir því kannski fyrir þér hvort nokkur maður í Sikkal kvarti nokkurn tíma yfir þessu fyrirkomulagi. Í rauninni gerist það afar sjaldan. Þeir fáu sem það gera eru undir öruggri umsjá á geðsjúkrahúsum. Því að hver sá sem kvartar yfir þjóðfélagi sem þessu hlýtur að vera geðveikur, er það ekki?

Dreifiblað 9.2

Umræðuspjöld

Greiða skatta	Vera félagi í stjórnmalaflokki
Berjast til að verja landið	Kjósa í kosningum
Tilkynna afbrot til lögreglunnar	Sjá fyrir fjölskyldu sinni
Hlýða lögum	Aðstoða nágrannana
Halda uppi vörnum fyrir landið þegar það er gagnrýnt	Eitthvað fleira ...?

Dreifiblað 9.3

Spurningalisti

Skipulag nemendafingsins:

1. Hversu margir ættu fulltrúar nemenda að vera?
2. Hvernig ætti að kjósa fulltrúana?
3. Hversu oft ætti nemendafingið að koma saman?
4. Hvar ætti nemendafingið að koma saman?
5. Hvernig, ef um slíkt er að ræða, ætti aðild kennara og foreldra að vera?
6. Hvaða málefni yrði nemendafinginu leyft að fjalla um og hver ekki?
7. Hvaða ákvarðanir fengi nemendafingið að taka og hverjar ekki?

Þessi handbók er ætluð kennurum til þess að nota í tengslum við mannréttindamenntun (MRM) og menntun til lýðræðislegrar borgarvitundar (MLB) og einnig höfundum og ritstjórum námsefnis og námskráa. Í ritinu eru níu kaflar með um það bil fjórum kennslustundum í hverjum þar sem sjónum er beint að lykilhugtökum á sviði MLB og MRM. Í kennsluáætlunum er inntaki kennslustunda lýst skref fyrir skref og þeim fylgja dreifiblöð fyrir nemendur og ítarefni fyrir kennara. Handbókin hentar því einkar vel kennaranemum og kennurum sem eru að byrja sinn starfsferil sem og kennurum sem sækja símenntun í MLB og MRM. Reyndir kennarar geta aðlagð efnið að sínum aðstæðum og nemendum. Efni handbókarinnar spannar heilt skólaár og hæfir nemendum í efri bekkjum grunnskóla en þar sem hver kafli er sjálfstæður býður bókin upp á mikinn sveigjanleika í notkun. Markmiðið með MLB/MRM er að kenna börnum að verða virkir samfélagsþegnar sem eru fúsir og færir um að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Því er í MLB/MRM lögð mikil áhersla á virkar aðferðir í námi. Litið er á skólasamfélagið sem fullgildan reynsluheim þar sem ungt fólk getur snemma lært að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum og að axla ábyrgð. Nemendum er ætlað að hafa lykilhugtök sem snerta MLB/MRM að leiðarljósi alla ævi.

Eftirtalin rit í þessum flokki eru gefin út í íslenski þýðingu:

- MLB/MRM II. bindi Uppvöxtur í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir miðstig grunnskóla um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi
- MLB/MRM III. bindi [Lifað í lýðræði: MLB/MRM kennsluáætlanir fyrir efri bekkir grunnskóla](#)
- MLB/MRM IV. bindi Þátttaka í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir framhaldsskóla um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi

Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgarvitundar og mannréttinda: Rammi að færniþróun

Í Evrópuráðinu eru 47 aðildarríki sem ná yfir meginhluta álfunnar. Markmið þess eru að vernda mannréttindi, lýðræði, lög og réttarfar sem tekur mið af Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum lagatextum um vernd einstaklinga. Frá stofnun Evrópuráðsins 1949, í kjölfar síðari heimsstyrjaldar, hefur það verið táknið um sátt og samlyndi.